



AÐALSKIPULAG KÓPAVOGS 2012-2024

AÐALSKIPULAG KÓPAVOGS 2012-2024

Unnið af Umhverfissviði Kópavogsbæjar og Landmótun sf.
Hönnun og umbrot: Landmótun sf.
Prófarkalestur: Skafti Þ. Halldórsson
Prentun: Svansprent
Útgefandi: Kópavogsbær

Ljósmyndir
F.B.: Friðrik Baldursson
J.Í.: Jóhann Ísberg
L.M.: Landmótun
B.M.: Bent Marínósson
B.H.S.: Birgir H. Sigurðsson
S.H.: Steingrímur Hauksson
Loftmyndir: Loftmyndir ehf.

ISBN 978-9979-72-426-1

© Kópavogsbær 2014

Bók þessa má ekki afrita með neinum hætti,
svo sem með ljósmyndun, prentun, hljóðritun
eða á annan sambærilegan hátt, að hluta
eða í heild án skriflegs leyfis Kópavogsbæjar.

Aðalskipulag Kópavogs 2012-2024 var samþykkt í skipulagsnefnd Kópavogs
þann 11. nóvember 2013.


Birgir H. Sigurðsson, skipulagsstjóri.

Aðalskipulag Kópavogs 2012-2024, sem auglýst var samkvæmt 31. gr. skipulagslaga nr.
123/2010 var samþykkt í bæjarstjórn Kópavogs þann 26. nóvember 2013 og afgreitt til
Skipulagsstofnunar samkvæmt 2. mgr. skipulagslaga nr. 123/2010.


Ármann Kr. Ólafsson, bæjarstjóri.

Aðalskipulag þetta var staðfest af Skipulagsstofnun þann 24.2.2014
samkvæmt 3. mgr. 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.


Hildur Ólafsdóttir

UMHVERFISSVIÐ KÓPAVOGS



Ávarp bæjarstjóra

Bæjarstjórn Kópavogs hefur samþykkt nýtt aðalskipulag bæjarins fyrir árin 2012 til 2024. Vinna við endurskoðun þess stóð yfir í um fjögur ár og var á þeim tíma leitað víðtæks samráðs við íbúa bæjarins. Það plagg sem nú liggur fyrir er því stefna okkar allra, íbúa Kópavogs, til ársins 2024. Það er vegvísir að því hvernig byggðin eigi að þróast, hvernig eigi að nýta landið, bæta samgöngurnar og vernda umhverfið.



Kópavogur hefur vaxið gríðarlega undanfarna áratugi og má nefna að í ársbyrjun 2000, eða í upphafi hins eldra aðalskipulags, voru íbúarnir 22.693. Í byrjun árs 2012 voru þeir 31.205 og er áætlað að þeir verði komnir yfir 40 þúsund árið 2024. Miðað er við að fullgerðar verði um 300 íbúðir á ári þangað til. Þetta kallar á að vel sé haldið utan um öll skipulagsmál í bænum og að stefnan sé skýr.

Í aðalskipulaginu eru skilgreind nokkur þróunarsvæði í Kópavogi sem skoða á nánar í framhaldinu en þau eru í Smáranum (að meðtöldum Glaðheimum), Auðbrekku og á Kársnesi. Auk þess er í aðalskipulaginu gert ráð fyrir nýrri byggð í Vatnsendahlíð. Jafnframt er gert ráð fyrir að nánar verði unnið að skipulagi í fimm hverfum bæjarins; í Kársnesi, Digranesi, Smáranum, Fífuhammi og á Vatnsenda. Sú vinna sem framundan er verður unnin í nánu samráði við íbúa Kópavogsbæjar.

Aðalskipulagið var unnið á umhverfissviði og var þar aðallega í höndum skipulagsstjóra bæjarins, skipulagsnefndar og umhverfis- og samgöngunefndar. Góð samvinna var jafnframt við önnur svið og nefndir bæjarins – og sem fyrr segir var haft víðtækt samráð við íbúa og umsagnaraðila. Ég vil nota þetta tækifæri og færa öllum þessum aðilum bestu þakkir fyrir góða vinnu.

Markmið okkar allra er að tryggja öruggt og gott mannlíf í Kópavogi. Vonandi verður aðalskipulagið okkur gott veganesti á þeirri leið.

Ármann Kr. Ólafsson
Bæjarstjóri Kópavogs

Ávarp formanns skipulagsnefndar

Nýtt aðalskipulag Kópavogs lítur nú dagsins ljós. Það var samþykkt af bæjarstjórn þann 26. nóvember 2013.



Stefna sú sem birtist í Aðalskipulagi Kópavogs 2012 – 2024 byggir á þeirri framtíðarsýn að auka, eins og kostur er, lífsgæði íbúa í viðum skilningi án þess að ganga um of á náttúruna og nánasta umhverfi. Aðalstefið er þétting byggðar sem er ekki aðeins hagkvæm heldur bráðnauðsynleg þar sem landrými er orðið takmarkað þegar horft er til lengri framtíðar. Greiðar samgöngur eru lykilatriði hvort sem um er að ræða akvegi eða stígakerfi fyrir gangandi og hjólandi.

Óhjákvæmilegt er að einhverjar breytingar verði á skipulaginu á skipulagstímanum enda er framtíðin óráðin gáta þó við leitumst við að skipuleggja hana eftir því sem við best getum. Aðalskipulagið er því lifandi áætlun en ekki meitluð í stein.

Við gerð aðalskipulagsins var leitast við að íbúar bæjarfélagsins gætu tekið virkan þátt, komið með hugmyndir og ábendingar. Annars vegar var það gert með stofnun hverfaráða þar sem þátttakendur voru valdir með tilviljunarkenndu úrtaki samkvæmt þjóðskrá og hins vegar með opnun sérstakrar síðu á vefsvæði bæjarins þar sem bæjarbúar gátu fylgst með gerð aðalskipulagsins, séð öll gögn er tengdust því og sent inn athugasemdir. Einnig voru haldnir sérstakir kynningarfundir þar sem íbúum gafst kostur á því að kynna sér málin og leggja orð í belg.

Mikil eindrægni hefur ríkt í skipulagsnefnd við gerð þessa aðalskipulags þó skiptar skoðanir hafi eðlilega verið um einstaka þætti eða útfærslur í skipulaginu. Vil ég nota tækifærið og þakka nefndarmönnum fyrir framlag sitt, frjóa hugsun, framtíðarsýn, þekkingu og frábært samstarf. Einnig þakka ég öðrum er komið hafa að mótun skipulagsins og sérstaklega starfsmönnum Umhverfissviðs með Birgir H. Sigurðsson, skipulagsstjóra, í broddi fylkingar, fyrir þeirra framlag. Þar er ekki í kot vísað hvað varðar reynslu, þekkingu og hæfni til stórra verka.

Það er trú mín og víska að Aðalskipulag Kópavogs 2012 – 2024 muni varða leiðina til heilladrjúgrar framtíðar fyrir íbúa bæjarfélagsins.

Kristinn Dagur Gissurarson

EFNISYFIRLIT

1.	INNGANGUR	11
1.1	ALMENNT	12
1.2	UMHVERFISMAT ÁÆTLANA	12
1.3	SKIPULAGSÁÆTLANIR	12
1.3.1	Svæðisskipulag	12
1.3.2	Aðalskipulag	13
1.3.4	Deiliskipulag	14
1.3.5	Aðrar áætlanir	14
1.4	STAÐARDAGSKRÁ 21	14
1.4.1	Samþætting staðardagskrár og aðalskipulags	15
1.5	SÉRTÆK VERKEFNI STAÐARDAGSKRÁR 21	15
1.6	SKIPULAGSFERLIÐ	15
1.6.1	Kynning og umfjöllun í nefndum og ráðum bæjarins.	16
1.6.2	Kynning á íbúafundum	16
1.6.3	Kynning fyrir hverfaráðum	16
1.6.4	Heimasíða	16
1.6.5	Kynning fyrir umsagnaraðila	16
1.6.6	Innsendar athugasemdir	17
1.6.7	Samstarf við Skipulagsstofnun	17
1.6.8	Samþykkt bæjarstjórnar	17
1.6.9	Afgreiðsla Aðalskipulags Kópavogs 2012-2024 skv. lögum nr. 105/2006	17

1.6.10	Niðurstöður íbúafunda	19
1.7	SKIPULAGSGÖGN	19
1.7.1	Uppdrættir	19
1.7.2	Greinargerð	19
1.8	LEIÐARLJÓS	19
1.9	ALMENNAR FORSENDUR	20
1.9.1	Lög og reglugerðir um skipulagsáætlanir	20
1.9.2	Skipulagssvæði	20
1.9.3	Eignarhald	21
1.9.4	Þjóðlendur	21
1.9.5	Fjárhagslegar forsendur	21
1.9.6	Sagan og þróun byggðar	21
1.9.7.	Rammahluti aðalskipulags	24
1.9.8	Skipulagi frestað	24
2.	BYGGÐ	25
2.1	MEGINMARKMIÐ	26
2.1.1	Íbúðarbyggð	26
2.1.2	Svæði fyrir frístundabyggð	29
2.1.3	Landbúnaðarsvæði	29
2.2	UMHVERFISÁHRIF BYGGÐASTEFNU	29
3.	ATVINNULÍF	34
3.2.1	Athafnasvæði	35
3.2.2	Verslunar- og þjónustusvæði	36
3.2.3	Miðsvæði	38
3.2.5	Efnistökusvæði og efnislosunarsvæði	39
3.2.6	Afþreyingar- og ferðamannasvæði	40
3.3	UMHVERFISÁHRIF STEFNU UM ATVINNU	41
4.	UMHVERFI	43
4.1	MEGINMARKMIÐ	44
4.1.1	Óbyggð svæði	44
4.1.2	Kirkjugarðar	46

4.1.3	Opin svæði	46
4.1.4	Friðlýst svæði	49
4.1.5	Önnur náttúruvernd	50
4.1.6	Bæjarvernd (hverfisverndarsvæði)	50
4.1.7	Minjavernd	54
4.1.8	Vatnsvernd	55
4.1.10	Skógrækt og uppgræðsla	56
4.2	Umhverfisáhrif stefnu um umhverfi	57

5. GRUNNKERFI 59

5.1	MEGINMARKMIÐ	60
5.1.1	Samgöngur	60
5.1.2	Gatnakerfi	60
5.1.3	Göngu-, hjóla- og reiðstígar	61
5.1.4	Almenningssamgöngur	63
5.1.5	Lestarsamgöngur	63
5.1.6	Flugvellir	64
5.1.7	Bílastæði	64
5.1.8	Hafnarsvæði	64
5.1.9	Varúðarsvæði	65
5.1.10	Veitur og helgungarsvæði	66
5.1.11	Vatnsveita	66
5.1.12	Hitaveita	66
5.1.13	Fráveita	66
5.1.14	Rafveita	67
5.1.15	Boðveita	68
5.2	UMHVERFISÁHRIF STEFNU VEGNA GRUNNKERFA	68

6. SAMFÉLAG 69

6.1	MEGINMARKMIÐ	70
6.2	ÍPRÓTTAMÁL	70
6.2.1	Íþróttasvæði	70
6.3	SAMFÉLAGSPJÓNUSTA	72
6.3.1	Fritímaþjónusta	72
6.3.2	Leikskólar	72
6.3.3	Gæsluvellir	73

6.3.4	Grunnskólar	74
6.3.5	Framhaldsskólar	76
6.3.6	Aðrir skólar, kirkjur og trúfélög	76
6.3.7	Menningarmál	77
6.3.8	Félagsþjónusta	77
6.3.9	Málefni aldraðra	78
6.3.10	Málefni fatlaðs fólks	78
6.3.11	Heilbrigðismál	79
6.4	STJÓRNSÝSLA	80
6.5	UMHVERFISÁHRIF STEFNU UM SAMFÉLAG	80

7. RAMMAHLUTI AÐALSKIPULAGS 81

7.1	ÞRÓUNARSVÆÐI	82
7.2	KÁRSNES	86
7.3	DIGRANES	94
7.4	SMÁRINN	102
7.5	FÍFUHVAMMUR	110
7.6	VATNSENDI	118

8. VIÐAUKI 1 UMHVERFISSÝRSLA 123

8.1	SAMANTEKT	124
8.2	UMHVERFISMAT ÁÆTLANA	124
8.3	Tengsl við aðrar áætlanir	124
8.4	ALÞJÓÐLEGIR SAMNINGAR	125
8.5	AÐFERÐ	125
8.6	UMFANG OG VALKOSTIR	126
8.8	UMHVERFISÞÆTTIR	126
8.9	UMHVERFISVIÐMIÐ	127
8.10	EINKENNI OG VÆGI ÁHRIFA	127
8.11	UMHVERFISMAT	127
8.12	BYGGÐ	128

8.12.1	Stefna aðalskipulags varðandi íbúðarbyggð	126
8.12.2	Valkostir fyrir íbúðarbyggð	129
8.12.2.1	Vatnsvík	129
8.12.2.2	Kársnes	129

8.12.3	Niðurstaða samanburðar	130
8.13	ATVINNA	131
8.13.1	Stefna aðalskipulags varðandi miðsvæði	131
8.13.2	Valkostir fyrir miðsvæði	131
8.13.2.1	Smárin og Glaðheimar	131
8.13.3	Niðurstaða samanburðar	131
8.13.4	Heildarniðurstaða stefnu um atvinnu	131
8.14	UMHVERFI	132
8.15	GRUNNKERFI	133
8.15.1	Stefna aðalskipulags um gatnakerfi	133
8.15.2	Valkostir fyrir gatnakerfi	133
8.15.2.1	Ofanbyggðarvegur	133
8.15.2.2	Arnarnesvegur	134
8.15.2.3	Kópavogsgöng	135
8.15.2.4	Lestarsamgöngur	135
8.15.2.5	Göngu-, hjóla- og reiðstígar	136
8.15.3	Niðurstaða samanburðar	136
8.15.4	Heildarniðurstaða stefnu varðandi grunnkerfi	136
8.16	SAMFÉLAG	137
8.17	VIÐMIÐ OG TENGING SKIPULAGSÁÆTLUNAR	137
8.18	HEILDARNIÐURSTAÐA OG SAMLEGÐARÁHRIF	139
8.19	VÖKTUN	140
8.20	FRAMKVÆMDIR SEM ERU HÁÐAR UMHVERFISMATI FRAMKVÆMDA	140
8.21	SAMRÁÐ OG KYNNING	140
8.22	UMHVERFISVIÐMIÐ	140

9. VIÐAUKI 2 STAÐARDAGSKRÁ 21 145

9.1	INNGANGUR	146
9.2	ENDURSKOÐUN STAÐARDAGSKRÁR	146
9.3	EFTIRFYLGNI	146
9.4	GRÆNT BÓKHALD	146
9.5	SÉRTÆK MARKMIÐ STAÐARDAGSKRÁ	146
9.6	STAÐARDAGSKRÁ	147
9.6.1	Stjórnsýsla	147

9.6.2	Byggð	148
9.6.3	Atvinnulíf	149
9.6.4	Samgöngur	149
9.6.5	Leik- og grunnskólar	150
9.6.6	Velferðarmál	151
9.6.7	Fístundamál	152
9.6.8	Menningarmál	154
9.6.9	Ferðamál	155
9.6.10	Umhverfi	156
9.6.11	Umhverfisfræðsla	157
9.6.12	Sorp	158

10. VIÐAUKI 3 BREYTINGAR Á AÐALSKIPULAGI, 159

10.1	STAÐFESTAR BREYTINGAR Á AÐALSKIPULAGI	160
10.2	HELSTU BREYTINGAR Á AÐALSKIPULAGI KÓPAVOGS 2000-2012 MEÐ STAÐFESTINGU ÞESSA SKIPULAGS	161
10.3	BREYTINGAR Á SVÆÐISSKIPULAGI HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS	162
10.4	BREYTINGAR Á SVÆÐISSKIPULAGI HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS SEM GERÐAR VORU SAMHLIÐA AÐALSKIPULAGI KÓPAVOGS 2012-2024	162

11. VIÐAUKI 4 NIÐURSTAÐA ÍBÚAFUNDA 163

12. VIÐAUKI 5 ORÐ OG ORÐASAMBÖND 177

13. HELSTU HEIMILDIR 181



1

- 1.1 ALMENNT
- 1.2 UMHVERFISMAT ÁÆTLANA
- 1.3 SKIPULAGSÁÆTLANIR
 - 1.3.1 Svæðisskipulag
 - 1.3.2 Aðalskipulag
 - 1.3.3 Hverfisskipulag
 - 1.3.4 Deiliskipulag
 - 1.3.5 Aðrar áætlanir
- 1.4 STAÐARDAGSKRÁ 21
 - 1.4.1 Samþætting staðardagskrár og aðalskipulags
- 1.5 SÉRTÆK VERKEFNI STAÐARDAGSKRÁR 21
- 1.6 SKIPULAGSFERLIÐ
 - 1.6.1 Kynning og umfjöllun í nefndum og ráðum bæjarins
 - 1.6.2 Kynning á íbúafundum
 - 1.6.3 Kynning fyrir hverfaráðum
 - 1.6.4 Heimasíða
 - 1.6.5 Kynning fyrir umsagnaraðila
 - 1.6.6 Innsendar athugasemdir
 - 1.6.7 Samstarf við Skipulagsstofnun
 - 1.6.8 Samþykkt bæjarstjórnar
 - 1.6.9 Afgreiðsla Aðalskipulags Kópavogs 2012-2024 skv. lögum nr. 105/2006
 - 1.6.10 Niðurstöður íbúafunda
- 1.7 SKIPULAGSGÖGN
 - 1.7.1 Uppdráttur
 - 1.7.2 Greinargerð
- 1.8 LEIÐARLIÓS
 - 1.8.1 Framtíðarsýn
- 1.9 ALMENNAR FORSENDUR
 - 1.9.1 Lög og reglugerðir um skipulagsáætlanir
 - 1.9.2 Skipulagssvæði
 - 1.9.3 Eignarhald
 - 1.9.4 Þjóðlendur
 - 1.9.5 Fjárhagslegar forsendur
 - 1.9.6 Sagan og þróun byggðar
 - 1.9.7 Rammahluti aðalskipulags
 - 1.9.8 Skipulagi frestað

INNGANGUR

1



Elliðaavatn. Ljós. B.M.

1.1 ALMENNT

Aðalskipulag Kópavogs 2000-2012 var samþykkt af umhverfisráðherra 23. apríl 2002. Með staðfestingu Aðalskipulags Kópavogs 2012-2024 fellur úr gildi Aðalskipulag Kópavogs 2000- 2012.

Aðalskipulag er meginstjórn tæki bæjarfélagsins og framtíðarsýn vegna uppbyggingar í bæjarlandinu. Samhliða endurskoðun Aðalskipulags Kópavogs var samþykkt að samþætta Staðardagskrá 21 við aðalskipulagið og leggja þannig áherslu á heildaráætlun samfélagsins um þróun til framtíðar á sjálfbæran hátt. Aðalskipulagið er unnið samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010 og skipulagsreglugerð nr. 90/2013.

Með setningu laga um umhverfismat áætlana nr. 105/2006 er kveðið á um að gerð sé grein fyrir umhverfisáhrifum nýs aðalskipulags og mögulegum mótvægisáðgerðum. Þar af leiðandi er umhverfismat aðalskipulagsins unnið samhliða og skipulagsákvæðanir metnar með tilliti til umhverfisáhrifa. Í greinargerðinni er samantekt á umhverfismati viðkomandi þátta í lok hvers kafla.

Lögð var áhersla á að hafa viðtækt samráð við íbúa Kópavogs. Í þeirri vinnu var óskað eftir tillögum og ábendingum fyrir endurskoðun á aðalskipulaginu.

1.2 UMHVERFISMAT ÁÆTLANA

Við endurskoðun aðalskipulagsins er tekið tillit til laga um umhverfismat áætlana frá 2006. Umhverfismat áætlana nr. 105/2006 er aðferð við áætlanagerð sem tryggir að skoðaðir séu mismunandi kostir þegar kemur að skipulagsvinnu. Umhverfismatið gerir það að verkum að hægt er að gera grein fyrir hugsanlegum umhverfisáhrifum strax á skipulagsstigi og

skipulagsferlið verður gegnsærra en áður. Áhrif markmiða eru skoðuð með tilliti til áhrifa á umhverfið og þeir kostir sem valdir eru rökstuddir.

Efnistöð þessarar aðalskipulagsáætlunar eru svipuð og í fyrra skipulagi en er byggt í ríkari mæli en áður á niðurstöðum úr umhverfismati. Markmiðið er að koma í veg fyrir neikvæð áhrif á umhverfið og íbúa í anda sjálfbærrar þróunar.

Einn mikilvægur þáttur í umhverfismati áætlana er vöktun. Ef framkvæmdir eru taldar hafa mögulega neikvæð umhverfisleg eða félagsleg áhrif er gerð áætlun um vöktun á þeim þáttum. Með henni er hægt að leggja mat á mögulegar mótvægisáðgerðir. Í lok umhverfisskýrslu er lögð fram vöktunaráætlun um tiltekin atriði sem byggð eru t.a.m. á aðgerðaráætlun Kópavogsbæjar varðandi hávaða.

Greinarmun þarf að gera á mati á áhrifum skipulagstillögu og framkvæmda. Við mat á áhrifum skipulagsáætlunar á umhverfi, náttúruauðlindir og samfélag er ekki stuðst við kerfisbundnar rannsóknir eins og við undirbúning framkvæmda heldur er það fyrst og fremst rökstuðningur fyrir tillögunum. Mat á markmiðum og áætlunum kemur ekki í stað mats á áhrifum framkvæmda. Meðal þeirra kosta sem hugsanlega þarf að meta gætu verið mismunandi stærð byggingarlands og þéttleiki byggðar.


Samráð hefur verið haft við Skipulagsstofnun sem samþykkti matslýsingu með bréfi dags. 19. maí 2011.

Umhverfismatið var unnið af Landmótun sf. og Skipulags- og byggingardeild Kópavogs.

1.3 SKIPULAGSÁÆTLANIR

1.3.1 Svæðisskipulag

Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins 2001-2024 var staðfest 20. desember 2002. Aðild að svæðisskipulaginu eiga sjö sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu, Reykjavík, Kópavogur, Garðabær, Mosfellsbær, Hafnarfjörður, Seltjarnarnes og Kjósarhreppur. Í svæðisskipulaginu, er fjallað um landnotkun, samgöngu- og þjónustukerfi, þróun byggðar og umhverfismál.



Mynd 1.1 Sveitarfélögin sjá á höfuðborgarsvæðinu.

Aðalskipulagið er í öllum megin atriðum í samræmi við stefnu Svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins 2001-2024. Þar má nefna markmið um sjálfbæra þróun, þéttingu byggðar, samgöngur og verndarsvæði. Aftur á móti hefur þróun byggðar í Kópavogi verið umfram þær áætlanir sem svæðisskipulagið gerði ráð við staðfestingu þess í lok árs 2002. Kemur sá munur einkum fram í fjölda íbúða og íbúa þar sem Kópavogur byggðist hraðar en áætlanir svæðisskipulagsins gerðu ráð fyrir. Nefna má að í svæðisskipulaginu er miðað við að fjöldi íbúa í Kópavogi á árinu 2012 sé 27.600 en í raun var íbúafjöldinn í byrjun þess árs 31.205. Svæðisskipulagið gerir síðan ráð fyrir að íbúar Kópavogs verði 26.600 árið 2024, þ.e. fækki um 1.000 íbúa næstu 12 árin. Í nýju aðalskipulagi er miðað við að fjöldi bæjarbúa verði um 40.000 á því ári.

Í gildandi aðalskipulagi bæjarins, Aðalskipulagi Kópavogs 2000-2012 er vakin athygli á þessu misræmi milli Aðalskipulags Kópavogs og svæðisskipulagsins hvað varðar áætlaða byggðarþróun. Þar kemur m.a. fram að bæjaryfirvöld í Kópavogi telja þær áætlanir um mannfjölda sem koma fram í svæðisskipulaginu of lágar og benda á að á árinu 2012 verði íbúafjöldi bæjarins milli 32-35 þúsund. Sú áætlun hefur að mestu gengið eftir eins og að ofan greinir.

Kópavogur byggðist hratt upp á þeim árum sem unnið var að svæðisskipulaginu, þ.e. 1998-2002. Grunnár svæðisskipulagsins, þ.e. það ár sem áætlanir svæðisskipulagsins miðast við, er 1998 (hugsanlega að hluta 1997) og frá þeim tíma þar til gengið var frá áætlunum svæðisskipulagsins byggðist bærinn hratt til austurs. Lindir og Salir urðu til með samtals um 2.000 nýjum íbúðum og um 6.000 íbúum. Einnig má geta þess að í Vatnsenda var þá þegar töluverð byggð.

Í greinargerð svæðisskipulagsins töflu 3.1 er aðeins miðað

við 450 byggðar íbúðir á ofangreindu byggðasvæði þ.e. í Kópavogur austur (austan Reykjanesbrautar). Sú tala hefur ætíð verið röng og var ítrekað bent á að svo væri áður en gengið var frá svæðisskipulaginu til staðfestingar. Fjöldi íbúða í töflunni fyrir Kópavogur austur hefði átt að vera a.m.k. 2.000 íbúðir samanber fjölda byggðra íbúða samkvæmt Fasteingaskrá Íslands. Grunnur svæðisskipulagsins var ekki leiðréttur áður en gengið var frá svæðisskipulaginu til samþykktar og staðfestingar. Líklega skýrist það af því að til stóð að taka skipulagið til reglulegrar endurskoðunar. Það var því ekki gengið út frá því að tölur um byggingarmagn yrðu bindandi til 24 ára.

Einnig er nauðsynlegt að gera fleiri leiðréttingar á Svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2001-2024 til samræmis við gildandi aðalskipulag Kópavogs. Á svæðisskipulagsupprættinum hefur láðst að auðkenna skíðasvæðið í Bláfjöllum sem opið svæði til sérstakra nota líkt og gert var með skíðasvæðið í Skálafelli. Ekki er um stefnubreytingu að ræða þar sem skíðasvæðið er tilgreint í gildandi aðalskipulagi Kópavogs og í gildi er deiliskipulag fyrir svæðið. Þá er í gildi starfsleyfi fyrir skíðasvæðið til ársins 2022.

Í tillögu að Aðalskipulagi Kópavogs 2012-2024 er sett fram sú stefna að skapa aukið aðgengi ferðamanna að Þríhnúkakag og skapa viðeigandi aðstöðu á svæðinu. Því er lagt er til að Þríhnúkur verði skilgreindur sem afþreyingar- og ferðamannasvæði, sbr. framsetningu svæðisskipulags um slík svæði á skipulagsuppráttum. Frekari framfylgd þessarar stefnu á neðri skipulags- og framkvæmdastigum er m.a. háð umsögnum og samþykktum viðkomandi heilbrigðisnefnda, samanber samþykktir um vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins.

Umhverfisráðherra staðfesti friðlýsingu á tveimur svæðum í

Skerjarfirrið innan lögsögu Kópavogs í byrjun árs 2012. Var það gert að tilhlutan Umhverfisstofnunar í samvinnu við Kópavogsbæ og Náttúrufræðistofu Kópavogs.

Annars vegar um 39 ha svæði í Kópavogi og hins vegar 24 ha svæði í Fossvogi. Markmiðið með friðlýsingunni er að vernda lífríki við ströndina, í fjöru og á grunnsævi. Þar er undirstaða fyrir afar fjölbreytt fuglalíf allan ársins hring. Jafnframt er markmiðið að vernda útivistar- og fræðslugildi svæðisins en strandlengjan er vinsæl til útivistar og í Fossvogi eru iðkaðar siglingar og annað sjósport. Ástæða er að setja friðlýsingar inn á skipulagsupprætti svæðisskipulagsins þannig að fullt samræmi sé á milli þess og Aðalskipulags Kópavogs 2012 - 2024.

Áform hafa verið uppi um að koma á brúartengingu yfir Fossvog milli Kársness og Reykjavíkur. Í tillögum að aðalskipulagi Reykjavíkur og aðalskipulagi Kópavogs er gert ráð fyrir slíkri tengingu. Í svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins er ekki gerð grein fyrir öðrum tengingum á upprætti en stofnbrautum og svæðisbundnum tengibrautum. Tenging yfir Fossvog er einungis hugsuð fyrir vistvænan ferðamáta svo að hún fellur ekki þar undir. Engu að síður snertir málið höfuðborgarbúa alla sem nýta Fossvoginn sér til útivistar. Svæðisskipulagið er því réttur vettvangur fyrir slíkar ákvarðanir. Því er gert ráð fyrir þessari tengingu í þeim breytingum sem kynntar eru.

Ofangreindar breytingar á Svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2001-2024 voru kynntar samtímis tillögu að Aðalskipulagi Kópavogs 2012-2024.

1.3.2 Aðalskipulag

Í aðalskipulagi kemur fram stefna sveitarstjórnar um landnotkun, samgöngu- og þjónustukerfi, umhverfismál og þróun byggðar næstu 12 ár að minnsta kosti. Sveitarstjórnin ber ábyrgð á gerð aðalskipulags fyrir sveitarfélagið og í því skal fjallað um allt land innan marka þess. Aðalskipulagið er sett fram í skipulagsgreinargerð, umhverfisskýrslu og á skipulagsuppráttum sem skiptast í sveitarfélagsupprátt og þéttbýlisupprátt. Í aðalskipulagi er lagður grundvöllur að deiliskipulagsgerð einstakra svæða í sveitarfélaginu og leyfisveitingum til framkvæmda.

Vinna við fyrsta heildarskipulag Kópavogs hófst árið 1965 í kjölfar nýrra skipulagslaga frá 1964. Skipulagið var samþykkt 1970 og tók til svæðisins vestan Reykjanesbrautar. Fyrsta aðalskipulag alls heimalandsins (svæðisins vestan Elliðaavatns) var samþykkt í bæjarstjórn 1985 fyrir skipulagstímabilið 1983-2003. Hvorug þessarar áætlana hlaut staðfestingu ráðherra. Þrisvar eftir það hefur aðalskipulag bæjarins verið endurskoðað; Aðalskipulag Kópavogs 1988-2008 var staðfest af félagsmálaráðherra 23. apríl 1990. Aðalskipulag Kópavogs 1992-2012 var staðfest af umhverfisráðherra 29. apríl 1994 og Aðalskipulag Kópavogs 2000-2012 var staðfest af umhverfisráðherra 23. apríl 2002.

Mikill og hraður vöxtur bæjarins síðustu árin hefur kallað á breytingar á aðalskipulagi bæjarins frá síðustu heildarendurskoðun. Alls voru gerðar 29 breytingar á gildandi aðalskipulagi og eru þær tíundaðar í kafla 10.1 á bls.160.

Aðalskipulag tekur gildi þegar það hefur verið samþykkt af sveitarstjórn og staðfest af Skipulagsstofnun að undangenginni auglýsingu á tillögu að aðalskipulagi. Með staðfestingu Aðalskipulags Kópavogs 2012-2024 fellur úr gildi Aðalskipulag Kópavogs 2000-2012 eins og áður hefur komið fram.

Skipulagsnefnd Kópavogs fer með skipulagsmál í Kópavogi og umhverfis- og samgöngunefnd sér um Staðardagskrá 21. Saman hafa nefndirnar borið ábyrgð á vinnslu aðalskipulagsins ásamt bæjarstjórn Kópavogs, bæjarstjóra, sviðstjóra umhverfissviðs og skipulagsstjóra.

1.3.3 Hverfisskipulag

Þegar unnið er deiliskipulag í hverfi sem þegar er byggt er heimilt að víkja frá kröfum um framsetningu sem gerðar eru til deiliskipulagsáætlana í nýrri byggð og leggja frekar áherslu á almennar reglur um yfirbragð og varðveislugildi byggðarinnar auk almennra rammaskilmála. Reglur um málsmeðferð deiliskipulags gilda um hverfisskipulag eftir því sem við á. Hverfisskipulag getur verið nauðsynlegt til að meta ástand byggðarinnar þegar langur tími er liðinn frá mótun eldri byggðar, t.a.m. með breyttum lífnaðarháttum, breytingum í atvinnulífi, fjölskyldumynstri og bílaeign svo að nokkrir þættir séu nefndir. Í hverfisskipulagi eru þessar upplýsingar skráðar og stefna mörkuð um áframhaldandi þróun.

Hverfisskipulag verður unnið í kjölfar aðalskipulags. Unnin voru hverfaskipulög með örðum hætti í Kópavogi, Hverfisskipulag Vesturbæjar 1993, Hverfisskipulag Austurbæjar 1994.

Hverfisskipulag verður sett fram fyrir fimm hverfi bæjarins, þ.e. Kársnes, Digranes, Smára, Fífuhvamm og Vatnsenda þar sem fram koma nánari skilgreiningar og ákvæði fyrir hverfin. Þar eru m.a. tölfræðilegar upplýsingar um ferðamynstur íbúa, íbúðagerðir, aldur húsnæðis, hæð, og umfang bygginga og hvernig fella má nýja byggð inn í eldri hverfi. Sett eru sérstök ákvæði um starfsemi og notkun hverfisins. Markmið hverfisskipulags er að færa aðalskipulagið nær íbúum og taka mið af þörfum þeirra sem búa og starfa í hverfinu, skilgreina innviði hverfisins, starfsemi og notkun þess.

Rammahluti aðalskipulags (sjá kafla 7) mótar m.a. það sem ger er í hverfisskipulagi og deiliskipulagi.

1.3.4 Deiliskipulag

Deiliskipulag er áætlun fyrir afmörkuð svæði eða reiti innan bæjarfélagsins. Deiliskipulag byggir á aðalskipulagi og kveður nánar um útfærslu þess. Í deiliskipulagi, sem sett er fram bæði í greinargerð og á uppdrætti, er forsendum skipulagsins lýst,



Kársnesið. Ljósmynd F.B

Hlutverk hverfisskipulags er að kveða nánar en gert er í aðalskipulagi á um helstu þætti hvers bæjarhluta, með áherslu á hvar breytinga er að vænta eða hvar þeirra er þörf. Í hverfisskipulagi er fyrst og fremst fjallað um byggðina, þjónustu, umhverfi, umferð og íbúa. Með hverfisskipulagi mun íbúunum gefast frekari kostur á að fylgjast með og taka þátt í að móta sitt nánasta umhverfi.

Í þegar byggðum hverfum er heimilt að víkja frá kröfum um framsetningu sem gerðar eru til deiliskipulagsáætlana í nýrri byggð og leggja áherslur á almennar reglur um yfirbragð og varðveislugildi byggðarinnar auk almennra rammaskilmála. Þegar deiliskipulag er sett fram með þeim hætti kallast það hverfisskipulag. Heimilt er að vinna hverfisskipulag í þegar byggðum hverfum ef ekki eru ráðgerðar verulegar breytingar á byggðamynstri. Í 5. mgr. 37. gr. Skipulagslaga nr. 123/2010 er fjallað um gerð hverfisskipulags.

1.3.5 Aðrar áætlanir

Við gerð Aðalskipulags Kópavogs 2012-2024 hefur þess verið gætt að áætlunin sé í samræmi við aðrar áætlanir sem tengjast henni. Þær áætlanir sem um ræðir eru:

Aðalskipulag nágrannabyggðarlaga. Þess var gætt að aðalskipulagið væri í samræmi við stefnumið aðalskipulags nágrannasveitarfélaganna varðandi atriði sem ná út fyrir sveitarfélagamörk og snerta t.a.m. samgöngumál, veitur, vatnsvernd o.fl. Um er að ræða: Aðalskipulag Mosfellsbæjar 2002-2024, Aðalskipulag Garðabæjar 2004–2016, Aðalskipulag Reykjavíkur 2001-2024 og Aðalskipulag Ölfuss 2002-2014.

Hvað varðar Aðalskipulag Mosfellsbæjar 2002-2024 þá hefur verið ágreiningur um lögsögumörk Kópavogs og Mosfellsbæjar á svokölluðum nyrðra landgeira í upplandi Kópavogs. Um mörk bæjarfélaganna var úrskurðað í hæstarétti 29. október 2009 málnr. 685/2008 um þjóðlendur. Þeim úrskurði er fylgt

í skilgreiningu lögsögumarka Kópavogsbæjar í Aðalskipulagi Kópavogs 2012-2024.

Náttúruverndaráætlun Alþingis 2004-2018, Náttúruverndaráætlun Alþingis 2009-2013 og Náttúruminjaskrá. Í náttúruverndaráætluninni og Náttúruminjaskrá eru afmörkuð sérstök svæði með tilliti til náttúrufars og mörkuð stefna um verndun. Að mestu leyti byggja þær á greiningu og mati sérfræðinga sem hafa rannsakað náttúrufar landsins og metið verndargildi þess. Við stefnumörkun í aðalskipulagi Kópavogs hefur verið tekið mið af náttúruverndaráætlun Alþingis til 2013 og Náttúruminjaskrá.

Landgræðsluáætlun 2003-2014. Gert er ráð fyrir að áfram verði unnið að endurheimt gróðurs og stöðvun sandfoks.

Stefnumörkun um sjálfbæra þróun í íslensku samfélagi til 2020. Aðalskipulag Kópavogs 2012-2024 er í samræmi við stefnumörkun sem sett er fram í riti Umhverfisráðuneytisins, Velferð til framtíðar. Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi, stefnumörkun til 2020. Þá hefur ríkisstjórnin samþykkt áherslur á sviði sjálfbærrar þróunar 2010-2013. Aðalskipulagið er í samræmi við stefnumörkun ríkisstjórnarinnar um sjálfbæra þróun þar sem ritið var lagt til grundvallar við vinnu aðalskipulagsins.

Aðalskipulag Kópavogs 2012-2024 er jafnframt í samræmi við Samgönguáætlun 2011-2014 og 2011-2022 og Svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs 2008-2020.

1.4 STAÐARDAGSKRÁ 21

Staðardagskrá 21 (Local Agenda 21) er heiti á áætlun um þróun til framtíðar án þess að skerða lífsgæði komandi

kynslóða. Staðardagskrá 21 var fyrst samþykkt á heimsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um umhverfi og þróun í Rio de Janeiro árið 1992. Staðardagskrá snýst ekki eingöngu um umhverfismál heldur er henni ætlað að taka jafnframt tillit til efnahagslegra og félagslegra þátta. Í Staðardagskrá 21 er kveðið á um samráð við íbúana á hverjum stað, m.a. með þátttöku atvinnulífs og félagasamtaka.

Staðardagskrá 21 fyrir Kópavogsbæ, Kópavogur um langa framtíð, var samþykkt í bæjarstjórn 24. júní 2003. Í stefnumótunarferli voru starfsmenn, ráð og nefndir innan Kópavogsbæjar virkir þátttakendur í þeirri vinnu. Haldið var íbúabing árið 2001 og í framhaldi þess tók samráðshópur þátt í stefnumótun Staðardagskrár 21. Þegar vinna við Staðardagskrá 21 hófst var vinna við mótun stefnu og markmiða vegna aðalskipulags langt komin. Við vinnu staðardagskrár var þess gætt að samræmi ríkti milli þessara tveggja áætlana. Þannig varð Staðardagskrá 21 fyrir Kópavog að hluta til aðgerðaáætlun aðalskipulagsins.

Kópavogsbær var eitt af fyrstu sveitarfélögum landsins sem vann Staðardagskrá 21. Með henni var staðfest áætlun og framtíðarsýn um sjálfbæra þróun, þar sem sett voru markmið sem að stórum hluta hafði verið náð á árinum 2012.

Í júní 2011 samþykkti bæjarstjórn Kópavogs umhverfisstefnu fyrir bæjarfélagið. Í umhverfisstefnunni koma fram helstu markmið í umhverfismálum.

Í aðalskipulagi Kópavogs var stefnumörkun um sjálfbæra þróun á Íslandi, Velferð til framtíðar, höfð til hliðsjónar ásamt umhverfisstefnu Kópavogs.

1.4.1 Samþætting staðardagskrár og aðalskipulags

Í flestum atriðum er verið að taka á svipuðum þáttum í aðalskipulagi og staðardagskrá. Um er að ræða stefnumótun sveitarfélagsins sem miðar að því að gera samfélagið enn betra fyrir íbúa og umhverfi. Staðardagskrá 21 er heildaráætlun um þróun hvers samfélags fram á 21. öldina. Eins og fram hefur komið snýst áætlunin ekki eingöngu um umhverfismál í venjulegum skilningi heldur er henni jafnframt ætlað að taka tillit til efnahagslegra og félagslegra þátta og því er fyrst og fremst um að ræða velferðaráætlun.

Öllum sveitarfélögum er skylt að vinna aðalskipulag fyrir allt land innan marka sveitarfélagsins. Samkvæmt skipulagslögum skal hafa sjálfbæra þróun að leiðarljósi við mótun aðalskipulags.

1.5 SÉRTÆK VERKEFNI STAÐARDAGSKRÁR 21

Þeir málaflokkar sem teknir eru fyrir innan marka Staðardagskrár 21 eru bæði efnahagslegir, félagslegir og umhverfislegir þættir. Jafnframt var stuðst við þau atriði sem komu fram hjá íbúum sveitarfélagsins á kynningar- og samráðsfundum sem haldnir voru.

Í mörgum tilfellum tengjast þau verkefni, sem þarna komu fram, einhverjum af þeim landnotkunarflokkum sem teknir eru fyrir á skipulagsuppdrætti og er fjallað um þau í greinargerðinni samkvæmt því.

Markmið sem ekki er hægt að setja undir almenna stefnumörkun aðalskipulagsins eru skilgreind sem sértæk verkefni staðardagskrár og eru birt í fylgiskjali í viðauka 2.

1.6 SKIPULAGSFERLIÐ

Umhverfissvið hefur unnið að endurskoðun aðalskipulags Kópavogs. Samvinna um verkefnið hefur verið við önnur svið og nefndir bæjarins auk samráðs við íbúa og umsagnaraðila.

Aðalskipulag fjallar um meginmarkmið og framtíðarsýn Kópavogsbæjar. Samkvæmt lögum er gildistími aðalskipulags minnst 12 ár.

Á fundi bæjarráðs 18. janúar 2007 var samþykkt að hefja vinnu við endurskoðun aðalskipulagsins.

Vinna við gerð Aðalskipulags Kópavogs 2012-2024 mótast m.a. af nýjum áherslum í lögum um umhverfismat áætlana nr. 105/2006 og skipulagslögum nr. 123/2010 og nýrri skipulagsreglugerð nr. 90/2013. Breytingar frá fyrri lagaákvæðum varða m.a. vinnuferli, kynningu tillagna og framsetningu.



Í Kópavogsdal. Ljósrm. J.Í.

Áhersla er lögð á að ljúka uppbyggingu þegar deiliskipulagðra hverfa og þétta byggðina í bænum svo hverfin verði sjálfbærari og að íbúar þurfi ekki að fara langa leið til að sækja þjónustu. Einnig er áhersla lögð á að bjóða upp á fjölbreytileika í búsetu og atvinnutækifærum fyrir alla hópa fólks. Sívaxandi krafa fólks um fjölbreytta útivistarmöguleika og nánd við náttúru verður mætt með úrbótum í eldri byggð og góðum tengingum eldri og nýrri hverfa við náttúru og útivistarsvæði.

1.9 ALMENNAR FORSENDUR

Forsendur Aðalskipulags Kópavogs 2012-2024 eru lög og reglugerðir um skipulagsmál, áherslur og markmið bæjaryfirvalda um þróun byggðar og möguleikar og takmarkanir á nýtingu bærlands frá náttúrunnar hendi. Áætlanir byggja ekki aðeins á framreikningum heldur líka á almennum viðhorfum til viðfangsefna aðalskipulags hverju sinni, samstarfi við önnur sveitarfélög og fjárhagslegu bolmagní sveitarfélagsins til þess að framfylgja skipulagsáætlunum.

1.9.1 Lög og reglugerðir um skipulagsáætlanir.


Núgildandi Skipulagslög nr. 123/2010 tóku gildi í ársbyrjun 2010. Í þeim eru nokkrar veigamiklar breytingar frá fyrri

lögum frá árinu 1997 sem voru að stofni til frá árinu 1964. Skipulagsreglugerð nr. 90/2013 var gefin út 16. janúar 2013 og er nánari útfærsla á lögnum. Lög um Umhverfismat áætlana nr. 105/2006 tóku gildi um mitt ár 2006 og lög nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda tóku gildi 25. maí árið 2000.

1.9.2 Skipulagssvæði

Skipulagssvæði aðalskipulags Kópavogs er allt land (vatn og sjávarsvæði) innan stjórnssýslumarka bæjarfélagsins og nær það til 8,167 ha lands og nefnist lögsögumörk. Heimalandið (þ.e. vestan Elliðavatns) er 1,685 ha að stærð, nær frá Kársnesi í vestri að lögsögumörkum Kópavogs og Reykjavíkur og Heiðmerkurgirðingu í austri. Stærstur hluti heimalandsins er þegar byggður. Austan Heiðmerkur eru síðan tvö aðskilin svæði sem tilheyra lögsögu Kópavogs. Syðra svæðið 2,960 ha að flatarmáli nær frá Heiðmörk að mörkum Ölfuss í Árnessýslu. Nyrðra svæðið 3,380 ha nær frá Hólmsá við Gunnarshólma yfir Lækjabotna og Sandskeið suður undir Rauðuhjúka í Bláfjöllum og af Vífilsfelli norður á móts við Lyklafell.

Lítilsháttar breytingar hafa orðið á lögsögumörkum bæjarins frá staðfestingu fyrri Aðalskipulags Kópavogs 2002-2012. Þar ber að nefna breytt lögsögumörk milli Reykjavíkur og Kópavogs á brunnsvæði Vatnsendakrika og við Blesugróf (Smíðjuhverfi).



Mynd 1.2. Þjóðlendar innan sveitarfélagamarka Kópavogs.

Árið 2012 nýttust rúm 37% heimalandsins sem byggingarland og yfir helmingur fyrir óbyggð og opin svæði til sérstakra nota. Á næsta skipulagstímabili er áætlað að nýting heimalandsins breytist þannig að rúm 40 % heimalands verði nýtt sem byggingarland.

Digranes. Ljós. J.Í.



Mynd 1.3. Land Kópavogs

1.9.3 Eignarhald

Kópavogshreppur fékk kaupstaðarréttindi með lögum nr. 30 frá 11. maí 1955. Í 1. gr. laganna segir að „Kópavogskaupstaður nái yfir allan Kópavogshrepp.“ Hann var skilgreindur sem sá hluti Seltjarnarneshrepps hins forna sem er sunnan og austan Reykjavíkur.

Kópavogsbær á nær allt land innan heimalandsins en um 6% eða um 90 ha eru enn ýmist í eigu ríkisins eða einkaaðila.

Undanfarin ár hefur Kópavogsbær verið að eignast jörðina Vatnsenda og í byrjun árs 2007 var stór hluti hennar tekinn eignarnámi, þ.e. Vatnsendahlíð og Vatsendaheiði að lögsögumörkum Kópavogs og Garðabæjar annars vegar og hins vegar að lögsögumörkum Kópavogs og Reykjavíkur. Innan heimalandsins er svæðið næst Elliðavatni í eigu Vatnsenda, þ.e. norðan og vestan vatnsins, á svæðinu milli Vatns og vegar svo og sunnar Vatnsvíkur á um 35 ha svæði.

Kópavogstún er að hluta í eigu ríkisins. Á árinu 2003 eignaðist Kópavogsbær 13,5 ha af landinu en ríkið hélt eftir rúmum 3 ha. Í dag eru þar ýmsar stofnanir á vegum ríkisins.

Vatnsendahvarf og hluti Rjúpnahæðar voru í eigu ríkisins en árið 2001 keypti Kópavogsbær hluta landsins. Um 7,5 ha efast á Vatnsendahvarfi eru nú í eigu ríkisins.

Svæði sunnan Smáralindar er að hluta í einkaeign sömuleiðis kollur Nónhæðar.

Í upplandi Kópavogs eru tvær landbúnaðarjarðir í einkaeigu, Gunnarshólmi og Geirland, ásamt nokkrum smáspildum í Lækjarbotnum.

1.9.4 Þjóðlendar

Innan lögsögumarka Kópavogs er skilgreind þjóðlenda skv. úrskurði frá 5. október 2012. Landið sem um ræðir er afréttur Seltjarnarneshrepps hins forna, nú Kópavogsbæjar,



Fróðleiksskilti um erfðahyllinguna. Ljós. F.B.

Reykjavíkur og Seltjarnarneskaupstaðar. Skilgreining þjóðlendunnar er skv. úrskurði óbyggðanefndar í máli nr. 2/2004 og dómi Hæstaréttar í máli nr. 685/2008:

„Frá Sýslusteinum austan Lyklafells eftir árfarvegi Lyklafellsárinnar fyrir sunnan Lyklafell og niður í Nautapoll. Úr Nautapoll meðfram heiðarbrún í vatnsfarveginn við norðurenda Vatnaássins. Úr því ræður norðurkvísl Lyklafellsárinnar þangað til hún fellu í Fossvalla. Syðsta kvíslin af Fossvallaám frá Lækjarmóti, sem rennur frá bænum, ræður upp að þúfu, sem stendur í Holtstanga fyrir neðan Neðrivötn, þaðan til útsuðurs í mögrýtisklett, með rauf í, er snýr suður, þaðan í Sandfellshnjúk [...mörk þjóðlendu og eignarlands skulu miðast við línu, sem dregin er frá Sandfellshnjúki að Markhóli]. Þaðan til norðvesturs í suðvesturhorn á Selfjalli og þaðan í Markhól. Úr Markhól í Húsfell, þaðan í brihnúka og áfram í Bláfjallahorn. Síðan eftir hæstu tindum Bláfjalla í stöpul á Vífilsfelli. Þaðan í fyrrgreindan Sýslustein“.

1.9.5 Fjárhagslegar forsendur

Framkvæmdaáætlanir eru unnar í kjölfar skipulags. Framkvæmdir eru í forgangs- og tímaröð í samræmi við skipulagsáætlanir. Fjárhagsáætlanir og þriggja ára áætlanir eru unnar á hverju ári. Fjármálum hvers sveitarfélags eru sett ákveðin takmörk með lögum, jafnt hvað varðar tekjuöflun og ráðstöfun fjármagns.

Lagning stofnbrauta (þjóðvega í þéttbýli) og bygging mislægra gatnamóta eru fjármagnaðar af ríkissjóði og byggja á vegaaætlun Alþingis sem nær til þriggja ára í senn.

Kópavogsbær innheimtir gatnagerðargjöld af lóðum sem bærinn úthlutar en gatnagerðargjöldin eiga að standa undir kostnaði bæjarins af gatna- og veitukerfum.

1.9.6 Sagan og þróun byggðar

Kópavogs er ekki oft getið í Íslandssögunni. Einn af fjórum þingstöðum Gullbringusýslu var þó lengi vel í Kópavogi. Þingsókn þangað áttu m.a. Bessastaðamenn, handhafar hins danska konungsvalds. Þeir vildu gjarnan flytja Alþingi Íslendinga í nágrenni sitt og 1574 bauð Danakonungur að flytja skyldi Alþingi til Kópavogs. Á það féllust Íslendingar aldrei. Einn atburður var þó á þingstaðnum, niðri við voginn, sem allir Íslendingar eiga að þekkja. Það var þegar íslenskir valdsmenn undirrituðu erfðahyllinguna, 28. júlí 1662. Um atburðinn hefur nú verið reistur minnisvarði á hinum forna þingstað.

Byggðin tók ekki að þéttast á Kársnesi og Digranesi fyrr en eftir 1930. Þá hafði búskapur verið aflagður á jörðunum Digranesi og Kópavogi. Samkvæmt Fasteignaskrá eru um 180 eignir eða eignarhlutar í Kópavogi sem byggðir hafa verið 1950 eða fyrr.

Í seinni heimsstyrjöldinni urðu miklir fólksflutningar til Faxaflóasvæðisins. En húsnæðisleysi og skortur á lóðum í Reykjavík varð til þess að farið var að líta til óbyggðra svæða í nágrenninu svo sem í Kópavogi.

Í stríðslok var komin dreifð byggð í Kópavogi. Árið 1945 var farið að veita leyfi til byggingar íbúða til fastrar búsetu á erfðafestulöndunum og jókst þá uppbygging ört þrátt fyrir skort á þægindum eins og vatnsveitu, holræsum, rafmagni, síma, skóla o.s.frv.

Skipulagning byggðar í Kópavogi hófst 1946 en það ár var svæði á Digraneshálsi austan Hafnarfjarðarvegur, milli Álfhólsvegur og Dírnanesvegur skipulagt. Um þremur árum síðar var unnið skipulag af Kársnesi þ.e. svæðinu vestan Hafnarfjarðarvegur. Og á árinu 1954 samþykkti hreppsnefndin að efna til hugmyndasamkeppni um skipulag og útlitsteikningar af miðbæ í Kópavogi.

Árið 1948 var Kópavogshreppur stofnaður úr fjórum jörðum í upphreppi Seltjarnarneshrepps hins forna, Kópavogsjörð, Digranesjörð, Fífuhvammsjörð og Vatnsendajörð mynduðu kjarna hins nýja hrepps.

Árið 1955 varð Kópavogur kaupstaður og 1957 keypti bærinn allt landið af ríkinu nema svæðið austan Urðarbrautar og sunnan Kópavogsbrautar (Kópavogstún) og gat nú úthlutað lóðum og stýrt eigin uppbyggingu.

Á þessum árum mótaðist skipulagið af fyrstu uppbyggingu hreppsáranna og svo ekki hvað síst af landslaginu á „hálsunum“. En í kjölfar nýrra skipulagslaga 1964 var hafin undirbúningur að gerð aðalskipulags fyrir bæinn. Og á árinum 1970 var nýtt aðalskipulag samþykkt. Náði það til byggðarinnar vestan Reykjanesbrautar. Eftir samþykkt hins nýja aðalskipulags var hluti nýbýlanna Efstalands, Grænuhlíðar og Meltungu tekinn til skipulags, svo kallað Hjalla- og Hólmahverfi. Engihjallahverfið var síðan deiliskipulagt 1975.

Um og upp úr 1980 fer byggð að rísa í norðurhluta Kópavogs, við Bæjartún og Álfatún og á árunum 1983-85 var samþykkt skipulag í Suðurhlíðunum. Upp úr 1990 hófst hröð uppbygging í Kópavogsdal og á Nónhæð.

Í Fífuhvammslandi tók byggðin að rísa upp úr 1995 þegar Linda- og Salahverfin byggðust. Uppbygging í Vatnsenda hófst að ráði upp úr aldamótum.

Vöxtur byggðar í Kópavogi hefur verið mikill og hraður síðustu árin. En íbúum bæjarins fjölgaði úr liðlega 16.800 í 31.200 á árunum 1992 til 2012 og hlutfall bæjarbúa af íbúafjölda höfuðborgarsvæðisins hækkaði úr 11% í 15,6% á þessu tímabili.

Innviðir Kópavogs

Gæði Kópavogs felast í samfélaginu, íbúum hverfanna og því félagslega, efnahagslega og menningarlega umhverfi sem einkennir Kópavogsbæ. Ekki spillir frábær miðlæg staðsetning bæjarins og gæði landsins sem býður upp á gott útsýni og nálægð við stór útivistarsvæði. Þjónustustig bæjarins er hátt. Samskipti milli bygginga, opinna almenningssvæða og þjónustu styrkir innviði bæjarins og eykur sjálfbærni með styrkri nærþjónustu og þjónustu sem sótt er í miðbæjarkjarna Hamraborgar og Smárann sem er skilgreindur sem svæðisskjarni höfuðborgarsvæðisins.



Mynd 1.4-6. Byggðarþróun.



Mynd 1.7-8. Byggðarþróun.

1.9.7 Rammahluti aðalskipulags

Lögð er sérstök áhersla á umfjöllun um einstök hverfi í aðalskipulagi Kópavogs. Samkvæmt skipulagslögum er heimilt að kveða á um þróun byggðar á nýjum eða eldri svæðum í rammahluta aðalskipulags. Rammahluti aðalskipulags er því sá hluti aðalskipulags þar sem útfærð eru ákveðin afmörkuð svæði sveitarfélagsins. Markmiðið með honum er að ákvarða nánar landnotkun, svo sem um meginþætti þjónustukerfa og afmarka byggingarsvæði eða áfanga deiliskipulagsáætlana.

Með þessu móti er aðalskipulagið fært nær íbúum Kópavogs en reynslan hefur sýnt að áhugi íbúa eykst eftir því sem umfjöllunin verður hverfismiðaðri.

Kópavogur skiptist í fimm hverfi sem eru Kársnes, Digranes, Smárar, Fífuhvammur (Lindir, Salir) og Vatnsendí (Kórar, Hvörf og Þing).

1.9.8 Skipulagi frestað

Sunnan Elliðavatns er hluti landnotkunar aðalskipulagsins frestað. Tekur sú ákvörðun til 35 ha svæði sunnan Vatnsvíkur þar sem óvissa ríkir um landnotkun á svæðinu. Svæðið er auðkennt með hvítu tákni á þéttbýlisupprættinum.

Í bréfi Skipulagsstofnunar til Kópavogsbæjar, dags. 5. júlí 2013, er m.a. bent á þá staðreynd að ágreiningur sé um sveitarfélagamörk milli Kópavogsbæjar og Mosfellsbæjar norðan Sandskeiðs. Vísað er til þess að aðalskipulagi Mosfellsbæjar á ágreiningssvæðinu hafi verið frestað á sínum tíma. Jafnframt er bent á að óbyggðanefnd hafi nú til meðferðar ágreining um lögsögumörk á svæðinu. Leggur því Skipulagsstofnun til að Kópavogsbær óski eftir því við ráðherra að skipulagi á ágreiningssvæðinu verði frestað, sbr. 33. gr. skipulagslaga.

Kópavogsbær vill áréttta að hann telur engan vafa ríkja um lögsögumörk Kópavogsbæjar gagnvart Mosfellsbæ. Óumdeilt er að afréttur Seltjarnarneshrepps hins forna tilheyrir Kópavogi, en afmörkun afréttarins leiðir m.a. af úrskurði óbyggðanefndar í máli nr. 4/2004. Sú niðurstaða var staðfest af Hæstarétti í máli nr. 685/2008. Um nánari rökstuðning fyrir sjónarmiðum Kópavogs vísast til meðfylgjandi bréfs bæjarins til Skipulagsstofnunar, dags. 27. mars 2013.

Þrátt fyrir að Kópavogsbær telji sveitarfélagsmörk milli Kópavogs og Mosfellsbæjar vera skýr, samþykkti bæjarráð 25. júlí 2013 að verða við ábendingu Skipulagsstofnunar og óskaði eftir frestun á aðalskipulaginu á ágreiningssvæðinu. Á aðalskipulagsupprætti (sveitarfélagsupprætti) munu hins vegar verða sýnd sveitarfélagsmörk eins og Kópavogsbær telur að þau séu en ágreiningssvæðið auðkennt með hvítum lit og skipulagi frestað (sjá enn fremur kafli 1.9.4 Þjóðlendum).



2

- 2.1 MEGINMARKMIÐ
- 2.1.1 Íbúðabyggð
- 2.1.2 Svæði fyrir frístundabyggð
- 2.1.3 Landbúnaðarsvæði
- 2.2 UMHVERFISÁHRIF BYGGÐASTEFNU

BYGGGÐ

2



Salahverfi. Ljósmynd. F.B.

2.1 MEGINMARKMIÐ

Stuðla skal að góðri nýtingu lands og landsgæða með umhverfis- og verndarsjónarmið að leiðarljósi. Mótun byggðarinnar skal tryggja sjálfbærni og hagkvæma uppbyggingu. En í því felst m.a. að horft er í ríkari mæli til þéttingar byggðarinnar og þannig er vægi vistvænni samgangna aukið. Áhersla er jafnframt lögð á blandaða byggð með fjölbreytt framboð af húsnæði, þjónustu og útivist ásamt greiðum og öruggum samgöngukerfum. Leitast verður eftir því að við uppbyggingu nýrra hverfa verði horft til sjálfbærra lausna og orkusparandi byggingarefna. Stefna um þróun og mótun byggðar og nýtingu lands og landgæða innan marka bæjarins skal vera til þess að styrkja bæjarbraginn.

Skilgreining: Svæði fyrir íbúðarhúsnæði og nærþjónustu sem því tengist, auk minniháttar atvinnustarfsemi sem samrýmist búsetu eftir því sem nánar er kveðið á um í stefnu skipulagsins (gr. 6.2.a í skipulagsreglugerð nr. 90/2013).

MARKMIÐ:

- Að hver bæjarhluti verði aðlaðandi, sérkenni hans njóti sín og hafi miðkjarna ef þess er kostur.
- Að byggingarland verði nýtt með hagkvæmum hætti, byggð verði fjölbreytt og falli vel að umhverfinu.
- Skipulag taki mið af þörfum og óskum íbúa sem og annarra hagsmunaaðila en taki jafnframt mið af hagsmunum heildarinnar.
- Horfa skal til þéttingar byggðar í anda sjálfbærrar þróunar, sérstaklega á skilgreindum þróunarsvæðum þar sem í auknum mæli verður gert ráð fyrir blandaðri byggð íbúða, atvinnu- og þjónustuhúsnæðis, byggðarmynstur sem byggir á samspili gatna, torga, garða og bygginga.
- Næst miðju verði þéttleiki byggðarinnar mestur en næst jaðrinum verði byggðin strjálí og tengsl við ósnortna náttúru meiri.
- Fyrirhugaðar breytingar, á einstökum lóðum eða hluta göturreita í eldri hverfum bæjarins, skulu ekki raska yfirbragði aðliggjandi byggðar þar sem m.a. er gætt samræmis hvað varðar götumynd, hlutföll bygginga og byggingarlist.
- Stuðla skal að verndun og viðhaldi þess menningarsögulega arfs sem fólgin er í sögu og þróun byggðar í Kópavogi á þann hátt að einstök hús, húsaðir og götumyndir verði vernduð með bæjarvernd.
- Við skipulag byggðar verði leitast við að jafna dreifingu aldurs- og þjóðfélagsþópa.
- Stefnt er að því að uppbygging þjónustu verði sem mest samhliða byggingu íbúðarhverfa.
- Á íbúðarsvæðum verði heimil minniháttar atvinnustarfsemi sem samrýmist búsetu. Í hverfisskipulagi eða deiliskipulagi skal kveða nánar um mögulegar takmarkanir fyrir slíka starfsemi.

Tafla 2.1. Nýtingarhlutfall húsagerða

Viðmið um nýtingarhlutfall reita á deiliskipulögðum svæðum	Hlutfall
Einbýlishúsalóð	0,20-0,35
Raðhúsa- og parhúsalóð	0,35-0,60
Sambýlishús á lóð (2 til 5 íbúðir)	0,50-0,80
Fjölbýlishús á lóð (undir 5 hæðir)	0,60-0,90
Fjölbýlishús á lóð (yfir 5 hæðir)	0,80-2,00

Tafla 2.2 Íbúápróun í Kópavogi frá 1950


Ár	1950	1955	1960	1965	1970	1975	1980	1985	1990	1995	2000	2005	2010	2012
Fjöldi	1.652	3.783	6.213	9.204	11.165	12.570	13.819	14.631	16.186	17.659	23.518	26.468	30.357	31.205

Tafla 2.3 Íbúápróun í Kópavogi frá 2000-2013


Ár	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013
Breytingar milli ára	4,0%	2,9%	2,9%	1,4%	1,9%	4,2%	3,9%	3,6%	4,7%	1,2%	0,1%	1,4%	-1,4%	1,6%

LEIÐIR:


- Göturéitir eldri hverfa bæjarins teljast að mestu fullbyggðir og skulu því áhrif breytinga eða nýrra bygginga metin út frá svipmóti þeirrar byggðar sem fyrir er þannig að hún falli sem best að yfirbragði hverfisins.
- Í hverfisskipulagi fyrir Kársnes og Digranes skal m.a. leggja mat á varðveislugildi byggðar og einstakra bygginga.
- Í hverfisskipulagi skulu koma fram verklagsreglur um óverulegar breytingar á skipulagi byggðar.
- Lögð verði áhersla á uppbyggingu á svæðum tengdum núverandi hverfum og á auðum lóðum.
- Komið verði til móts við mismunandi þarfir íbúa með fjölbreyttu lóðaframboði í samræmi við kröfur íbúðarmarkaðarins hverju sinni.
- Aðgengi að opnum svæðum og þjónustu verði tryggt.
- Við endurskoðun skipulags í svæðiskjarnanum við Reykjanesbraut verði í auknum mæli lögð áhersla á blandaða landnotkun og á byggðarmynstur sem byggir á samspili gatna, torga, garða og bygginga.
- Unnið verði deiliskipulag fyrir þróunarsvæðin.
- Lögð verði áhersla á að frágangur á nýbyggingarsvæðum sé góður og að skapað verði aðlaðandi umhverfi fyrir íbúa.
- Í allri skipulagsvinnu verði lögð áhersla á góðar tengingar á milli útivistarsvæða.



Mynd 2.1 Hlutfallsfjölgun milli árunna 1998-2012 í samanburði við landið í heild og höfuðborgarsvæðið.



Mynd 2.2 Íbúaspá fyrir Kópavog til ársins 2024. Myndin sýnir hlutfallslega fjölgun íbúa í Kópavogi til ársins 2024 m.v. 0,7-1% spá Hagstofunnar og spá Kópavogsbæjar.



Mynd 2.3 Mannfjöldaspá eftir aldurshópum fyrir höfuðborgarsvæðið 2010 – 2040.

Íbúápróun

Frá lokum síðustu aldar og í upphafi þeirrar 21. hefur Kópavogur vaxið hratt. Árið 2000, sem var viðmiðunarár síðasta aðalskipulags, voru íbúar í Kópavogi 23.518 talsins. Í endurskoðun aðalskipulags er tekið mið af stöðu mannfjölda sem fram kemur í tölum Hagstofunnar frá 1. janúar 2012. Á þeim tíma var íbúafjöldi í Kópavogi orðinn 31.205 íbúar og nemur fjölgunin á tímabilinu 1998-2012 um 23 %. Árleg íbúafjölgun í Kópavogi hefur verið um 3% að meðaltali, en mest fór árleg fjölgun í 7,4 % frá 1997-1998. Til viðmiðunar hefur árleg fjölgun á þessu tímabili verið um 1% á landsvísu og um 1,5% á höfuðborgarsvæðinu.

Íbúaspá

Í Svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2001-2024 er gert ráð fyrir að íbúar Kópavogs verði 27.600 árið 2012 en 26.600 árið 2024. Miðað við íbúafjölda í Kópavogi 1. janúar 2012 (31.205) hefur þessi spá ekki gengið eftir. Mannfjöldaspá Hagstofunnar

nær til ársins 2060 og er hún sett fram sem lágspá, miðspá og háspá. Ef þessi spá er yfirfærð á Kópavog er miðað við að lágspáin geri ráð fyrir um 0,7% fjölgun, miðspáin 0,8 og háspáin 1% fjölgun. Samkvæmt Hagstofunni mun íbúafjöldi Kópavogs verða á bilinu 33-34.200 í lok skipulagstímabilsins. Sjá mynd 2.2.

Í aðalskipulaginu er aftur á móti gert ráð fyrir því að bæjarbúum fjölgi umfram landsmeðaltal. Ástæðan er sú að bærinn er miðsvæðis á höfuðborgarsvæðinu og því afar ákjósanlegur kostur með tilliti til ferðakostnaðar. Auk þess er þjónustustig hátt og gott byggingarland til ráðstöfunar og getur því bærinn auðveldlega tekið við auknum fjölda íbúa. Ef fylgt er eftir þeirri þróun sem verið hefur í Kópavogi sl. 10 ár og lengur þá ættu framreikningar að miðast við 3% fjölgun. Í endurskoðun aðalskipulagsins er þó lagt upp með að fjölgunin verði 2,0%. Sýnd er einnig spá sem gerir ráð fyrir 1,5% fjölgun. Gangi þessar spár eftir má reikna með að íbúar í Kópavogi verði á bilinu 37.000-40.000 árið 2024.

Tafla 2.5. Yfirlit yfir íbúðarsvæði í Kópavogi

NR	HEITI	LÝSING
ÍB-1	Kársnes	Nokkuð fastmótuð byggð. Lágreist 1-5 hæðir. Áætluð fjölgun íbúða er liðlega 1000. Um 550 íbúðir í blandaðri byggð á vesturhluta Kársness, 390 í Bryggjuhverfi við Fossvog og 150 íbúðir á Kópavogstúni, þar af 70 þjónustuíbúðir. Nánari umfjöllun um Kársnes er í rammahluta aðalskipulags um Kársnes, kafli 7.
ÍB-2	Digranes	Nokkuð fastmótuð byggð. Þéttasta byggð Kópavogs með mjög blönduðum húsagerðum þó mest fjölbýli. Gert ráð fyrir fjölgun íbúða á svæðinu á skipulagstímabilinu. Mögulegt er að farið verði í þéttingu byggðar út Auðbrekku. Lundarsvæðið verður klárað en þar á eftir að byggja um 300 íbúðir. Reiknað er með 160 íbúðum á norðurhluta svæðisins. Nánari umfjöllun um Digranes er í rammahluta aðalskipulags um Digranes, kafli 7.
ÍB-3	Smárar	Blönduð byggð einbýlishúsa, raðhúsa og fjölbýlishúsa. Gert er ráð fyrir að um 500 íbúðir verði byggðar í miðhverfinu sunnan Smáralindar. Nánari umfjöllun um Smárahverfi í rammahluta aðalskipulags um Smára, kafli 7.
ÍB-4	Fífuhvammur (Lindir/Salir)	Blönduð byggð einbýlishúsa, raðhúsa og fjölbýlishúsa. Gert er ráð fyrir að íbúðum verði fjölgað á Glaðheimasvæðinu, um 250 frá gildandi deiliskipulagi. Nánari umfjöllun um Fífuhvamm er í rammahluta aðalskipulags um Fífuhvamm, kafli 7.
ÍB-5	Vatnsendi (Kórar, Hvörf, Þing)	Blönduð byggð einbýlishúsa, raðhúsa og fjölbýlishúsa. Byggt að mestu á árunum 1990-2012 og er enn ekki lokið. Við Boðarþing 1, 3, 5, 7, 9, 11, 13, 22 og 24 er blönduð landnotkun þjónustustofnana og íbúðabyggðar. Helsta uppbyggingarsvæðið í Vatnsenda á skipulagstímabilinu verður í Vatnsendahlíð, þar sem gert er ráð fyrir 900 íbúðum. Nánari umfjöllun um Vatnsenda er í rammahluta aðalskipulags um Vatnsenda, kafli 7.
ÍB-6	Geirland	Eitt íbúðarhús, stærð svæðis 0,2 ha.




Uppbygging í Kórahverfinu. Ljósmyndari J.Í.

Tafla 2.6. Yfirlit yfir svæði fyrir frístundabyggð

NR	HEITI	LÝSING
F-1	Lækjarbotnar	Rúmlega þrjú tugir bústaða eru á svæðinu í mismunandi ásigkomulagi. Gert er ráð fyrir að svæðið verði deiliskipulagt með áherslu á útvist, skógrækt og náttúruvernd. Á sama tíma verði sett ákvæði um umgengi og byggingar vegna vatnsverndarsvæðis. Stærð svæðis tæplega 900 ha.

Tafla 2.7. Helstu áætlanir landnotkunar aðalskipulagsins fyrir 2024

	2012	2024
Íbúðir	11.700	15.200
Íbúar	31.205	37-40.000
Íbúar á íbúð	2,7	2,4-2,6
Íbúar á ha	36	46
Íbúðir á ha	14	18
Opin svæði í ha	173	180
Óbyggð svæði í ha	838	794
Íbúðabyggð í ha	411	450
Atvinnusvæði í ha	98	98
Stofnanalóðir í ha	60	60
Verslun og þjónusta í ha	88	88
Stofnbrautir	17	20
Heimaland alls	1685	1690
Byggt land alls í ha	660	780
Bílaeign	Áætlun 1,1 pr. mann	1,1
Atvinnuhúsnæði	872.000 m ²	970.000-980.000 m ²



Kópavogshöfn

Gert er ráð fyrir breyttri landnýtingu þar sem vannýtt athafnahúsnæði vikur fyrir 550 íbúðum. Liður í þessum áformum er að liðka fyrir umferð með bættum vegtengingum og byggja brú yfir Fossvog fyrir gangandi og hjólandi umferð.

Kópavogstún

Kópavogstún. Á fyrri hluta skipulagstímans er reiknað með að uppbygging Kópavogstúns verði lokið í samræmi við samþykkt deiliskipulag. Eftir á það byggja um 80 íbúðir og 70 þjónustuíbúðir skv. samþykktu deiliskipulagi

Glaðheimar

Blönduð byggð með allt að 500 íbúðum.

Hnoðra- og Smalaholt

í uppbyggingu.

Rjúpnahæð

í uppbyggingu.

Vatnsendahlíð

Blönduð íbúðabyggð með allt að 900 íbúðum.



3

- 3.1 MEGINMARKMIÐ
- 3.2 INNGANGUR
 - 3.2.1 Athafnasvæði
 - 3.2.2 Verslunar- og þjónustusvæði
 - 3.2.3 Miðsvæði
 - 3.2.4 Iðnaðarsvæði
 - 3.2.5 Efnistökusvæði og efnislosunarsvæði
 - 3.2.6 Afþreyingar- og ferðamannasvæði
- 3.3 UMHVERFISÁHRIF STEFNU UM ATVINNU

ATVINNULÍF

3

3.1 MEGINMARKMIÐ

Nýta skal miðlæga legu Kópavogs og tengsl við stofnbrauta-kerfi höfuðborgarsvæðisins til uppbyggingar svæðiskjarnans í Kópavogi. Slíkt gerir bæinn ákjósanlegan fyrir atvinnulíf og þjónustu. Fyrirtæki í verslun og þjónustu, sem jafnan leita slíkra svæða, eru hvött til að hefja starfsemi í Kópavogi og stuðla þar með að því að miðja höfuðborgarsvæðisins byggist hratt og örugglega upp.

3.2 INNGANGUR

Í Svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2001 – 2024 er gert ráð fyrir að störf í Kópavogi verði um 14.800 árið 2024 (sjá töflu 3.1).

Erfitt er að nálgast tölur um fjölda starfa eða ársverk í einstaka sveitarfélögum og ekki er lengur haldið utan um þær tölur. Til eru tölur um fjölda starfandi einstaklinga fyrir Kópavog fyrir árið 2010 en þær gera ekki greinarmun á þeim sem búa í Kópavogi en vinna í öðru sveitarfélagi.¹

Samkvæmt Hagstofu Íslands var vinnuafli á höfuðborgarsvæðinu um 117.000 manns (16 til 74 ára) árið 2012. Þá var mannaflí Kópavogs (16 til 74 ára) 19-20.000 en það er um 17% af heildarvinnuafli höfuðborgarsvæðisins. Til er reiknið áferð sem gefur viðmið um hlutfall² starfandi einstaklinga og fjölda íbúða í sveitarfélagi og sýnir ákveðna mynd af stöðu sveitarfélags.

¹ Vinnumarkaðsrannsókn Hagstofunnar 2010.

² Æskilegt hlutfall starfandi/íbúðir er á bilinu 1,3:1-1,7:1. Weitz J. *American Planning Association*, Jobs-Housing Balance. 2003.



Smárahverfið. Ljós. J.Í.

Árið 2012 voru um 12.000 íbúðir skráðar í Kópavogi og starfandi einstaklingar voru tæplega 20.000. Hlutfall starfandi/íbúðir eru 1,7 sem er mjög æskilegt hlutfall. Til þess að viðhalda þessu hlutfalli þá þyrftu störf í Kópavogi að haldast í hendur við íbúafjölgun. Ef gert er ráð fyrir um 9.000 manna fjölgun í bæjum til ársins 2024 þá þýðir það að fjölga þarf störfum um liðlega 5.000 á skipulagstímabilinu.

Líklegt er að ný störf skiptist milli atvinnugreina að mestu á svipaðan hátt og núverandi skipting starfa í sveitarfélaginu en þó með auknu vægi starfa í hvers kyns þjónustu og viðskiptum. Í grófum dráttum má miða við að vöxtur þessara greina samsvari öllum þeim störfum sem reiknað er með. Gróft áætlað má búast við sem næst óbreyttum fjölda starfa í öðrum atvinnugreinum á skipulagstímabilinu þrátt fyrir lækkandi hlutfallstölu þeirra. Ef miðað er við að um 90 m² lands þurfi fyrir hvert skrifstofustarf og 220 m² fyrir hvert starf í verslun og sérhæfðri þjónustu má áætla að landþörf undir verslunar og þjónustusvæði, miðbæjarsvæði og þjónustusvæði vegna nýrra starfa fram til ársins 2024 verði um 7-10 ha. Hluta þeirrar landþarfar verður mætt á svæðum innan núverandi byggðar á lóðum sem þegar er búð að taka í notkun en eru ekki fullnýttar auk þess sem gera má ráð fyrir

Tafla 3.1. Spá Svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins um fjölgun starfa á höfuðborgarsvæðinu

Sveitarfélag	Störf 1998	Störf 2012	Störf 2024	Fjölgun 1998-2024	Fjölgun (%) 1998-2024
Reykjavík	72800	81000	87200	14400	20%
Kópavogur	10500	14200	14800	4300	41%
Garðabær	2400	5000	9100	6700	279%
Hafnarfjörður	11200	14200	16300	5100	46%
Bessastaðahreppur	100	200	400	300	300%
Seltjarnarnes	800	800	700	-100	-13%
Mosfellsbær	2000	3500	5500	3500	175%
Kjósarhreppur	30	30	30	0	0%
Samtals	99830	118930	134030	34200	34%

Hólsatorg. Ljós. J.Í.



endurnýjun byggðar, bæði í miðhverfum bæjarins og á eldri athafnasvæðum.

Uppbygging atvinnuhúsnæðis hefur orðið umtalsverð á liðnu skipulagstímabili. Auk atvinnuhúsnæðis sem þegar hefur verið byggt er gert ráð fyrir atvinnusvæðum í Glaðheimum, á svæðinu sunnan Smáralindar og við Vatnsendahvarf (Urðarhvarfi og Víkurhvarfi). Miðað við gefnar forsendur er við þessa endurskoðun ekki talin þörf á að taka frá fleiri svæði undir atvinnustarfsemi til ársins 2024

Á síðasta skipulagstímabili, 2000 - 2012 var unnið að

3.2.1 Athafnasvæði

MARKMIÐ

- Uppbygging og staðsetning athafnasvæða taki mið af sérstöðu bæjarins í miðjum stærsta atvinnumarkaði landsins.
- Eldri atvinnusvæði verði styrkt með endurskipulagningu.
- Umgengni og frágangur við athafnasvæði verði ávallt til fyrirmyndar.
- Komið verði í veg fyrir að starfsemi á atvinnusvæðum ógni heilsu manna og umhverfi.

LEIÐIR:

- Athafnasvæði bæjarins verði afmörkuð og unnið verði að endurbótum, s.s. á vesturhluta Kársness, Auðbrekku, Dalvegi og Smiðjuhverfi.
- Gengið verði eftir því með reglubundinni vöktun og hvatningu að umgengni og frágangur á atvinnusvæðum verði til fyrirmyndar.
- Athafnasvæði bæjarins verði skipulögð með áherslu á snyrtilegt umhverfi og gott aðgengi fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur sem og almenningsgöngur.



Smáralind. Ljós. J.Í.

Tafla 3.2. Nýtingarhlutfall til viðmiðunar í einstökum athafnasvæðum


Svæði	Nýtingarhlutfall
Kársnes vesturhluti	0,3-0,8
Miðbær (Hamraborg)	Yfir 1,0
Nýbýlavegur og Auðbrekka	0,9-1,1
Smiðjuhverfi	0,8-1,0
Dalvegur	0,5-0,8
Smáratorg	0,8
Smáralind	1,0
Smáralind (sunnan Smáralindar)	1,3
Lindir (Akralind, Askalind, Bæjarlind og Skógarlind)	0,4-0,6
Glaðheimar	1,25
Vatnsendahvarf (Urðarhvarf og Víkurhvarf)	0,6-0,9



Leikvöllur í Þingunum. Ljós. F.B.

Tafla 3.3. Yfirlit yfir athafnasvæði

NR	HEITI	LÝSING
Kársnes		
AT-1	Kársnes	Athafnasvæði þar sem gert er ráð fyrir léttum iðnaði.
AT-2	Vesturvör	Á reitnum er húsnæði Samgöngustofu, vörugeymslur, rannsóknarhús, iðnaðarhús o.fl. Svigrúm er fyrir breytingar á svæðinu fyrir nýbyggingar, sem falla að nýtingu, yfirbragði og þéttleika núverandi byggðar. Stærð 2,0 ha.
Digranes		
AT-3 (ÞR-2)	Auðbrekka	Sjá umfjöllun í kafla 7 um þróunarsvæði. Stærð 8,0 ha.
AT-4 (ÞR-3)	Smiðjuhverfi	Sjá umfjöllun í kafla 7 um þróunarsvæði. Stærð 25 ha.
Fífuhvammur		
AT-5	Lindir	Athafnasvæði. Um er að ræða athafnahúsnæði á tveimur hæðum. Alls 17 lóðir með léttum iðnaði og skrifstofuhúsnæði. Í gildi er deiliskipulag frá 18.12.2000 m.s.br. Nýtingarhlutfall 0,4-0,6. Svæðið telst fullbyggt. Sunnan og vestan Bæjarlindar, Askalindar og Akralindar eru Glaðheimar. Sjá umfjöllun um Glaðheima í rammahluta aðalskipulagsins í kafla 7. Á Glaðheimasvæði er miðað við að auka vægi blandaðrar byggðar (verslun/skrifstofur og íbúðir).
Vatnsendi		
AT-6	Vatnsendahvarf	Vatnsendahvarf, Ögur- og Urðarhvarf: Skilgreint sem blönduð landnotkun verslunar- og þjónustu / athafnasvæðis. Stærð svæðis 29 ha. Hlutfall árið 2012 er 93% verslun og þjónusta á móti 7% athafnasvæði. Til ársins 2024 er áætlað að auka vægið í 95% á móti 5%.



Verslun og þjónusta í Smáranum. Ljós. B.M.

3.2.2 Verslunar- og þjónustusvæði

Skilgreining: Svæði þar sem gert er ráð fyrir verslun og þjónustu, þ.m.t. hótélum, gistiheimilum, gistiskálum, veitingahúsum og skemmtistöðum (gr. 6.2.c í skipulagsreglugerð 90/2013).

MARKMIÐ

- Kópavogsbær stuðli að nýsköpun í atvinnumálum, skapi umhverfi og tækifæri fyrir frumkvöðla til að setjast að með starfsemi sína innan bæjarmarkanna.
- Uppbygging og staðsetning svæða fyrir verslun og þjónustu taki mið af sérstöðu bæjarins í miðjum stærsta atvinnumarkaði landsins.

LEIÐIR

- Fegra og endurbæta núverandi verslunar- og þjónustusvæði með gróðri og bættu aðgengi gangandi og hjólandi vegfarenda.
- Efla almenningssamgöngur innan verslunar- og þjónustusvæða sem valkost við einkabílinn.
- Huga að ásýnd verslunar- og þjónustusvæða frá stofnbrautum, þ.e. frá Hafnarfjarðarvegi, Breiðholtsbraut, Reykjanesbraut, Nýbýlavegi, Dalvegi, Skemmuvegi og Smiðjuvegi. Vanda skal sérstaklega hönnun og frágang húsa og annarra mannvirkja sem liggja næst þessum stofnbrautum.

Tafla 3.4. Yfirlit yfir verslunar- og þjónustusvæði

NR	HEITI	LÝSING
Kársnes		
VP-1	Kópavogsbraut	Verslun- og þjónustureitur. Bensinstöð stærð 0,04 ha.
VP-2	Hólfgerði	Verslun og þjónusta, hverfiskjarni, stærð 0,08 ha.
VP-3	Borgarholtsbraut	Verslun og þjónusta, hverfiskjarni, stærð 0,08 ha.
Digranes		
VP-0	Lundur	Óbyggð verslunar- og þjónustulóð, stærð 0,4 ha.
VP-4	Hjallabrekka	Verslunar- og þjónusta, hverfiskjarni stærð 0,15 ha.
VP-5	Furugrund	Verslunar- og þjónusta, hverfiskjarni stærð 0,25 ha.
VP-6	Grænátún	Verslunar- og þjónusta, hverfiskjarni stærð 0,2 ha.
VP-7	Þverbekka	Verslunar- og þjónusta, hverfiskjarni stærð 0,15 ha.
VP-8	Engihjalli	Verslunar- og þjónusta, hverfiskjarni stærð 0,2 ha.
VP-9	Stórhjalli	Verslunar- og þjónusta, hverfiskjarni stærð 0,2 ha.
Smárar		
VP-10	Dalvegur	Verslunar- og þjónustureitur við Dalveg þar sem áður var gróðarstöð. Svigrúm fyrir nýbyggingar og nýtingarhlutfall 0,5-0,8.
VP11 (ÞR-4)	Dalvegur	Verslunar- og þjónustusvæði við Dalveg. Svæðið er að mestu fullbyggt og nýtingarhlutfall er 0,5-0,8. Austasti hluti svæðisins er skilgreint sem þróunarsvæði en þar er svigrúm fyrir breytingar. Nýtingarhlutfall 0,5 til 0,8. Stærð 3,3 ha. Sjá umfjöllun í kafla 7 um rammahluti aðalskipulagsins. Stærð 10,3 ha.
VP-12	Arnarsmári	Verslunar- og þjónustulóð. Stærð 0,1 ha.
Fífuhvammur		
VP-13	Núpalind	Verslunar og þjónustureitur við Núpalind 1. Stærð 0,3 ha.
VP-14	Funalind	Verslunar- og þjónustureitur við Funalind 2. Stærð 0,3 ha.
VP-15	Salavegur	Verslunar- og þjónustureitur við Salaveg 2. Stærð 0,4 ha.
VP-16	Rjúpnasalir	Verslunar- og þjónustureitur við Rjúpnasali 1. Stærð 0,2 ha.
Vatnsendi		
VP-17	Búðakór	Verslun- og þjónusta, hverfiskjarni stærð 0,3 ha.
VP-18	Vatnsendahvarf	Vatnsendahvarf, Ögur- og Urðarhvarf: Svæði fyrir verslun og þjónustu í bland við athafnasvæði. Núverandi hlutfall verslunar og þjónustu til móts við athafnasvæði er 93%/7% en verður 95%, stærð 16 ha.
VP-19	Kríunes	Verslunar- og þjónustusvæði, stærð er 0,3 ha.
VP-20	Vallarkór	Bæjarkjarni. Vallakór 2, 4 og 10, stærð 1,2 ha.
VP-21	Kjóavellir	Verslunar- og þjónustusvæði, stærð 2,1 ha.

Með aðkomu Markaðsstofu Kópavogs verður lögð áhersla á að þróa áfram samstarf milli bæjarfélagsins, fyrirtækja og annarra hagsmunaaðila með það að leiðarljósi að laða að ný fyrirtæki og stuðla að nýsköpun og þróun í þágu bæjarbúa og atvinnulífsins. Skapaður verður vettvangur fyrir fyrirtæki, samtök, stofnanir og aðra hagsmunaaðila til að stuðla að öflugri atvinnuuppbyggingu í Kópavogi og vinna að sameiginlegum hagsmunumálum.

Lögð verður áhersla á að skapa fyrirtækjum góða umgjörð til að það verði aðgengilegt og hagkvæmt að stofna og reka fyrirtæki í Kópavogi. Áhersla verður lögð á að efla samstarf milli fyrirtækja og skapa skilyrði fyrir öflugt atvinnulíf sem einkennist af fjölbreytni og nýsköpun.

Í því skyni hefur Kópavogsbær stofnað nýtt félag, Markaðsstofu Kópavogs, sem hefur það markmið að efla atvinnuþróun og auka atvinnuuppbyggingu í bænum.

3.2.3 Miðsvæði

Skilgreining: Svæði fyrir verslunar- og þjónustustarfsemi og stjórnsýslu sem þjónar heilu landsvæði, þéttbýlisstað eða fleiri en einu bæjarhverfi, svo sem verslanir, skrifstofur, þjónustustofnanir, hótél, veitinga- og gistihús, menningarstofnanir og önnur hreinleg atvinnustarfsemi sem talin er samræmast yfirbragði og eðli starfsemi miðsvæðis. (gr. 6.2.c í skipulagsreglugerð nr. 90/2013).

MARKMIÐ

- Að uppbygging miðsvæðis (svæðiskjarna) við Reykjanesbraut haldi áfram að þróast sem miðstöð verslunar og þjónustu.
- Að efla áfram hlutverk Hamraborgarsvæðisins með tilliti til sérstöðu miðsvæðisins sem miðstöð menningar og stjórnsýslu.

LEIÐIR

- Skipulag miðsvæðisins við Reykjanesbraut verði endurskoðað. Þar verði tekið á landnotkun og landnýtingu, samgöngu- og gatnakerfi, yfirbragði byggðar, opnum svæðum, tengingum á milli svæða, göngu- og hjólaleiðum, gatnakerfi, almenningssamgöngum og mögulegri áfangskiptingu í uppbyggingu.
- Hálsatorg verði nýtt til menningar- og ferðatengdrar starfsemi.
- Hvatt verði til fjölbreyttra menningarviðburða á miðsvæðum.
- Gert verði deiliskipulag af miðbæjarsvæði Hamraborgar.

Tafla 3.5. Yfirlit yfir miðsvæði

NR	HEITI	LÝSING
M-1	Hamraborg	Miðhverfi. Miðstöð menningar og stjórnsýslu í bænum auk íbúðarbyggðar, fjölbreytt félagsstarfsemi og almennur atvinnurekstur. Á reitnum eru íbúðir, stjórnsýsluskrifstofur Kópavogsbæjar, verslanir, skrifstofur, bókasafn, tónleikasali, Náttúrufræðistofa, félagsheimili o.fl. Unnið verði deiliskipulag fyrir miðbæinn í heild og mörk hans skilgreind á ný. Í deiliskipulaginu skal gera grein fyrir yfirbragði bygginga, hæð húsa, breytingu á gatnafyrirkomulagi, stígakerfi og fegrun svæðisins. Litið er svo á að miðbærinn sé að mestu fullbyggður en áhersla er lögð á viðhald, umbætur og breytingar ef þörf þykir. Stærð 8,5 ha.
M-2	Smáratorg	Miðhverfi. Við Smáratorg eru tæpir 37 þúsund fermetra verslunar- og þjónustuhúsnæðis og telst það svæði vera fullbyggt. Nýtingarhlutfall 0,8. Stærð 4,7 ha.
M-3	Smáralind	Miðhverfi. Um er að ræða verslunarmiðstöðina Smáralind sem er um 63 þúsund fermetrar. Norðan Smáralindar er þjónustumiðstöð fyrir bíla og þar er jafnframt að rísa 15 hæða skrifstofu- og verslunarbygging sem verður um 16,000 m ² að samanlögðu flatarmáli. Alls verða því um 80,000 m ² á reitnum. Stærð 10,3 ha.
M-4	Smáralind suðursvæði	Miðhverfi. Verslunar-, þjónustu- og íbúðarhúsnæði sunnan Smáralindar. Svæðið er að hluta byggt. Landið er í einkaeign. Nýtingarhlutfall 0,7 til 0,8. Stærð 9,3 ha. Þar af um 4 ha óbyggðir. Sjá umfjöllun um Glaðheima. Stærð 3,6 ha sjá umfjöllun kafla 7, rammahluti aðalskipulags.
M-5	Lindir	Miðhverfi. a) Bæjarlind. Á svæðinu er blönduð athafnastarfsemi, iðnaður, verslun og þjónusta í fyrirtækum af ýmsum toga. Stærð athafnasvæðisins er 5,6 ha. Nýtingarhlutfall 0,5. Svæðið telst fullbyggt að undanskildu því að við Bæjarlind 8-10 er í deiliskipulagi ráðgerð 10 hæða verslunar- og skrifstofubyggingu alls um 8,000 m ² . b) Skógarlind 1 og 2. Verslunar-, skrifstofu- og þjónustusvæði. Nýtingarhlutfall 0,6. Stærð svæðisins er 4,5 ha. Skógarlind 1 er óbyggt verslunar- og skrifstofuhúsnæði alls liðlega 12,000 m ² í 3 hæða byggingu auk kjallara. Stærð 4,5 ha.
M-6	Glaðheimar	Miðhverfi. Sjá umfjöllun um þróunarsvæði í kafla 7, rammahluti aðalskipulags.

Í aðalskipulagi Kópavogs eru skilgreind tvö miðsvæði.

Annars vegar er það miðbærinn við Hamraborg þar sem stjórnsýsla bæjarins er staðsett ásamt helstu menningarstofnunum bæjarins og hins vegar Smárin.

Í Svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins er Hamraborgin einn af bæjarkjörnum höfuðborgarsvæðisins. Á undanförunum árum hafa bæjaryfirvöld leitast við að efla þetta hlutverk hennar. Verulegar breytingar urðu á umhverfi miðbæjar Kópavogs sem styrktu þjónustuhlutverk hans. Má í því sambandi nefna byggingu listasafns, tónlistarhúss, bókasafns, ungmennahúss, safnaðarheimilis og yfirbyggingu gjárinna yfir Hafnarfjarðarveg.

Í Smáranum er skilgreint miðsvæði og skiptist það í fjóra hluta við gatnamót Reykjanesbrautar og Fífuhammsvegar. Áfram verður unnið að uppbyggingu og styrkingu svæðisins í samræmi við Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins sem svæðiskjarna alls höfuðborgarsvæðisins. Mikilvægt er að leggja áherslu á blandaða byggð og á göngu-, hjóla- og ökutengsl á milli svæðanna til að auðvelda aðgengi og ferðir á milli svæða innan svæðiskjarnans.

Hugað verði að mögulegri tengistöð fyrir almenningssamgöngur á þessu svæði.

3.2.4 Iðnaðarsvæði

Skilgreining: Svæði fyrir umfangsmikla iðnaðarstarfsemi eða starfsemi sem er talin geta haft mengun í för með sér, svo sem verksmiðjur, virkjanir, tengivirki, veitustöðvar, skólpdælu- og hreinsistöðvar, endurvinnslustöðvar, brennslustöðvar, förgunarstöðvar, sorpurðunarsvæði, flokkunarmiðstöðvar og birgðastöðvar fyrir mengandi efni. Afmarka þarf iðnaðarsvæði fyrir virkjanir í orkunýtingarflokki og setja skipulagsákvæði til samræmis við vendar- og orkunýtingaráætlun (gr. 6.2.f í skipulagsreglugerð nr. 90/2013).

MARKMIÐ

- Stefnt skal að fjölbreyttu framboði á atvinnulóðum og flokkun atvinnusvæða eftir eðli og rýmisþörfum atvinnustarfsemi, þannig að sem flest fyrirtæki finni svæði sem henta þeirra kröfum.
- Jafnframt skal draga úr myndun úrgangs og stuðla að sem mestri endurnýtingu og endurvinnslu.

LEIÐIR

- Kópavogsbær vinni markvisst að því að minnka förgun á lífrænum og brennanlegum úrgangi fyrir árið 2020 samkvæmt markmiðum Landsáætlunar Umhverfisstofnunar og sameiginlegri svæðisáætlun sveitarfélaga á suðvesturlandi um meðhöndlun úrgangs 2009-2020.
- Fylgst verði reglulega með sormagni og flokkun sorps með grænu bókhaldi og niðurstöðurnar verði birtar í ársskýrslu bæjarins.
- Gert verði áfram ráð fyrir grenndargámum fyrir annað sorp en það sem verður sótt til íbúa.



Hamraborg. Ljós. B.M.

Tafla 3.6. Yfirlit yfir iðnaðarsvæði

NR	HEITI	LÝSING
I-1	Dalvegur	Svæði endurvinnslustöðvarinnar við Dalveg. Stærð 0,4 ha.
I-2	Fossvogsveita	Sjá kafla 5.2 um veitur og helgunarsvæði. Stærð 0,08 ha.
I-3	Kársnesveita	Sjá kafla 5.2 um veitur og helgunarsvæði. Stærð 0,04 ha.

Kópavogsbær er aðili að Sorpu bs. sem er byggðarsamlag í eigu sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Sér hún um meðhöndlun á sorpi fyrir þau. Stofnsamningur var endurskoðaður og endurútgefinn með gildistíma næstu 10 ár frá 1. janúar 2007. Móttökustöð Sorpu er í Gufunesi en stærstur hluti sorpsins er pressaður í bagga og hann urðaður í Álfsnesi. Samkvæmt magntölum úr ársskýrslu Sorpu bs. 2012 komu inn til stöðvarinnar 131.000 tonn til ráðstöfunar sem er annað hvort endurunnið eða urðað í Álfsnesi. Samningur Sorpu bs. við Reykjavíkurborg um Álfsnes rennur út árið 2014 en í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2001 – 2024 er gert ráð fyrir urðunarstað í Álfsnesi svo ekki er breytinga að vænta þar.

Ein endurvinnslustöð er í Kópavogi, við Dalveg 1 og er rekin af Sorpu bs. Þangað geta íbúar komið með flokkaðan úrgang frá heimilum en Sorpa bs. tekur við 27 flokkum til endurvinnslu. Fyrirtæki hafa sömu möguleika á að flokka úrgang. Einungis er skylt að skila spilliefnum til Efnamóttökunnar h.f. í Gufunesi. Árið 2006 tók Sorpa bs. við rekstri á grenndarstöðvunum og hefur það fyrirkomulag gengið vel. Í Kópavogi eru alls 13 stöðvar fyrir grenndargáma og er þeim fjölgað samhliða stækkun byggðar og fjölgun íbúa samkvæmt fyrri markmiðum Staðardagskrár 21.

Frá maí 2012 hefur verið farið í aukna flokkun á sorpi en settar hafa verið tvær tunnur við öll heimili í Kópavogi. Önnur tunnan er fyrir allan pappír (blöð, pappa, pappír og fernur) og hin fyrir almennt sorp. Einnig hefur verið ákveðið að skoða enn frekari flokkun ef þess reynist þörf.

3.2.5 Efnistökusvæði og efnislosunarsvæði

Ekkert efnistökusvæði er skilgreint innan marka Kópavogs-bæjar.

3.2.6 Afþreyingar- og ferðamannasvæði

Skilgreining: Svæði fyrir afþreyingu fyrir gesti og móttöku ferðafólks, þ.m.t. þjónustumiðstöðvar á hálendi og verndarsvæðum, varanleg tjald- og hjólhýsasvæði og skemmtigarðar. (gr. 6.2.i í skipulagsreglugerð nr 90/2013).

MARKMIÐ

- Gerð skal stefnumótun í ferðaþjónustu fyrir Kópavog.
- Sérstök áhersla verði lögð á ferðamennsku til uppbyggingar á sviði menningar, útivistar, íþróttar og viðskipta.
- Gera Þríhnúkagíg aðgengilegan almenningi og byggja upp aðstöðu til fræðslu og þjónustu ferðamanna í Bláfjallafólkvangi.

LEIÐIR

- Gera ráð fyrir uppbyggingu á ferðaþjónustu í sveitarfélaginu.
- Stefnt er að opnun Þríhnúkagígs fyrir almenning. Það felur í sér aðkomuveg að gígnum, móttökuaðstöðu og jarðgöng í gígin. Aðkomuvegur að Þríhnúkagíg verður frá Bláfjallaleið 2,7 km langur.

Uppbygging á ferðamannasvæði við Þríhnúka er í samræmi við stefnumörkun um að byggja upp ferðaþjónustu í sveitarfélaginu. Áður en að slíkri uppbyggingu kemur þarf að uppfylla ýmsa skilmála sem Kópavogsbær setur og byggja þeir á upplýsingum um möguleg umhverfisáhrif og leiðir til að draga úr eða koma í veg fyrir þau við framkvæmd aðalskipulagsins. Skilmálarnir eru:

- Ráðast þarf í endurbætur á Bláfjallavegi og Bláfjalleið til að auka umferðaröryggi og draga úr hættu á mengun vatns, ef óhöpp verða. Framkvæmdir eru á ábyrgð Vegagerðarinnar. Þessi aðgerð er óháð hugmyndum um Þríhnúkagíg.
- Niðurstöður úr heildarendurskoðun vatnsverndar höfuðborgarsvæðisins þurfa að liggja fyrir. Endurskoðunin feli í sér greiningu á starfsemi á vatnsverndarsvæðinu og mat á því hvað sé ásættanlegt að fari þar fram með tilliti til grunnvatns og vatnsból. Ábyrgð á heildarendurskoðun er hjá samtökum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu.

- Áður en unnt er að útfæra stefnu aðalskipulagsins um Þríhnúkagíg í deiliskipulagi þarf að liggja fyrir heildarendurskoðun á vatnsverndarsvæði innan höfuðborgarsvæðisins sem hlotið hefur samþykki allra hlutaðeigandi heilbrigðisnefnda og þeirra sveitarfélaga sem aðild eiga að svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins.

- Í deiliskipulagi framkvæmda þarf að huga að fyrirkomulagi göngustíga, bílastæða, aðkomu, móttökuaðstöðu, fráveitu og aðkomuvegar. Við útfærslu á fyrirkomulagi þessara mannvirkja þarf að huga að umhverfisáhrifum og ásjýnd þeirra.

- Aðkomuveg skal fella og hanna inn í landslag svæðisins. Miða skal við að umferðarhraði verði 60-70 km/klst.

- Kannaðir verði möguleikar á öðrum samgöngumátum inn á svæðið, s.s. takmörkun á einkabíl og að einungis verði leyfðar hópferðir til að takmarka umferð eins og kostur er.



Þríhnúkagígur í Bláfjallafólkvangi. Ljósm.S.H..

3.3 UMHVERFISÁHRIF STEFNU UM ATVINNU

Stefnumótun varðandi iðnaðar- og athfnasvæði felst í endurskipulagningu eldri athafnasvæða innan sveitarfélagsins eins og Auðbrekkusvæðisins og Smiðjuhverfis. Á síðari árum hefur íbúðabyggð smám saman verið að færast nær eldri atvinnusvæðum bæjarins sem hefur valdið því að þrýstingur hefur myndast á að landnýtingu verði breytt á þessum svæðum. Við breytta landnotkun atvinnusvæða skal þess gætt að jafnvægið milli búsetu og framboðs á atvinnu raskist sem minnst. Við endurskoðunina er gert ráð fyrir þróunarsvæðum á Kársnesi, í Auðbrekku, Nýbýlavegi og í Smiðjuhverfi þar sem gert er ráð fyrir aukinni blöndun byggðar. Stefna sveitarfélagsins í þessum málaflokki er talin hafa jákvæð áhrif á samfélag en óveruleg áhrif á aðra umhverfisþætti.

Stefna sveitarfélagsins varðandi atvinnu er fólgin í því að laða að sér fyrirtæki en sveitarfélagið er vel staðsett í miðju höfuðborgarsvæðisins og samgöngur eru góðar. Stefna sveitarfélagsins í málaflokknum atvinna gengur út á að endurskipuleggja eldri atvinnusvæði, að leggja áherslu á góðan frágang og umgengni við atvinnustarfsemi og opna fyrir nýsköpun í atvinnumálum.

Sú stefna aðalskipulags að auka íbúðarbyggð í Smáranum og Glaðheimum er talin hafa jákvæð eða óveruleg áhrif á þá umhverfisþætti sem til skoðunar eru. Verið er að leggja áherslu á að þetta byggð, nýta betur þá innviði sem eru fyrir hendi, gefa íbúum kost á að búa nær vinnustað sem og auka við fjölbreytni í búsetukostum. Þannig gefst færi á að auka fjölbreytileika í samgöngumátum, s.s. fyrir gangandi, hjólandi vegfarendur eða fyrir almenningsamgöngur. Almenn dregur þétting byggðar úr losun gróðurhúsalofttegunda vegna styttri vegalengda í ferðum og breyttu vali á ferðamáta.

Stefna aðalskipulagsins um miðsvæði er talin hafa óveruleg áhrif í för með sér og uppbygging atvinnuhúsnæðis helst í hendur við stefnu um aukna íbúðarbyggð, t.a.m. á Kársnesi, Auðbrekkusvæðinu, í Smáranum og Glaðheimum.

Með opnun Þríhnúkagígs mun ásókn í Bláfjallafólkvang aukast. Aukið álag getur haft í för með sér aukna hættu á mengun grunnvatns og raski á svæðum innan fólkvangsins. Helstu mögulegu neikvæðu áhrif þessarar stefnu eru því talin vera á vatnsvernd, náttúruverndargildi, útivist, landslag og ásjýnd.

Niðurstöður áhættugreininga vegna aðgengis að Þríhnúkagíg benda til að möguleg áhætta sem gæti stafað af mengunaráhappi sé mjög lítil. Með hliðsjón af niðurstöðum áhættugreininga er hættu á mengun grunnvatns vegna umferðaróhappa metin óveruleg.

Verndargildi Þríhnúkagígs er mjög mikið. Það er niðurstaða mats á umhverfisáhrifum að áhrif fyrirhugaðra mannvirkja innan gígsins verði að langmestu leyti afturkræf en geti þó, ásamt stígagerð á yfirborði, haft nokkuð neikvæð áhrif á verndargildi hans.

Framkvæmdir koma til með að hafa áhrif á nútímahraun, útivist, landslag og ásjýnd. Kópavogsbær leggur því áherslu á að útfærsla mannvirkja í deiliskipulagi og hönnun miði að því að dregið verði úr ásjýndarbreytingum og framkvæmdir felldar að landslagi.

Framkvæmdir eru háðar framkvæmda- og byggingarleyfi Kópavogsbæjar, samþykki heilbrigðiseftirlits vegna vatnsverndar og leyfi Umhverfisstofnunar vegna framkvæmda innan fólkvangs. Jafnframt eru þær háðar leyfi forsætisráðuneytis vegna framkvæmda í þjóðlendu.

Tafla 3.7. Yfirlit yfir afþreyingar- og ferðamannasvæði

NR	HEITI	LÝSING
AF-1	Þríhnúkar	Þríhnúkar er mjög sérstök eldstöð í Bláfjallafólkvangi sem samanstendur af þremur eldvörpum ásamt hraunum. Tveir austari hnúkarnir eru frá nútíma en þriðji gígurinn er úr móbergi frá ísöld. Í austasta gígnum er 120 metra djúpur gígketill og er hann dýpsti lóðrétti hraunhellirinn á Íslandi svo vitað sé. Á botni gígsins tekur við um 115 metra langur hellir. Árið 2005 var gengið frá samningi milli Kópavogsbæjar og fyrirtækisins Þríhnúka ehf. um leyfi til rannsókna á gígnum og um 40 ha svæðis umhverfis hann. Félagið vann að því að gera svæðið öruggara fyrir göngufólk og hefur sett upp afmarkaða göngustíga, merkingar og öryggisgirðingar í þeim tilgangi. Jafnframt voru boraðar rannsóknarholur til að kanna jarðlög og grunnvatnsstöðu. Fram hafa komið hugmyndir um að opna Þríhnúkagíg fyrir almenningi og gera aðstöðu til að auðvelda fólki að fræðast um jarðfræði og staðhætti svæðisins. Allar framkvæmdir innan Bláfjallafólkvangs eru háðar samþykki heilbrigðiseftirlits vegna vatnsverndar.



4

- 4.1 MEGINMARKMIÐ
 - 4.1.1 Óbyggð svæði
 - 4.1.2 Kirkjugarðar
 - 4.1.3 Opin svæði
 - 4.1.4 Friðlýst svæði
 - 4.1.5 Önnur náttúruvernd
 - 4.1.6 Bæjarvernd (hverfisverndarsvæði)
 - 4.1.7 Minjavernd
 - 4.1.8 Vatnsvernd
 - 4.1.9 Verndarsvæði vegna strandmengunar og mengunar í ám og vötnum.
 - 4.1.10 Skógrækt og uppgræðsla
- 4.2 UMHVERFISÁHRIF STEFNU UM UMHVERFI

UMHVERFI

4

4.1 MEGINMARKMIÐ

Stefnt skal að því að nýta með nærgætni þá fjölbreyttu möguleika sem bæjarlandið býður upp á til útivistar og að samskipti manns og náttúru verði í anda sjálfbærrar þróunar. Verði það gert með þeim hætti að ekki spillist að óþörfu líf og land né mengist sjór, vatn eða andrúmsloft. Umhverfisstefna bæjarins og stofnana hans verði vel kynnt og aukin áhersla lögð á vöktun í umhverfismálum.



Kópavogslaug. Ljós. J.Í.



Ellidárvatn. Ljós. J.Í.

4.1.1 Óbyggð svæði

Skilgreining: Svæði þar sem ekki er gert ráð fyrir búsetu né atvinnustarfsemi, svo sem hálandi, heiðar og afréttir, að mestu án mannvirkja annarra en þeirra sem þjóna útivist, afréttarnotum, öryggismálum og fjarskiptum. (gr. 6.2.1 í skipulagsreglugerð nr. 90/2013).

MARKMIÐ

- Óbyggð svæði verði náttúruleg, sjálfbær og vöktuð.
- Umgengni um óbyggð svæði verði án þess að raska náttúru þeirra og lífríki.
- Unnið verði áfram að uppræðslu á óbyggðum svæðum í upplandi Kópavogs og þess gætt að starfsemi á svæðinu skaði þau ekki.
- Hvatt verði til aukinnar notkunar óbyggðra svæða í upplandinu með fræðsluefni svo að gestir og gangandi geti með nærgætni noti þessara svæða í enn ríkari mæli.
- Óbyggð svæði verði metin með tilliti til aukinnar verndunar.



Vatnsendahlíð. Ljós. B.M.

LEIÐIR:

- Framkvæmdir innan óbyggðra svæða taki tillit til náttúrulegs umhverfis og í samræmi við vöktun og ábyrgð í Staðardagskrá 21.
- Kópavogsbær leggi áherslu á samstarf við nágrannasveitarfélög varðandi skipulag og nýtingu upplands höfuðborgarsvæðisins.
- Unnið verði að heildarskipulagi nyrðri landgeira í upplandi Kópavogs.
- Unnið verði að skráningu og merkingu á náttúru- og söguminjum á óbyggðum svæðum og þær gerðar aðgengilegar til útivistar með áningarstöðum og stikuðum gönguleiðum.
- Hlúð verði að náttúrulegu gróðurfari á óbyggðum svæðum og þau styrkt.
- Sumarbústaðabyggð í Lækjarbotnum víki með tímanum.
- Unnið verði að skipulagi útivistarsvæða í Lækjarbotnum.
- Unnið verði að landgræðslu og skógrækt.
- Unnið verði að gerð gönguleiða í Lækjarbotnum þar sem hægt verði að fræðast um náttúru og sögu svæðisins.

Í upplandi Kópavogs er nánast allt land skilgreint sem óbyggt svæði og ætlað til útivistar. Má þar nefna Bláfjallafólkvang, Lækjarbotna, Selfjall og Reykjanesfólkvang.

Óbyggðu svæðin eru að mestu ósnortin og ákvæðið hefur verið að mannleg áhrif verði þar sem minnst. Um þessi óbyggðu svæði verða gönguleiðir stikaðar til að auðvelda aðgengi íbúa að þeim og bjóða upp á sem fjölbreyttasta möguleika til útivistar.

UPPLAND KÓPAVOGS

Í lögsögu Kópavogs austan Elliðavatns eru tveir allstórir landgeirar ofan Heiðmerkur sem eru fjölbreyttir af náttúrunnar hendi, lítt röskuð svæði og kjörið útivistarland. Landgeirarnir tveir eru um 6,340 ha að stærð en aðeins lítil hluti þeirra hefur verið deiliskipulagður. Samþykktir um Bláfjallafólkvang, friðlýstar náttúruminjar og vatnsvernd á höfuðborgarsvæðinu setja einnig skilyrði fyrir skipulagi og framkvæmdum. Skipulag og framkvæmdir þessa hluta lögsögunnar verða því að einhverju leyti samstarfsverkefni með öðrum sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu.

Til framtíðar litið stefnir Kópavogsbær að breyttri landnotkun í upplandinu meðfram Suðurlandsvegi og að þá verði unnið sérstakt skipulag fyrir það svæði. Við skipulag og framkvæmdir ber að fylgja reglum um fjarsvæði verndarsvæða vatnsbóla sem samþykktar voru árið 1997.

Í Lækjarbotnum er gert ráð fyrir starfsemi Waldorfskólans og svæði fyrir sumarhús sem víkjandi landnotkun. Á skipulagstímabilinu verður unnið rammaskipulag fyrir Lækjabotnasvæðið sem komi til með að ná að mörkum Ölfuss og Kópavogs austan Sandskeiðs. Í kjölfar þess munu einstakir hlutar svæðisins deiliskipulagðir svo sem Lækjarbotnar og Sandskeiðsflugvöllur.

SYÐRI LANDGEIRI

Sá hluti upplandsins sem kallaður hefur verið syðri landgeiri er um 2.850 ha að stærð og nær frá Heiðmörk í vestri að sýslumörkum í austri. Syðri landgeirinn er allur innan Bláfjallafólkvangs. Svæðið er á vatnsverndarsvæði og gilda um þau sérstakar reglur um hvernig haga skal ræktun, framkvæmdum og umgengni. Vesturhluti svæðisins er þakinn hrauni, Húsfellsbruna og Rjúpnadyngjuhrauni. Mörg áhugaverð svæði eru í syðri landgeira Kópavogs:

BLÁFJALLAFÓLKVANGUR

Bláfjallafólkvangur var friðlýstur sem fólkvangur 1973 og voru ákvæði friðlýsingar endurskoðuð árið 1985. Heildarstærð hans er 8.400 ha og aðilar að rekstri hans eru Kópavogsbær, Garðabær, sveitarfélagið Garður, Grindavíkurbær, Hafnarfjörður, Reykjanesbær, Reykjavík, Sandgerðisbær, Seltjarnarnes og sveitarfélögin Vogar og Mosfellsbær. Um 43% fólkvangsins, eða um 3,600 ha, eru innan lögsögu Kópavogs og því fer Kópavogur með stjórnsýslu fólkvangsins. Landslag Bláfjallafólkvangs er dæmigert fyrir eldfjallaland enda er fólkvangurinn á miðju virks gosbeltis eftir Reykjaneskaganum endilöngum. Bláfjöllin eru lítt gróin móbergsfjöll með hraunþekju á sléttlendi. Í Bláfjallafólkvangi er skiðasvæðið í Bláfjöllum. Allar framkvæmdir innan Bláfjallafólkvangs



Skiðamiðstöð Kópavogs, Breiðablik í Bláfjöllum. Ljós. F.B.

eru háðar samþykki heilbrigðiseftirlits vegna vatnsverndar Kópavogsbæjar og Umhverfisstofunar.

VATNSENDAKRIKAR

Um þrjú km fyrir sunnan Elliðavatn við jaðar hraunsins Húsfellsbruna og í jaðri Heiðmerkur eru Vatnsendakrikar. Krikarnir eru vatnsverndarsvæði (brunnsvæði). Þar er neysluvatn Kópavogsbúa tekið. Reykjavík er með vatnsból við Gvendarbrunna og borholur við Myllulækjartjörn og Vatnsendakrika en í vatnsbólin rennur hvor sinn grunnvatnsstraumurinn.

Í Vatnsendakrikum voru boraðar fjórar vinnsluholur sem er dælt upp úr í vatnsgeymi. Á staðnum er stöðvarhús og 1000 m³ vatnsgeymi. Lögð var á árinu 2006 um 5 km stofnlögn að 4000 m³ miðlunargeymi í vestanverðri Vatnsendahlíð. Innan við 2,5 km af lögninni liggur innan Heiðmerkur.

NYRÐRI LANDGEIRI

Nyrðri landgeirinn, um 3.820 hektara svæði, nær frá Hólmsá og Lækjarbotnum austur í sýslumörk við Vatnaöldur og Vífilsfell. Á svæðinu eru jarðirnar Gunnarshólmi og Geirland, norðan Suðurlandsvegur sem eru í einkaeign ásamt Núpstúni og Miðmundamýri.

Selfjallið (269 m hátt) er sunnan Selhóla, en austur af því er Sandfell. Bæði fjöllin ásamt Selhólum eru úr gömlu móbergi, en á svæðinu er einnig eldra grágrýti sem hraun hafa að nokkru runnið yfir. Sameiginlegt beitarrhólf fyrir sauðfé úr Kópavogi, Reykjavík, Mosfellsbæ og Grafningi er á Miðdalsheiðinni norðan Suðurlandsvegjar og er svæðið milli Fossvallaklifs (Lögbergsbrekku) og Lyklafells í lögsögu Kópavogs. Þar eru m.a. Efri- Föllumvötn og Vatnaás (sjá jafnframt kafla 1.9.8 um frestun á skipulagi).

Austan við Lækjarbotna er að mestu berangurslegt svæði, sem nær austur að Sandskeiði við Bláfjallaveg en þar eru Lakheiði, Lakadalur og Mosar. Á svæðinu var áður fyrr mikill uppblástur en unnið hefur verið að uppgræðslu þess. Næst Bláfjallavegi eru Neðri - Föllumvötn og Arnarnípur (Arnarpúfur). Sandskeið er að mestu örfoka land og sendið. Unnið hefur verið að uppgræðslu og skógækt á svæðinu. Þar er Sandskeiðsflugvöllur sem er notaður fyrir svifflug og vélflug. Við vestanvert Vífilfell og Bláfjallaveg var töluvert jarðrask vegna malarnáms sem nú er að mestu lokið. Vífilfell er 655 metra hátt og er myndað úr móbergi og hraunum og er afar vinsælt til gönguferða. Eina eiginlega náman í Kópavogi er í Bolaöldu í norðanverðu Vífilfelli og er stór hluti hennar í lögsögu Ölfuss. Efnistöku í þessari námu innan lögsögu Kópavogs er nú lokið en námuvinnsla er enn í lögsögu Ölfuss. Efnislosun fer þó enn fram á svæðinu.

Lækjarbotnaland nær frá hraunjaðri Hólmskrauna austur fyrir Fossvallarétt við gamla Suðurlandsveginn en réttin er sameiginleg lögrétt Reykvíkinga og Kópavogsbúa. Norðan vegarins er Miðmundarmýri og Nátthagavatn sem Hólmsá rennur úr. Í Lækjarbotnalandi er fjölbreytt náttúra og landslag, grágrýtishvalbök, hraun, móar, melar og fjöll sem gerir svæðið kjörið fyrir útivist. Í Lækjarbotnum hefur verið starfræktur Waldorfskóli fyrir börn á grunn- og leikskólaaldri síðan 1990. Efnistaka hefur verið nokkur á svæðinu en á sjöunda áratug síðustu aldar var tekið úr hrauni fyrir neðan Selfjall og hrauni við veginn inn að Waldorfskóla. Þó nokkuð hefur verið um uppgræðslu og skógækt í Lækjarbotnum og eru þar í dag nokkrir sumarbústaðir en reiknað er með að þeir víki fyrir útivist.

Vernduð svæði í Lækjarbotnum:

- Tröllabörn
- Gömlubotnar
- Túnhóll
- Botnalækur

4.1.2 Kirkjugarðar

Svæði fyrir kirkjugarða. (gr. 6.2.k í skipulagsreglugerð nr. 90/2013)

Kirkjugarður er í Leirdal í Kópavogi, vígður árið 2006. Garðurinn er um 14 hektarar og er reiknað með að fjöldi grafa verði um 15 þúsund og muni duga út skipulagstímabilið. Auk Kópavogskirkjugarðs eru tveir heimagrafreitir innan lögsögu bæjarins, annar við Vatnsenda og hinn í Lækjarbotnum. Þeir eru ekki auðkenndir sérstaklega á þéttbýlisuppdrætti og á sveitarfélagsuppdrætti aðalskipulagsins.

4.1.3 Opin svæði

Skilgreining: Svæði fyrir útivist, aðallega í tengslum við þéttbýli, með aðstöðu sem almennri útivist tilheyrir, svo sem stígum og áningarstöðum, auk þjónustu sem veitt er á forsendum útivistar. (gr. 6.2.l í skipulagsreglugerð nr. 90/2013).

Kópavogskirkjugarður. Ljós. B.M.

MARKMIÐ

- Opin svæði verði innan hvers hverfis sem tryggji íbúum fjölbreytta aðstöðu til útivistar. Frágangur nýrra opinna svæða fylgi vexti og uppbyggingu bæjarins. Áhersla verði lögð á trjárækt en náttúrulegu gróðurfari verði breytt sem minnst.

- Stefnt skal að verndun opinna svæða sem bjóða upp á umhverfisleg gæði.

- Skjólsæld verði aukin og umhverfi Kópavogs fegrað með aukinni trjárækt.

LEIÐIR

- Unnið verði heildarskipulag af útivistarsvæði við Elliðavatn sem tengist Guðmundarlundi, Heiðmörk og öðrum svæðum í nágrenninu.

- Lagðir verði stígar umhverfis Elliðavatn með áningarstöðum, fræðsluskiltum um svæðið, aðstöðu til að stunda fiskveiði og fuglaskoðun. Sérstök áhersla verður á leiksvæði fyrir börn og fjölskyldur.

- Samhliða uppbyggingu íbúðahverfa verði unnið að frágangi opinna svæða, leiksvæða og göngu- og hjólréiðastíga.

- Dregið verði úr hávaða- og sjónmengun frá nærliggjandi umferðaræðum með trjárækt og jarðvegsmönnum

- Hvatt verði til ræktunar matjurta og aðstaða til þess aukin eftir þörfum.

- Fylgst verði með ástandi opinna svæða og úr því verði bætt ef ástæða þykir til.

- Innan hvers hverfis sé útivistarsvæði þar sem íbúar geta notið útivistar og skjóls.

- Stuðlað verði að trjárækt í bæjarlandinu þar sem sérstök áhersla verði lögð á útivistarsvæði og svæði meðfram hjólréiða- og göngustígum og við aðalगतnakerfi bæjarins.

- Gerð verði úttekt á hvar aðgengi og þjónusta við útivistarsvæði er ábótavant og í kjölfar hennar unnin áætlun um úrbætur ef þörf er á.



Kópavogskirkjugarður. Ljós. B.M.

Tafla 4.1. Yfirlit yfir kirkjugarða.

NR	HEITI	LÝSING
K-1	Kópavogs-kirkjugarður	Garðurinn er um 14 hektarar og er reiknað með að fjöldi grafa verði um 15 þúsund og mun duga út skipulagstímabilið



Kópavogstún. Ljós. F.B.

Tafla 4.2.1 Yfirlit yfir opin svæði

NR	HEITI	LÝSING
		Kársnes
OP-1	Strönd Fossvogs	Ströndin frá ós Fossvogslækjar vestur að smábátahöfn Siglingafélagsins Ýmis. Á svæðinu er m.a. að finna lítt raskaðar fjörur, leiksvæði og skemmtilega gönguleið með áningarstöðum. Þarna er einnig sk. Höfði, tangi vestan við Siglingastofnun, sem nýtur bæjarverndar (hverfisverndar).
OP-2	Kópavogstúnið	Svæði við Kópavog, vestan Hafnarfjarðarvegjar að Sunnubraut. Þarna er heimatún Kópavogs-bæjarins umhverfi Kópavogsþingstaðar og Hressingarhælisins, auk fjörunnar við Kópavogsleiru svo að nokkuð sé nefnt. Allt mikilvægir staðir sem njóta verndar á einn eða annan hátt. Vinsæl gönguleið liggur um svæðið og það býður upp á mikla möguleika til útivistar.
OP-3	Strönd Kópavogs	Ströndin neðan Sunnubrautar og Þinghólsbrautar, vestur að hafnarsvæði. Framhald af svæði OP-2 (Kópavogstún).
OP-4	Borgarholt	Borgarholt, einnig kallað Borgir, var friðlýst sem náttúrusvæði árið 1981. Þar gefur að líta óvenju glöggar menjar um sjávarstöðu á höfuðborgarsvæðinu eins og hún var skömmu eftir lok síðustu ísaldar fyrir um 10.000 árum. Grágrýtishnullungar einkenna holtið og hin forna sjávarstaða sést við neðri mörk hnullunganna á holtinu. Gróðurfar á Borgarholti er ekki síður athyglisvert en þar er að finna um fjórðung tegunda í flóra Íslands. Stærð 4,1 ha.
OP-5	Rútstún	Árið 1959 var hafist handa við gerð fyrsta almenningsgarðsins í Vesturbæ Kópavogs með því að gróðursetja skjólbelti umhverfis Rútstún. Þar hafa 17. júní hátíðarhöld bæjarins farið fram síðustu áratuginna. Á Rútstuni er Sundlaug Kópavogs opið leiksvæði og sleðabrekka. Stærð 1,2 ha.

		Digranes
OP-6	Hlíðargarður	Hlíðargarður er fyrsti almenningsgarðurinn í Kópavogi og eini eiginlegi skrudgarðurinn. Hann er á milli íbúðarhúsa við Hlíðarhvamn og Lindarhvamn og er aðkoma að garðinum frá báðum götunum. Hlíðargarður var skipulagður í klassískum stíl evrópska hallargarða og á hann fáa sína líka hér á landi. Garðurinn er samhverfur en það er þegar miðlína liggur í gegnum garðinn og báðar hliðar eru spegilmyndir hvor af annarri. Í kringum garðinn var plantað skjólbelti og hefur það gert þennan garð að skjólsælli vin. 2003-2004 var garðurinn endurgerður og aukið enn á fjölbreytni runnagróðurs. Stærð 0,7 ha.
OP-7	Digranessvæði	Austan við lóð Álfrólsskóla-Digraness er opið svæði sem nær frá Álfrólssvegi að Skálaheiði. Nyrst á svæðinu er Álfróllinn en syðst, suðaustan við Digranes, íþróttahús HK, standa tóftir lögbýlisins Digraness. Þar má sjá bæjarhlað ásamt gömlum túngarði. Stærð 1,4 ha.
OP-8	Víghólasvæði	Á reitnum er opið svæði milli Lyngheiðar og Melaheiðar og í vesturhluta þess er Víghóll, sem er friðlýst náttúruvætti. Það er hringsjá. Allnokkur trjárækt er á hluta svæðisins en þar er einnig leiksvæði og sparkvellir, auk göngustíga. Stærð 3,1 ha.
OP-9	Fossvogsdalur	Útivistarsvæði á mörkum Kópavogs og Reykjavíkur um 18,5 ha að stærð Kópavogsmegin. Svæðið nær frá Hafnarfjarðarvegi í vestri austur að Fossvogsbrún í Blesugróf. Tengingar eru frá Fossvogsdal í nærliggjandi íbúðahverfi í Lundí, Snælands-, Ástúns- og Hólmahverfi auk þess sem stígar austan Smiðjuhverfis tengir dalinn við Kópavogsdal. Reykjavíkurmegin í dalnum eru einnig góðar tengingar, ekki síst við Óskuhlíð og Fossvog í vestri og Elliðaárdal í austri. Í Meltungu í austanverðum Fossvogsdal er að finna trjásafn sem þrátt fyrir ungan aldur er orðið eitt hið stærsta hérlendis. Í „Skógræktinni“ vestast í dalnum eru bæjarverndaðir trjálundir, en auk þess er Fossvogslækur á þessum slóðum verndaður. Um miðbik dalsins eru settjarnir sem laða að sér fugla, líkt og trjálundirnir. Í Fossvogsdal eru skólagarðar, leiksvæði, víðáttumikil tún, sleðabrekka, fjölmargir göngustígar og áningarstaðir. Í austurhluta dalsins er hluti íþróttasvæðis Víkings í Reykjavík, Gróðrarstöðin Mörk, leiksvæði og trjásafn.

Tafla 4.2.2 Yfirlit yfir opin svæði

NR	HEITI	LÝSING
OP-10	Kópavogsdalur	Útivistarsvæði um 28 ha að stærð, sem nær frá ós Kópavogslækjar upp með læknum austur að Lækjarhjalla. Fjölmargar tengingar eru frá Kópavogsdal í nærliggjandi íbúðarhverfi á Digraneshálsi, Smárahverfi og undir Dalveg og Reykjanesbraut í Lindir. Í Kópavogsdal er að finna „Tjarnargarðinn“, þar eru einnig bæjarverndaðir trjálundir, skólagarðar, skátaheimili, nokkur leiksvæði, net vinsælla göngustíga og fjöldi áningarstaða. Vestan Digraneskirkju standa tvö af eldri húsum í Kópavogi, Barmahlíð og Dvöl, byggð snemma á fjórða áratug síðustu aldar.
Smárar		
OP-11	Nónhæðarsvæði	Opið svæði með leiksvæðum í Smárahverfi sunnan Fífuhvammsvegur og norðan Arnarsmára. Stærð 1,5 ha
Fífuhvammur		
OP-12	Selhryggur	Opið svæði, um 2,3 km á lengd, á mörkum Kópavogs og Reykjavíkur. Seljahverfi er annars vegar og Lindir og Salir hins vegar. Stígur liggur eftir svæðinu og tengir það á mörgum stöðum inn í öll hverfin. Norðurhluti svæðisins liggur að útivistarsvæðinu í Kópavogsdal og í suðaustri heldur stígurinn áfram yfir í Kóra. Á Selhrygg er nokkur trjárækt, leiksvæði og áningarstaðir
OP-13	„Hvammssvæði“	Opið svæði milli Selhryggs og Lindaskóla, alls um 6,3 ha. Þarna er hinn eiginlegi hvammur sem jörðin dró nafn sitt af (Hvammur, Hvammkot, Fífuhvammur) enda stóð bærinn þar í grennd. Á svæðinu eru merkar minjar, bæði sögulegar og jarðfræðilegar. Þar eru m.a. leiksvæði, garðlönd og sleðabrekkur.
OP-14	Rjúpnadalshlíð / Smalaholt	Svæðið milli golfvallar í Leirdal og íbúðarbyggðar á Rjúpnahæð, Smalaholti og við Álماكór. Svæðið er um 15 ha að stærð. Það var áður að stórum hluta landgræðsluskógasvæði sem gróðursett var í árin 1990-1991. Stígar hafa verið lagðir um hluta svæðisins og þar er m.a. gert ráð fyrir leiksvæðum. Hringur settur upp á Smalaholti árið 2013.
OP-15	Baugakór	Opið svæði, skólagarðar og þúttvöllur sunnan Baugakórs. Stærð 1,0 ha
OP-16	Vatnsendahvarf	Ofan við Kóra og Hvörf er víðfeðmt opið svæði, alls um 13,6 ha. Þar eru fyrirhugaðir stígar sem tengja hverfin saman.
OP-17	Vatnsendahlíð	Milli Þinga og Vatnsendahlíðar er stórt opið svæði sem liggur frá vestri til austurs, alls um 6,7 ha. Reiðstígur liggur um svæðið frá Kjóavöllum og göngustígur er fyrirhugaður.
OP-18	Strönd Elliðavatns	Strönd Elliðavatns býður upp á geysilega útivistarmöguleika en er mjög óaðgengileg eins og er. Fyrirhugað er að leggja þar göngustíg sem bæta mun úr þessu. Í tengslum við stígninn verða misstór og fjölbreytt opin svæði. Til þeirra telst m.a. Þingnes, sem er friðlýst skv. þjóðminjalögum. Strönd Elliðavatns, innan lögsögu Kópavogs, er alls um 5 km að lengd.
OP-19	Guðmundarlundur	Árið 1997 fékk Skógræktarfélag Kópavogs til umsjónar landsspildu við Stórabás á Vatnsenda, sem þá var 6,5 ha. Guðmundarlundur er nú um 11 ha að stærð. Þar er m.a. grillaðstaða, leiksvæði og garður sem tileinkaður er Hermanni Lundholm, fyrsta garðyrkjunumanninum sem ráðinn var til Kópavogsbæjar. Þar er einnig verið að byggja félags- og þjónustuhús.

Í Kópavogi tilheyra stór svæði landnotkunarflokknum opin svæði, þ.e. strandlengja Kársness, Fossvogsdalur, Kópavogsdalur, Vatnsendahvarf, Vatnsendahlíð, Vatnsendaheiði og strönd Elliðavatns. Öll þessi svæði eru mikilvægir hlekkir í keðju opinna svæða í heimalandi Kópavogs. Út frá þeim teygjast grænir geirar inn í aðliggjandi byggð.

Í Kópavogi eru fjölmörg leiksvæði innan íbúðarsvæða og opinna svæða en bæjaryfirvöld hafa markvisst byggt upp leiksvæði í íbúðahverfum. Leiksvæðin eru eins mismunandi og þau eru mörg en á flestum þeirra eru leiktæki fyrir börn og eru þau oft hluti af opnum útivistarsvæðum. En einnig má nefna sparkvelli, körfuboltavelli, hjólabrettavelli, tennisvelli og þúttvelli. Leiksvæði innan opinna svæða eru táknuð með „L“ á þéttbýlisupprætti aðalskipulagsins.



Áningarstaður við Fossvogsströnd. Ljós. F.B.



Reiðtúr við Fornahvarf. Ljós. F.B.

4.1.4 Friðlýst svæði

Skilgreining: Svæði á landi og í sjó sem eru friðlýst eða njóta verndar samkvæmt lögum, þ.e. náttúruvætti (sérstæðar náttúrumyndanir), friðlönd, þjóðgarðar og fólkvangar. (gr. 6.3.2 í skipulagsreglugerð nr. 90/2013).

MARKMIÐ

- Mikilvægar náttúru- og menningarminjar í Kópavogi skulu njóta verndar.
- Fræðslu um náttúru- og sögulegar minjar í bænum verði sinnt.

LEIÐIR:

- Upplýsa íbúa um staði eða svæði innan bæjarlandsins sem eru mikilvægir vegna náttúru, menningar og / eða sögu, t.d. með fróðleiksskiltum og fræðsluefni á vefsíðu bæjarins.
- Sérstök áhersla verði lögð á kynningu og fræðslu á friðlýsingu hluta Skerjafjarðar innan lögsögu Kópavogs.
- Kópavogsbær beiti sér fyrir því meðal sveitarfélaga, er eiga lögsögu í Skerjafirði, að unnin verði úttekt á stöðu fjarðarins með tilliti til náttúruverndar og mögulegrar byggðapróunar á höfuðborgarsvæðinu.
- Unnið verði að stækkan á friðlýstu svæði við Tröllabörn í Lækjarbotnum.
- Stefnt er að opnun Þríhnúkagígs fyrir almenning.
- Tekin verði saman náttúru- og söguminjaskrá fyrir Kópavog (Minjaskrá Kópavogs) þar sem m.a. kemur fram afmörkun og lýsing á vernduðum stöðum og svæðum sem almennar reglur um umgengni við staðina eða svæðin.
- Unnin verði verndaráætlun fyrir lífríki við Elliðavatn og leirurnar í Kópavogi og Fossvogi í samstarfi við aðliggjandi sveitarfélög.
- Á hverju ári verði valinn staður sem þykir mikilvægur sökum náttúru, sögu eða menningar og fróðleiksskilt sett upp.
- Kópavogsbær taki þátt í uppbyggingu jarðminjagarðs (Geopark) á Reykjanesi.

Tafla 4.3. Yfirlit yfir friðlýst svæði

NR	HEITI	LÝSING
Kársnes		
FS-1	Borgir á Kársnesi	Friðlýstar sem náttúruvætti með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 269/1981. Stærð 4,1 ha.
FS- 2	Skerjafjörður	Hluti Fossvogs og Kópavogs. Friðlýst sem búsvæðavernd 2012. Hið friðlýsta svæði skiptist í tvo hluta, annars vegar eru 39 hektarar í Kópavogi og hinsvegar 24 ha í Fossvogi, alls um 63 ha. Markmiðið með friðlýsingunni er að vernda lífríki við ströndina, í fjöru og á grunnsævi, þar sem megi finna afar fjölbreytt fuglalíf allan ársins hring. Þá er einnig markmið að vernda útivistar- og fræðslugildi svæðisins.
Digranes		
FS- 3	Víghólar á Digraneshálsi	Friðlýstir sem náttúruvætti með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 778/1983. Stærð 1,0 ha.
Uppland		
FS- 4	Tröllabörn í Lækjarbotnalandi	Friðlýst sem náttúruvætti með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 294/1983. Stærð 5,0 ha.
FS- 5	Bláfjöll	Friðlýst sem fólkvangur árið 1973 með auglýsingu í Stjórnartíðindum B- deild nr. 173. Stærð fólkvangsins er 8.400 ha og um 3.700 ha af landi Kópavogs eru innan Bláfjallafólkvangs. Sveitarfélögin sem aðild eiga að fólkvanginum eru: Reykjavíkurborg, Kópavogsbær, Seltjarnarneskaupstaður, Hafnarfjarðarkaupstaður, Garðabær, Sandgerðisbær, Grindavíkurbær, Sveitarfélagið Garður, Sveitarfélagið Vogar, Reykjanesbær og Mosfellsbær. Allar framkvæmdir innan Bláfjallafólkvangs eru háðar samþykki heilbrigðiseftirlits (vegna vatnsverndar), umhverfisstofnunar og Kópavogsbæjar (innan lögsögu bæjarins).

Í aðalskipulagi eru tilgreind þau svæði sem njóta sérstakrar friðunar samkvæmt lögum um náttúruvernd. Í lögum um náttúruvernd nr. 44/1999 skiptast friðlýst svæði í eftirfarandi flokka:

- þjóðgarða,
- friðlönd,
- náttúruvætti á landi og í hafi,
- friðlýstar lífverur, búsvæði, vistgerðir og vistkerfi,
- fólkvanga.

Í Kópavogi eru fimm staðir eða svæði friðlýst samkvæmt ofangreindri flokkun (sjá töflu 4.3).

4.1.5 Önnur náttúruvernd

Skilgreining: Svæði á náttúruminjasrá, þ.m.t. svæði í náttúruverndaráætlun, jarðmyndanir og vistkerfi sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt lögum um náttúruvernd. Jafnframt svæði sem skilgreind eru í verndarflokki í verndar- og orkunýtingaráætlun. (gr. 6.3.4 í skipulagsreglugerð).

NÁTTÚRUMINJASKRÁ

Í náttúruminjasrá eru svæði sem flokkast sem aðrar náttúruminjar og skal forðast röskun þeirra eins og kostur er. Meðfylgjandi svæði sem staðsett er að hluta í Kópavogi heyrir undir þessa vernd. Lýsing á svæðinu er úr náttúruminjasrá:

Þess fyrir utan njóta ýmsar landslagsgerðir sérstakrar verndar skv. 37. grein Náttúruverndarlaga og skal forðast röskun þeirra eins og kostur er. Þessar landslagsgerðir eru:

Tafla 4.4. Yfirlit yfir aðra náttúruvernd

NR	HEITI	LÝSING
ÖN-1	Ellidáardalur	Ellidáardalur er í lögsögu Reykjavíkur og Kópavogs. Svæðið sem er á náttúruminjasrá er vatnasvið Ellidáar, frá upptökum í Ellidavatni allt til ósa. Svæðið státar af fjölbreyttu náttúrufari og er kjörið útivistarsvæði í þéttbýli.

- eldvörp, gervigígar og eldhraun,
- stöðuvötn og tjarnir, 1.000 m² að stærð eða stærri,
- mýrar og flóar, 3 hektarar að stærð eða stærri,
- fossar, hverir og aðrar heitar uppsprettur, svo og hrúður og hrúðurbreiður, 100 m² að stærð eða stærri,
- sjávarfitjar og leirur.



Kópavogslækur. Ljós. F.B.

Í skipulagsreglugerð nr. 90/2013 kemur fram að sveitarstjórnir geti í skipulagsáætlunum sínum sett ákvæði um hverfisvernd. Kópavogsbær hefur haft það að markmiði sínu að við endurskoðun aðalskipulags sé metið hvort tilefni sé til að fjölga bæjarvernduðum svæðum og leitað leiða til þess að svo geti orðið. Í Aðalskipulagi Kópavogs 1992-2012 voru átta svæði undir bæjarvernd. Í Aðalskipulagi Kópavogs 2000-2012 var ellefu nýjum svæðum bætt við. Í þessu aðalskipulagi er svæðum undir bæjarvernd fjölgað um 8.

Ný svæði sem tekin eru inn við endurskoðun Aðalskipulags Kópavogs 2012-2024 og njóta munu bæjarverndar eru eftirfarandi:

4.1.6 Bæjarvernd (hverfisverndarsvæði)

Skilgreining: Svæði þar sem sveitarstjórn hefur sett ákvæði um hverfisvernd til að vernda sérkenni eldri byggðar eða annarra menningarsögulegra minja, náttúruminjar, landslag eða gróður vegna sögulegs, náttúrulegs eða menningarlegs gildis, án þess að um friðun sé að ræða samkvæmt öðrum lögum (gr. 6.3.7 í skipulagsreglugerð).

MARKMIÐ

- Yfirbragði og einkennum byggðarinnar og stöðum sem hafa sérstöðu sökum náttúru, sögu eða umhverfis verði ekki raskað.
- Í þegar byggðum hverfum skal leggja mat á varðveislugildi byggðar og einstakra bygginga.
- Fágæt tré og trjálundir í Kópavogi njóti verndar.

LEIÐIR

- Gerð skal verndaráætlun og varðveislumat fyrir hverfi bæjarins, einstök hús, húsaðir eða svæði innan hverfa.
- Í hverfisskipulagi komi fram varðveislugildi byggðar og rammaskilmálar um yfirbragð og byggðarþróun.
- Tryggja skal aðgengi að vernduðum svæðum ásamt því að íbúar verði upplýstir um sérkenni þeirra og gildi, t.d. með fróðleiksskiltum og fræðsluefni á heimasíðu bæjarins.
- Settar verði reglur um trjávernd í Kópavogi. Merkilög og/eða fágæt tré verði mæld og skráð.

Í þessu aðalskipulagi er hverfisvernd nefnd bæjarvernd, skv. hefð í aðalskipulagi Kópavogs og getur náð til einstakra mannvirkja, heilla hverfa, reits, götu, fornleifa og sögulegra eða náttúrulegra merkra staða. Ákvörðun um bæjarvernd byggir ekki á aldri mannvirkjanna og hún felur ekki í sér kvöð um að eigendur varðveiti eignir sínar óbreyttar eða færi þær í upprunalegt horf.

ÁKVÆÐI BÆJARVERNDAR

Ekki er gert ráð fyrir öðrum mannvirkjum á bæjarvernduðum svæðum en þeim sem tengjast beint hlutverki svæðanna. Hér er átt við m.a. stíga, áningastaði og gróður. Framkvæmdir innan svæðanna mega þó ekki raska þeim þáttum sem verið er að vernda. Á stöðum sem eru á fornleifaskrá gilda einnig ákvæði þjóðminjalaga nr. 88/1989 um friðhelgað svæði.

SVÆÐI SEM NJÓTA BÆJARVERNDAR (HVERFISVERNDAR) ERU:

Tafla 4.5.1 Yfirlit yfir hverfisverndarsvæði

NR	HEITI	LÝSING
Kársnes		
HV-1	Höfði. Tangi í Fossvogi vestan við Samgöngustofu.	Útivistarsvæði og áningarstaður á norðurströnd Kársness. Meðfram Kársnesströndinni og fram hjá tangnum liggur aðalstígur.
HV-2	Túnið sunnan við Kópavogsbæinn	Kópavogsbærinn, Hressingarhælið og túnið sunnan og austan við bæinn að Hafnarfjarðarvegi að sjó er bæjarvernduð. Bærinn Kópavogur var eitt fjögurra lögbýla í Kópavogi og minnst þeirra. Bærinn var byggður á árunum 1903-1904. Í fornleifaskrá Kópavogs er mikilvægi Kópavogsbæjar og Kópavogsþingstaðar svona lýst: „Staðurinn býr yfir afar miklum upplýsingum sem ná frá nútíma allt aftur á landnámsöld. Ekki er mikið til ritað um staðinn og þeim mun mikilvægari eru þær heimildir sem geymdar eru undir sverðinum“.
Digranes		
HV-3	Fossvogslækur og umhverfi hans	Fossvogslækur frá Hafnarfjarðarvegi að mörkum Lundar í austri ásamt umhverfi hans er bæjarverndaður. Aðalstígur liggur meðfram íbúðarhverfinu í Lundi við Fossvogsdal með tengingum niður í dalinn og við stíginn Reykjavíkurmegin.
HV-4	Einbúi	Hóll austan Skemmuvegur sem var landamerki jarðanna Bústaða, Breiðholts og Digraness. Sunnan Einbúa er talsvert af tilhöggnu grjóti sem talið er vera ummerki um atvinnubótavinnu á fjórða áratug 20. aldar.
HV-5	Álfhóll	Jökulsorfinn klapparhóll á Digraneshálsi og er talinn vera bústaður huliðsvætta.
HV-6	Trjálundur ofan Aspar- og Birkigrundar	Ræktun trjálundarins hófst á fjórða áratug 20. aldar. Þetta er einn af elstu trjálundum bæjarins og dæmi um ræktun á erfðafestulöndum fyrir upphaf þéttbýlismyndunar í Kópavogi. Þarna eru nokkur af stærstu trjám bæjarins.
HV-7	Trjálundur ofan Nýbýlavegar (Eilífsreiturrinn)	Ræktun trjálundarins hófst á fimmta áratug 20. aldar. Þetta er einn af eldri trjálundum bæjarins og dæmi um ræktun á sumarbústaðalöndum fyrir upphaf þéttbýlismyndunar í Kópavogi.
HV-8	Trjálundir milli Reynihvamms og Digranesvegur	Ræktun á lóðum sumarbústaðanna Dvalar, Barmahlíðar og Lækjarness hófst á fjórða áratug 20. aldar. Þetta eru þrjár af elstu trjálundum bæjarins og dæmi um ræktun á sumarbústaðalöndum fyrir upphaf þéttbýlismyndunar í Kópavogi. Þarna eru nokkur af stærstu og sjaldgæfari trjám bæjarins.
HV-9	Grjótnám norðan Smiðjuvegur	Minjar um atvinnubótavinnu frá fjórða áratug 20. aldar. Hefur svipað gildi og náman við hólina Einbúa.
Fífuhvammur		
HV-10	Hádegishólar	Stakar grágrýtisklappir með áberandi jökulrákum vestan Kópavogskirkjugarðs. Milli hólanna er rúst sem ber að taka tillit til við framkvæmdir. Þar er einnig Búdda stúpa reist árið 1992. Aðalstígur liggur um svæðið.
HV-11	Engjaborg við Fífuhvammsveg	Var landamerki milli Kópavogs, Digraness, Fífuhvamms og Arnarness. Þarna er hugsanlega rúst af fjárborg og gerði. Aðalstígur liggur meðfram Fífuhvammsvegi og meðfram Engjaborg að Lindasmára.
HV-12	Rjúpnahæð	Ofan golfvallarins í Leirdal norðan við Austurkór 74 er rúst sem talið er að sé sel frá bænnum Fífuhvammi.



Fossvogslækur. Ljós. F.B.

Tafla 4.5.2 Yfirlit yfir hverfisverndarsvæði

NR	HEITI	LÝSING
Vatnsendi		
HV-13	Dimma	Efsti hluti Elliðaáa fyrir neðan stíflu við Elliðavatn og að Breiðholtsbraut heitir Dimma. Innan bæjarverndarsvæðisins er áin og umhverfi hennar. Markmiðið er að vernda lífríki hennar og vernda Elliðaá sem laxveiðiá.
HV-14	Elliðavatn	Skilgreint sem bæjarverndað svæði vegna fjölbreytts dýralífs sem þar þrífst og vegna mikilvægis vatnsins til útivistar. Verndin nær frá fjöruborði og að sveitarfélagamörkum Kópavogs og Reykjavíkur um miðbik vatnsins. Í aðalskipulaginu er gert ráð fyrir aðalstíg meðfram vatninu og áningarstöðum við hann. Meðfram Elliðavatni er að jafnaði 50 metra breitt belti sem er eins konar helgunarsvæði vatnsins. Þar eru ekki heimilaðar nýjar lóðir fyrir íbúðarhús. Landnotkun á helgunarsvæðinu einkennist af því að það er að mestu leyti óbyggt svæði en að hluta til landbúnaðarland Vatnsenda og trjárækt og útivistarsvæði Sjálfsbjargar.
HV-15	Trjálundur við Laxatanga	Ræktun hófst á fjórða áratug 20. aldar og eru til góðar og ítarlegar heimildir um ræktun þar frá upphafi. Trjágróður er fjölbreyttur, m.a. nokkur af elstu sitkagrenitrjám landsins.
Uppland		
HV-16	Túnhóll	Hóll sem stendur vestan Suðurlandsvegar. Á honum er heimagrafreitur, rúst og bæjarstæði.
HV-17	Botnalækur	Botnalækur í Lækjarbotnum er bæjarverndaður ásamt umhverfi hans og hraunjaðri vestan við lækinn.



Víghóll. Ljós. F. B.

Tafla 4.6. Yfirlit yfir ný hverfisverndarsvæði

NR	HEITI	LÝSING
HV-18	Guðmundarlundur	Samkvæmt samningi við Skógræktarfélag Kópavogs 2006 hefur Skógræktarfélagið umsjón með landspildunni og sér um gróðursetningu og umhirðu plantna en í náinni samvinnu við Kópavogsbæ. Guðmundarlundur er alls um 11 hektarar sem nýta ber til skógræktar og útivistar. Skógurinn er eitt af útivistar- og skógræktarsvæðum Kópavogs og er þar að finna ýmsa aðstöðu til útivistar. Lundurinn er í sífelldri uppbyggingu og er unnið að því að bæta hana til muna meðal annars með byggingu félags- og þjónustuhúss fyrir Skógræktarfélag Kópavogs.
HV-19	Steinn við gamla Suðurlandsveginn	Í Lækjarbotnalandi er steinn við gamla þjóðveginn (Suðurlandsveginn) sem ártalið 1878 hefur verið klappað í. Það hefur að öllum líkindum verið gert þegar vegurinn var lagður árið 1878. Telst þessi steinn því vera fornminjar vegna ártalsins. Markmiðið með bæjarvernduninni er að vernda sögulegar minjar og merkja staðinn með fróðleiksskilti.
HV-20	Hraunjaðar Hólmskrauns við Selfjall	Hólmskraun eru í raun fimm hraun og öll talin hafa runnið fyrir um 4.600 árum úr Eldborg og Strompum. Hraunin sem runnu að hlíðum Selfjalls hafa myndað þar fallegar hraunmyndanir. Lagt er til að suðurhluti hraunjaðarsins við Selfjall verði hverfisverndaður vegna þess hve sérstakur hann er, brattur og hrjúfur. Vegna skógræktar- og uppræðsluverkefnisins í Selfjalli er verið að bæta aðgengi með stíg meðfram svæðinu og þar verða sett upp fróðleiksskilti.
HV-21	Magnúsarlundur	Þar voru áður tvær sumarbústaðalóðir og er lundurinn nefndur eftir eiganda annarrar lóðarinnar Magnúsi Sigmundssyni. Lundurinn er einn fárra sem eftir eru á þessu svæði og er hann verndaður vegna þessa og til að auka við fjölbreytileika útivistar fyrir íbúa. Búið er að gera þar aðstöðu fyrir leik- og grunnskóla til útikennslu og hefur lundurinn verði gerður aðgengilegur almenningi með göngustígum og reiðleið í gegn fyrir hestamenn.
HV-22	Markasteinn	Hann stendur við Rjúpnasali á mörkum Reykjavíkur og Kópavogs. Markaði hann landamerki jarðanna Fífuhvams, Vatnsenda og Breiðholts. Markmiðið með vernduninni er að vernda sögulegar minjar. Þar er búið að setja upp fræðsluskilti.
HV-23	Trjásafn í Meltungu	Trjásafnið afmarkast af Víkingssvæðinu og gróðrarstöðinni Mörk í norðri, Stjörnugróf og Fossvogsbrún í austri, Smiðjuvegi, Kjarrhólma og malbikuðum aðalstíg í vestri. Svæðið er alls um 9,5 ha að stærð. Byrjað var að gróðursetja í safnið 1997 og eru nú þegar samankomnar þar um 500 tegundir trjáa og runna og eru margar hverjar merktar. Hluti trjásafsins er sk. Yndisgarður sem er sýnigarður í samstarfsverkefni Kópavogsbæjar, Landbúnaðarháskóla Íslands og fleiri aðila sem kallast Yndisgróður. Þar er einnig að finna ávaxtatrjágarð, svo að nokkuð sé nefnt. Í gegnum svæðið frá austri til vestur liggur aðalstígur um Fossvogsdal að Elliðaárdal og mikill fjöldi malar- og kurlstíga liggja um allt trjásafnið. Innan þess eru einnig matjurtagarðar (garðlönd) og bæjarverndaðar minjar um grjótnám (HV-9).

Tafla 4.7. Yfirlit yfir minjaverndarsvæði.

NR	HEITI	LÝSING
MV-1	Kópavogur (Þinghóll)	Þingstaðurinn var friðlýstur árið 1938 með þinglýsingu þann 16. nóvember. Innan þessarar friðlýsingar fellur þinghústöft syðst á túninu og fangakofatóftir skammt frá. Dysjar austan túns, nefndar Hjónadysjar og Systkinaleiði. Hjónadysjar voru grafnar upp vegna vegagerðar árið 1988 og rannsakaðar en eru nú horfnar undir Hafnarfjarðarveg. Systkinaleiði hurfu undir veg án rannsókna á fyrri hluta 20. aldarinnar.
MV-2	Þingnes	Þingnes gengur út í Elliðavatn að sunnanverðu. Þingnes var friðlýst með þinglýsingu árið 1938 þann 16. nóvember. Til friðlýsingarinnar teljast mannvirkjaleifar þar sem talið er að hinn forni Kjalarnesþingstaður hafi verið. Þingness er einnig getið í fornleifaskrá Kópavogs sem minjar sem taldar eru hafa mest minjagildi.
MV-3	Hressingarhælið	Hressingarhælið eða Kópavogshæli var teiknað af Guðjóni Samúelssyni, húsameistara ríkisins, snemma á síðustu öld. Konur í Reykjavík sem stofnuðu Kvenfélagið Hringinn 1906 sáu þörf fyrir hressingarhæli fyrir berkla sjúklinga sem voru nýkomnir af Vífilstaðahæli og hófu að safna fé í byggingasjóð. Um 1925 töldu þær að sjóðurinn væri orðinn nægilega stór og hófust byggingarframkvæmdir það ár á þjóðjörðinni Kópavogi. Húsið var hið myndarlegasta og var tekið í notkun 14. nóvember 1926 og varð brátt nýtt sem venjulegt berklahæli. Húsið hefur staðið autt í mörg ár. Kópavogsbær eignaðist húsið 2003. Unnið er að endurgerð hússins í samvinnu við Húsafriðunarnefnd.
MV-4	Kópavogsbærinn	Friðað hús skv. aldursákvæðum þjóðminjalaga. Eitt af lögbýlum Kópavogs. Bærinn var byggður á árunum 1902-1904 og stendur sunnan við byggingarnar í Sunnuhlíð.



Fossvogsdalur. Ljós. B.M.

4.1.7 Minjavernd

Skilgreining: Svæði þar sem eru friðlýstar fornleifar, friðuð hús og þekktar minjar eldri en 100 ára sem ákveðið hefur verið að setja á takmörkun á landnotkun að höfðu samráði við Minjastofnun Íslands. (gr. 6.3.5 í skipulagsreglugerð nr. 90/2013).

MARKMIÐ

- Unnið verði áfram að verndun og fræðslu um menningarminjar í Kópavogi.

LEIÐIR

- Í samráði við Reykjavíkurborg verður umhverfi Þingness endurbætt og frekari athygli vakin á þeim sögu- og menningarminjum sem þar er að finna.
- Leitað verði leiða til þess að bæta aðgengi að Þingstaðnum við Þinghól og gera sögu staðarins sýnilegri.
- Fornleifar í upplandi Kópavogs verði skráðar og minjagildi þeirra metið.
- Lokið verði við skráningu merkra bygginga í Kópavogi með tilliti til sögu,- menningar- og byggingarlistar og niðurstöður um varðveislumat og verndarflokka kynnt.

Í lögnum er kveðið á um að þeim minjum sem friðlýstar eru, skuli fylgja 100 metra friðhelgað svæði út frá ystu sýnilegu mörkum fornleifa og umhverfis nema kveðið sé á um annað. Komi minjar í ljós við framkvæmdir ber að stöðva verkið og tilkynna Minjastofnunar Íslands sem úrskurðar hvort halda megi áfram og með hvaða skilmálum.

Í landi Kópavogs eru tvö svæði friðlýst samkvæmt þessum lögum þ.e. Þinghóllinn við Kópavog, Þingnes við Elliðavatn og tvö hús, Hressingarhælið á Kópavogstúni og gamli Kópavogsbærinn.

Frá og með 1. janúar 2013 eru öll hús og mannvirki sem eru 100 ára eða eldri friðuð samkvæmt 1. mgr. 29. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012.

FORNLEIFASKRÁ KÓPAVOGS

Hlutverk fornleifaskrár Kópavogs er að styðja bæjaryfirvöld við að standa vörð um fornleifar í bæjarlandinu og marka stefnu í skipulagsmálum og minjavernd með hliðsjón af þeim. Í 16. gr. laga um menningarminjar kemur fram að skylt sé að gera fornleifaskráningu áður en gengið er frá skipulagi eða endurskoðun þess. Það verklag er viðhaft hjá Kópavogsbæ við deiliskipulag nýrra svæða að fara ítarlega yfir umrætt svæði með skráningu mögulegra fornleifa í huga.

Á árunum 1999-2000 var unnið að fornleifaskráningu heimalandsins. Þar kemur fram að í þéttbýli Kópavogs og næsta nágrennis eru 53 staðir skráðir sem fornleifar og geyma þeir 75 stakar fornleifar.

Enn er búið á Vatnsenda og geymir bæjarstæðið og nánasta umhverfi án efa mikið af upplýsingum um sögu bæjarins en hann kemur fyrst við sögu árið 1234 í Mál dagaskrá

Viðeyjarkirkju. Núverandi íbúðarhús stendur á bæjarhól en slíkir hólar geyma oft á tíðum mikið magn af upplýsingum um búskaparhætti á liðnum öldum. Vatnsendabærinn og túnið umhverfis hann er því talinn hafa mikið minjagildi.

Í fornleifaskránni eru eftirtaldar minjar taldar hafa mest minjagildi og er lagt til að verði bæjarverndaðar. Þar af er þegar búið að bæjarvernda Álfhól og Digranesbærinn og lagt er til að nokkrir staðir til viðbótar verði bæjarverndaðir með staðfestingu þessa aðalskipulags.

Tafla 4.8. Yfirlit yfir minjaverndarsvæði

NR	HEITI	LÝSING
MV-5	Álfhóll	Jökulsorfið klapparholt við Álfhólsveg. Staðurinn er talinn vera bústaður álfa í Kópavogi sem taldir eru hafa haft mikil áhrif á uppbyggingu vegarins síðan seint á fjórða áratug 20. aldar.
MV-6	Digranesbærinn	Digranesjörðin var ein af fjórum lögbýlum í Kópavogi og eru tóftir hússins við Íþróttahúsið Digranes. Sökum ágangs var staðurinn hulin með jarðvegi og tyrfður í samvinnu við Fornleifavernd ríkisins árið 2007.
MV-7	Selstaða	Staðurinn er skammt frá bæjarstæði Fífuhvamms. Ekki er alveg ljóst hvert hlutverk hússins var en möguleiki er á að hér hafi verið selstaða.
MV-8	Markasteinn	Steinninn markaði landamerki jarðanna Fífuhvamms, Vatnsenda og Breiðholts.
MV-9	Rúst undir Vatnsendahvarfi	Líkur eru á að rústirnar séu beitarhús frá Vatnsenda og eru þær staðsett við Álfkonuhvarf.
MV-10	Beitarhús suður af Litlabás	Beitarhús ekki langt frá landamerkjum Víflsstaða og Vatnsenda.
MV-11	Hjónadysjar	Staðurinn var friðlýstur árið 1938 og rannsakaður árið 1988 áður en hann fór undir Hafnarfjarðarveginn.
MV-12	Systkinaleiði	Hefur ekki verið rannsakað en var friðlýst árið 1938 og fór undir veg á fyrri helming 20. aldar.



Kópavogsbærinn.



Hressingarhælið

4.1.8 Vatnsvernd

Skilgreining: Svæði sem njóta verndar í samræmi við vatnaáætlun eða ákvæði reglugerða er varða vatnsvernd og mengun vatns. (gr. 6.3.6 í skipulagsreglugerð nr. 90/2013).

MARKMIÐ

- Tryggja nægt neysluvatn og gæði þess í lögsögu Kópavogs svo ekki verði þörf á meðhöndlun neysluvatns í framtíðinni.
- Koma í veg fyrir alla röskun á verndarsvæðum vatnsbóla sem getur haft í för með sér óafturkræfar afleiðingar.

LEIÐIR

- Innan vatnsverndarsvæða verði komið í veg fyrir óæskileg áhrif af völdum athafna, starfsemi og umsvifa.
- Unnið verði áfram að grunnvatnsrannsóknnum í lögsögu bæjarins.

Vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins mynda eina heild og um þau gilda samræmdar reglur um verndarsvæði vatnsbóla innan lögsagnarumdæma þeirra. Samþykktin hefur það að markmiði að vernda neysluvatn til framtíðar og koma í veg fyrir óæskileg áhrif af völdum athafna og starfsemi, t.a.m. aukinnar byggðar, landgræðslu og ræktunar, atvinnustarfsemi, umgengni og umferðar. Sérstök framkvæmdastjórn heldur utan um eftirlit með vatnsverndarsvæðunum, t.d. með viðbragðsáætlunum vegna mengunarslysa.

Samkvæmt reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns er skilgreining svæðanna þessi:

- Brunnsvæði er næsta nágrenni vatnsbólsins og er algjörlega friðað nema fyrir nauðsynlegum framkvæmdum vatnsveitunnar. Brunnsvæði skulu vera afgirt.
- Grannsvæði er utan við brunnsvæði og er aðrennslissvæði grunnvatns. Stærð og lögun þess ræðst af stærð brunnsvæðis og jarðvegsþekju svæðisins og grunnvatnsstraumum sem stefna að vatnsbóli. Allar framkvæmdir á grannsvæði eru háðar ströngu eftirliti og samþykki heilbrigðisnefnda.
- Fjarsvæði greinist í tvennt, fjarsvæði A, sem er aðal-ákomusvæði úrkomu fyrir grunnvatnsstrauma, og fjarsvæði B sem er fyrst og fremst öryggissvæði og einnig viðkvæmt vegna yfirborðsvatns sem berst inn á grannsvæðið.

Í Kópavogi eru vatnsverndarsvæði sem heyra undir hvern þessara flokka. Búið er að gera þrjár breytingar á vatnsverndarmörkum í landi Kópavogs, við Kjávelli, Vatnsendakrika og Vatnsendahlíð.

Í Vatnsendakrikum er vatnsból Kópavogsbúa og er það svæði skilgreint sem brunnsvæði og grannsvæði út frá því. Allt landsvæði nyrðri og syðri landgeiranna er skilgreint sem annað hvort grann- eða fjarsvæði. Byggð í Þingum, Hvörfum og fyrirhuguð byggð í Vatnsendahlíð eru á skilgreindu fjarsvæði vatnsverndar. Um fjarsvæði gilda ákveðnar reglur sem fara skal eftir þegar framkvæmdir eru fyrirhugaðar. Svæðið sunnan Vatnsvíkur og Vatnsendaheiðin að lögsögumörkum Reykjavíkur og Garðabæjar eru innan grannsvæðis vatnsverndar. Ekki er heimilt að byggja á grannsvæðum vatnsverndar.

Allar framkvæmdir innan vatnsverndarsvæðis eru háðar samþykki heilbrigðiseftirlitsins.

Nú er unnið að heildarendurskoðun vatnsverndar á höfuðborgarsvæðinu. Stefna bæjaryfirvalda er að mörkum grannsvæðis og fjarsvæðis sunnan Elliðavatns verði breytt á þann hátt að ný byggð geti risið sunnan vatnsins m.a. í Vatnsvík (C og G reitur), sbr. ákvæði 2.2. í eignarnámssátt Kópavogsbær og ábúanda Vatnsenda frá 30. janúar 2007.

4.1.9 Verndarsvæði vegna strandmengunar og mengunar í ám og vötnum

MARKMIÐ

- Vinna að flokkun strandsvæða og vatnasvæða í Kópavogi.

LEIÐIR

- Samkvæmt lögum og reglugerðum ber sveitarfélögum að láta flokka strandsvæði og vatnasvæði með tilliti til mengunar. Þessi flokkun fari fram á skipulagstímabilinu.
- Hafnir Kópavogs uppfylli skilyrði um Bláfánann.

MARKMIÐ

LEIÐIR

- Samkvæmt lögum og reglugerðum ber sveitarfélögum að láta flokka strandsvæði og vatnasvæði með tilliti til mengunar.

Í VI. kafla reglugerðar nr. 796/1999 m.s.br um varnir gegn mengun vatns skulu heilbrigðisnefndir flokka vatn eftir ástandi þess til að viðhalda náttúrulegu ástandi vatns og til þess að vernda það gegn mengun frá mannlegri starfsemi. Flokkun vatns gildir um yfirborðsvatn og grunnvatn hvarvetna á landinu, þ.m.t. strandsjó. Á skipulagsupprætti svæðis- og aðalskipulags skulu koma fram langtímamarkmið um verndun.

Í samræmi við vatnatilskipun og lög um stjórn vatnamála skal yfirborðs- og grunnvatni flokka í svokölluð vatnshlot og eiginleiki og ástand þeirra metið með það að markmiði að tryggja sem best verndun vatns innan sveitarfélagsins, sbr. Reglugerð 935/2011 um um stjórn vatnamála.

MARKMIÐ

STRANDSVÆÐI

Flokkur I: Strandsvæði mikilvæg vegna nytja, lífríkis, jarðmyndana og útivistar.

Strandsvæðin við Kársnes tilheyra þeim flokki, sbr. friðlýsingu.

Flokkur II: Önnur strandsvæði.

Strandsvæðið við Elliðavatn tilheyrir þeim flokki.

MARKMIÐ

VATNASVÆÐI

Flokkur I: Svæði sem hafa sérstaka þýðingu vegna nytja af ýmsu tagi, lífríkis, jarðmyndana eða útivistar.

Undir þann flokk fellur Elliðavatn ásamt Dimmu en Elliðavatn er eina vatnið sem hefur verið flokkað í samræmi við reglugerðina og var það gert árið 2001-2002. Í skýrslunni Mengunarstaða Elliðavatns 2001- 2002 voru lagðar fram tillögur um vöktun.

Flokkur II: Vötn, ár og lækir sem nýta má til afrennslis.

Kópavogslækur og Fossvogslækur heyra undir þennan flokk og eru nýttir til afrennslis

4.1.10 Skógrækt og uppgræðsla

MARKMIÐ

- Vinna áfram að uppbygginu Græna trefilsins og Græna stígsins.
- Bæta aðgengi að skógræktar- og útivistarsvæðum.

LEIÐIR

- Unnið verði að endurskoðun á afmörkun Græna trefilsins.
- Lögð verði áherslu á skógrækt í Græna treflinum og í Selfjalli.



Í upphafi ræktunar í Guðmundarlundi. Ljóm. www.skogkop.net

MARKMIÐ

- Bæta aðgengi að skógræktar- og útivistarsvæðum.

LEIÐIR

GRÆNI TREFILLINN

Græni trefillinn er samheiti yfir skógræktar,- uppgræðslu- og útivistarsvæði ofan byggðar höfuðborgarsvæðisins. Með markvissri skógrækt í Græna treflinum er unnið að því að bæta aðstöðu íbúa til útivistar, bæta skjól og jafnframt að græða upp land þar sem þess er þörf. Stefnt er að því að Græni trefillinn verði heildstætt falletg útivistarsvæði sem nær allt frá Undirhlíðum í suðri til Mógilsár í norðri og að skógarmörkum á heiðum austur af höfuðborgarsvæðinu. Mörk Græna trefilsins í Kópavogi liggja frá Kjávöllum um Vatnsendaheiði að Heiðmörk í Reykjavík og Garðabæ.

MARKMIÐ

LEIÐIR

NÚVERANDI SKÓGRÆKTARSVÆÐI:

- Vatnsendaheiði. Svæðið allt er um 100 ha. Skógræktarfélag Kópavogs hefur úthlutað um 30 ha svæði til félaga sinna og ýmissa félagasamtaka til ræktunar (landnemaspildum). Grunnskólar Kópavogs hafa frá 1992 fengið plöntur úr Yrkjusjóði æskunnar til ræktunar “Skólaskóga”og hafa skólarnir til umráða 20 ha svæði á Vatnsendaheiði. Um 50 ha eru Landgræðsluskógasvæði.

- Lækjarbotnar: Gróðursett hefur verið í um 24 ha lands í Selhólum í samræmi við samning um Landgræðsluskóga.

- Selfjall: Sumarið 2009 hófust framkvæmdir við skógrækt og uppgræðslu á um 143 ha lands.

Til skamms tíma takmarkaði fjárgirðingin um höfuðborgarsvæðið það land sem hægt var að stunda skógrækt á þar sem lausaganga sauðfjár var utan hennar. Nú fer allt fé í sameiginlegt beitarrhólf á Miðdalsheiði og við það opnuðust stórauknir möguleikar til skógræktar

TAKMÖRKUN Á SKÓGRÆKT

MARKMIÐ

LEIÐIR

MARKMIÐ

LEIÐIR

og landgræðslu. Undanskilið er fé í landi Vatnsenda en landeigandi hefur beitarrétt í Lækjarbotnum samkvæmt samningi við Kópavogsbæ frá 30. janúar 2004. Hér skal þó áréttað að ábúandi Vatnsenda hefur skv. eignarnámssátt frá 30. janúar 2007 rétt til haustbeitar fyrir sauðfé innan Lækjarbotnalands frá Fossvallarétt og upp úr.

MARKMIÐ

LEIÐIR

Samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum er nýræktun skóga á svæðum stærri en 200 ha framkvæmdarleyfisskyld og tilkynningarskyld til Skipulagsstofnunar. Það á einnig við ruðning á náttúrulegum skógi og skógrækt á vernduðum svæðum.

Öll ræktun útlendra tegunda hér á landi er óheimil á friðlýstum svæðum, á jarðmyndunum og vistkerfum er njóta sérstakrar verndar og alls staðar ofan 500 metrar yfir sjávarmál, sbr. reglugerð nr. 583/2000 um innflutning, ræktun og dreifingu útlendra plöntutegunda. Samkvæmt lögum um náttúruvernd 44/1999 skal skógrækt falla sem best að heildarsvipmóti lands og raska ekki náttúru- og menningarminjum.

MARKMIÐ

UPPGRÆDSLUPERKEFNI

Töluverð uppgræðsla hefur verið í landi Kópavogs á undanfórnum áratugum, m.a. í beitarrhólfinu á Miðdalsheiði, norðan Suðurlandsvegarins við Bolaöldu, Sandskeið, í Bláfjöllum og Lækjarbotnum. Allt hey af opnum svæðum í heimalandinu er nýtt við uppgræðsluna.

Tafla 4.9. Ákvæði skógræktar innan einstakrar landnotkunar

SVÆÐI	ÁKVÆÐI
Opin svæði	Þar sem gert er ráð fyrir útivist fyrir almenning er skógrækt heimil. Skógrækt skal falla vel að náttúru og landslagi.
Vernduð svæði	Skógrækt má þó ekki raska vernd-uðum svæðum og eru skilgreind sem náttúru- og menningarminjar.
Landbúnaðarsvæði	Skógrækt er heimil á landbúnaðar-svæðum en annars gilda ákvæði um verndun náttúru- og menningarminja.

4.2 UMHVERFISÁHRIF STEFNU UM UMHVERFI

Stefna aðalskipulags hvað varðar umhverfi er sett fram í kafla 4 í greinargerð aðalskipulagsins.

Uppland Kópavogs er nánast allt skilgreint sem óbyggt en þar eru stór útivistarsvæði eins og Bláfjallafólkvangur, Lækjarbotnar, Selfjall og Reykjanesfólkvangur. Óbyggð svæði eru svæði sem að mestu eru ósnortin og þar sem ákveðið hefur verið að mannleg áhrif verði sem minnst. Um þessi óbyggðu svæði hafa þó verið lagðir útivistarstígar til að auðvelda aðgengi íbúa að þeim og að bjóða upp á sem fjölbreyttasta útivistarmöguleika.

Stefna aðalskipulags varðandi óbyggð svæði felst í því að viðhalda gæðum þeirra þannig að flestir geti notið þeirra með

MARKMIÐ

LEIÐIR

MARKMIÐ

LEIÐIR

MARKMIÐ

LEIÐIR

MARKMIÐ

LEIÐIR

MARKMIÐ

LEIÐIR

verndun og markvissri stýringu í anda sjálfbærrar þróunar. Sú stefna er talin hafa jákvæð áhrif á skilgreinda umhverfisþætti. Óljós áhrif eru vegna mögulegrar uppbyggingar við Þrihnúka en fram hafa komið hugmyndir um að opna gíginn fyrir almenningi og aðstaða gerð til að auðvelda fólki til að skoða jarðfræði og staðhætti. Framkvæmdin er háð umhverfismati og verða umhverfisáhrifin metin á því stigi. Ljóst er að framkvæmdin og uppbygging mannvirkja, s.s. aðkomuvegur, bílastæði, þjónustubygging mun hafa möguleg áhrif á vel flesta umhverfiþætti sem eru til skoðunar en framkvæmdin sem slík samræmist engu að síður stefnu sveitarfélagsins að nýta sem best útivistarmöguleika sem bæjarlandið býður upp á.

Stefna aðalskipulagsins sem snýr að kirkjugörðum er talin hafa óveruleg áhrif í öllum tilfellum enda mun núverandi kirkjugarður duga út skipulagstímabilið og ekki eru lagðar til neinar breytingar í þessum málaflokki.

Í Kópavogi tilheyra stór svæði landnotkunarflokknum opin svæði: Strandlengja Kársness, Fossvogsdalur, Kópavogsdalur, Leirdalur, svæði í Vatnsendahlíð, á Vatnsendaheiði, við Vatnsendahvarf og Elliðavatn eru öll flokkuð sem opin svæði og eru mikilvægir hlekkir í keðju opinna svæða í heimalandi Kópavogs. Stefna aðalskipulags hvað varðar opin svæði er talin hafa jákvæð samfélagsleg áhrif þar sem verið er að auka lífsgæði íbúa með góðu aðgengi að útivistarsvæðum innan þéttbýlisins eða í jafri þess. Öll uppbygging á opnum svæðum eða útivistarsvæðum er þess eðlis að hún munu hafa óveruleg áhrif á aðra umhverfisþætti sem eru til skoðunar.

Stefna aðalskipulags varðandi friðlýst svæði, aðra náttúruvernd, þ.e. svæði á náttúruminjaskrá og minjavernd,



Vatnsendi. Ljósni. L.M

er talin hafa jákvæð áhrif. Kópavogsbærinn og Kópavogshæli hafa verði friðlýst sem og hluti Skerjafjarðar. En markmiðið með friðlýsingu hluta fjarðarins er að vernda lífríki við ströndina, í fjöru og á grunnsævi, einkum og sér í lagi með tilliti til fugla. Jafnframt er markmiðið að vernda útivistar- og fræðslugildi svæðisins sem felst í líffræðilegri fjölbreytni og samrýmist verndun búsvæða fugla vegna mikilvægis fyrir fuglalíf.

Vegna niðurfellingar brunnsvæðis við Djákróka í Garðabæ breyttust mörk vatnsverndar í Kópavogi. Ný vatnsverndarmörk taka mið af verndarsvæði umhverfis Myllulæk og Gvendarbrunna sunnan Elliðavatns í Reykjavík. Markmið breytingarinnar er að tryggja íbúum gott vatn og sem besta sjálfbæra nýtingu á vatni og að varðveita eins mikið af vatnstökusvæðum og unnt er og skynsamlegt er með tilliti til þróunar byggðar.

Bæjarvernd (hverfisvernd) hefur einnig tekið töluverðum breytingum í nýju skipulagi þar sem lögð er til bæjarvernd á 6 svæðum til viðbótar við þau 21 sem fyrir eru og eru þau af ýmsum toga. Bæjarvernd er sett til að vernda jarðmyndanir, lífríki, fornminjar og gamla trjálundi.

Flokkun strandsvæða og vatnasvæða í Kópavogi er talin hafa jákvæð áhrif á alla umhverfisþætti sem eru til skoðunar.

Stefna aðalskipulags hvað varðar skógrækt er talin hafa óveruleg áhrif á umhverfið. Skógræktarsvæði innan Kópavogs eru um 270 ha að stærð. Ekki er sett fram stefna um það að auka skógrækt fyrir utan þá samninga sem gerðir hafa verið.

Almenn stefnumið í málaflokkunum eru talin hafa jákvæð áhrif á alla skilgreinda umhverfisþætti. Helstu neikvæðu áhrif, sem stefnumiðin gætu haft í för með sér eru takmarkanir á uppbyggingu og nýtingu auðlinda vegna verndarákvæða. Aukin bæjarvernd er talin hafa jákvæð áhrif á náttúrufræðilega þætti, andrúmloft og samfélagslega þætti en óverulega á hagræna þætti og auðlindir.

Umfjöllun um valkosti varðandi málaflokkinn, umhverfi, snérist aðallega um val á bæjarverndarsvæðum, afmörkun þeirra. Ekki voru skilgreindir valkostir fyrir önnur stefnumið.

5

- 5.1 SKIPULAGSGÖGN
- 5.1.1 Samgöngur
- 5.1.2 Gatnakerfi
- 5.1.3 Göngu-, hjóla- og reiðstígar
- 5.1.4 Almenningsamgöngur
- 5.1.5 Lestarsamgöngur
- 5.1.6 Flugvellir
- 5.1.7 Bílastæði
- 5.1.8 Hafnarsvæði
- 5.1.9 Varúðarsvæði
- 5.1.10 Veitur og helgunarsvæði
- 5.1.11 Vatnsveita
- 5.1.12 Hitaveita
- 5.1.13 Fráveita
- 5.1.14 Rafveita
- 5.1.15 Boðveita
- 5.1.5 Lestarsamgöngur til skýringar
- 5.1.7 Bílastæði
- 5.2 UMHVERFISÁHRIF STEFNU VEGNA GRUNNKERFA

GRUNNKERFI

5

5.1.1 Samgöngur

Skilgreining: Vegir, götur og tengd mannvirki og helgunarsvæði þeirra, svo sem stofn- og tengibrautir í þéttbýli og stofn- og tengivegi utan þéttbýlis. (gr. 6.2.m í skipulagsreglugerð nr. 90/2012).

MARKMIÐ

- Unnin verði ný umferðaröryggisáætlun fyrir Kópavog frá árinu 2012 verði endurskoðað og á grundvelli hennar framkvæmdaráætlun næstu 10 ár.
- Kópavogsbær stuðli að notkun umhverfisvænni orkugjafa í framtíðinni.
- Stuðlað verði að vistvænum samgöngum og möguleikar fólks til að velja á milli einkabílsins og annars ferðamáta auknir. Um leið verði reynt að draga úr áhrifum samgangna á umhverfið.
- Farartæki Kópavogsbæjar hafi sem minnst skaðleg áhrif á umhverfið.
- Samgöngur verði greiðar og öruggar fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur, almenningsvagna og einkabíla.
- Tryggt verði að stofnbrautakerfi höfuðborgarsvæðisins hindri ekki samgang íbúa milli hverfa.
- Áhersla verði lögð á aukið umferðaröryggi í Kópavogi.
- Við uppbyggingu á samgöngumannvirkjum verði gert ráð fyrir sérstökum stígum fyrir hjólréiðamenn.

5.1 MEGINMARKMIÐ

Það er meginmarkmið Kópavogsbæjar hvað varðar grunnkerfi bæjarins að byggja upp gott, öflugt og öruggt þjónustakerfi sem taki mið af sjálfbærri þróun. Að samgöngur verði öruggar og greiðfærar og leitað verði leiða til að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum bifreiðanotkunar. Efla skal notkun vistvænni samgöngumáta og tryggja öryggi allra vegfarenda óháð ferðamáta.



Gatnamót við Smáralind. Ljós. J.Í.

LEIÐIR:

- Farartæki í eigu bæjarfélagsins skulu knúin vistvænu eldsneyti eða vera umhverfisvæn á annan hátt
- Hvatt verði til aukinnar rafvæðingar vegna notkunar rafbíla.
- Þjónustuaðilar bensinstöðva verði hvattir til að bjóða upp á vistvæna orkugjafa.
- Þjónustustig aðalgatnakerfisins lækki ekki. Gatnaskipulag bæjarins skal byggt á flokkun gatna í húsagötur, safn-, tengi- og stofnbrautir.
- Gatnakerfið verði hannað með öryggi vegfarenda og íbúa í huga og góðum tengingum milli hverfa, þjónustusvæða, göngu- og hjólaleiða.
- Unnið verði eftir umferðarskipulagi Kópavogs þar sem áhersla er lögð á 30 km hraða innan hverfa.
- Gert verði ráð fyrir samgöngumiðstöð á miðsvæðinu við Reykjanesbraut.
- Arnarnesvegur frá Reykjanesbraut að Breiðholtsbraut verði lagður á skipulagstímabilinu.

Í aðalskipulagi skal fjallað um samgöngu- og þjónustakerfi, s.s. flug, hafnir, stíga og vegi og helstu tengingar á milli þeirra og þar með lagður grunnur að gerð deiliskipulags vegna þessara þátta. Einnig er í aðalskipulagi fjallað um umferð um helstu vegi bæjarins og áætlaða þróun umferðar á tímabilinu. Breytingar á samgöngumannvirkjum eru oft háðar mati á umhverfisáhrifum og er því vísað í umhverfismat vegna þeirra.

5.1.2 Gatnakerfi

Gatnakerfið í Kópavogi er flokkað í stofnbrautir, tengibrautir, safnbrautir og húsagötur.

Samkvæmt skipulagsreglugerð eru stofnbrautir aðal-

umferðarbrautir í þéttbýli og tengjast stofnvegakerfi utan þéttbýlis. Tengibrautir tengja einstaka bæjarhluta við stofnbrautarkerfið og nálæga bæjarhluta saman innbyrðis og eru helstu umferðargötur í hverjum bæjarhluta. Stofn- og tengibrautir mynda saman kerfi helstu umferðargatna í þéttbýli.

STOFNBRAUTIR:

- Reykjanesbraut
- Hafnarfjarðarvegur
- Arnarnesvegur
- Suðurlandsvegur

TENGIBRAUTIR

- Kársnesbraut
- Vesturvör
- Urðarbraut
- Borgarholtsbraut
- Nýbýlavegur
- Túnbrekka
- Álfhólsvegur
- Brattabrekka
- Digranesvegur
- Dalvegur
- Smiðjuvegur
- Fífuhvammsvegur
- Smárahvammsvegur
- Hagasmári
- Lindavegur
- Bæjarlind
- Rjúpnavegur
- Vatnsendahvarf
- Þingmannaleið
- Leiðarendi

Safnbrautir og húsagötur eru ekki skilgreindar sérstaklega á þéttbýlisuppdrætti aðalskipulagsins.

ÁÆTLUÐ ÞRÓUN UMFERÐAR

Árið 2012 fóru um 44.200 (ÁDU) bílar á sólarhring um Reykjanesbrautina (milli Breiðholtsbrautar og Víflsstaðavegar) og 42.900 (ÁDU) bílar á sólarhring um Hafnarfjarðarveginn (milli Fossvogslækjar og Kópavogslækjar). Áætlanir gera ráð fyrir fólksfjölgun á höfuðborgarsvæðinu sem getur haft í för með sér aukna umferð. Samkvæmt umferðarspá er talið að umferðin á áður nefndum leiðum verði árið 2024 54.000 bílar á sólarhring um Hafnarfjarðarveginn en 84.000 um Reykjanesbrautina.

Í svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins er gert ráð fyrir lagningu Kópavogsganga undir Kópavogsháls og síðan ofanbyggðarveg frá Arnarnesvegi að Víflsstaðarvatni í Garðabæ.

Á skipulagstímabilinu eru fyrirhugaðar eftirtaldir breytingar á stofnbrautakerfi bæjarins:

- Arnarnesvegur: Gert er ráð fyrir vegi frá Reykjanesbraut að Fífuhvammsvegi við Salaskóla og áfram yfir Vatnsendahvarf og tengist hann inn á Breiðholtsbraut í Reykjavík. Fífuhvammsvegur er skilgreindur sem tengibraut í aðalgatnakerfi bæjarins.



Mynd 5.1 Umferðartölur (umferð bifreiða á sólarhring) fyrir árið 2012. (Vegagerðin 2013).



Mynd 5.2 Umferðartölur (umferð bifreiða á sólarhring) fyrir árið 2024 (Vegagerðin 2013).

- Suðurlandsvegur: Gert er ráð fyrir að byggð verði þrjú mismæg gatnamót eða hringtorg á þeim hluta Suðurlandsvegar sem er innan Kópavogs og tvöföldun á veginum. Vinna skal deiliskipulag af fyrirhuguðum breytingum á veginum frá Hólmsá að Lögbergsbrekku.

Þessar stofnbrautir eru taldar nauðsynlegar til að halda uppi núverandi þjónustustigi á gatnakerfi höfuðborgarsvæðisins. Aðrar breytingar á vegakerfi sem falla munu utan skipulagstímabilsins eru:

- Kópavogsgöng: Í síðustu skipulagsáætlun aðalskipulags er tillaga um stofnbraut frá Smáranum að Hafnarfjarðarvegi við Fossvog. Áfram er reiknað með að stofnbrautin færi um göng undir Kópavog og yrði vestari gangamunninn í Reykjavík við Hafnarfjarðarveg.
- Ofanbyggðarvegur: Tengibraut í aðalgatnakerfi Kópavogs en vegurinn liggur frá Arnarnesvegi við Salaskóla yfir í Garðabæ með tengingum við íbúðarbyggð í Smala- og Hnoðraholti.
- Þríhnúkaavegur: Gert er ráð fyrir vegi (Bláfjallaleið) frá Bláfjallavegi við skíðasvæðið í Bláfjöllum að Þríhnúkum.

5.1.3 Göngu-, hjóla- og reiðstígar

MARKMIÐ

- Unnið verði áfram að uppbyggingu göngu-, hjólastígakerfis um bæjarlandið og það tengt við útivistarsvæðin.
- Hjóla- og göngustígar verði aðskildir á stofnleiðum.

Hlaupið í Kópavogsdal. Ljós. F.B.



LEIÐIR

- Við deiliskipulag nýrrar byggðar verði horft til þess að stígakerfi verði aðgengilegt, öruggt og víðfeðmt.
- Tryggja skal góðar tengingar stígakerfis milli sveitarfélaga, hverfa og útivistarsvæða. Í samvinnu við Reykjavíkurborg verði lagður stígur á milli Salahverfis og Seljahverfis í Reykjavík.
- Gerð verði úttekt á því hvar er þörf á að bæta aðgengi að útivistarsvæðum, sem og ferðaleiðum, fyrir gangandi, hjólandi og ríðandi vegfarendur. Í kjölfarið verði gerð fimm ára framkvæmdaráætlun.
- Unnið verði eftir hjólréiðaráætlun fyrir Kópavogsbæ með áherslu á greiðfært og öruggt stofnstígakerfi og öruggar leiðir milli heimils og skóla.
- Í samvinnu við borgaryfirvöld verði komið á göngu- og hjólatengingu frá Kársnesi yfir Fossvog. Þá reynist nauðsynlegt að færa aðstöðu fyrir skútur frá Ýmishöfn í Fossvogi. Það á einnig við um aðrar skútur sem þangað koma. Lögð hafa verið drög að því að aðstaða fyrir skútur verði í Kársneshöfn. Til að draga úr þeim neikvæðu áhrifum á starfsemi siglingafélaganna er lagt til að hafa fría hæð undir miðri brú sem viðgengst við áþekkar aðstæður í mörgum erlendum borgum.
- Gerður verði útivistarstígur meðfram Elliðavatni. Í samvinnu við borgaryfirvöld verði stígarnir tengdir inn á stígakerfi Reykjavíkur.
- Áfram verði unnið að lagningu Græna stígsins í landi Kópavogs.
- Stígur í Fossvogsdal, um Kársnes, í Kópavogsdal, á Selhrygg og umhverfis Elliðavatn verði auðkenndir og varðaðir með stikum sem sýna vegalengdir til að merkja betur göngu- og hlaupaleiðir um bæjarlandið.
- Markvisst verði unnið að bættri aðstöðu fyrir hjólafólk, t.d. með hjólagrindum og hjólaskýlum.
- Unnið verði áfram að uppbyggingu reiðleiðakerfis innan bæjarlandsins og það tengt við samsvarandi leiðir nágrannasveitarfélaga í samráði við hestamannafélög.
- Gerður verði gönguslóði á bæjarvernduðu svæði meðfram Dimmu sem tengist stígakerfi Elliðaárdals við Breiðholtsbraut.
- Lagðir verði útivistarstígur á Vatnsendaheiði sem tengjast Heiðmörk.

Mikilvægt er að vinna að því að auka daglega nýtingu á stígakerfi Kópavogs. Til að ná því markmiði hefur verið unnin hjólréiðaráætlun til að auka vægi hjólréiðasamgangna til móts við einkabílinn.

Innan hverfa er lögð áhersla á að stytta leiðir íbúa um svæðið og leiðir barna að skólum og leiksvæðum. Einnig eru stígur á milli bæjarhluta og á útivistarsvæðum. Á síðastliðnum árum hefur verið unnið að því að bæta tengingar við aðliggjandi sveitarfélög með góðu stígakerfi sem nýtist fyrir alla íbúa höfuðborgarsvæðisins. Til þess að ná því markmiði er mikilvægt að allt stígakerfi í Kópavogi sé aðgengilegt og öruggt.

Tengingar eru við stígakerfi Reykjavíkur í Fossvogi og á mörgum stöðum um Fossvogsdal til að mynda við Lundarhverfi undir Hafnarfjarðarveg á Kársnesbrautina. Bætt var við tengingu austast í dalnum um göngubrú yfir Reykjanesbraut í Elliðaárdal. Einnig eru undirgöng undir Breiðholtsbraut við Dimmu inn í Elliðaárdal.

Góður stígur er eftir Selhryggnum frá Kórum og niður að Reykjanesbraut með tengingum við Reykjavík.

Stígur er á milli Kópavogs og Garðabæjar um Arnarneshæð meðfram Hafnarfjarðarvegi. Göngustígur úr Smárahverfi á Nónhæð liggja að Arnarnesvegi ásamt undirgöngum. Þegar lokið verður við Arnarnesveginn að Fifuhvammsvegi í Sölum munu bætast við göngu- og hjólatengingar milli sveitarfélaganna.

Á framtíðarsvæði hestamanna á Kjóavöllum verður áhersla lögð á reiðleiðatengingu við útivistarsvæðin við Elliðavatn, Vatnsendahlíð og reiðstígakerfi Reykjavíkur og Garðabæjar en eldri reiðleiðum um Linda- og Salahverfi verður breytt í göngu- og hjólréiðastíga.

GRÆNI STÍGURINN

Hugmyndir eru uppi um að á höfuðborgarsvæðinu verði lagður um 50 km langur malbikaður göngu- og hjólréiðastígur í Græna treflinum. Um tveir km hans eru fyrirhugaðir innan lögsögu Kópavogs. Með stígnum er leitast við að auka enn frekar aðgengi fólks að upplandinu og bæta útivistarmöguleika íbúa alls höfuðborgarsvæðisins. Á Græna stígnum verða svokölluð Græn hlið sem tengja saman svæðin og eru upphafspunktur fólks sem fer inn á Græna stíginn. Hliðin eru yfirleitt kennileiti eða áhugaverðir staðir sem flestir þekkja. Nú þegar hefur fyrsta hliðið verið opnað á höfuðborgarsvæðinu í Guðmundarlundi í Kópavogi og þar er einnig eini frágengni hluti Græna stígsins enn sem komið er.

5.1.4 Almenningsgöngur

MARKMIÐ

- Almenningsgöngur þjóni sem best þörfum íbúa Kópavogs (vegna atvinnu, skóla- og frístundastarfs).
- Þétting byggðar greiðir fyrir betri nýtingu almenningsamgangna.

LEIÐIR

- Unnið verði að bættri þjónustu Strætó bs, t.d. með tíðari ferðum.
- Gönguleiðir að biðstöðvum strætó verði greiðar og öruggar.
- Aðstaða farþega á biðstöðvum verði bætt.
- Aðstaða strætisvagna á biðstöðvum verði bætt.
- Biðstöðvar Strætó fái nafn.
- Unnið verði að því að veita almenningsvögnum forgang í umferðinni, t.d. með sér akreinum og forgangi á umferðarljósum.
- Greina þarf hvar strætisvagnar verða helst fyrir töfum innan bæjarins og leysa úr þeim með breyttu skipulagi ef hægt er.
- Sérstök áhersla verði lögð á almenningsgöngur þar sem byggð er þéttust.
- Við endurskoðun miðsvæðis við Reykjanesbraut verði hugað sérstaklega að almenningsgöngum, m.a. mögulegri staðsetningu skiptistöðvar sem tengdist mögulegu lestarspori meðfram Reykjanesbraut.

Strætó bs. er byggðasamlag í eigu sex sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og sinnir almenningsgöngum á höfuðborgarsvæðinu, þ.m.t. í Kópavogi. Markmið byggðasamlagsins er að efla almenningsgöngur, bæta þjónustu og auka hagkvæmni. Með endurnýjun leiðakerfis árið 2005 var í fyrsta sinn komið á sameiginlegu samræmdu leiðakerfi almenningsamgangna fyrir allt höfuðborgarsvæðið. Aðalskiptisvæði Strætó í Kópavogi er við Hálsatorg við Hamraborgina en þangað liggja leiðir allra vagna sem aka um bæinn sem og vagna til og frá nágrannasveitarfélögum.

Góðar almenningsgöngur eru mikilvægur hluti grunnþjónustu fyrir íbúa höfuðborgarsvæðisins. Nauðsynlegt er að íbúar svæðisins hafi fleiri valkosti en einkabíl til að ferðast á milli staða. Mikilvægt er að almenningsgöngur verði styrktar á þann veg að sem flestir geti nýtt þær.

Stefna Svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins er að skoða þurfi nánar möguleika á almenningsgöngum innan höfuðborgarsvæðisins eins og sporvagna og lestarsamgöngur á ákveðnum leiðum. Þar kemur einnig fram að sveitarfélögnum sé heimilt að sýna útfærslur í skipulagsáætlunum sínum eftir því sem tilefni gefst.



Vatnsendavegur. Ljós. F.B.

5.1.5 Lestarsamgöngur

Gert er ráð fyrir þeim möguleika að hraðlest fari í gegnum Kópavog frá Reykjavík að Flugstöð Leifs Eiríkssonar í Keflavík. Hugmyndin hefur ekki verið útfærð og ekki ákveðið hvort hún verði ofanjarðar eða að hluta meðanjarðar. Í aðalskipulaginu er ekki tekið frá svæði fyrir lestarspor og því er umfjöllunin til skýringar. Líkleg stoppistöð fyrir lestina yrði miðsvæðis í Kópavogi. Nákvæmari útfærsla og staðsetning mun liggja fyrir á síðari stigum, og mun hún krefjast breytinga á aðalskipulagi. Lagning sporbrautar milli Keflavíkurflugvallar og höfuðborgarsvæðisins er háð lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum (tl. 8 í 1. viðauka).



Skólakór Kársness syngur í Guðmundarlundi. Ljós. F.B.

Hjólagrindur við Smáaskóla. Ljós. L.M



5.1.6 Flugvellir

Skilgreining: Tiltekið svæði á láði eða legi, að meðtöldum byggingum og búnaði sem er ætlað til afnota við komu, brottför og hreyfingar loftfara á jörðu niðri. (gr. 6.2.n í skipulagsreglugerð nr. 90/2013).

MARKMIÐ

- Sandskeiðsflugvöllur verði áfram miðstöð æfinga-, svíf og vélflugs á höfuðborgarsvæðinu.

LEIÐIR

- Vinna deiliskipulag af Sandskeiðsflugvelli. Þar komi m.a. fram sá möguleiki að stækka völlinn til vesturs og bæta aðstöðu á athafnasvæði vallarins.

5.1.7 Bílastæði

Í deiliskipulagi skal gera grein fyrir bílastæðafjölda við íbúðar-, atvinnu og verlsunarhúsnæði. Fylgja skal byggingarreglugerð 112/2012 um fjölda stæða fyrir hreyfihamlaða.

5.1.8 Hafnarsvæði

Skilgreining: Svæði fyrir hafnir og hafnarmannvirki þar sem gert er ráð fyrir mannvirkjum og tækjum til móttöku skipa og báta, losunar og lestunar þeirra, geymslu vöru, móttöku og afgreiðslu þessarar vöru til áframhaldandi sjó- eða landflutninga, til móttöku og brottfarar farþega og smábátahafnir (gr. 6.2.o í Skipulagsreglugerð nr. 90/2013).

MARKMIÐ

- Afmörkun athafnasvæðis Kópavogshafnar verði breytt og hún aflögð sem hafskipahöfn og geymslusvæði fyrir gáma, til að draga úr þungaumferð til og frá svæðinu.
- Glæða skal svæðið nýju lífi og starfsemi hafnarinnar þróist í líflega útivistarhöfn fyrir báta og skip sem höfnin ber.
- Hafnarsvæðið verði aðlagð aðliggjandi byggð þar sem verða íbúðir, þjónusta og athafnastarfsemi.

LEIÐIR

- Kópavogshöfn og Ýmishöfn verði Bláfánahafnir þ.e., fái umhverfisvottun.
- Grófari atvinnustarfsemi verði víkjandi.
- Við endurskipulagningu svæðisins verði horft til sjálfbærni byggðarinnar.

Á Sandskeiði er aðstaða fyrir Sviffflugfélag Íslands. Byggir starfsemin á leyfi hreppsnefndar Seltjarnarneshrepps frá 1938 og samþykki bæjarráðs Kópavogs um stækkun athafnasvæðis árið 1993. Með árunum hefur félagið byggt upp aðstöðu sína þar í formi flugvallar, vélageymslu, flugskýlis og annars sem félagið hefur þörf á. Flugvöllurinn er innan vatnsverndarsvæðis, sbr. samkomulag sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu frá 1997. Í reglum með samkomulaginu eru nokkur ákvæði sem varða atvinnurekstur og framkvæmdir og ber að hlíta þeim við skipulag og uppbyggingu við flugvöllinn.

Innanlandsflug er á Reykjavíkflugvelli. Aðflugslínur tveggja flugbrauta eru yfir byggð í Kópavogi, á Kársnesi og í Fossvogsdal og hafa þær áhrif á útfærslu byggðarinnar. Aðflugslínur eru sýndar í deiliskipulagi viðkomandi svæða. Fylgja skal skipulagsreglum fyrir Reykjavíkflugvöll sem tóku í gildi 7. ágúst 2007.



Sandskeiðsvöllur Ljósm. F.B.

Með breyttu skipulagi á hafnarsvæði á Kársnesi verður dregið úr hafnsækinni starfsemi og skilgreint hafnarsvæði víkur fyrir íbúðabyggð og atvinnuhúsnæði. Þetta er breyting frá Aðalskipulagi Kópavogs 2000-2012, í samræmi við breytingu á Svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins staðfest 29. júlí 2009 og auglýst í B-deild Stjórnartíðinda 17. júlí 2009.

Rekja má umrædda breytingu til þess að þróun hafnsækinnar starfsemi hefur verið víkjandi í Kópavogshöfn undanfarin ár en einnig hefur orðið mikil umræða um úrbætur á hluta svæðisins og notkun og nýtingu landfyllinga yst á nesinu.



Kópavogshöfn. Ljósm. L.M.

Tafla 5.1. Yfirlit yfir hafnarsvæði.

NR	HEITI	LÝSING
H-1	Kópavogshöfn	Smábátahöfn, stærð svæðis er um 30 ha. Núverandi hafnarmannvirki verða áfram til staðar, en með uppbyggingu blandaðrar byggðar er stefnt að því að hægt verði að byggja íbúðarsvæði við höfnina og glæða svæðið þannig meira lífi. Stefnt er að því að uppbygging hefjist á skipulagstímabilinu. Mikilvægt að huga vel að göngu- og hjólatengingum sem og bílaumferð, bílastæðum og aðgerðum til að draga úr umferðarhraða.
H-2	Ýmishöfn	Smábátahöfn þar sem Siglingafélagið Ýmir er með aðstöðu. Stærð 1,0 ha.

5.1.9 Varúðarsvæði

Skilgreining: Svæði þar sem heilsu eða öryggi kann að vera ógnað, svo sem vegna hávaða, mengunar, hættulegra efna og kjarr- og skógarelda. (gr. 6.3.2 í skipulagsreglugerð nr. 90/2013).

MARKMIÐ

- Mengun verði innan viðmiðunarmarka.

LEIÐIR

- Gerðar verði áfram reglubundnar mælingar á hljóð- og loftmengun í Kópavogi og metið hvar þurfi að fara í úrbætur vegna þessa.
- Loft- og hávaðamengun vegna umferðar, s.s. bifreiða og flugvéla, verði innan viðmiðunarmarka. Unnin verði samþykkt um hljóðvarnargler í íbúðarhúsi við umferðarmiklar götur.
- Sinubreiður, s.s. lúpínubreiður, verði metnar með tilliti til brunahættu vegna nálægðar við byggð.

Viðmiðunarmörk fyrir loftmengun og hávaða eru uppgefin í viðeigandi reglugerðum. Kópavogsbær á færanlega mælistöð sem mælir loftgæði. Er hún í umsjá Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis. Stefnt er að því að á skipulagstímabilinu verði fylgst með loftmengun á völdum stöðum í Kópavogi og niðurstöður þess bornar saman við viðmiðunarmörk.

Með aukinni umferð eykst hávaði frá umferð. Við uppbyggingu íbúðarhverfa og samgönguæða er mikilvægt að leitað verði leiða til að lágmarka hávaða frá umferð, t.a.m. að við gerð deiliskipulags verði horft til þess að draga úr hávaða með viðeigandi ráðstöfunum og kvöðum.

5.1.10 Veitur og helgunarsvæði

MARKMIÐ

- Veitur Kópavogsbæjar séu í hæsta gæðaflokki og valdi ekki skaða á lífríkinu.

LEIÐIR:

- Stefna skal að því að háspennulínur innan svæðisins skuli ekki fjölgað en frekar horft til þess að setja háspennustrengi í jörðu eða auka flutningsgetu núverandi háspennulína með hærri spennu.
- Allir íbúar bæjarins geti tengst háhraða interneti.
- Eftirlit verði haft með vatnsverndarsvæðum og vöktun á neysl vatni.
- Koma skal í veg fyrir rask á verndarsvæðum vatnsbólá sem getur haft í för með sér óafturkræfar afleiðingar.
- Tryggja ber áfram reglubundna lekaleit á dreifikerfi Vatnsveitu Kópavogs
- Lokið verði framkvæmdum við aðskilnað ofanvatnslagna og skólplagna í Kópavogi.
- Vinna markvisst að því að regnvatn af götum Kópavogs fari í settjarnir eða aðrar ofanvatnslausnir áður en það fer í viðtaka.

Veitur Kópavogsbæjar sjá um hluta þeirrar grunnþjónustu sem bærinn býður upp á. Mikilvægt er að allar breytingar á veitunum verði vel ígrundaðar og í samræmi við sjálfbæra þróun og án þess að skaða náttúru- og menningarleg verðmæti bæjarins. Helgunarsvæði háspennulína er mismunandi breitt en því hærri sem spennan er á rafkerfinu því breiðara er helgunarsvæðið. Helgunarsvæðin koma fram á bæði þéttbýlisuppdrætti og sveitarfélagsuppdrætti aðalskipulagsins.

Við skipulag nýrra svæða og breytingar á eldra skipulagi verður þess gætt að tryggja rými fyrir nauðsynleg veitukerfi, stofn- og dreifikerfi þannig að þau anni eftirspurn eftir þjónustu. Meðal helstu veitukerfa má nefna: Nýjar aðveitustöðvar rafmagns, aukna flutningsgetu rafkerfis og lagningu afkastameiri hitaveitulagna.

5.1.11 Vatnsveita

Þann 23. nóvember 2007 tók Kópavogsbær í notkun sitt eigið vatnsból í Vatnsendakrikum í Heiðmörk og gerði einnig samning við Garðabæ um vatnsöflun næstu 40 ár. Boraðar voru fjórar vinnsluholur sem vatni er dælt uppúr. Til vatnsveitunnar tilheyra stofnlagnir, dreifikerfi, heimæðar og allur nauðsynlegur tækjabúnaður og mannvirki.

Við byggingu mannvirkjanna var reynt að laga frágang þeirra að umhverfinu til að sem minnst bæri á þeim.

5.1.12 Hitaveita

Kópavogsbúar kaupa heitt vatn af Orkuveitu Reykjavíkur sem sér um dreifingu. Orkuveitan á og rekur hitaveituaðar í Kópavogi.

5.1.13 Fráveita

Kópavogsbær á og rekur fráveitukerfi bæjarins. Þrýstilögn yfir í Reykjavík, dælustöðvar og yfirfalls útrásir í sjó eru í sameiginlegri eigu og rekstri með Reykjavíkurborg og Garðabæ.

Fráveitukerfi bæjarins hefur verið endurnýjað á undanförunum tuttugu og fimm árum og komið er tvöfalt kerfi, þ.e. aðskildar lagnir fyrir skolp frá húsum annars vegar og hitaveituvatn úr húsum og regnvatn frá götum og lóðum hins vegar að stórum hluta.

Í Kópavogi eru tvö stofnræsi, Kársnesveita og Fossvogsræsi. Kársnesveita liggur um Kársnes og upp Kópavogsdalinn. Hún tekur við skólpi frá suðurhluta Vatnsenda í Kópavogsdal og út Kársnesið í dælistöð við Sunnubraut. Í dælistöðina kemur stofnlögn Garðabæjar inn á fráveitu Kópavogs og fer þaðan í dælistöðina við Hafnarbraut undir Fossvoginn í Skerjafjarðarveitu í Reykjavík. Fossvogsveita tekur við skólpi frá norðurhluta Vatnsenda og fer niður í Elliðaárdal og þaðan í Fossvog og beint í Skerjafjarðarveitu. Þaðan fer allt skolp í hreinsistöð við Ánanaust í Reykjavík. Öllu skolpi í Kópavogi er veitt í fullkomið fráveitukerfi og hreinsað áður en það fer út í sjó og eru því skilyrði mengunarvarnareglugerðar uppfyllt fyrir strendur í lögsögu Kópavogs.

Í Kópavogi hefur markvisst verið unnið að því að regnvatni verði veitt í settjarnir áður en það fer út í sjó. Það er gert til þess að óæskileg mengandi efni úr vatni sem runnið hefur eftir götum bæjarins fari fyrst í settjarnirnar þar sem efnið fellur til botns áður en vatninu er veitt út í sjó. Þessi vinna er vel á veg komin en nú fer aðeins regnvatn af Kársnesi beint út í sjó. Ofanvatn frá öðrum hverfum bæjarins fara í settjarnir. Regnvatnslögn liggur meðfram Elliðavatni og tekur við ofanvatni frá íbúðarhúsum í hverfunum í kring. Settjörn er komin við Vatnsendahvarf sem tekur við vatni frá atvinnusvæðinu og á áætlan er settjörn við stífluna við Elliðavatn og ána Dimmu. Einnig er sameiginleg settjörn með Reykjavík við mislægu gatnamótin við Smiðjuhverfið.

Fylgst er með hugsanlegri mengun í fráveitukerfinu. Bærinn fylgir þeim stöðlum og kröfum í fráveitumálum sem settir eru í lögum og reglugerðum. Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis fylgist með viðtaka og leitar orsaka mengunar ef hún mælist



Mynd 5-5. Stofnveitur vatnsveita og fráveita



Mynd 5-6. Stofnveitur hitaveitu.



Mynd 5-7. Stofnveitur rafveitu.

5.1.14 Rafveita

Kópavogsbúar kaupa rafmagn af Orkuveitu Reykjavíkur sem sér um dreifingu. Orkuveitan á og rekur flutningskerfi rafmagns til notenda í Kópavogi. Gatnalýsing er í eigu Kópavogsbæjar og Orkuveita Reykjavíkur annast rekstur hennar.

Árið 2009 var samþykkt að bæta við tveimur háspennulínum á lagnaleið Kolviðarhólslínu 2 (220 kV) og eru bær Sandskeiðslína (400 kV) og Búrfellslína (400 kV) og liggja allar ofan Selfjalls og Húsafells. Við Lyklafell við Sandskeið er svo Búrfellslína 3 (400 kV) og Kolviðarhólslína 1 og 2 (220 kV). Hamraneslínur eru víkjandi og munu verða teknar niður þegar Sandskeiðslína 1 og Búrfellslína 3 verða reistar.

Samkvæmt reglugerð 586/2004 skal tilgreina lágmarks-fjarlægðir háspennulína til annarra mannvirkja sem og opinna svæða til sérstakra nota. Ræktun hávaxinna plöntutegunda innan helgunarsvæðis er óæskileg og skal neðangreind regla gilda um fjarlægð trjáa frá háspennulínum. Fjarlægðin miðast við að hún sé hæð fullvaxinna trjáa sinnum 1,5. Reglugerðin vísar til íslenskra staðla sem ákvarða m.a. helgunarsvæði meðfram háspennulínum þar sem ekki er heimilt að reisa nein mannvirki á. Við framkvæmdir og við skipulag nýrra svæða skal gera ráð fyrir eftirfarandi helgunarsvæði (byggingarbann) háspennulína.

Helgunarsvæði háspennulínanna:

- Kolviðarhólslína 1 og 2: 65-85 metrar.
- Sandskeiðslína 1: 75-90 metrar.
- Búrfellslína 3: 75- 90 metrar.
- Hamraneslínur 1 og 2: 65-85 metrar.

Orkuspárnefnd gerir ráð fyrir að raforkusala á núverandi veitusvæði Orkuveitunnar á höfuðborgarsvæðinu muni aukast um 66% frá 2010 til loka ársins 2030.

Uppbygging aðveitu- og dreifikerfis fyrir raforku tekur sérstaklega mið af þróun byggðar og landnýtingu á einstökum svæðum. Ákvarðanir bæjaryfirvalda (og annarra sveitarfélaga á veitusvæðinu) um staðarval nýrrar íbúðarbyggðar, iðnaðar- og þjónusutsvæða og hugsanlegra orkukrefjandi fyrirtækja hafa þannig verulega áhrif. Meðal helstu framkvæmda má nefna að skoða þarf stækkun á aðveituspennum í Aðveitustöð við Hnoðraholt ásamt endurbótum á 132 kV rofabúnaði en einnig þarf að færa 132 kV strengi vegna gatnframkvæmda við Arnarnesveg frá Reykjanesbraut að Fífuhvamsvegi.

Á skipulagstímabilinu er gert ráð fyrir auknu álagi á rafdreifikerfi vegna fjölgunar á umhverfisvænum farartækjum. Núverandi uppbygging rafdreifikerfisins gerir ekki ráð fyrir álagi vegna hleðslu umhverfisvænna farartækja, en gert er ráð fyrir aukningu á fjölda rafknúinna ökutækja á skipulagstímabilinu sem kallar á styrkingu rafdreifikerfisins.

Gatnalýsing er í eigu Kópavogsbæjar og Orkuveita Reykjavíkur annast rekstur hennar.

5.1.15 Boðveita

Kópavogur sér ekki um ljósleiðarakerfi né önnur kapalkerfi í sveitarfélaginu en dreifikerfi fyrir fjarskiptalagnir eru í eigu tveggja fyrirtækja, Gagnaveitu Reykjavíkur og Mílu. Efst í Vatnsendahvarfi er land í eigu ríkisins 0,9 ha að flatarmáli. Á svæðinu eru m.a. fjarskiptamöstur og tilheyrandi mannvirki. Svæðið er skilgreint með landnotkuninni samfélagsþjónusta og fær númerið S-60.

5.2 UMHVERFISÁHRIF STEFNU VEGNA GRUNNKERFA

Stefna aðalskipulags varðandi vegi, þ.e. ný samgöngumannvirki, er í flestum tilfellum talin hafa jákvæð eða óveruleg áhrif í för með sér. Neikvæð áhrif geta orðið á hljóðvist og loftgæði þar sem nýir vegir eru fyrirhugaðir nærri íbúðarbyggð.

Stefna aðalskipulags vegna göngu-, hjóla- og reiðstíga er talin hafa jákvæð áhrif á alla umhverfisþætti sem til skoðunar eru. Gera má ráð fyrir að styrking vistvænna ferðamáta eins og hjóleiða, almenningssamgangna og uppbygging gangstíga



Mynd 5-8. Boðveita.

dragi úr útblæstri og hafi þannig jákvæð áhrif á andrúmsloft og veðurfar. Við lagningu göngustíga um viðkvæm svæði er mikilvægt að velja leiðir gaumgæfilega og raska umhverfinu sem minnst.

Stefna aðalskipulags hvað varðar svifflugvöll á Sandskeiði er talin hafa óveruleg áhrif í för með sér enda eru ekki lagðar til neinar breytingar á þeirri starfsemi. Flugvöllurinn er innan vatnsverndarsvæðis, sbr. samkomulag sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu frá 1997. Í reglum með samkomulaginu eru nokkur ákvæði sem varða atvinnurekstur og framkvæmdir og ber að hlíta þeim við skipulag og uppbyggingu við flugvöllinn.

Með breyttu skipulagi á hafnarsvæði á Kársnesi verði hafnsækin starfsemi víkjandi og skilgreint hafnarsvæði víkur fyrir blandaðri byggð íbúða- og atvinnuhúsnaðis. Ástæður þess má einkum rekja til þess að þróun hafnsækinnar starfsemi hefur verið víkjandi í Kópavogshöfn undanfarin ár.

Stefna aðalskipulags vegna varúðarsvæða hefur óveruleg áhrif í för með sér enda engin slík svæði skilgreind í aðalskipulaginu.

Stefna aðalskipulags varðandi grunnkerfi og helgunarsvæði, þ.e. veitumannvirki og helgunarsvæði þeirra, snýr að því að halda áfram með uppbyggingu þeirra samfara uppbyggingu á íbúðarhverfum og annarri uppbyggingu. Ekki er gert ráð fyrir breytingum á vatnsveitu eða hitaveitu annarri en samfara uppbyggingu í íbúðarhverfum og eru áhrif á umhverfisþætti talin vera óveruleg á flesta þætti en jákvæð á samfélagslega þætti. Uppbygging fráveitukerfis eru jákvæði á alla umhverfisþætti. Það er stefna endurskoðaðs aðalskipulags varðandi stofnkerfi rafveitna að háspennulínum innan svæðisins skuli ekki fjölgað en frekar horft til þess að grafa háspennustrengi í jörðu eða auka flutningsgetu núverandi háspennulína með hærri spennu. Stefna um stofnkerfi rafveitu er talin hafa jákvæð áhrif á náttúrfarslega þætti og samfélag en ekki er talið að slík stefna hafi áhrif á aðra umhverfisþætti.

6

- 6.1 MEGINMARKMIÐ:
- 6.2 ÍÞRÓTTAMÁL
- 6.2.1 Íþróttasvæði
- 6.3 SAMFÉLAGSÞJÓNUSTA
- 6.3.1 Frítímaþjónusta
- 6.3.2 Leikskólar
- 6.3.3 Gæsluvellir
- 6.3.4 Grunnskólar
- 6.3.5 Framhaldsskólar
- 6.3.6 Aðrir skólar, kirkjur og trúfélög
- 6.3.7 Menningarmál
- 6.3.8 Félagsþjónusta
- 6.3.9 Málefni aldraðra
- 6.3.10 Málefni fatlaðs fólks
- 6.3.11 Heilbrigðismál
- 6.4 STJÓRNSÝSLA
- 6.5 UMHVERFISÁHRIF STEFNU UM SAMFÉLAG

SAMFÉLAG

6

6.1 MEGINMARKMIÐ

Unnið verði markvisst að því að byggja upp samfélag sem einkennist af gæðum byggðar, góðum tengingum við útivistarsvæði og þjónustu við íbúa það sé byggt upp með hagsmuni allra að leiðarljósi, bæði núverandi og komandi kynslóða. Að íbúar bæjarins hafi sem jafnastan aðgang að þjónustu í bænum og bæjarbúar á öllum aldri geti notið frítímans við íþróttaiðkun og útivist í sínu hverfi.



Kópavogsvöllur. Ljós. B.M.

6.2 ÍPRÓTTAMÁL

6.2.1 Íþróttasvæði

Skilgreining: Svæði fyrir landfreka íþróttastöðu aðra en þá sem þjónar tilteknu hverfi, svo sem skeiðvelli og hesthúsabyggð, akstursíþróttasvæði, golfvelli og stærri íþróttamiðstöðvar. (gr. 6.2.j í skipulagsreglugerð 90/2013).

MARKMIÐ

- Skapaðar verði aðstæður fyrir alla aldurshópa til heilsuræktar, íþróttar- og tómsundarstarfs og útivistar.
- Allir íbúar hafi aðgang að góðum útivistarsvæðum í göngufæri frá heimilum sínum.
- Yngstu börnunum verði gert kleift að stunda íþróttar- og tómsundastarf í sínu hverfi.

LEIÐIR

- Boðið verði upp á fjölbreytta aðstöðu til útivistar og íþróttaiðkunar í tengslum við íbúðarhverfi bæjarins.
- Börnum og unglimum verði gert kleift að stunda íþróttar- og tómsundastarf við sitt hæfi óháð búsetu. Í því skyni verði komið á almennum og traustum samgöngum á milli helstu íþróttar- og tómsundamannvirkja.

Í Kópavogi er aðstaða fyrir flestar íþróttgreinar hvort sem þær eru stundaðar innan- eða utanhús. Þar er hægt að stunda flestar inni íþróttgreinar allt árið. Í bænum eru tvær sundlaugar, golfvöllur, siglingarklúbbur, níu íþróttahúsi, við Kópavogsskóla, Kársnesskóla, Snælandsskóla og Lindaskóla í Digranesi, Fagralundi, Smáranum, Versölum og Kórnum. Jafnframt eru tvö fjölnota knatt- og sýningarhús, Fífan í Smáranum og Kórinn í Vatnsendahverfi. Gert er ráð fyrir íþróttahúsi við Vatnsendaskóla. Einnig eru fleiri íþróttahús og líkamsræktarstöðvar sem reknar eru af einkaaðilum. Hesthúsasvæði Spretts er á Kjóavöllum. Þar er reiðskemma og skeiðvelli.

Tafla 6.1. Yfirlit yfir íþróttasvæði

NR	HEITI	LÝSING
Kársnes		
Íþ-1	Ýmishöfn	Við Naustavör 20 er aðstaða Siglingafélagsins Ýmis sem byggð var 2009. Á svæðinu er félagsaðstaða, bátaskýli, bryggja og ölduvári. Stærð 1,0 ha.
Íþ-2	Sundlaug Kópavogs	Sundlaug Kópavogs er staðsett við Borgarholtsbraut en þar er 50x25m útilaug ásamt 25x15m innilaug, heitum pottum, rennibraut, eimbaði og líkamsræktarstöð. Stærð 1,6 ha.
Digranes		
Íþ-3	Fossvogsdalur	Í Fossvogsdal er Fagrilundur, íþróttasvæði HK. Þar er gervigrasvöllur, þrjár æfingavellir fyrir knattspyrnu, strandblakvellir og íþróttahús. Íþróttahús Snælandsskóla er einnig í Fossvogsdal. Stærð svæðis 5,0 ha. Samkomulag er á milli Kópavogs og Reykjavíkur um að Kópavogur nýti land Reykjavíkur fyrir starfsemi HK og að Reykjavíkurborg nýti land í Kópavogi fyrir Víkingssvæðið.
Íþ-4	Kópavogsdalur	Kópavogsvöllur er í Kópavogsdal ásamt íþróttasvæði Breiðabliks en á því er íþróttahúsið Smárin, fjórir æfingavellir og kastvöllur. Í dalnum er einnig fjölnota húsið Fífan, tennishöll og tennisvellir, ásamt Smárahvammsvelli. Stærð 20 ha.
Íþ-5	Vallargerðisvöllur	Vallargerðisvöllur við Kársnesskóla er eini malaræfingavöllur fyrir knattspyrnu í Kópavogi. Hann hentar til skautasvells í frostatið á veturnum. Stærð 0,5 ha.
Fífuhvammur		
Íþ-6	Leirdalur / Vetrarmýri	Golfvöllur Golfklúbbs Kópavogs og Garðabæjar er í Vetrarmýri í landi Vífilstaða í Garðabæ og í Leirdal milli Salahverfis og Rjúpnahæðar í Kópavogi. Völlurinn er 27 holar. GKG sér um rekstur og uppbyggingu á vallarsvæðinu með aðstöð beggja sveitarfélaganna. Stærð svæðis er 16 ha í Kópavogi og 46 ha í Garðabæ.
Íþ-7	Versalir	Í íþróttamiðstöðinni Versölum er önnur af tveimur almenningssundlaugum bæjarins með 25x15m útilaug, 16,7x10m innilaug, auk íþróttahúss fyrir fimleika, líkamsræktarstöðvar og æfingasvæðis fyrir knattspyrnu. Stærð 3,4 ha.
Vatnsendi		
Íþ-8	Kjóavellir	Hestamannafélagið Spretur hefur aðsetur á Kjóavöllum. Svæðið er í kvosinni á milli Vatnsendahlíðar, Rjúpnahæðar og Sandahlíðar. Auk hesthúsa og aðstöðu fyrir hestamenn rúmar svæðið keppnishöll, útiþróttavelli, skeiðbrautir, áhorfendapalla og dómarsvæði. Stærð er um 80 ha, þar af um 25 ha innan lögsögu Kópavogs.
Íþ-9	Kórinn	Íþróttamiðstöðin Kórinn. Yfirbyggður knattspyrnuvöllur með áhorfendastúku og aðstöðu fyrir frjálsar íþróttir. Íþróttamiðstöðin er með tveimur handboltavöllum í fullri stærð sem og þjónusturými. Undir áhorfendapöllum eru salir fyrir aðrar innanhúsíþróttir, s.s. golf og dans. Ófrágengin er sundlaug og líkamsræktarstöð í íþróttamiðstöðinni. Stærð 6,3 ha.
Uppland		
Íþ-10	Bláfjöll	Skíðasvæði höfuðborgarsvæðisins er í Bláfjöllum og er rekið sameiginlega af sveitarfélögum sem aðild eiga að Bláfjallafólkvangi. Þar er Skíðamiðstöð Kópavogs, Breiðablik. Skíðasvæði höfuðborgarsvæðisins er með aðstöðu fyrir gönguskíða-, svig- og snjóbrettaíþróttir. Stærð 390 ha.



Leikvöllur við Hlíðarhalla. Ljós. L.M.

6.3 SAMFÉLAGSPJÓNUSTA

Skilgreining: Svæði fyrir stofnanir og fyrirtæki sem óháð eignaraðild veita almenna þjónustu við samfélagið, svo sem menntastofnanir, heilbrigðisstofnanir, menningarstofnanir, félagslegar stofnanir, trúarstofnanir og aðrar þjónustustofnanir ríkis, sveitarfélaga eða annarra aðila. (gr. 6.2.d í Skipulagsreglugerð nr. 90 / 2013).

6.3.1 Frítímapjónusta

MARKMIÐ

- Félagsmiðstöðvar, æskulýðs- og tómstundastarf, verði í hverju hverfi í Kópavogsbæ.
- Hugað verði vel að þróun íbúasamsetningar í Kópavogi með tilliti til hlutfalls aldraðra.

LEIÐIR

- Við uppbyggingu nýrra hverfa verði gert ráð fyrir félagsmiðstöð í tengslum við grunnskóla.
- Aldraðir hafi næg tækifæri til að stunda félagsstarf og sinna áhugamálum sínum.
- Leitast verði við að varðveita menningararf milli kynslóða og koma á virku samstarfi milli þeirra.

6.3.2 Leikskólar

MARKMIÐ

- Vinna markvisst að metnaðarfullu og framsæknu leikskólastarfi þar sem velferð barna og starfsfólks er í fyrirrúmi.
- Miða skal að jafnaði við að tveir leikskólar verði í hverju skólahverfi.

LEIÐIR

- Hönnun húsnæðis taki mið af þörfum starfseminnar hverju sinni.
- Í skipulagi er tekið mið af staðsetningu leikskóla þar sem öryggi barna er haft að leiðarljósi, tengsl við íbúðarbyggð, útivistarsvæði og grunnskóla.
- Sköpuð verði aðstaða til umhverfisfræðslu í leikskólum meðal annars með útikennslu.

Í Kópavogi eru 21 leikskólar, þar af eru tveir reknir með þjónustusamningi og einn einkarekinn. Samtals voru 2089 leikskólarými í Kópavogi í nóvember 2012. Það ár voru 2578 börn á leikskólaaldri (1-5 ára) í bænum og hafði fjölgað um 666 börn frá desember 2001.

Alls voru 2087 börn í leikskólum í Kópavogi í nóvember 2012 eða 81% barna á leikskólaaldri. Auk þess greiðir Kópavogsbær framlag með um 100 börnum í einkaleikskólum. Hækkar það hlutfall barna í leikskólum í 86%. Haustið 2012 voru teknar í notkun tvær lausar kennslustofur við leikskólann Baug. Þá bættust við 32 rými. Öllum börnum í fjórum elstu árgöngum var boðin leikskóladvöl haustið 2011 og voru þá aðeins börn

í yngsta árgangi á biðlista. Í nóvember 2011 voru börn í einkareknum leikskólum 99 talsins sem hækkar hlutfall barna á leikskólaaldri í leikskólum í Kópavogi í um 88%.

Í hverfum fyrir um 3000 íbúa er gert ráð fyrir tveimur leikskólum. Meta þarf þörf fyrir nýja leikskóla á nýbyggingarsvæðum eftir því sem þau byggjast upp en þegar er búið að gera ráð fyrir leikskólum við Austurkór, Vatnsendahlíð og við Guláþing. Þá verða skoðaðar, ef þörf þykir, ýmsar hugmyndir um fjölgun leikskólarýma að öðru leyti en með nýbyggingum, t.d. að nýta húsnæði sem til er eða bæta við lausum stofum.

FÉLAGSMIÐSTÖÐVAR BARN- OG UNGLINGA

Félagsmiðstöðvar eru tómstundavettvangur fyrir unglinga 13 til 16 ára. En að auki er í vaxandi mæli boðið upp á tómstundastarf fyrir 10 til 12 ára börn. Félagsmiðstöðvarnar tilheyra Forvarna - og frístundadeild bæjarins en starfið fer fram innan húsnæðis grunnskóla bæjarins. Í Kópavogi eru starfræktar níu félagsmiðstöðvar. Þær eru Dimma í Vatnsendaskóla, Ekkó í Kársnesskóla, Fönix í Salaskóla, Igló í Snælandsskóla, Jemen í Lindaskóla, Kjarninn í Kópavogsskóla, Kúlan í Hörðuvallaskóla, Pegasus í Álfhólsskóla og Þeba í Smáraskóla.

FÉLAGSMIÐSTÖÐVAR ELDRI BORGARA

Kópavogsbær rekur þrjár félagsmiðstöðvar fyrir eldri borgara Gjábakka, Gullmára og Boðann. Þær eru opnar fyrir fólk á öllum aldri enda þótt starfsemin þar sé sérstaklega ætluð eftirlaunafólki búsettu í Kópavogi. Í boði er fjölbreytt félags- og tómstundastarf og lögð er áhersla á að starfsemin byggji á þátttöku fólksins.

6.3.3 Gæsluvellir

Í Kópavogi eru fjórir gæsluvellir: Holtsvöllur við Borgarholtsbraut, Hjallavöllur við Efstahjalla, Lækjavöllur við Dalsmára og Hvammsvöllur við Hvammsveg. Þessir fjórir gæsluvellir eru allir opnir á sumrin en tveir þeirra, Holtsvöllur og Lækjavöllur, eru einnig opnir hálfan daginn yfir vetrartímann. Ýmsar hugmyndir eru uppi um nýtingu húsnæðis og lóða gæsluvallanna, t.d. fyrir dagforeldra eða að þeir verði útibú frá leikskólum.

Tafla 6.2.1. Yfirlit yfir leikskóla.

NR	HEITI	LÝSING
Kársnes		
S-1	Marbakki	Leikskólinn Marbakki tók til starfa 1986, er fimm deilda leikskóli. Byggt var við skólann árið 2009. Breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar eru heimilar, sem falla að nýtingu svæðisins sem samfélagsþjónustu. Stærð 0,4 ha.
S2	Kópasteinn	Leikskólinn Kópasteinn var opnaður formlega 1964 og er fyrsti leikskólinn í Kópavogsbæ. Kópasteinn er fimm deilda leikskóli. Breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar, sem falla að nýtingu svæðisins sem samfélagsþjónustu, eru heimilar. Stærð 0,3 ha.
S-3	Undraland	Á reitnum er einkarekinn leikskóli en breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar, sem falla að nýtingu svæðisins sem samfélagsþjónustu, eru heimilar. Stærð 0,2 ha.
S - 4 og 5	Urðarhóll/Stubbasel	Urðarhóll var opnaður árið 2000. Leikskólanum tilheyra einnig tvær deildir: Skólatröð og Stubbasel. Samtals eru sjó deildir í Urðarhóli. Breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar, sem falla að nýtingu svæðisins sem samfélagsþjónustu, eru heimilar. Stærð 0,5 ha.
Digranes		
S-5	Urðarhóll/Skólatröð	Á reitnum eru tvær deildir leikskólans Urðarhóls. Breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar, sem falla að nýtingu svæðisins sem samfélagsþjónustu, eru heimilar. Stærð 0,2 ha.
S-6	Lundur	Óbyggt svæði ætlað fyrir leikskóla. Stærð: 0,2 ha
S-7	Kópahvoll	Leikskólinn Kópahvoll er við Bjarnhólastíg og stendur á hæð rétt við Víghólinn, sem er friðað svæði. Leikskólinn Kópahvoll var opnaður 11. maí 1970 og var hann fyrsti leikskólinn sem byggður er sem slíkur hér í Kópavogi. Byggð var ný álma við leikskólann 1993. Síðan var safnaðarheimili Digranessóknar breytt í leikskóladeild 1995. Í dag eru fjórar deildir við skólann. Breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar, sem falla að nýtingu svæðisins sem samfélagsþjónustu, eru heimilar. Stærð 0,2 ha.
S-8	Furugrund	Furugrund hóf starfsemi sína 1978. Furugrund er fjögurra deilda leikskóli. Breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar, sem falla að nýtingu svæðisins sem samfélagsþjónustu, eru heimilar. Stærð 0,2 ha.
S-9	Grænatún	Leikskólinn Grænatún tók til starfa 1984. Grænatún er þriggja deilda leikskóli. Breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar, sem falla að nýtingu svæðisins sem samfélagsþjónustu, eru heimilar. Stærð 0,2 ha.
S-10	Fagrabrekka	Leikskólinn Fagrabrekka var opnaður 1976. Leikskólinn er fjögurra deilda. Breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar eru heimilar, sem falla að nýtingu svæðisins sem samfélagsþjónustu. Stærð 0,2 ha.
S-11	Álfaheiði	Leikskólinn Álfaheiði tók til starfa 1990 og er fjögurra deilda leikskóli. Breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar, sem falla að nýtingu svæðisins sem samfélagsþjónustu, eru heimilar. Stærð 0,4 ha.
S-12	Álfatún	Leikskólinn Álfatún tók til starfa í nóvember 2001 og er fimm deilda leikskóli. Breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar, sem falla að nýtingu svæðisins sem samfélagsþjónustu, eru heimilar. Stærð 0,2 ha.
S-13	Efstihjalli	Leikskólinn Efstihjalli tók til starfa 1982. Haustið 2002 var tveimur deildum bætt við leikskólann þannig að í dag er hann fimm deilda. Breytingar á núverandi húsnæði og nýbygginga, sem falla að nýtingu svæðisins sem samfélagsþjónustu, eru heimilar. Stærð 1 ha.
Smárar		
S-14	Lækur	Lækur er fjögurra deilda leikskóli og Kjarríð tveggja deilda. Breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar, sem falla að nýtingu svæðisins sem samfélagsþjónustu, eru heimilar. Stærð 0,5 ha.
S-15	Arnarsmári	Leikskólinn Arnarsmári tók til starfa í janúar 1998. Arnarsmári er fjögurra deilda skóli. Breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar, sem falla að nýtingu svæðisins sem samfélagsþjónustu, eru heimilar. Stærð 0,5 ha.



Leikskólinn Kópasteinn. Ljóm. J.Í.

Tafla 6.2.2. Yfirlit yfir leikskóla

NR	HEITI	LÝSING
Fífuhvammur		
S-16	Núpur	Leikskólinn Núpur tók til starfa í janúar 2000. Bætt var við lausri stofu við skólann og er hann nú fimm deilda. Breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar, sem falla að nýtingu svæðisins sem samfélagsþjónustu, eru heimilar. Stærð 0,5 ha.
S-17	Dalur	Leikskólinn Dalur er fjögurra deilda leikskóli og tók til starfa 1998. Breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar, sem falla að nýtingu svæðisins sem samfélagsþjónustu, eru heimilar. Stærð 0,3 ha.
S-18	Hvamsvegur	Leikskólinn Fífuhvammur. Stærð 0,3 ha.
S-19	Fífusalir	Leikskólinn Fífusalir er sex deilda leikskóli sem tók til starfa síðla árs 2001. Breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar, sem falla að nýtingu svæðisins sem samfélagsþjónustu, eru heimilar. Stærð 0,4 ha.
S-20	Rjúpnahæð	Rjúpnahæð er sex deilda leikskóli. Breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar, sem falla að nýtingu svæðisins sem samfélagsþjónustu, eru heimilar. Stærð 0,5 ha.
Vatnsendi		
S-21	Austurkór	Hafin er bygging leikskólans Austurkórs og áætlað að hann taki til starfa á vorönn 2014. Þar munu dvelja 120 börn. Stærð 0,6 ha.
S-22	Baugur	Leikskólinn Baugur opnaði haustið 2007 og er sex deilda leikskóli. Breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar, sem falla að nýtingu svæðisins sem samfélagsþjónustu, eru heimilar. Stærð 0,7 ha.
S-23	Kór	Leikskólinn Kór er sex deilda þjónusturekinn leikskóli. Breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar, sem falla að nýtingu svæðisins sem samfélagsþjónustu, eru heimilar. Stærð 0,7 ha.
S-24	Sólhvörf	Leikskólinn Sólhvörf er sex deilda leikskóli, tekinn í notkun árið 2005. Breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar, sem falla að nýtingu svæðisins sem samfélagsþjónustu, eru heimilar. Stærð 0,6 ha.
S-25	Aðalþing	Leikskólinn Aðalþing er sex deilda þjónusturekinn leikskóli. Breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar, sem falla að nýtingu svæðisins sem samfélagsþjónustu, eru heimilar. Stærð 0,7 ha.
S-26	Gulaþing	Svæði fyrir leikskóla, stærð 0,5 ha.
S-27	Vatnsendahlíð	Svæði fyrir leikskóla. Stærð svæðis: 0,7 ha.
Uppland		
S-28	Ylur	Leikskólinn Ylur er einkarekinn leikskóli staðsettur í Lækjarbotnum. Á reitnum er leikskóli og grunnskóli. Stærð 0,2 ha.



Kópavogsskóli. Ljós. J.Í.

6.3.4 Grunnskólar

MARKMIÐ

- Skólar í Kópavogi vinna áfram markvisst að metnaðarfullu og framsæknu skólastarfi með velferð barna og starfsfólks í fyrirrúmi.
- Skóláhúsnæði og skólalóðir veiti góða aðstöðu til náms og starfs.
- Uppbygging skóla í nýjum íbúðarhverfum miðist við að gönguleiðir að þeim verði helst ekki lengri en um 1000 m.

LEIÐIR:

- Grunnskólar skulu vera heildstæðir, byggðir samhliða íbúðarhverfunum í bænum og með góðri tengingu við íbúðarbyggð og útivistarsvæði.
- Kópavogsbær sjái til þess að skóláhúsnæði, lóð og aðbúnaður allur sé í samræmi við gildandi reglugerðir og viðmið.
- Í skipulagi er tekið mið af staðsetningu leikskóla þar sem haft er að leiðarljósi öryggi barna, tengsl við íbúðarbyggð, útivistarsvæði og leikskóla. Við skipulag hverfa er miðað við að í 3000 manna hverfi verði byggður einn grunnskóli.

Í Kópavogi starfa 10 grunnskólar, 9 almennir grunnskólar og einn einkarekinn, Waldorfskólinn í Lækjarbotnum. Nemendum í bænum fjölga milli ára og er útlit fyrir frekari fjölgun á næstu árum. Fjölgun nemenda er helst í nýjustu skólum bæjarins, Hörðuvalla-, Vatnsenda-, og Salaskóla, en á móti hefur orðið fækkun nemenda í eldri skólum.

Skólaárið 2011-2012 voru alls 4271 nemandi í grunnskólum bæjarins og 63 nemendur í Waldorf-skólanum (þar af 16 úr Kópavogi). Samkvæmt upplýsingum frá Hagstofunni voru 4316 einstaklingar á aldrinum 6-15 ára búsettir í Kópavogi 1. desember 2011. Börn á grunnskólaaldri voru 15,3 % af mannfjölda árið 2000 en þeim hefur fækkað

í 13,8% árið 2010. Borið saman við höfuðborgarsvæðið árið 2008 var hlutfall barna á grunnskólaaldri í Kópavogi 19%.

Frá árinu 2000 hafa fjórir nýir grunnskólar tekið til starfa í bænum og grunnskólanemendum fjölgað um 700. Hörðuvallaskóli er nýjasti skólinn og tók til starfa haustið 2006. Í skipulagi Vatnsendahlíðar er gert ráð fyrir grunnskóla. Við skipulag hverfa er það markmið haft að leiðarljósi að í 3000 manna hverfi verði byggður einn grunnskóli og sömu markmið eru höfð að leiðarljósi við staðsetningu grunnskóla eins og leikskóla.

Tafla 6-3. Yfirlit yfir grunnskóla.

NR	HEITI	LÝSING
Kársnes		
S-29	Kársnesskóli	Á reitnum eru 3 byggingar, skólabygging fyrir 1-4 bekk, íþróttahús og einbýlishús sem nýtt hefur verið fyrir skólann. Breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar, sem falla að nýtingu svæðisins fyrir samfélagsþjónustu, eru heimilar. Stærð 1,4 ha.
S-30	Kársnesskóli	Á reitnum eru tvær byggingar, Kársnesskóli fyrir 5-10 bekk og búningaklefar fyrir Vallargerðisvöll. Breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar, sem falla að nýtingu svæðisins fyrir samfélagsþjónustu, eru heimilar. Stærð 1,0 ha.
Digranes		
S-31	Kópavogsskóli	Á reitnum er Kópavogsskóli. Breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar, sem falla að nýtingu svæðisins fyrir samfélagsþjónustu, eru heimilar. Stærð 2,0 ha.
S-32	Snælandsskóli	Á reitnum eru núverandi skólabyggingar Snælandsskóla og íþróttahús en breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar, sem falla að nýtingu svæðisins fyrir samfélagsþjónustu, eru heimilar. Stærð 2,3 ha.
S-33	Álfhólsskóli/ Digranes	Grunnskóli fyrir 1-4 bekk. Á reitnum eru núverandi skólabyggingar og íþróttahús en breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar, sem falla að nýtingu svæðisins fyrir samfélagsþjónustu, eru heimilar. Stærð 3,2 ha
S-34	Álfhólsskóli/ Hjalli	Grunnskóli fyrir 5-10 bekk. Á reitnum eru núverandi skólabyggingar en breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar, sem falla að nýtingu svæðisins fyrir samfélagsþjónustu, eru heimilar. Stærð 1,7 ha.
Smárar		
S-35	Smáraskóli	Á reitnum eru núverandi skólabyggingar Smáraskóla og íþróttahús en breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar, sem falla að nýtingu svæðisins fyrir samfélagsþjónustu, eru heimilar. Stærð 1,7 ha.
Fífuhvammur		
S-36	Lindaskóli	Á reitnum eru núverandi skólabyggingar Lindaskóla en breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar, sem falla að nýtingu svæðisins fyrir samfélagsþjónustu, eru heimilar. Stærð 2,3 ha.
S-37	Salaskóli	Á reitnum eru núverandi skólabyggingar Salaskóla en breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar, sem falla að nýtingu svæðisins fyrir samfélagsþjónustu, eru heimilar. Stærð 2,2 ha.
Vatnsendi		
S-38	Hörðuvallaskóli	Á reitnum eru núverandi skólabyggingar Hörðuvallaskóla en breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar, sem falla að nýtingu svæðisins fyrir samfélagsþjónustu, eru heimilar. Stærð 1,5 ha.
S-39	Vatnsendaskóli	Á reitnum eru núverandi skólabyggingar Vatnsendaskóla en breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar, sem falla að nýtingu svæðisins fyrir samfélagsþjónustu, eru heimilar. Stærð 2,6 ha.
S-40	Vatnsendahlíð	Svæði fyrir grunnskóla, stærð 1,2 ha.

Salaskóli. Ljós. J.Í.



6.3.5 Framhaldsskólar

MARKMIÐ

- Öllum grunnskólanemendum sem þess óska sé gefinn kostur á að stunda framhaldsnám í Kópavogi.
- Unnið verði að stofnun nýs framhaldsskóla í Kópavogi.

LEIÐIR:

- Grunnskólanemendur séu vel upplýstir um námsframboð og möguleika að loknu grunnskólanámi og þeir hvattir til frekari menntunar.
- Skoðað verði hvort Menntaskólinn í Kópavogi hafi áhuga á að opna útibú skólans í efri byggðum og hvort möguleiki sé á samstarfi sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu um framhaldsskóla á þessu svæði með sérstakar áherslur.



Menntaskólinn í Kópavogi. Ljós. J.Í.

6.3.6 Aðrir skólar, kirkjur og trúfélög

MARKMIÐ

- Öllum grunnskólanemendum sem þess óska sé gefinn kostur á að stunda list- og verknám í Kópavogi.

LEIÐIR:

- Skólahljómsveit Kópavogs og Tónlistarskóli Kópavogs fái aðstöðu úti í hverfum til kennslu.
- Skólahljómsveit Kópavogs fái bættu aðstöðu.
- Stuðlað verði að áframhaldandi tilvist Myndlistarskólans í Kópavogsbæ. Eflid verði um fjöllum og aðgengi að myndlist almennt og gerðar kröfur um listræna og innihaldsríka kennslu, sem fylgir nútíma gildum.

Einn framhaldsskóli er í Kópavogi, Menntaskólinn í Kópavogi við Digralesveg. Alls stunduðu 1400 nemendur nám í skólanum árið 2012 víða að af landinu. Í MK eru auk bóknámsviðs, ferðamála- og hótél- og veitingasvið. Árið 2012 voru um 1700 íbúar í Kópavogi á framhaldsskólaaldri eða 5,5% af heildaríbúafjölda Kópavogs og 17% borið saman við íbúa á framhaldsskólaaldri á höfuðborgarsvæðinu.

Tafla 6.3. Yfirlit yfir framhaldsskóla.

NR	HEITI	LÝSING
S-41	Menntaskólinn í Kópavogi	Á reitnum eru núverandi skólabyggingar Menntaskólans en breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar, sem falla að nýtingu svæðisins fyrir samfélagsþjónustu, eru heimilar. Stærð 1,5 ha.
S-42	Vallakór	Gert er ráð fyrir nýjum framhaldsskóla í tengslum við Kórinn.

Tónsalir er tónlistarskóli staðsettur í Bæjarlind. Skólinn notar einnig aðstöðu til kennslu í Vatnsendaskóla, Salaskóla og Hörðuvallaskóla. Í skólanum er kennt á öll helstu hljóðfærin. Nemendur eru um 180 á ári.

Kvöldskóli Kópavogs er einkarekinn þar sem íbúum 16 ára og eldri gefst kostur á að taka þátt í fjölbreyttu úrvali námskeiða. Má þar nefna íslenskukennslu fyrir útlendinga, erlend tungumál, matreiðslunámskeið, tölvunámskeið, garðyrkjunámskeið og margt fleira. Nemendafjöldi hefur verið á bilinu 350-400 á hverju misseri undanfarin ár. Skólinn hefur aðstöðu í Snælandsskóla, en hluti námskeiðanna fer fram annars staðar.

Í bænum eru fjórar kirkjur og önnur trúfélög sem og tónlistarskóli. Skólahljómsveit Kópavogs var stofnuð 1966 og hefur nú aðsetur í Digralesvi við Skálaheiði. Að jafnaði eru um 150 hljóðfæraleikarar í hljómsveitinni sem er skipt í þrjár sveitir eftir aldri og getu. Hljómsveitirnar gegna veigamiklu hlutverki í bæjarsamfélaginu og koma þær oft fram á hátíðum og athöfnum í bænum.

Tafla 6.5. Yfirlit yfir aðra skóla, kirkjur og félög

NR	HEITI	LÝSING
S-43	Kópavogskirkja	Á svæðinu er Kópavogskirkja. Stærð svæðis: 0,5 ha.
S-44	Tónlistarskóli Kópavogs	Skólinn tók til starfa 1963. Hann er staðsettur í Hamraborg, en um 550 nemendur stunda nám við skólann í hljóðfæraleik, söng, tónfræðum og tölvutónlist, auk forskóla. Auk hljóðfærakennslu í húsnæði skólans í Hamraborg er kennt í Kársnesskóla, Salaskóla og Snælandsskóla.
S-45	Digraleskirkja	Á svæðinu er Digraleskirkja. Stærð: 1,3 ha.
S-46	Hjallakirkja	Á svæðinu er Hjallakirkja. Stærð: 0,6 ha.
S-47	Myndlistaskóli Kópavogs	Myndlistarskóli Kópavogs er við Smiðjuveg 74 og var stofnaður haustið 1988. Hann er einkarekinn með stuðningi frá Kópavogsbæ. Nemendum fjölga hratt og voru þeir á árinu 2012 um 800 talsins, að sumarnámskeiðum meðtöldum.
S-48	Nónhæð	Óbyggt svæði ætlað undir samfélagsþjónustu. Stærð svæðis: 0,3 ha.
S-49	Lindakirkja	Á svæðinu er Lindakirkja. Stærð 0,7 ha.
S-50	Kefas	Frikirkjan Kefas. Stærð 0,3 ha.
S-51	Klappakór	Svæði fyrir samfélagsþjónustu. Stærð 1,3 ha.

6.3.7 Menningarmál

MARKMIÐ

- Í Kópavogi verði ætíð fjölbreytt og metnaðarfull menningarstarf.

LEIÐIR

- Miðstöð menningar verði í Hamraborg.
- Aukin áhersla verði lögð á að menningarstarfsemi verði samvinnuð skóla- og félagsstarfi.
- Í nýjum hverfum verði tekið frá svæði sem henta fyrir menningarstarfsemi.

Mikil gróska hefur verið í menningarlífinu í Kópavogi síðustu árin sem má ekki síst rekja til öflugrar starfsemi menningartorfunnar á Borgarholtinu.

Leikfélag Kópavogs var stofnað 1957 og hefur aðsetur í Funalind 2. Einnig fer fram metnaðarfullt starf í kórum og Skólahljómsveit Kópavogs. Héraðsskjalasafn Kópavogs flutti árið 2012 í húsnæði að Digralesvegi 7. Í því húsnæði er aðgengi íbúa að safninu auðveldað með sýningarsal og lessal.

6.3.8 Félagþjónusta

MARKMIÐ

- Kópavogsbúar búi við félagslegt öryggi og fái félagslega þjónustu sem tekur mið af þörfum þeirra hverju sinni.
- Þjónustan sé árangursrík, skilvirk og hagkvæm.



Digraleskirkja. Ljós. F.B.

Tafla 6.6. Yfirlit yfir menningarstofnanir

NR	HEITI	LÝSING
S-52	Menningartorfan	Stofnanirnar eru: Salurinn, Listasafn Kópavogs – Gerðarsafn, Bókasafn Kópavogs, Náttúrufræðistofa, Tónlistarskóli Kópavogs, Molinn – ungmennahús og Tónlistarsafn Íslands. Einnig hefur Kársnessókn reist safnaðarheimili við Kópavogskirkju á Borgarholtinu. Sjá umfjöllun um miðsvæði kafla 3.2.3.

LEIÐIR

- Unnið verði að framtíðarstefnumótun í velferðarmálum þar með talið húsnæðismálum.

- Stefnt er að því að sameina rekstur félagslegrar heimaþjónustu Félagsþjónustunnar og heimahjúkrunar Heilsugæslunnar.

- Unnið verði markvisst að því að hjálpa fólki til sjálfsbjargar og minnka þar með umfang velferðarþjónustu.

- Ef keyptar eru leiguíbúðir skulu þær vera sem víðast í bænum. Stefnt skal að því að gera öldruðum kleift að dvelja eins lengi og hægt er á eigin heimili við sem eðlilegastar aðstæður, ásamt því að styðja viðkomanda til sjálfsbjargar.

- Stefnt skal að því að gera einstaklingum með fötlun kleift að búa á eigin heimili í samræmi við þarfir og óskir eftir því sem kostur er og efla vald fólks yfir aðstæðum sínum og lífi.

FÉLAGSMÁL

Velferðarsvið vinnur að mótun stefnu í þeim málefnum sem því eru falin samkvæmt lögum, þ.e. húsnæðismálum, þjónustu við fatlaða, aldraða og unglinga, félagslega heimaþjónustu, fjárhagsaðstoð, barnavernd og almenna ráðgjöf.

LEIGUÍBÚÐIR

Félagslegar leiguíbúðir voru 392 árið 2012 sem er fjölgun úr 264, leigu- og kaupleiguíbúðum árið 2000. Af þessum 392 félagslegu leiguíbúðum eru 82 íbúðir sérstaklega skilgreindar fyrir eldri borgara þ.e. 60 ára og eldri. Þær eru staðsettar í Gullsmára, Vogatungu og Kópavogsbraut 1b . Auk þess eru fjórar íbúðir sem ætlaðar eru fólki 55 ára og eldri en þær eru staðsettar við Boðabing.

Tafla 6.7. Heildarfjöldi 65 ára og eldri á öllu landinu og spá til ársins 2050

	2010	2020	2030	2040	2050
Heildarfjöldi aldraðra	38.121	52.900	72.700	86.100	94.600
Hlutfall 65 ára og eldri	12%	16%	20%	22%	23%



Sunnuhlíð. Ljós. J.I.

6.3.9 Málefni aldraðra

Kópavogsbær hefur með höndum umfangsmikla þjónustu handa öldruðum. Felst hún í félagslegri heimaþjónustu, matarþjónustu, vistunar- og búsetumálum, rekstri til hjúkrunarheimila, dagþjálfun, ásamt upplýsinga- og ráðgjafarþjónustu til aldraðra.

Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins gerir ráð fyrir að fram til ársins 2024 muni fólki yfir sextugt fjölga hlutfallslega mest. Hagstofa Íslands gerir einnig ráð fyrir umtalsverðri fjölgun í aldurshóp fólks á aldrinum 65 ára og eldri og er því mikil þörf á því að Kópavogur búi vel í haginn fyrir íbúa í þessum aldurhópi. Það er meðal annars verið að gera með uppbyggingu þjónustuíbúða við Sunnuhlíð og við Boðabing. Enn fremur er lögð áhersla á að aldraðir geti búið á heimilum sínum sem lengst.

HJÚKRUNARHEIMILI

Tafla 6.8. Yfirlit yfir hjúkrunarheimili

NR	HEITI	LÝSING
S- 53	Sunnuhlíð	Hjúkrunarheimilið Sunnuhlíð er sjálfseignarstofnun sem er með 73 hjúkrunarrými. Sunnuhlíð hefur verið rekin frá árinu 1982. Þar er einnig rekin dagvist fyrir aldraða. Stærð 1,7 ha.
S-54	Gullsmári	Félagsheimili eldri borgara, stærð 0,1 ha.
S-55	Roðasalur	Hjúkrunarheimili fyrir minnissjúka aldraða. Þar er rými fyrir 10 einstaklinga og eitt hvíldarrými. Dagþjálfun fyrir minnissjúka aldraða, leyfi er fyrir 20 einstaklinga á dag. Stærð 0,2 ha
S-56	Boðabing	Þjónustumiðstöð aldraðra við Boðabing 9 er samtals 2704 m². Í Boðabingi rekur Kópavogsbær þjónustumiðstöð/félagsmiðstöð fyrir aldraða Kópavogsbúa. Tengt þjónustumiðstöð Kópavogsbæjar er hjúkrunarheimili Hrafnistu ásamt dagvist. Til stendur að bæta við 44 hjúkrunarrýmum á næstu árum svo alls verða 88 rými í fullbúnu hjúkrunarheimili.

FÉLAGSMIÐSTÖÐ ALDRAÐRA

Kópavogsbær rekur þrjár félagsmiðstöðvar, í Gjábakka, Gullsmára og í Boðabingi. Sú síðastnefnda var opnuð í mars 2010. Þær eru fyrir fólk á öllum aldri enda þótt starfsemin þar sé sérstaklega ætluð eftirlaunafólki búsettu í Kópavogi.



Bókasafn Kópavogs. Ljós. L.M.

HEIMILI FYRIR FATLAÐA

Í Kópavogi eru fimm heimili fyrir fatlað fólk, fjögur sem tilheyra rekstri sveitarfélagsins og eitt sem rekið er einkarekið. Í sveitarfélaginu er rekinn einn þjónustukjarni fyrir fólk með geðfötlun.

Kópavogsbær rekur eitt áfangaheimili fyrir ungt, fatlað fólk þar sem það býr tvær vikur í senn á fjögurra vikna fresti. Þjónustan er veitt á grundvelli þjónustusamninga milli sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu.

Í stefnumótun sveitarfélagsins til 2014 er gert ráð fyrir að unnin verði áætlun um uppbyggingu á húsnæði fyrir fatlað fólk og skoðaðar verði nýjar leiðir í samráði við notendur.

DAGÞJÓNUSTA

Kópavogsbær rekur tvær hæfingarstöðvar fyrir fatlað fólk, í Fannborg og við Dalveg og eina starfsþjálfunarstöð. Dvöl er athvarf fyrir geðfatlaða. Dvöl er samvinnuverkefni Kópavogsbæjar og Kópavogsdeildar Rauða Kross Íslands.

DVÖL

Dvöl er athvarf fyrir geðfatlaða og er til húsa í Reynihvammi 43. Þangað kemur fólk á eigin forsendum til að njóta samveru við starfsfólk og aðra gesti og til að taka þátt í sameiginlegum

viðburðum, allt eftir því sem hentar hverjum og einum. Í dag sækja að meðaltali 11 gestir athvarfið daglega og sjö nýta sér heitan mat í hádeginu að jafnaði.

6.3.11 Heilbrigðismál

MARKMIÐ

- Tryggja skal sem bestan aðgang að heilbrigðisþjónustu.

- Bæta skal lýðheilsu með heilsuefingu, hreyfingu og hollu mataræði.

LEIÐIR

- Vinna ber að heilsuforvörnum sérstaklega í grunnskólum Kópavogs.

- Uppbygging heilsugæslustöðva verði í samræmi við aukinn íbúafjölda og að íbúar hafi greiðan aðgang að þeim.
- Við nýbyggingar á vegum bæjarins sé tekið mið af vaxandi þörf fyrir aðstöðu vegna heilsugæsluþjónustu í stofnunum, einkum í skólum.

- Samþætta skal starf skóla við íþróttir. Hvetja ber til almennt bættrar heilsu með heilbrigðri hreyfingu .

Þrjár heilsugæslustöðvar eru í Kópavogi og rekur Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins tvær þeirra, Hamraborg og Hvamm. Heilsugæslan Salahverfi er einkarekin. Heilsugæslustöðvarnar hafa umsjón með skólaheilsugæslu í hverfisskólum innan þjónustusvæðis. Auk þessa er rekin Læknavaktin ehf. á Smáratorgi, sem er opin utan opnunartíma

heilsugæslustöðvanna. Almennt er miðað við að einn læknir sinni um 1.500 manns en íbúar Kópavogs voru 31.205 1. janúar 2012. Miðað við ætlaða íbúapróun til ársins 2024, má áætla að þörf verði fyrir fjórðu heilsugæslustöðina eða að þær sem fyrir eru geti annað fleirum.

Tafla 6.9. Yfirlit yfir heilsugæslustöðvar

NR	HEITI	LÝSING
S-57	Heilsugæslustöðin Hamraborg	Þjónustusvæðið er vestan Digranesvegar að Bröttubrekku, norðan Fífuhamms- og Nýbýlavegar.
S-58	Heilsugæslustöðin Hvammur	Þjónustusvæðið er austan Digranesvegar og Bröttubrekku, sunnan Kópavogslækjar (Fífuhamms) og sunnan Nýbýlavegar (með Hólumum).
S-59	Heilsugæslan Salahverfi	Þjónustusvæðið er Linda-, Sala- og Vatnsendahverfi.

6.4 STJÓRNSÝSLA

MARKMIÐ

- Stjórnsýslan sé skilvirk og þess gætt að almenningur hafi góðan aðgang að upplýsingum um stefnumarkandi ákvarðanir og framkvæmdir í Kópavogi.

LEIÐIR

- Samráð verði aukið við íbúa og aðra hagsmunaaðila.
- Kópavogur hvetji til og styðji við stofnun hverfissamtaka í öllum bæjarhlutum.
- Þjónusta við íbúa verði bætt með aukinni rafrænni stjórnsýslu.
- Stjórnsýslustofnanir bæjarins setji sér umhverfisstefnu og sýni þannig gott fordæmi.
- Unnið verði áfram eftir gæðakerfi Kópavogs.
- Aðgengi að upplýsingum og gögnum bæjarins verði gott.

Kópavogsbær leggur áherslu á góða samvinnu við hlutaðeigandi hagsmunaaðila við ákvarðanatöku í málefnum bæjarins. Samráð og samvinna í skipulagsmálum verði skilvirk og aðgengi aðila að viðeigandi upplýsingum verði auðveld.

6.5 UMHVERFISÁHRIF STEFNU UM SAMFELAG

Í umhverfismatinu var reynt að gera grein fyrir mögulegum heildaráhrifum aðalskipulags á samfélag sveitarfélagsins en ekki greindust umhverfisáhrif sem þurfa sérstaka umfjöllun. Áform um að þetta byggð, styrkja miðsvæði og staðsetja þjónustusvæði í nálægð við notendur eru líkleg til að auka styrk bæjarins sem búsetukosts. Einnig er gert ráð fyrir að íbúum og störfum muni fjölga talsvert á skipulagstímabilinu en fjölbreytt atvinnulíf eykur líkur á fjölbreyttum bakgrunni íbúa á sviði menntunar og starfsreynslu. Jafnframt er með fjölbreyttu framboði á afþreyingu, þjónustu og menningu stuðlað að líflegu bæjarlífi.



Hlíðarhjalli. Ljós. L.M.

7

- 7.1.1 Þróunarsvæði
- 7.2 KÁRSNES
- 7.3 DIGRANES
- 7.4 SMÁRAR
- 7.5 FÍFUHVAMMUR
- 7.6 VATNSENDI

RAMMAHLUTI AÐALSKIPULAGS

7

Samhliða vinnu að aðalskipulagi hefur ennfremur verið unnið að hverfisskipulagi. Með tilkomu þess munu bæjaryfirvöld leggja fram nýjar áherslur í skipulagsferlið með svo kölluðum rammaákvæðum og þá sérstaklega ef um er að ræða breytingar í eldri og ódeiliskipulögðum hverfum bæjarins.

Komi fram óskir um breytingar í núverandi byggð, hvort sem hún er deiliskipulögð eða ekki, skal liggja fyrir greinargerð með skýringarmyndum þar sem ítarlega er greint frá mögulegum áhrifum breytingarinnar á þá byggð sem fyrir er. Einkum skal horft til hluta eins og hvernig breytingin fellur að aðliggjandi byggð og yfirbragði hverfisins hvað varðar stærð og hlutföll, umferð, bílastæðapörf, útsýni og skuggamyndun.

Þegar óskað er eftir breytingum skv. 43. og 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 skal:

7.1.1 Þróunarsvæði

MARKMIÐ
<ul style="list-style-type: none">Að bæta umhverfi, búsetugæði og efnahagslega umgjörð eldri byggðar í Kópavogi með aukinni blöndun byggðar sem miðar að sjálfbærri þróun borgarumhverfisins. Að auka jafnvægi í dreifingu atvinnusvæða og íbúðarsvæða og skapa þannig aukin atvinnutækifæri nær íbúðarhverfum. Að draga úr umferðarþörf og stytta vegalengdir á milli íbúða og verslunar, þjónustu og atvinnu, með aukinni blöndu byggðar. Að bæta hljóðvist vegna aukinnar umferðar sem útfært verður í deiliskipulagi.
LEIÐIR
<ul style="list-style-type: none">Að eldri hverfi innan Kópavogs verði skilgreind sem þróunarsvæði og unnið verði að hverfisskipulagi og/eða deiliskipulagi af þeim. Með þróunarsvæðum verði m.a. lagður grunnur að fjölbreyttari tækifærum fyrir íbúa bæði hvað varðar íbúðarform og atvinnu. Gæði byggðarinnar verði aukin, kostum fjölgað, nýting verði betri og umhverfi bætt. Hljóðvarnir miðist við að uppfylla kröfur reglugerðar fyrir mismunandi landnotkun. Kröfum um hljóðstíg á mismunandi byggingarsvæðum verður framfylgt í samræmi við ákvæði reglugerða sem gilda á þeim tíma þegar til uppbyggingar kemur. Dregið verði úr umferðarhraða, hljóðvist bætt og umbætur vegna umferðar verði útfærðar í deiliskipulagi fyrir þróunarsvæði.



Smiðjuhverfi. Ljós. B.M.

- Byggingarmagn á lóð, hvort sem um er að ræða nýbyggingu eða aukíð nýtingarhlutfall á lóð að jafnaði ekki vera hærra en meðaltalsnýtingarhlutfall nærliggjandi húsa.

- Hæð húsa eða mannvirkja skal að jafnaði ekki vera hærri en sú lína sem dregin er milli þeirra húsa í götunni sem eru sitt hvoru megin við.

- Lega og form byggingarreits skal að jafnaði liggja innan línu sem dregin er milli húsa sitt hvoru megin við.

Rammaákvæðin hér að ofan eru almenn ákvæði sem gilda um þegar byggð hverfi og í þessum kafla aðalskipulagsins er farið nánar í einstakar breytingar sem fyrirhugaðar eru í einstökum hverfum og staðfestast sem slíkar.

Tafla 7.1. Yfirlit yfir þróunarsvæði.

NR	HEITI	LÝSING
		Kársnes
ÞR-1	Kársnes vesturhluti og hafnarsvæði	Á svæðinu er gert ráð fyrir þéttri og vistvænni byggð með blandaðri landnotkun athafnasvæðis og íbúðarsvæðis. Þéttingu byggðar verður ekki einungis náð með nýbyggingum heldur einnig viðbyggingum og endurnýjun húsnæðis. Með endurnýtingu á núverandi húsnæði, blöndun íbúða, atvinnu, þjónustu og útivist er ætlunin að skapa fjölbreytan og lifandi bæjarhluta. Mikilvægt við skipulag og hönnun vistvænnar byggðar er að taka tillit til veðurfars, skerma fyrir sterkum vindáttum og tryggja sólrík útsvæði. Tenging Kársnessins við Reykjavík með göngubrú mun verða til þess að íbúar geta valið hjól fram fyrir einkabilinn á leið til og frá vinnu og skóla. Áður talin atriði verða forsendur deiliskipulags og byggingarskilmála svæðisins. Miða skal við að á svæðinu verði áfram atvinnustarfsemi og að ný blöndun landnotkunar opni fyrir möguleikann á fjölbreyttari þjónustu og íbúðum. Hafskipahöfn á svæðinu verður aflögð og verði í staðinn „útivistarhöfn eða geðþrýðishöfn“ þar sem gert verði ráð fyrir íbúðum, verslun og þjónustu. Byggðin verði 2-4 hæðir. Ef hún verður 5 hæðir þá skal sú hæð vera inndregin. Allar byggingar skulu vera í háum gæðaflokki. Reiknað er með 2,2 íbúum/íbúð. Hlutfallið árið 2012 er 8,5% íbúðir á móti 91,5% atvinnuhúsnæði. Í aðalskipulaginu er gert ráð fyrir að hlutfallið breytist í 60% íbúðir og 40% atvinnuhúsnæði. Stærð 15 ha.
		Digranes
ÞR-2	Auðbrekka-Nýbýlavegur	Landnotkun á svæðinu norðan Hamraborgar við Auðbrekku og Nýbýlaveg hefur breyst frá því að vera nær eingöngu fyrir iðnað í verslun- og þjónustu. Breytingin hefur tengt hverfið betur við miðbæjarsvæðið. Skipulag hverfisins miðast við að auka hlut verslunar og þjónustu eða starfsemi sem er tengd henni auk þess að fjölga íbúðum á svæðinu. Hlutfallið árið 2012 er 12% íbúðir en 88% atvinnuhúsnæði. Stefnt er að því að hlutfallið verði 40% íbúðir en 60% atvinnuhúsnæði. Breytingin mun leiða til þess að ásjýnd norðurhluta Kópavogs mun batna. Nýtingarhlutfall er nú 0,9 til 1,1. Stærð 8 ha.
ÞR-3	Smiðjuhverfi	Blandað svæði fyrir athafnasvæði, verslun og þjónustu. Smiðjuhverfið byggðist að stærstum hluta upp á árunum 1970 til 1985 og telst fullbyggt. Á svæðinu eru um 134.000 m² af atvinnuhúsnæði. Upphaflega var svæðið skipulagt sem iðnaðarsvæði en vegna miðlægrar staðsetningar hefur starfsemin breyst úr iðnaði í starfsemi tengdri verslun og þjónustu. Með tilkomu mislægra gatnamóta við Stekkjarbakka, Breiðholti sbraut og Nýbýlaveg hafa tengingar við athafnahverfið batnað til muna. Því má búast við að á næstu árum muni verslunar- og þjónustustarfsemi sækja enn frekar á einkum vegna nálægðar þess við miðhverfin í Mjódd og Smáranum. Vegna fyrrséðra breytinga er í endurskoðuðu aðalskipulagi miðað við að Smiðjuhverfið sé skilgreint sem þróunarsvæði. Á grundvelli þess þarf að vinna rammaskipulag fyrir svæðið sem tekur m.a. á hugsanlegum breytingum á gatnakerfi, á landnotkun, byggingarmagni og yfirbragði byggðarinnar. Á árinu 2012 var hlutfall athafnastarfsemi 84% á móti 16% af verslun og þjónustu. Stefnt er að því að þetta hlutfall verði 75% athafnasvæði á móti 25% verslun og þjónusta. Stærð 25 ha. Nýtingarhlutfall 1,5.
ÞR-4	Dalvegur	Starfsemi við Dalveg hefur breyst nokkuð í gegnum tíðina og einkennist starfsemi i dag að mestu af verslun og þjónustu en iðnaður hefur verið vikjandi. Þessi þróun hefur verið m.t.t. legu svæðisins og uppbyggingu í Smáranum. Svæðið telst fullbyggt en þó er svigrúm fyrir breytingar á svæðinu fyrir nýbyggingar, sem falla að nýtingu, yfirbragði og þéttleika núverandi byggðar. Nýtingarhlutfall 0,5 til 0,8 Stærð 10 ha.
		Fífuhvamur
ÞR-5	Glaðheimar og Smárinn	Í gildandi aðalskipulagi er Glaðheimasvæðið skilgreint að hluta sem blandað svæði verslunar-, þjónustu- og íbúðarsvæðis. Svæðið er liðlega 12 ha að flatarmáli. Ekki er gert ráð fyrir aukinni reita- og svæðisnýtingu. Landnotkun breytist og verður svæðið skilgreint sem miðsvæði. Gert er ráð fyrir um 158.000 m2 heildarbyggingarmagni ofanjarðar sem er um 1,25 í meðalnýtingu. Áætluð reita- og svæðisnýting með bilgeymslum neðanjarðar á öllu svæðinu gerir ráð fyrir heildarnýtingu um 1,4. Gert er ráð fyrir að fjöldi íbúða aukist úr 245 í 500 íbúðir. Af því leiðir að fjöldi fermetra í skrifstofu- verslunar- og þjónustuhúsnæði lækkar tilsvarendi og verður um 100.000 m² með bílakjöllurum neðanjarðar. Heildarbyggingarmagn á svæðinu öllu með bílageymslum er áætlað 175.000 m². Sunnan Smáralindar er óbyggt svæði í einkaeign ætlað fyrir verslun og þjónustu. Áætlað er að meðaltalsnýting á svæðinu hækki úr 0,7-0,8 í 1,3 án bilgeymslna neðanjarðar. Gert er ráð fyrir allt að 500 íbúðum á svæðinu og að verslunar- og þjónustasvæði verði nú skilgreint sem miðsvæði. Í aðalskipulaginu er miðað við að ráðist verði í heildarendurskoðun á deiliskipulagi á miðhverfinu umhverfis Reykjanesbraut, þ.e. í Glaðheimum og í Smáranum. Í þeirri vinnu verði landnotkun og landnýting endurskoðuð svo og samgöngur á svæðinu. Gert er ráð fyrir að yfirbragð fyrirhugaðrar byggðar verði endurskoðað, m.a. hæð byggðarinnar og form, opin svæði, tenging á milli svæða, göngu- og hjólaleiðir og möguleg áfangangskipting. Skiptistöð almenningssamgangna verði á svæðinu og mögulegt spor fyrir lestarsamgöngur meðfram Reykjanesbraut. Stærð þess svæðis, þar sem endurskoðun er fyrirhuguð, er um 50 ha, þ.e. svæðið sem afmarkast af Arnarnesvegi í suðri, Smárahvammsvegi í vestri, Fífu hvammsvegi í norðri og Lindarvegi í austri. Umrætt svæði er hluti af svæðiskjarna höfuðborgarsvæðisins sbr. gildandi svæðisskipulag frá 2002.



Bæjarhluti 1
Kársnes

7.2

Landnotkun í bæjarhlutanum skiptist í ársbyrjun 2012 samanber mynd 7.2

FYRIRHUGAÐAR BREYTINGAR Á KÁRSNESI

Fyrir dyrum stendur áframhaldandi uppbygging á Kársnesi. Felst hún einkum í aukinni íbúðarbyggð. Með aukinni byggð í bæjarhlutanum vilja bæjaryfirvöld skapa fleirum tækifæri til að búa og starfa á frábærum stað og jafnframt nýta þá kosti sem bæjarlandið hefur upp á að bjóða. Helstu nýbyggingsvæðin eru Kópavogstún, þar sem uppbygging er þegar hafin og síðan á landfyllingu á norðanverðu Kársnesi við Fossvog, bryggjuhverfið. Byggingarframkvæmdir hafa ekki hafist þar enn nema að litlum hluta. Bæði svæðin hafa verið deiliskipulögð.

Í samþykktu deiliskipulagi er gert ráð fyrir 590 íbúðum sem ekki eru byggðar.


Gert er ráð fyrir að íbúðum á Kársnesi geti fjölgað um tæplega 550 umfram það sem samþykkt hefur verið í deiliskipulagi. Er það í samræmi við staðfest svæðisskipulag. Umrædd aukning er fyrst og fremst vestast á Kársnesi umhverfis höfnina. Enn hefur ekki verið unnið deiliskipulag af svæðinu.

KÓPAVOGSTÚN


Í samþykktu deiliskipulagi er gert ráð fyrir 197 íbúðum ásamt 70 nýjum þjónustuíbúðum sunnan og vestan Sunnuhlíðar. Uppbygging er þegar hafin en eftir á að byggja þjónustuíbúðirnar og 65 íbúðir í fjölbýli samkvæmt breytingu á deiliskipulagi Kópavogstúns sem gerð var á árinu 2012. Einnig á eftir að reisa 14 íbúðir við Kópavogsbrún 1 til 4.

Kópavogstúnið er íbúðarbyggð í bland við minjavernd og útivistarsvæði. Svæðið var áður allt í eigu ríkisins og tilheyrdi byggingar á svæðinu Kópavogshæli. Miðja svæðisins er enn í eigu ríkisins en jaðra þess eignaðist Kópavogsbær 2003 ásamt útivistarsvæði við Þinghól, gamla Kópavogsbæinn, túnið sunnan hans og Hressingarhælið. Bæjaryfirvöld breyttu notkun svæðisins úr stofnanasvæði í íbúðarbyggð. Í norð-austurhluta svæðisins er Sunnuhlíð með þjónustu og íbúðir fyrir aldraða. Þinghóllinn og svæðið umhverfis eru friðlýstar þjóðminjar. Gamli Kópavogsbærinn og Hressingarhælið eru friðlýst mannvirki í samræmi við húsafriðunarlög nr. 104/2001 s.b. umfjöllun um minjavernd er í kafla 4.1.7.


Í aðalskipulaginu er miðað við að ríkislandið verði skilgreint sem opið svæði „Kópavogsgarður“ þ.e. grænt svæði. Inni í svæðinu yrðu gömlu hælisybbyggingarnar sem í tímans rás gætu fengið nýtt hlutverk eða þær fjarlægðar. Um opna svæðið mun liggja göngu- og hjólaleið frá göngum undir Hafnarfjarðarveg að Rútstúni og Borgarholti. Á landnotkunarupprætti er jafnframt miðað við að skilgreina afmörkun íbúðarsvæðisins upp á nýtt þannig að næst Kópavogsbraut, þar sem nú stendur Kvinnafangelsið að Kópavogsbraut 17, verði grænt



Mynd 7.1. Íbúðarbrún á Kársnesi.



Mynd 7.2 Hlutfallsleg skipting landnotkunar á Kársnesi árið 2012.



Mynd 7.3 Aldurskipting íbúa á Kársnesi 1992-2012.

svæði en þar fyrir austan Kópavogsbraut 9 og 11 verði undir íbúðarbyggð. Stærð svæðis: 13 ha.

Sjá nánar deiliskipulag Kópavogstúns, með síðari breytingum, birt í B - deild Stjórnartíðinda 7. mars 2006 og deiliskipulag Kópavogstún 10-12 og Kópavogsgerði, birt í B -deild 15. ágúst 2012.

BRYGGJUHVRFI

Árið 2005 var samþykkt tillaga að nýju deiliskipulagi fyrir þriggja til fjögurra hæða fjölbýlishúsabyggð á landfyllingu við norðanverðan Fossvog. Austast við landfyllinguna er komin aðstaða siglingaklúbsins Ýmis með smábátahöfn fyrir um 30 báta, ásamt félagsaðstöðu (klúbbhúsi). Í deiliskipulaginu er gert ráð fyrir 392 íbúðum á svæðinu með aðkomu frá Vesturvör. Byggingarframkvæmdir hafa enn ekki hafist nema að litlum hluta. Áætlað er að um 300 íbúðir verði byggðar á skipulagstímabilinu.

Sjá nánar deiliskipulag: Bryggjuhverfi í Kópavogi, birt í B - deild Stjórnartíðinda 24. ágúst 2005.

VESTURHLUTI KÁRSNESS

Hluti byggðar vestast á Kársnesi er skilgreindur sem þróunarsvæði í aðalskipulagi bæjarins. Í því felast ekki kvaðir um tafarlaugar breytingar heldur er æskilegt að byggðin mótist í takt við þróun húsnæðismarkaðarins og breyttar áherslur í þjóðfélaginu, m.a. um þéttingu byggðar sem og að skapa fleiri tækifæri fyrir fjölbreyttari þjónustu. Áætlun um framkvæmdir á þróunarsvæði getur því falið í sér nýja byggð eða breytta notkun þess húsnæðis sem fyrir er.

Unnin hafa verið deiliskipulög á svæðinu á grundvelli aðalskipulagsins, m.a. af hafnarsvæðinu. Upphaflega var unnið deiliskipulag fyrir hafnarsvæðið á árinu 1990 og á athafnasvæði Kársneshafnar undir atvinnustarfsemi. Nýjar og glæsilegar byggingar hafa risið þar með ýmiss konar starfsemi. Enn fremur hefur verið unnið deiliskipulag af nokkrum reitum innan svæðisins þar sem landnotkun er breytt út atvinnuhúsnæði í íbúðarbyggð.

Í aðalskipulaginu er gert ráð fyrir að dregið verði úr stærð og umfangi hafnsækinnar starfsemi á svæðinu og þess í stað byggist svæðið enn frekar með blandaðri landnotkun íbúða og atvinnustarfsemi. Í hugmyndunum felst m.a. að starfsemi Kársneshafnar sem hafskipahafnar verði aflögð. Þess í stað verði opnað fyrir þann möguleika að byggðar verði íbúðir umhverfis höfnina. Höfnin verði „útivistarhöfn eða geðþrýðishöfn“ með íbúðum, þjónustu (verslun/kaffihús/veitingahús/torg) og ferðatengdri starfsemi. Hugmyndirnar ganga jafnframt út á það að atvinnuhúsnæðið norðan hafnarinnar haldi sér að mestu en dregið verði úr grófari starfsemi. Í nýju deiliskipulagi fyrir svæðið er enn fremur aukið við atvinnuhúsnæði til vesturs frá núverandi atvinnuhúsnæði.

Gert er ráð fyrir lítilsháttar viðbótar landfyllingum eða alls



Kársnes: Reitaskipting

1,8 ha og er miðað við að núverandi hafnarkantur verði breikkaður til vesturs fyrir íbúðarbyggð.

Í hugmyndunum kemur einnig fram að opin svæði verði hluti af þessari nýju byggð. Fossvogurinn verði nýttur enn frekar sem ein af náttúru- og útivistarperlum höfuðborgarsvæðisins með betri frágangi og nýjum stígtenginum. Í samvinnu við borgaryfirvöld er í aðalskipulaginu gert ráð fyrir göngu- og hjólabrú yfir til Reykjavíkur.

Breyting á Svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2001-2024, sem var gerð 2009 tekur tillit til þessara hugmynda. Í nýju aðalskipulagi 2012-2024 er jafnframt miðað við þessar hugmyndir um blandaða byggð á vestursvæði Kársness. Þær hafa verið kynntar í tengslum við endurskoðun aðalskipulagsins en eru í mótun og nánari útfærsla þeirra ræðst í áframhaldandi skipulagsvinnu á næstu fjórum árum. Önnur svæði innan Kársness eru nokkuð fastmótuð og ekki gert ráð fyrir breytingum á þeim svæðum.

Reitaskipting - Kársnes.


Gert er ráð fyrir að heildarfjölgun íbúða á Kársnesi á skipulagstímabilinu geti orðið um 1000 íbúðir þar af um 550 íbúðir á vestanverðu Kársnesi og um 450 íbúðir samkvæmt þegar samþykktu deiliskipulagi.

Hér að neðan eru skrár yfir fjölda íbúða, íbúa, hlutföll og stærðir húsnæðis í m² fyrir Kársnes.


Upplýsingar um fjölda íbúða og stærðir í ársbyrjun 2012 eru fengnar úr Fasteignaskrá Íslands. Þessar upplýsingar og skrár og teikningar, þar sem fjöldi íbúa, íbúða og stærðir eru sýndir eftir götoreitum, eru skráðar sem fylgirit með rammahluta aðalskipulags, aðgengileg íbúum bæjarins og munu nýtast við áframhaldandi vinnu við hverfisskipulag bæjarhlutans.

Tafla 7.1. Yfirlit yfir fjölda íbúða, íbúa, hlutföll og stærðir húsnæðis fyrir Kársnes

Reitur	íbúar	íbúðir	íb/íbúð	m² íb	m²/íbúa	meðalst./íbúða	m² atvh	verslun/skrifst.	geymslur	sérh.h	m² samanl.
Samantekt fyrir núverandi byggð í ársbyrjun 2012 á Kársnesi											
A-F	4.420	1.611	2,7	251.628	57	156	72.004	3.558	2.598	26.408	356.195
Samantekt fyrir núverandi byggð og samþykta byggð í ársbyrjun 2012											
A-F	5.720	2.200	2,6	316.600	54	144	83.200	5.100	2.600	26.000	433.500
Samantekt fyrir þróun til ársins 2024											
A-F	6.600	2.650	2,5	364.900	55	138	59.120	4.840	1.080	25.240	455.180



Kársnes: Staðfestar breytingar á Aðalskipulagi Kópavogs 2000-2012.





Kársnes: Helstu breytingar á Aðalskipulagi Kópavogs 2000-2012 með staðfestu Aðalskipulags Kópavogs 2012-2024



Kársnes: Hverfakort



Vallagerði og Kópavogsbraut. Ljósni. B.M.



7.3

Kópavogslækur afmarka síðan bæjarhlutann í norður og suður með víðfeðmum útivistar- og íþróttasvæðum. Efst í landinu er Efri-Víghóll, friðlýst náttúruvætti.

Landnotkun í bæjarhlutanum skiptist á eftirfarandi hátt, sjá mynd 7.6.

FYRIRHUGAÐAR BREYTINGAR Á DIGRANESI

Helsta nýbyggingarsvæðið í bæjarhlutanum er Lundur, þar sem uppbygging er þegar hafin.

Ástand sumra atvinnuhúsa við Smiðjuveg, Skemmuveg og gömlu atvinnuhúsanna við Auðbrekku og Nýbýlaveg er bágborið, umgengi slæm og húsnæði víða lélegt.

Erfitt hefur reynst fyrir bæjaryfirvöld að taka á ástandi þessara svæða en með endurskipulagningu verður stuðlað að auknum gæðum byggðar. Einkum vilja bæjaryfirvöld horfa til Auðbrekkusvæðisins frá Nýbýlavegi að Hamraborg hvað varðar endurskoðun deiliskipulags með það í huga að landnotkun verði breytt þannig að hlutur íbúða aukist.

LUNDUR

Í samþykktu deiliskipulagi er gert ráð fyrir 384 íbúðum í fjölbýli, rað- og parhúsum. Byggingarframkvæmdir á svæðinu eru komnar vel á veg en þar af er búið að reisa um 130 íbúðir og framkvæmdir eru að hefjast við um 60 íbúðir til viðbótar.


Einkum er vísað í deiliskipulag Lunda, með síðari breytingum, birt í B- deild Stjórnartíðinda 17. mars 2005.

ÞRÓUNARSVÆÐI VIÐ AUÐBREKKU OG NÝBÝLAVEG


Hluti byggðar við Auðbrekku og Nýbýlaveg sem skilgreindur hefur verið sem þróunarsvæði stækkar og nær nú til svæðis sem afmarkast af Hafnarfjarðarvegi í vestur, Selbrekku í suður, Laufbrekku og Dalbrekku í austur og Nýbýlavegi í norður. Með hugtakinu þróunarsvæði felast ekki kvaðir um tafarlausar breytingar á landnotkun og landnýtingu. Heldur er æskilegt að byggðin mótist í takt við þróun húsnæðismarkaðarins og breyttra áherslna í þjóðfélaginu, m.a. um þéttingu byggðar. Fleiri tækifæri skapist fyrir fjölbreyttari þjónustu. Áætlan um framkvæmdir á þróunarsvæði getur því falið í sér nýja byggð eða breytta notkun þess húsnæðis sem fyrir er.

Á árinu 2007 var unnið deiliskipulag fyrir Auðbrekku 16-32 á grundvelli aðalskipulagsins en þar er blandað saman athafnasvæði á neðstu hæð og íbúðum á efrihæðum. Uppbygging hefur ekki hafist.


Í aðalskipulaginu er miðað við að draga úr stærð og umfangi atvinnuhúsnæðis á ofangreindu svæði og byggja þess í stað svæðið enn frekar með blandaðri landnotkun íbúða og atvinnustarfsemi. Í endurskipulagningu Auðbrekkusvæðisins gæti jafnframt falist að vannýtt húsnæði verði fjarlæggt



Mynd 7.4 Aldursskipting íbúa á Digraesi.



Mynd 7.5 Íbúðapróun á Digraesi.



Mynd 7.6 Hlutfallsleg skipting landnotkunar á Digraesi 2012.

til að rýma fyrir nýjum byggingum og opnum svæðum. Hugmyndirnar eru enn í mótun og nánari útfærsla þeirra ræðst í áframhaldandi skipulagsvinnu á næstu fjórum árum við hverfisskipulag Digraess.

ÞRÓUNARSVÆÐI VIÐ SMÍÐJUVEG.

Byggð við Smiðjuveg og Skemmuveg er í nýju aðalskipulagi skilgreind sem þróunarsvæði. Ekki er lagt til að breyting verði á landnotkun svæðisins og verður það því áfram skilgreint sem athafnasvæði. Aftur á móti mun áhersla fyrst og fremst verða lögð á endurskoðun gatnakerfis og að skilgreina þau svæði, þar sem breytinga er þörf, til að auka gæði byggðarinnar. Þetta á sérstaklega við þann hluta svæðisins sem snýr að Reykjanesbraut. Endurskipulagning svæðisins getur jafnframt falið í sér tillögur um nýja byggð eða breytta notkun húsnæðis.

Reitaskipting-Digraess.

Gert er ráð fyrir að heildarfjöldgum íbúða á Digraesi á skipulagstímabilinu geti orðið um 530 íbúðir þar af um 160 íbúðir á þróunarsvæði við Auðbrekku og um 300 íbúðir í Lundi. Því er áætlað að um 100 íbúðir verði byggðar annars staðar í bæjarhlutanum m.a. við Álfhólsveg og Ástún.


Hér að neðan eru skrár yfir fjölda íbúða, íbúa, hlutföll og stærðir húsnæðis í m² fyrir Digraess. Upplýsingar um fjölda íbúða og stærðir í ársbyrjun 2012 eru fengnar úr Fasteignaskrá Íslands. Þessar upplýsingar, skrár og teikningar þar sem fjöldi íbúa, íbúða og stærðir eru sýndir eftir götoreitum, eru skráðar sem fylgirit með rammahluta aðalskipulags, aðgengileg íbúum bæjarins og munu nýtast við áframhaldandi vinnu við hverfisskipulag bæjarhlutans.

Tafla 7.2. Yfirlit yfir fjölda íbúða, íbúa, hlutföll og stærðir húsnæðis á Digraesi.


Reitur	Íbúar	Íbúðir	Íb/Íbúð	m ² íb	m ² /Íbúa	meðalst./Íbúða	m ² atvh	verslun/skrifst.	geymslur	sérh.h	m ² samanl.
Samantekt fyrir núverandi byggð í ársbyrjun 2012 á Digraesi											
A-E	11.832	4.473	2,6	585.860	50	131	116.011	69.197	23.768	60.902	855.735
Samantekt fyrir núverandi byggð og samþykktu byggð í ársbyrjun 2012											
A-E	12.800	4.800	2,7	621.000	48	128	115.000	69.200	23.770	60.900	889.870
Samantekt fyrir þróun til ársins 2024											
A-E	12.700	4.900	2,6	635.400	48	126	100.550	67.000	23.080	55.570	881.600




Digraess: Reitaskipting



Digranes: Staðfestar breytingar á Aðalskipulagi Kópavogs 2000-2012.




Digranes: Helstu breytingar á Aðalskipulagi Kópavogs 2000-2012 með staðfestu Aðalskipulags Kópavogs 2012-2024



Digranes: Hverfakort.



Digranes. Ljós. B.M.



7.4

atvinnusvæði. Kópavogslækur afmarkar síðan bæjarhlutann í norður með víðfeðmum útivistar- og íþróttasvæðum.

Landnotkun í bæjarhlutanum má sjá á mynd 7.8.

FYRIRHUGAÐAR BREYTINGAR Í SMÁRAHVERFI

Fyrir dyrum stendur áframhaldandi uppbygging í Smárahverfi. Megináhersla verður lögð á enn frekari uppbyggingu miðsvæðisins við Reykjanesbraut sunnan Smáralindar og á þróunarsvæði við Dalveg ásamt breytingu á umferðarkerfinu næst Reykjanesbraut. Með aukinni byggð í bæjarhlutanum vilja bæjaryfirvöld skapa fleirum tækifæri til að búa og starfa á frábærum stað og jafnframt nýta þá kosti sem bæjarlandið hefur upp á að bjóða.

DALVEGUR 20 TIL 28

Í Aðalskipulagi 2000-2012 var gert ráð fyrir að skilgreind þróunarsvæði við Dalveg yrðu deiliskipulögð fyrir 2012. Nokkrar lóðir hafa samkvæmt þeirri skilgreiningu verið deiliskipulagðar en eftir er að endurskipuleggja Dalveg 20-28. Þessar lóðir eru skilgreindar í endurskoðuðu aðalskipulagi sem þróunarsvæði.

Sjá nánar deiliskipulag Dalvegur 24, birt í B- deild Stjórnartíðinda 3. júlí 2009 og Dalveg 32, birt í B- deild Stjórnartíðinda 4. október 2007.

HAGASMÁRI 1 - NORÐURTURN HJÁ SMÁRALIND

Árið 2007 var hafist handa við byggingu 15 hæða skrifstofu og þjónustubyggingu norðan Smáralindar. Í kjölfar hrunsins 2008 stöðvaðist sú framkvæmd. Gert er ráð fyrir að nú verið hafist handa við að ljúka við þetta 16.000 m² stóra mannvirki sem kemur til með að styrkja verslunar- og þjónustusvæðið við Smáralind og bæjarhlutann í heild.

Sjá nánar deiliskipulag Hagasmári 1 - verslunar og þjónustusvæði í Kópavogsdal, m.s. br. birt í B- deild Stjórnartíðinda 3. nóvember 2006.


HOLTASMÁRI 1

Samþykkt var árið 2008 að heimila stækkun hússins (Hjartavernd) með viðbygginu 2.400 m² að flatarmáli á suðaustur hluta lóðar. Í húsinu eru margs konar starfsemi, m.a. höfuðstöðvar Hjartaverndar. Framkvæmdir við viðbygginguna eru ekki hafnar.


Sjá nánar deiliskipulag Holtasmári 1- reitur C, birt í B- deild Stjórnartíðinda 12. janúar 2008.

NÓNHÆÐ

Í gildandi skipulagi fyrir efsta hluta Nónhæðar hefur verið gert ráð fyrir blandaðri landnotkun, stofnunum og opnu svæði. Í



Mynd 7.7. Þróun íbúafjölda í Smárahverfi.



Mynd 7.8. Hlutfallsleg skipting landnotkunar í Smárahverfi árið 2012.

deiliskipulagi frá 1991 er sýnt tilbeiðsluhúð, safnaðarheimili, opín svæði ásamt bílastæðum með aðkomu frá hringtorgi Arnarsmára. Á lóðinni sem er í einkaeign, 2,7 ha að flatarmáli og afmarkast af Arnarnesvegi til suðurs og Smárahvammsvegi til austurs og Fífuhvammsvegi til norðurs hafa hins vegar engar byggingarframkvæmdir hafist samkvæmt gildandi deiliskipulagi þar sem söfnuður BAHAlA á Íslandi seldi landið fyrir nokkrum árum.

Í endurskoðuðu aðalskipulagi er gert ráð fyrir að landnotkun svæðisins verði óbreytt en framsetning þéttbýlisuppráttarins miðast við skipulagsreglugerð nr. 90/2013.

ÞRÓUNARSVÆÐI VIÐ DALVEG

Hluti svæðisins við Dalveg er skilgreindur sem þróunarsvæði, þ.e. lóðirnar Dalvegur 22, 24, 26 og 28. Í því felast ekki kvaðir um tafarlausar breytingar heldur er æskilegt að byggðin mótist í takt við þróun húsnæðismarkaðarins og breyttar áherslur í þjóðfélaginu, m.a. um þéttingu byggðar og sköpun fleiri tækifæra fyrir fjölbreyttari þjónustu. Áætlun um

framkvæmdir á þróunarsvæðum getur því falið í sér nýja byggð eða breytta notkun þess húsnæðis sem fyrir er og endurskoðun á umferðartengingum.

SUÐURSVÆÐI SMÁRALINDAR

Í Aðalskipulagi Kópavogs 2012-2024 er ráðgerð heildarendurskoðun á skipulagi svæðiskjarnans í Smáranum og Glaðheimum á skipulagstímabilinu samkvæmt skilgreindum markmiðum. Í þeirri endurskoðun er lagt til að tekið verði á þáttum eins og landnotkun og landnýtingu með það að markmiði að byggðin verði blönduð íbúðum og verslunar- og þjónustuhúsnæði. Jafnframt yrði samgöngukerfið á svæðinu yfirfarið, sett fram markmið um yfirbragð byggðar (hæð og form byggðar) opín svæði, gróður, tengingar milli svæða, göngu- og hjólaleiðir og mögulega áfangaskiptingu.

SVÆÐISKJARNINN. HEILDARENDURSKOÐUN OG NÝ HUGMYNDAFRÆÐI

Eins og fram hefur komið er landið sunnan Smáralindar í einkaeign. Á árunum 2006-2008 voru kynntar fyrir bæjaryfirvöldum hugmyndir um útfærslu skipulags á svæðinu. Þær hugmyndir voru unnar undir formerkjum mikils vaxtar í verslun og þjónustu. Sá vöxtur er ekki lengur fyrir hendi og hafa þær því verið lagðar á hilluna.

Hluti deiliskipulags í Smáranum er unninn á árunum í kringum 1990 og er því að vera aldarfjórðungs gamalt. Endurskoðunar er þörf og mikilvægt er í þeirri vinnu sem framundan er að þessi tvö miðsvæði í Smáranum og Glaðheimum verði tengd saman. Þannig yrði heildarmynd svæðiskjarnans betur tryggð.

Þessi hugmyndafræði um heildarendurskoðun verður að vinnast í samvinnu við önnur sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu í gegnum Samvinnunefnd um svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins og stjórn Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu.

Reitaskipting-Smárar

Gert er ráð fyrir að heildarfjölgun íbúða í Smárahverfi á skipulagstímabilinu geti orðið um 500 íbúðir á suðursvæði Smáralindar.

Hér til hliðar eru skrár yfir fjölda íbúða, íbúa, hlutföll og stærðir húsnæðis í m² fyrir Smáran.


Upplýsingar um fjölda íbúða og stærðir í ársbyrjun 2012 eru fengnar úr Fasteignaskrá Íslands. Þessar upplýsingar, skrár og teikningar, þar sem fjöldi íbúa, íbúða og stærðir eru sýnd eftir göturreitum, eru skráðar sem fylgirit með rammahluta aðalskipulags, aðgengileg íbúum bæjarins og munu nýtast við áframhaldandi vinnu við hverfisskipulag bæjarhlutans.



Smárar: Reitaskipting


Tafla 7.3. Yfirlit yfir fjölda íbúða, íbúa, hlutföll og stærðir húsnæðis fyrir Smárahverfi.

Reitur	íbúar	íbúðir	íb/íbúð	m ² íb	m ² /íbúa	meðalst./íbúða	m ² atvh	verslun/skrifst.	geymslur	sérh.h	m ² samanl.
Samantekt fyrir núverandi byggð í ársbyrjun 2012 í Smárahverfi											
A-E	3.106	1.276	2,4	148.602	50	116	25.399	172.606	752	37.247	384.606
Samantekt fyrir núverandi byggð og samþykkt byggð í ársbyrjun 2012											
A-E	2.960	1.276	2,3	148.600	50	116	25.400	214.800	750	37.240	426.790
Samantekt fyrir þróun til ársins 2024											
A-E	4.160	1.776	2,3	198.600	48	112	25.400	205.800	750	37.500	468.050




- 1 Dalvegur 32. Opíð svæði til sérstakra nota (gróðrastöð) var breytt í verslunar- og þjónustusvæði. Samþykkt í bæjarstjórn 24. apríl 2007 og staðfest af umhverfisráðherra 21. júní 2007.
- 2 Dalvegur 24. Breytingar á landnotkun eru í samræmi við markmið Aðalskipulags Kópavogs 2001-2024 um svæðiskjarna. Í breytingunni fólst að landnotkun er breytt úr opnu svæði til sérstakra nota í verslunar- og þjónustusvæði. Samþykkt í bæjarstjórn 24. febrúar 2009 og staðfest af umhverfisráðherra 8. maí 2009.
- 3 Smáratorg - Hagasmári 1 (Smáralind). Bílastæði á efri hæð við Smáratorg eru tengd bílastæði við Hagasmára 1 (Smáralind) yfir Fífuhvammsveg. Samþykkt í bæjarstjórn 14. nóvember 2006 og staðfest af umhverfisráðherra 15. desember 2006.
- 4 Reykjanesbraut undirgöng. Ný akfær göng undir Reykjanesbraut milli Smáratorgs og Linda 4. Samþykkt í bæjarstjórn 10. desember 2005 og staðfest af umhverfisráðherra 27. janúar 2006.

Smáralind: Staðfestar beytingar á Aðalskipulagi Kópavogs 2012.



- 5 Dalvegur 10-16. Tekinn út af lista yfir þróunarsvæði.
- 6 Nónhæð. Landnotkun efst í Nónhæð breytt úr blandaðri landnotkun í samfélagsþjónustusvæði og grænt svæði.
- 7 Íþróttasvæði í Smáranum. Blandaðri landnotkun breytt í svæði fyrir samfélagsþjónustu.
- 8 Smáratorg – Skógarlind. Tákn um vegtengingu milli Smáratorgs og Skógarlindar breytt úr mismögum gatnamótum í brú.
- 9 Reykjanesbraut og Dalvegur. Aðrein og frárein komið fyrir suður af Dalveg 24 og tengibraut milli Reykjanesbrautar og Dalvegar komið fyrir á endurbótasvæði við Dalveg.
- 10 Íþróttasvæði í Smáranum. Hluti íþróttasvæðis í Smáranum verður opíð svæði.
- 11 Nónhæð - Vestur af Smáralind. Þjónustumiðstöð aldraðra í norð- austurhluta Nónhæðar verður þjónustusvæði.

Smáralind: Helstu breytingar á Aðalskipulagi Kópavogs 2000-2012 með staðfestu Aðalskipulags Kópavogs 2012-2024



Smárrar: Hverfakort



Smárrinn. Ljós. B.M.



7.5

FÍFUHVAMMUR

Bæjarhluti Fífuhvamms var skipulagður frá grunni á árunum 1992-2001. Íbúðahverfin eru tvö, Lindir og Salir, en atvinnusvæðin eru við Bæjarlind, Álalind, Akralind, Askalind og Skógarlind.

Fífuhvammur er um 208 ha að flatarmáli og afmarkast af Reykjanesbraut í vestri, bæjarmörkum Reykjavíkur og Kópavogs í norðri og Arnarnesvegi ásamt bæjarmörkum Garðabæjar og Kópavogs í suðri.

Blönduð byggð einbýlishúsa, raðhúsa og fjölbýlishúsa einkennir bæjarhlutann. Í ársbyrjun 2012 bjuggu þar um 5.900 íbúar eða um 18% allra bæjarbúa. Íbúar voru 27,5 á hvern ha. Fjöldi íbúða var liðlega 2.100 eða um 10 íbúðir/ha. Að meðaltali voru um 2,6 íbúar í hverri íbúð. Alls voru um 111.000 m² af atvinnuhúsnæði í bæjarhlutanum (sjá töflu 7.5).

Fyrir um áratug voru um 5,5% íbúa Fífuhvamms 65 ára og eldri en í byrjun árs 2012 var hlutfallið 13%.

Landnotkun í Fífuhvammi er að stærstum hluta íbúðarhúsnæði ásamt íþróttar- og útivistarsvæði. Kirkjugarður Kópavogs er í bæjarhlutanum. Vestast er verslunar- og þjónustusvæði.

Landnotkun í bæjarhlutanum skiptist á eftirfarandi hátt (sjá mynd 7.10).

FYRIRHUGAÐAR BREYTINGAR Í FÍFUHVAMMI

Fyrir dyrum stendur áframhaldandi uppbygging í Fífuhvammi. Helsta nýbyggingarsvæðið er í Glaðheimum þar sem áður var athafnasvæði Hestamannafélagsins Gusts. Unnið var á árunum 2008-2009 svæðis- aðal- og deiliskipulag fyrir svæðið þar sem gert var ráð fyrir blandaðri byggð verslunar, þjónustu og íbúða. Ekki hefur verið hafist handa við uppbyggingu á svæðinu en búið er að fjarlægja flest hesthúsin sem þar voru og búa hestamönnum aðstöðu á Kjóavöllum. Einnig hefur verið gert deiliskipulag eða breytingar á deiliskipulagi, í Hnoðraholti – Smalaholti, við Bæjarlind 8-10 og Skógarlind 1-2.

HNOÐRAHOLT – SMALAHOLT

Í samþykktu deiliskipulagi sem afmarkast af Arnarnesvegi til norðurs og sveitarfélagsmörkum Garðabæjar og Kópavogs er gert ráð fyrir að byggðin aukist frá núverandi stöðu um 140 íbúðir að mestu í fjölbýli við þorrasali.

Sjá nánar deiliskipulag Hnoðraholt - Smalaholt, m.s.br, birt í B- deild Stjórnartíðinda 9. október 2006.

BÆJARLIND 8-10

Í samþykktu deiliskipulagi er gert ráð fyrir að fermetrum í atvinnuhúsnæði fjölgi um 8000 m². Byggingarframkvæmdir á svæðinu eru ekki hafnar.

Sjá nánar deiliskipulag Bæjarlindar 8-10, m.s.br, birt í B- deild Stjórnartíðinda 13. febrúar 2007.


SKÓGARLIND 1-2

Í samþykktu deiliskipulagi sem afmarkast af Fífuhvammsvegi, Lindarvegi og Reykjanesbraut er gert ráð fyrir tveimur verslunarhúsum. Einungis er búið að reisa Skógarlind 2. Að Skógarlind 1 er gert ráð fyrir verslunarhúsnæði á 3 hæðum og kjallara. Við það fjölgar fermetrum í verslun og þjónustu frá núverandi stöðu um 12.200 m².


Sjá nánar deiliskipulag Skógarlindar, m.s.br, birt í B- deild Stjórnartíðinda 4. október 2007.

GLAÐHEIMAR

Í deiliskipulagi sem afmarkast af Reykjanesbraut, Fífuhvammsvegi, Lindarvegi og fyrirhuguðum Arnarnesvegi til suðurs er gert ráð fyrir 245 íbúðum á austurhluta svæðisins næst Lindarvegi. Samkvæmt gildandi deiliskipulagi er gert ráð fyrir að byggðir verði um 158.000 m² í húsnæði á svæðinu, þar af um 130.000 m² í verslun og skrifstofum. Deiliskipulagssvæðið er 12,6 ha að flatarmáli. Aðaltengingar inn á svæðið verða frá Arnarnesvegi og Reykjanesbraut en einnig verða tengingar við Bæjarlind og Álalind. Í skipulaginu er miðað við ný undirgöng undir Reykjanesbraut sem koma til



Mynd 7.9. Íbúðapróun í Fífuhvammi.



Mynd 7.10. Hlutfallsleg skipting landnotkunar í Fífuhvammi árið 2012.

með að tengja Hagasmára í vestur og Bæjarlind í austur.

Sjá nánar deiliskipulag Glaðheima, birt í B- deild Stjórnartíðinda 27. nóvember 2009.

Í Aðalskipulagi Kópavogs 2012-2024 er boðuð heildarendurskoðun á skipulagi svæðiskjarnans í Smáranum og Glaðheimum á skipulagstímabilinu samkvæmt skilgreindum markmiðum. Í þeirri endurskoðun er lagt til að tekið verði á þáttum eins og landnotkun og landnýtingu með það að markmiði að byggðin verði blönduð íbúðum og verslunar- og þjónustuhúsnæði. Jafnframt yrði samgöngukerfið á svæðinu yfirfarið, sett fram markmið um yfirbragð byggðar (hæð og form byggðar), opin svæði, gróður, tengingar milli svæða, göngu- og hjólaleiðir og mögulega áfangaskiptingu.

Þessi hugmyndafræði um heildarendurskoðun verður að vinnast í samvinnu við önnur sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu í gegnum Samvinnunefnd um svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins og stjórn Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu.

Reitaskipting-Fífuhvammur

Gert er ráð fyrir að heildarfjöldgun íbúða í Fífuhvammi á skipulagstímabilinu geti orðið um 560 íbúðir þar af um 300 samkvæmt þegar samþykktu deiliskipulagi og 255 nýjar íbúðir á Glaðheimasvæði í stað skrifstofu og verslunarhúsnæðis.

Hér að neðan eru skrár yfir fjölda íbúða, íbúa, hlutföll og stærðir húsnæðis í m² í Fífuhvammi.


Upplýsingar um fjölda íbúða og stærðir í ársbyrjun 2012 eru fengnar úr Fasteignaskrá Íslands. Þessar upplýsingar og skrár og teikningar þar sem fjöldi íbúa, íbúða og stærðir eru sýndir eftir götoreitum eru skráðar sem fylgirit með rammahluta aðalskipulags, aðgengileg íbúum bæjarins og munu nýtast við áframhaldandi vinnu við hverfisskipulag bæjarhlutans.




Fífuhvammur: Reitaskipting

Tafla 7.5. Yfirlit yfir fjölda íbúða, íbúa, hlutföll og stærðir húsnæðis fyrir Fífuhvamm


Reitur	íbúar	íbúðir	íb/íbúð	m ² íb	m ² /íbúa	meðalst./íbúða	m ² atvh	verslun/skrifst.	geymslur	sérh.h	m ² samanl.
Samantekt fyrir núverandi byggð í ársbyrjun 2012 í Fífuhvammi											
A-H	5.887	2.141	2,6	293.409	53	137	26.092	41.222	801	43.509	405.033
Samantekt fyrir núverandi byggð og samþykktu byggð í ársbyrjun 2012											
A-H	6.710	2.520	2,7	332.370	50	132	26.000	167.400	800	32.900	559.470
Samantekt fyrir þróun til ársins 2024											
A-H	7.000	2.700	2,6	357.875	49	129	26.100	131.900	800	32.900	549.575



Fífuhvammur: Staðfestar breytingar á Aðalskipulagi Kópavogs 2012.




Fífuhvammur: Helstu breytingar á Aðalskipulagi Kópavogs 2000-2012 með staðfestu Aðalskipulags Kópavogs 2012-2024



Fíhúvammur: Hverfakort



Fíhúvammur. Ljós. B.M.



7.6

FYRIRHUGAÐAR BREYTINGAR Í VATNSENDAHVERFI

Fyrir dyrum stendur áframhaldandi uppbygging í Vatnsenda. Felst hún einkum í fjöglun íbúða. Helsta nýbyggingarsvæðið er í Vatnsendahlíð. Í deiliskipulagi fyrir svæðið er gert ráð fyrir blandaðri byggð með verslunum, þjónustu og íbúðum. Megináhersla er lögð á blöndun byggðar. Ekki hefur verið hafist handa við uppbyggingu á svæðinu sem er í beinu framhaldi af Þingahverfi með aðkomu frá Þingmannaleið og Leiðarenda.

Á árinu 2007 var undirrituð eingarnámssátt milli eiganda Vatnsendajarðarinnar og Kópavogsbæjar. Í sáttinni er m.a. gert ráð fyrir nýju íbúðarsvæði sunnan Elliðavatns á svæði sem kallað hefur verið Vatnsvík. Miðað er við a.m.k. 300 íbúðir í sérþýli. Umrætt land er innan grannsvæðis vatnsverndar höfuðborgarsvæðisins, því geta framkvæmdir á svæðinu ekki hafist fyrr en vatnsvernd hefur verið aflétt. Með tilvísan í framangreinda eignarnámssátt er svæðið sunnan Elliðavatns auðkennt með hvítum lit og orðunum skipulagi frestað.

VATNSENDAHLÍÐ - ÞING

Svæðið er um 90 ha að stærð og afmarkast af íbúðahverfi Þinga til norðurs, lögsögumörkum Garðabæjar og Kópavogs til vesturs og grannsvæði vatnsverndar til suðausturs. Samkvæmt gildandi deiliskipulagi svæðisins er gert ráð fyrir 733 íbúðum í blandaðri byggð. Uppbygging er ekki hafin en áætlaðir m² í húsnæði eru 146.000 m², þar af um 15.000 m² í verslun,- skrifstofum og athafnahúsnæði sunnan og vestan Guðmundarlundar.

Sjá nánar deiliskipulag Vatnsendahlíðar - Þing, birt í B- deild Stjórnartíðinda 27. febrúar 2009.

Í Aðalskipulagi Kópavogs 2012-2024 er fyrirhugað byggingarsvæði sunnan og vestan Guðmundarlundar fellt út og fyrirhuguð byggð í sjálfri Vatnsendahlíðinni aukin um 170 íbúðir. Þessi breyting er gerð til að auka vægi grænna svæða og bæta tengsl milli þeirrar byggðar sem fyrir er og útivistarsvæða á Vatnsendaheiði.


RJÚPNAHÆÐ - VESTURHLUTI

Svæðið sem afmarkast af Arnarnesvegi til norðurs og sveitarfélagsmörkum Garðabæjar er að mestu byggt en gert ráð fyrir að byggðin aukist frá núverandi stöðu að mestu í sérþýlis- og fjölbýlishúsabyggð við Austurkór.


Sjá nánar deiliskipulag Rjúpnahæð – vesturhluta, m.s.br, birt í B- deild Stjórnartíðinda 10. júní 2011.

RJÚPNAHÆÐ - AUSTUR- OG NORÐURHLUTAR

Svæðið sem afmarkast af Arnarnesvegi til norðurs og bæjarmörkum Garðabæjar er að mestu fullbyggt en gert er ráð fyrir að byggðin aukist frá núverandi stöðu, að mestu í



Mynd 7.11. Íbúápróun í Vatnsenda.



Mynd 7.12 Hlutfallsleg skipting landnotkunar í Vatnsenda árið 2012.

sérþýlis- og raðhúsabyggð við Austurkór.

Sjá nánar deiliskipulag Rjúpnahæð – austur- og norðurhluta, m.s.br, birt í B - deild Stjórnartíðinda 9. október 2006.

VATNSENDAHVARF - ATHAFNASVÆÐI

Í samþykktu deiliskipulagi svæðisins sem afmarkast af opnu svæði Vatnsendahvarfs til suðurs, fyrihuguðum Arnarnesvegi til vesturs og Dimmuhvarfi til austurs er gert ráð fyrir aukningu í atvinnuhúsnæði en hluti þess hefur þegar verið byggður.

Sjá nánar deiliskipulag Vantsendahvarf - athafnasvæði, m.s.br, birt í B - deild Stjórnartíðinda 15. janúar 2002 og Vatnsendahvarf – athafnasvæði IV, Tóna og Turnahvarf, birt í B - deild Stjórnartíðinda 2. júní 2008.

VATNSENDI - MILLI VATNS OG VEGAR. VATNSENDALETTIR 730-739

Í samþykktu deiliskipulagi fyrir Vatnsenda kemur fram að á svæðinu Milli vatns og vegar eigi aðeins eftir að byggja 10 einbýlishús á Vatnsendabletti 730–739. En svæðið afmarkast

af Elliðahvamsvegi til vesturs, býli Elliðahvamms til suðurs og Elliðavatni til austurs. Fram hafa komið hugmyndir um að breyta einbýlishúsunum að hluta í parhús.

Sjá nánar deiliskipulag Milli vatns og vegar, birt í B- deild Stjórnartíðinda 27. júní 2001.

VATNSENDI - ÞING

Svæðið er enn í uppbyggingu einkum sérþýlishúsalóðir. En þó á eftir að byggja fjölbýli við Engjaþing og Boðaðing. Svæðið afmarkast af Vatnsendahlíð til suðurs og svæðinu Milli vatns og vegar til norðurs.


Sjá nánar deiliskipulag Vatnsendi – Þing, birt í B - deild Stjórnartíðinda 14. júlí 2005.

Reitaskipting-Vatnsendi

Gert er ráð fyrir að heildarfjölgun íbúða í Vatnsenda á skipulagstímabilinu geti orðið um 1.400 íbúðir þar af um 900 í Vatnsendahlíð.

Hér að neðan eru skrár yfir fjölda íbúða, íbúa, hlutföll og stærðir húsnæðis í m² fyrir Vatnsenda.

Upplýsingar um fjölda íbúða og stærðir í ársbyrjun 2012 eru fengnar úr Fasteignaskrá Íslands. Þessar upplýsingar, skrár og teikningar, þar sem fjöldi íbúa, íbúða og stærðir eru sýnd eftir götúreitum, eru skráðar sem fylgirit með rammahluta aðalskipulags, aðgengileg íbúum bæjarins og munu nýtast við áframhaldandi vinnu við hverfisskipulag bæjarhlutans.




Vatnsendi: Reitaskipting


Tafla 7.6. Yfirlit yfir fjölda íbúða, íbúa, hlutföll og stærðir húsnæðis fyrir Vatnsenda

Reitur	Íbúar	Íbúðir	Íb/Íbúð	m ² íb	m ² /íbúa	meðalst./íbúða	m ² atvh	verslun/skrifst.	geymslur	sérh.h	m ² samanl.
Samantekt fyrir núverandi byggð í ársbyrjun 2012 í Vatnsenda											
A-H	5.960	2.186	2,7	353.389	61	162	6.971	95.155	0	47.912	503.427
Samantekt fyrir núverandi byggð og samþykktu byggð í ársbyrjun 2012											
A-H	9.440	3.340	2,8	499.800	53	150	54.200	119.360	0	66.700	740.060
Samantekt fyrir þróun til ársins 2024											
A-H	10.000	3.600	2,8	570.700	57	158	12.000	106.400	0	51.700	740.800


Allar breytingar sem gerðar hafa verið á Aðalskipulagi Kópavogs 2000-2012 og deiliskipulög eða breytingar á deiliskipulagi sem samþykktar hafa verið má sjá á heimasíðu bæjarins; Kópavogur.is undir slóðinni Þjónusta/Umhverfi og skipulag / Skipulagsmál /Samþykkt deiliskipulag í Kópavogi / og /Aðalskipulag Kópavogs /Aðalskipulagsbreytingar.



Vatnsendi: Staðfestar breytingar á Aðalskipulagi Kópavogs 2012.



Vatnsendi: Helstu breytingar á Aðalskipulagi Kópavogs 2000-2012 með staðfestu Aðalskipulags Kópavogs 2012-2024



Vatnsendi: Hverfakort.

8.1	SAMANTEKT	8.13.4	Heildarniðurstaða stefnu um atvinnu
8.2	UMHVERFISMAT ÁÆTLANA	8.14	UMHVERFI
8.3	TENGLI VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR	8.15	GRUNNKERFI
8.4	ALÞJÓÐLEGIR SAMNINGAR	8.15.1	Stefna aðalskipulags um gatnakerfi
8.5	AÐFERÐ	8.15.2	Valkostir fyrir gatnakerfi
8.6	UMFANG OG VALKOSTIR	8.15.2.1	Ofanbyggðarvegur
8.8	UMHVERFISÞÆTTIR	8.15.2.2	Arnarnesvegur
8.9	UMHVERFISVIÐMIÐ	8.15.2.3	Kópavogsgöng
8.10	EINKENNI OG VÆGI ÁHRIFA	8.15.2.5	Göngu-, hjóla- og reiðstígar
8.11	UMHVERFISMAT	8.15.2.4	Lestarsamgöngur
8.12	BYGGÐ	8.15.3	Niðurstaða samanburðar
8.12.1	Stefna aðalskipulags varðandi íbúðarbyggð	8.15.4	Heildarniðurstaða stefnu varðandi grunnkerfi
8.12.2	Valkostir fyrir íbúðarbyggð	8.16	SAMFÉLAG
8.12.2.1	Vatnsvík	8.17	VIÐMIÐ OG TENGING SKIPULAGS-ÁÆTLUNAR
8.12.2.2	Kársnes	8.19	HEILDARNIÐURSTAÐA OG SAMLEGUÁHRIF
8.12.3	Niðurstaða samanburðar	8.19	VÖKTUN
8.13	ATVINNA	8.20	FRAMKVÆMDIR SEM ERU HÁÐAR
8.13.1	Stefna aðalskipulags varðandi miðsvæði	8.21	UMHVERFISMATI FRAMKVÆMDA
8.13.2	Valkostir fyrir miðsvæði	8.21	SAMRÁÐ OG KYNNING
8.13.2.1	Smárin og Glaðheimar	8.22	UMHVERFISVIÐMIÐ
8.13.3	Niðurstaða samanburðar		

VIÐAUKI 1 UMHVERFISSKÝRSLA

8

8.3 TENGLI VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR

Við gerð umhverfisskýrslu verður tekið mið af eftirfarandi áætlunum. Einnig er horft til alþjóðlegra samninga og annarra stefnuskjala stjórnvalda eftir því sem við á. Sjá töflu 8.3.1-2

Tafla 8.3.1 Yfirlit yfir áætlanir til athugunar, tengingar og samræmi/ósamræmi við aðrar áætlanir

Áætlanir til athugunar	Tenging	Samræmi/ósamræmi við aðrar áætlanir
Náttúruvinnjaskrá, Náttúruverndaráætlun 2004-2008 og Náttúruverndaráætlun 2009-2013	Friðlýst svæði innan Kópavogs og svæði á náttúruvinnjaskrá.	Tillagan er í samræmi við náttúruverndaráætlun. Innan svæðisins eru allar fjöru innan þessara marka og land neðan byggðar, ásamt Bessastaðanesi og Gálgahrauni.
Samgönguáætlun	Vegaframkvæmdir innan sveitarfélagsins.	Tillagan er í samræmi við samgönguáætlun 2011-2012. Samgöngumál sem sérstaklega snerta Kópavogsbæ eru m.a. ákvörðun um framtíð Reykjavíkurflugvallar, framkvæmdir við Arnarnesveg og þrjú mismög gatnamót við Suðurlandsveg.
Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins 2001-2024	Í áætluninni er að finna framtíðarsýn sveitarfélaganna sex á höfuðborgarsvæðinu um uppbyggingu og þróun byggðar á skipulagstímabilinu frá Kjósarhreppi í norðri að Vatnsleysustrandarhreppi í suðvestri Svæðisskipulagið nær einkum til landnotkunar og þróunar byggðar, landslagsskipulags og heildaryfirbragðs byggðar, samgöngu- og umhverfismála.	Aðalskipulagið er í öllum meginatriðum í samræmi við stefnu Svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins 2001-2024. Þar má nefna markmið um sjálfbæra þróun, þéttingu byggðar, samgöngu og verndarsvæði. Aftur á móti hefur þróun byggðar í Kópavogi verið umfram þær áætlanir sem svæðisskipulagið gerði ráð fyrir við staðfestingu þess í lok árs 2002. Kemur sá munur einkum fram í fjölda íbúða og íbúa þar sem Kópavogur byggðist hraðar en áætlanir svæðisskipulagsins gerðu ráð fyrir. Nauðsynlegt var að gera nokkrar leiðréttingar á Svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2001-2024 til samræmis við gildandi aðalskipulag Kópavogs. Gerð er grein fyrir þeim í kafla 1.3.1.

8.1 SAMANTEKT

Umhverfismat áætlana skv. lögum nr. 105/2006 er fastur liður í vinnu við endurskoðun aðalskipulags. Markmið laganna er að stuðla að sjálfbærri þróun og draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum og jafnframt stuðla að því að við áætlanagerð sé tekið tillit til umhverfissjónarmiða. Í samræmi við þau markmið er umhverfismat unnið samhliða endurskoðun aðalskipulagsins og nýttist því sem innlegg í aðalskipulagsgerðina og stuðlar að upplýstri og gagnsærri ákvarðanatöku. Í meðfylgjandi skýrslu er greint frá niðurstöðum matsvinnu sem var liður í vinnu við gerð Aðalskipulags Kópavogs 2012-2024.

8.2 UMHVERFISMAT ÁÆTLANA

Aðalskipulag Kópavogs 2012-2024 er skipulagsáætlun sem er háð umhverfismati skv. 3. gr. laga nr. 105/2006 um umhverfimat áætlana þar sem áætlunin:

- Markar stefnu er varðar leyfisveitingar til framkvæmda sem tilgreindar eru í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.
- Er undirbúin og samþykkt af stjórnvaldi og unnin skv. lögum.

Tilgangur umhverfismats Aðalskipulags Kópavogs er:

- Að tryggja að tekið sé tillit til umhverfissjónarmiða við endurskoðun aðalskipulagsins í því skyni að stuðla að umhverfisvernd og draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum byggðarþróunar.
- Að meta umhverfisáhrif mismunandi valkosta um byggðarþróun og stuðla þannig að upplýstri og gegnsærri ákvarðanatöku við mótun aðalskipulagsins.

Salahverfi. Ljósmynd F.B.



Tafla 8.3.2 Yfirlit yfir áætlanir til athugunar, tengingar og samræmi/ósamræmi við aðrar áætlanir

Áætlanir til athugunar	Tenging	Samræmi/ósamræmi við aðrar áætlanir
Aðalskipulag nágrannasveitarfélaga	Landnotkun sem nær yfir sveitarfélagamörk, annars vegar við heimalandið, þ.e. Reykjavík og Garðabæ og hins vegar við upplönd Kópavogs þ.e. Mosfellsbæ og Sveitarfélagið Ölfuss.	Tillagan er í samræmi við: Aðalskipulag Garðabæjar 2004-2016. Aðalskipulag Reykjavíkur 2001-2024 og tillögu að Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030. Aðalskipulag Mosfellsbæjar 2011-2030. Sjá jafnframt kafla 1.3.5 varðandi ágreining um lögsögumörk milli Kópavogs og Mosfellsbæjar. Aðalskiplag Ölfus 2010-2024
Deiliskipulagsáætlanir	Áætlanir byggðar á gildandi aðalskipulagi og deiliskipulagsáætlanir sem unnar verða vegna nánari útfærslu aðalskipulagsins.	Endurskoðun aðalskipulags er í samræmi við gildandi deiliskipulög innan sveitarfélagsins.
Staðardagskrá 21	Velferðaráætlun sveitarfélagsins varðandi sjálfbæra þróun.	Endurskoðun aðalskipulags er samþætt Staðardagskrá 21.
Svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs 2009-2020	Tekið er á sorpförgun á höfuðborgarsvæðinu.	Endurskoðun aðalskipulags samræmist þeim kröfum sem löggjafinn setur þessum málaflokki.
Velferð til framtíðar Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi Stefnumörkun til 2020	Tekið á öllum málaflokkum.	Endurskoðun aðalskipulags samræmist þeim kröfum sem löggjafinn setur (sjá sérstaklega kafla 4).
Kerfisáætlun Landsnets 2010-2014	Höfð til hliðsjónar við gerð Aðalskipulags Kópavogs 2012-2024 og við mat á umfangi og umhverfisáhrifum þess.	Endurskoðun aðalskipulags er í samræmi við kerfisáætlun Landsnets.
Stefnumörkun Íslands um framkvæmd Samningsins um líffræðilega fjölbreytni	Höfð til hliðsjónar við gerð Aðalskipulags Kópavogs 2012-2024 og við mat á umfangi og umhverfisáhrifum þess.	Endurskoðun aðalskipulags samræmist þeim kröfum sem löggjafinn setur þessum málaflokki.
Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum	Höfð til hliðsjónar við gerð Aðalskipulags Kópavogs 2012-2024 og við mat á umfangi og umhverfisáhrifum þess.	Endurskoðun aðalskipulags samræmist þeim kröfum sem löggjafinn setur þessum málaflokki.

8.4 ALÞJÓÐLEGIR SAMNINGAR

Markmið og ákvæði eftirfarandi alþjóðlegra samþykktanna liggja til grundvallar framtíðarsýn og stefnu aðalskipulags Kópavogs. Sjá töflu 8-4.

8.5 AÐFERÐ

Umhverfismatið er unnið af Landmótun sf. og Skipulags- og byggingardeild Kópavogs. Stuðst var við leiðbeiningar Skipulagsstofnunar, annars vegar um umhverfismat áætlana og hins vegar um flokkun umhverfisþátta, viðmið, einkenni og vægi umhverfisáhrifa. Umhverfismatið byggir á fyrirbyggjandi upplýsingum um grunnástand umhverfis sem fjallað er um í köflum 2-6 í greinargerð aðalskipulags.

Tafla 8.4. Yfirlit yfir áætlanir til athugunar og tengingar

Áætlanir til athugunar	Tenging
Alþjóðasamþykkt um fuglavernd (Páris 1950)	Allir villtir fuglar skulu verndaðir. Stjórnvöld mega veita undanþágu frá þessari almennu reglu í þágu vísinda og menntunar og hvað varðar vargfugla.
Ramsarsamningur Samþykkt um votlendi sem hafa alþjóðlegt gildi (Ramsar 1971)	Ekkert svæði nýtur verndar á grundvelli samningsins innan Kópavogs. En aðalskipulagið tekur mið af samningnum með að raska sem minnst votlendi.
Samningur um verndun villtra plantna og dýra og lífsvæða í Evrópu (Bern 1979)	Gera ber nauðsynlegar ráðstafanir til að viðhalda, eða aðlaga, stofnstærð villtra dýra og plantna í samræmi við vistfræðilegar, vísindalegar og menningarlegar kröfur.
Samningur um líffræðilega fjölbreytni (Río 1992)	Stuðla ber að verndun og sjálfbærri notkun líffræðilegrar fjölbreytni.
Rammasamningur Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar (Rio de Janeiro 1992)	Stemmt verði stigi við auknum gróðurhúsáhrifum með því að draga úr útstreymi gróðurhúsalofttegunda af manna völdum og vernda og auka viðtaka og geyma (þ.e. lífmassa, skóga, höf og önnur vistkerfi á landi, á ströndum og í hafi) fyrir gróðurhúsalofttegundir.
Samningur um verndun menningar- og náttúruarfleifðar heimsins (C 42/1995) http://whc.unesco.org	Skylda aðildarríkis til að skilgreina, vernda, varðveita, kynna og miðla til komandi kynslóða menningar- og náttúruarfleifð sem hefur sérstakt alþjóðlegt gildi og er á yfirráðasvæði þess.



Ellidavatn. Ljós. F.B.

8.6 UMFANG OG VALKOSTIR

Í samræmi við efni áætlunar er umfjöllun í umhverfisskýrslu skipt í þrjá megin þætti. Þessir þættir eru mótaðir út frá áætlaðri byggðaþróun til 2024.

- Fjallað er um megin stefnumörkun áætlunar. Metið er hvort markmið áætlunar fylgi almennt markmiðum þeirra umhverfisviðmiða sem lögð eru til grundvallar umhverfismati.
- Greint er frá vali á kostum varðandi landnotkun á eftirfarandi matsskyldum svæðum og fjallað um samanburð á mögulegum umhverfisáhrifum þeirra:
 - Miðhverfi í Smáranum og Glaðheimum (svæðiskjarni sbr. svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins)
 - Ofanbyggðarvegur, stofnvegur í þéttbýli. Svokallaður ofanbyggðarvegur frá Arnarnesvegi við Salaskóla að Vífilsstaðavatni í Garðabæ en hluti hans er fyrirhugaður í Kópavogi
 - Arnarnesvegur, stofnvegur í þéttbýli
 - Kópavogsgöng, stofnvegur í þéttbýli
 - Kársnes
 - Lestarsamgöngur
 - Brú yfir Fossvog.

Umfjöllun í umhverfisskýrslu um kosti í byggðaþróun snýr að samanburði á mögulegum uppbyggingarsvæðum. Í Aðalskipulagi Kópavogs 2000-2012 var horft til þess að þetta byggð og byggja upp á endurbótasvæðum (bróunarsvæðum) í eldri byggð bæjarins. Einnig var gert ráð fyrir að nýta það land í útjaðri byggðar sem enn er til ráðstöfunar til uppbyggingar íbúðarbyggðar. Þannig hefur á síðustu árum verið unnið út frá þeirri stefnu að byggja Kópavog upp jöfnum höndum miðsvæðis og í jaðri byggðar. Í umhverfisskýrslu er fjallað um hvort viðhalda eigi þeirri stefnu eða hvort leggja eigi meiri áherslu á uppbyggingu á einu svæði fram yfir önnur. Hins vegar er borin saman mismunandi landnýting á þeim kjarnasvæðum sem tilgreind eru hér til hliðar og sjá má í töflu 8.6. Í umfjöllun um tillögukosti verður einnig fjallað um núllkost, þ.e. óbreytt ástand á þeim landsvæðum sem um ræðir. Ef stefna áætlunarinnar leiðir af sér framkvæmdir sem eru háðar mati á umhverfisáhrifum framkvæmda verða áhrif þeirra á umhverfið metin samkvæmt lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum. Slíkt mat er á ábyrgð framkvæmdaraðila og þarf að vinna áður en framkvæmdaleyfi verður veitt.

8.7 ÁHRIFABÆTTIR

Með hugtakinu áhrifaþættir er vísað til þeirra þátta aðalskipulagsins sem líklegir eru til að valda umhverfisáhrifum. Við mat á kostum varðandi byggðaþróun í aðalskipulaginu eru

Svæði	Landnotkun	Megin áhrifaþáttur	Megin umhverfisþættir
Mislæg gatnamót við Suðurlandsveg	Stækkun samgöngumannvirkja Aukið öryggi á þjóðvegi.	Samgöngur	Hagrænir þættir, náttúrufar, auðlindir og andrúmsloft
Ofanbyggðarvegur. Stofnvegur í þéttbýli	Uppbygging samgöngu- mannvirkis í þéttbýli Betri tengingar á milli hverfa og grannbyggða Kópavogs.	Samgöngur	Hagrænir þættir, náttúrufar auðlindir, andrúmsloft og samfélag
Arnarnesvegur stofnvegur í þéttbýli	Uppbygging samgöngu mannvirkis í þéttbýli Betri tengingar á milli hverfa og grannbyggða Kópavogs.	Samgöngur	Hagrænir þættir, náttúrufar, auðlindir, andrúmsloft og samfélag
Kópavogsgöng. Stofnvegur í þéttbýli	Uppbygging samgöngu- mannvirkis í þéttbýli Betri tengingar á milli hverfa og grannbyggða Kópavogs.	Samgöngur	Hagrænir þættir, náttúrufar, auðlindir, andrúmsloft og samfélag
Smárasvæðið	Umfang íbúðarhúsnæðis aukið borið saman við óbreytta landnotkun þ.e. stefnu gildandi aðalskipulags.	Landnotkun og samgöngur	Samfélag. Hagrænir þættir
Vatnsvík	Óbreytt landnotkun, þ.e. stefna gildandi aðalskipulags Kópavogs borið saman við stefnu um opið svæði með frekari uppbyggingu til útivistar og skógræktar.	Landnotkun	Náttúrufar (vatnsvernd), hagrænir þættir og samfélag
Kársnes	Stefna gildandi aðalskipulgs Kópavogs borin saman við þuétting byggðar þ.e. íbúðarbyggð og núverandi hafnarstarfsemi verði víkjandi.	Samgöngur	Náttúrufar (ströndin), samfélag og hagrænir þættir
Samgöngur	Lestarsamgöngur.	Landnotkun	Samfélag

8.8 UMHVERFISÞÆTTIR

kannaðar afleiðingar þessara helstu þátta á umhverfið og hvort nauðsynlegt sé að grípa til aðgerða eins og vöktunar eða velja einn kost umfram annan. Við mat á umhverfisáhrifum gæti þurft að taka afstöðu til fleiri áhrifaþátta eftir því sem stefna aðalskipulagsins mótast. Eftirfarandi þættir aðalskipulagsins eru helst taldir geta valdið umhverfisáhrifum:

- Þróunarsvæði þar sem fyrirhuguð er þétting byggðar s.s. í Glaðheimum, á svæðinu sunnan Smáralindar, á vesturhluta Kársness og á Auðbrekkusvæðinu.

- Nýbyggingarsvæði þar sem fyrirhuguð er byggð á nýjum svæðum í Vatnsenda.

- Við Þríhnúka, þar sem fram hafa komið hugmyndir um að opna fyrir aðgengi almennings að svæðinu.

- Uppbygging samgöngumannvirkja til að auka aðgengi og umferðarrýmð á Suðurlandsvegi, Reykjanesbraut, Arnarnesvegi, fyrirhuguð Kópavogsgöng og vegna Ofanbyggðarvegar.

Með hugtakinu umhverfisþættir er átt við þá þætti umhverfisins sem stefnumið aðalskipulagsins geta hugsanlega haft áhrif á. Við greiningu umhverfisþátta fyrir áætlunina var tekið mið af leiðbeiningum Skipulagsstofnunar um flokkun umhverfisþátta, viðmið, einkenni og vægi umhverfisáhrifa. Umhverfisþáttum er raðað í fimm flokka (I) náttúrufar, (II) samfélag, (III) hagrænir þættir, (IV) auðlindir og (V) andrúmsloft. Í kafla 8.22 eru tilgreindir umhverfisþættir innan hvers flokks sem fyrirhugað er að líta til við mat á samræmi stefnumiða við aðrar áætlanir sem og við samanburð valkosta. Einnig er uppgefið hvaða stefnuskjöl eru höfð til hliðsjónar við matið og samráðsaðila. Hafa ber í huga að fjöldi umhverfisþátta getur breyst í vinnslu aðalskipulagsins og umhverfismats. Umhverfisþættirnir voru valdir með hliðsjón af þeim breytingaráformum sem skipulagstillagan hefur í för með sér. Þegar skoðaðar eru tillögur um að nýtt land sé tekið undir íbúðabyggð hefur það sér í lagi í för með sér breytingar á náttúrufari, hagrænum þáttum, samfélagi og auðlindum og eru þeir þættir skoðaðir sérstaklega. Aðrar áherslur eru við val á umhverfisþáttum þegar átt er við þætti á borð við þéttingu byggðar, þar sem áherslan er lögð á breytingu, t.d. á samgöngumannvirkjum, grunngerð byggðar og andrúmslofti.



Lundur. LjósM. F.B.

Tafla 8.10.1

Einkunn	Skýring
Samræmist	Stefna áætlunar samræmist þeim viðmiðum sem lögð hafa verið til grundvallar mati á umhverfisáhrifum fyrir viðkomandi umhverfisþátt.
Á ekki við	Stefna áætlunar hefur ekki teljandi áhrif á þau viðmið sem lögð hafa verið til grundvallar mati á umhverfisáhrifum fyrir viðkomandi umhverfisþátt.
Samræmist ekki	Stefna áætlunar samræmist ekki þeim viðmiðum sem lögð hafa verið til grundvallar mati á umhverfisáhrifum fyrir viðkomandi umhverfisþátt.

Tafla 8.10.2

Vægi áhrifa		Skýring
Jákvæð	+	Stefna áætlunar hefur jákvæð áhrif á viðkomandi umhverfisþátt.
Óveruleg	0	Stefna áætlunar hefur ekki teljandi áhrif á viðkomandi umhverfisþátt.
Neikvæð	-	Stefna áætlunar hefur neikvæð áhrif á viðkomandi umhverfisþátt.
Óljós áhrif, háð útfærslu	?	Óvissa er um áhrif stefnu áætlunar á viðkomandi umhverfisþátt og/eða háð hvernig stefnan verður útfærð nánar í deiliskipulagi og/eða framkvæmdum.

8.9 UMHVERFISVIÐMIÐ

Með hugtakinu umhverfisviðmið er átt við mælikvarða, sem lagður er á hugsanleg umhverfisáhrif stefnu áætluna til að geta tekið afstöðu til umfangs og vægis áhrifa þeirra. Skýrt verður frá hver stefna bæjaryfirvalda er varðandi þá umhverfisþætti sem talið er að geti orðið fyrir verulegum áhrifum. Einnig verður tekið mið af samráði ásamt þeim athugasemdum og umsögnum sem munu koma fram við samráð og kynningu áætlunar og umhverfisskýrslu. Í kafla 8 eru tilgreind þau umhverfisviðmið sem lögð eru til grundvallar umhverfismati. Ef í ljós kemur við matið að fleiri viðmið skuli notuð verður þeim bætt á listann. Í umhverfisskýrslu verður greint nánar frá því hvaða þáttum í stefnuskjölum verði tekið mið af til þess að leggja mat á áhrif áætlunarinnar.

8.10 EINKENNI OG VÆGI ÁHRIFA

Einkennum og vægi hugsanlegra umhverfisáhrifa er lýst í samræmi við hlutverk þessara áætlunar og hversu nákvæm hún er. Við mat á stefnumiðum áætlunar er metið hvort þau samræmist eða samræmist ekki þeim viðmiðum sem lögð eru til grundvallar með tilliti til hversu nákvæmt umhverfismat áætlana er. Sjá töflur 8.10.1 og 2.

8.11 UMHVERFISMAT

Í eftirfarandi köflum er gerð grein fyrir lykilþáttum sem eru til athugunar í mats- og skipulagsvinnunni. Greint er frá þeim aðstæðum sem eru forsenda matsvinnu og fengist var við í skipulagsvinnu. Greint er frá mögulegum áhrifum á umhverfið, hvernig tekist var á við þessi mál í skipulagsvinnunni og þeim valkostum sem eru til skoðunar. Greint er frá matsvinnu og niðurstöðum hennar fyrir megin

málaflokkana fimm í skipulagstillögunni. Greint er frá helstu áhrifum og mögulegum mótvægisáðgerðum fyrir hvern málaflokk fyrir sig og/eða leiðum til að vakta áhrif eða fylgja niðurstöðum matsvinnu eftir við framkvæmd aðalskipulags. Málaflokkarnir eru:

- Byggð
- Atvinna
- Umhverfi
- Grunnkerfi
- Samfélag

Fyrir hvern málaflokk var farið kerfisbundið yfir vinsunartöflu og veigamestu umhverfisþættir skilgreindir. Greiningin tók til eftirfarandi þátta:

- Náttúrufar: Undirþættir eru jarðfræði og jarðmyndanir, vatnafar, lífríki (gróður og dýr), sjór og strandlengja, jarðfræði og jarðmyndanir og náttúruminjar.

- Andrúmsloft: Undirþættir eru loftgæði og losun gróðurhúsalofttegunda.

- Samfélag: Undirþættir eru félagslegt umhverfi, heilsa, öryggi, menningarminjar og yfirbragð byggðar.

- Hagrænir þættir: Undirþættir eru efnahagur og atvinnulíf, íbúaðróun, byggð, efnisleg verðmæti, samgöngur og veitur.

- Auðlindir: Undirþættir eru landrými, landslag, verndarsvæði, útivistarsvæði, sorpfögun, orku- og jarðefnanotkun.

Í tengslum við hvern umhverfisþátt var litið til matsspurningar og viðmiða sem voru sett fram í matslýsingunni. Viðmið eru ýmist stefna sveitarstjórnar, lög og reglugerðir eða stefna íslenskra stjórnvalda. Einnig voru skuldbindingar

Íslands vegna aðildar að alþjóðasamningum hafðar til hliðsjónar, s.s. samningur um verndun líffræðilegrar fjölbreytni, rammasamningur Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar og Kyoto bókunin.

8.12 BYGGÐ

Stefna aðalskipulags varðandi byggð er sett fram í kafla 2 í greinargerð aðalskipulags.

Kópavogur hefur vaxið hratt sl. 20 ár. Byggingarland er takmarkað og nauðsynlegt að nýta það með hagkvæmum hætti. Fjárfestingar í nýju byggingarlandi og síðar veitu- og samgöngukerfum hafa verið umtalsverðar á síðustu árum og eiga þær eftir að skila sér til baka með hagkvæmri nýtingu. Í aðalskipulaginu er gert ráð fyrir uppbyggingu á þróunarsvæðum í eldri hverfum Kópavogs og þéttingu byggðar. Með því skapast forsendur fyrir blöndun byggðar og um leið betri nýtingu á samgöngu- og veitukerfum bæjarins. Í þessari endurskoðun er horft til þeirrar uppbyggingar sem átt hefur sér stað í eldri hverfum bæjarins. En unnið var að þéttingu byggðar með deiliskipulagsgerð á nokkrum þróunarsvæðum (endurbótasvæðum), m.a. við Auðbrekku, Dalveg, Hafnarbraut og götureitinn við Nesvör/Vesturvör. Á svæðinu við Lund og Kópavogstún var hafist handa við þéttingu byggðar samkvæmt skipulagsáætlunum. Á þessu skipulagstímabili verður áfram horft til endurbóta á svæðunum á vesturhluta Kársness, við Dalveg og Auðbrekku. Smiðjuhverfi, Smáranum og Glaðheimum er bætt við sem þróunarsvæði.

Þó að eldri hverfi bæjarins teljist fullbyggð er í aðalskipulaginu horft til þéttingar byggðar í þessum hverfum eins og stefnt hefur verið að á undanförnum árum. Einkum er horft til þéttingar á eldri atvinnusvæðum þar sem mikið er um illa nýtt húsnæði. Einnig verður kannað hvort hægt verði að þétta byggð á öðrum svæðum, þar á meðal á miðbæjarsvæðinu.

Áætlað er að uppbygging á þegar samþykktum landfyllingum við Kársnes muni hefjast á skipulagstímabilinu. Á svæðinu verður gert ráð fyrir blandaðri byggð, aðallega íbúðarbyggð en einnig er gert ráð fyrir verslunar- og þjónustuhúsnæði ásamt atvinnuhúsnæði.

Stefna Aðalskipulags Kópavogs 2012-2024 varðandi svæði fyrir frístundabyggð og landbúnaðarsvæði eru talin hafa óveruleg áhrif á alla umhverfisþætti og því ekki fjallað sérstaklega um það nema í samantektartöflu og texta.

8.12.1 Stefna aðalskipulags um íbúðarbyggð

Helstu markmið áætlunar á sviði byggðar eru:

- Að hver bæjarhluti verði aðlaðandi, sérkenni hans njóti sín og hafi miðkjarna ef þess er kostur.

- Að byggingarland verði nýtt með hagkvæmum hætti, byggð verði fjölbreytt og falli vel að umhverfinu.

- Skipulag taki mið af þörfum og óskum íbúa sem og annarra hagsmunaaðila en taki jafnframt mið af hagsmunum heildarinnar.

- Horfa skal til þéttingar byggðar í anda sjálfbærrar þróunar, sérstaklega á skilgreindum þróunarsvæðum þar sem í auknum mæli verður gert ráð fyrir blandaðri byggð íbúða, atvinnu- og þjónustuhúsnæðis. Stefnt skal að byggðarmynstri sem byggir á samspili gatna, torga, garða og bygginga.

Vatnsvík	Skipulagi frestað	Íbúðarsvæði	Núllkostur Opið svæði með frekari uppbyggingu til útivistar og skógræktar
Náttúrufar	Engin áhrif á náttúrfarslega þætti þar sem lagt er til að fresta öllu skipulagi á svæðinu.	Neikvæð áhrif á náttúrfarslega þætti sem til skoðunar eru. Verið er að taka óbyggt svæði og undir íbúðarbyggð með tilheyrandi mannvirkjum og framkvæmdum.	Jákvæð áhrif á náttúrfarslega þætti. Lagt er til að svæðið verði áfram nýtt til útivistar.
Andrúms-loft	Engin áhrif á loftgæði og losun gróðurhúsalofttegunda.	Ný byggð á svæðinu, mun hafa neikvæð áhrif á loftgæði sem og losun gróðurhúsalofttegunda. Aukin umferð bifreiða hefur aukna mengun í för með sér.	Óveruleg áhrif á loftgæði og losun gróðurhúsalofttegunda.
Samfélag	Óveruleg áhrif á samfélagslega þætti.	Óveruleg áhrif á heilsu og öryggi, menningarmínjar, yfirbragð byggðar og félagslegt umhverfi þar sem byggðin mun fylgja þeim kröfum sem uppfylla skilyrði fyrir öryggi íbúa.	Óveruleg áhrif á samfélagslega þætti.
Hagrænir þættir	Neikvæð áhrif á atvinnulíf og efnahag þar sem lagt er til að skipulagi er frestað.	Aukin íbúðarbyggð og fjölgun íbúa sem því fylgir hefur jákvæð áhrif á efnahag og atvinnulíf sveitarfélagsins.	Óveruleg áhrif á íbúaðróun í sveitarfélaginu þar sem tillaga aðalskipulags um íbúðarbyggð á öðrum svæðum mun anna eftirspurn á skipulagstímabilinu.
	Óljós áhrif á aðra hagræna þætti eins og á efnahag og atvinnulíf, byggð og efnisleg verðmæti, samgöngur og veitur.	Þar sem um er að ræða fyrirhugað byggðasvæði í efribygðum Kópavogs yrðu veitu- og samgönguframkvæmdir kostnaðasamar.	Óljós áhrif á aðra hagræna þætti eins og á efnahag og atvinnulíf, byggð og efnisleg verðmæti, samgöngur og veitur.
Auðlindir	Engin áhif.	Neikvæð áhrif á landrými og landslag, verndarsvæði, útivistarsvæði, sorpförgun og orku- og jarðefnanotkun þar sem verið er að leggja til að taka stórt óbyggt svæði undir íbúðarbyggð með tilheyrandi framkvæmdum, jarðraski og úrgangsmyndun frá nýjum íbúðarsvæðum.	Jákvæð áhrif á landrými og landslag, verndarsvæði, útivistarsvæði, sorpförgun og orku- og jarðefnanotkun.

- Næst miðju verði þéttleiki byggðarinnar mestur en næst jaðrinum verði byggðin strjálli og tengsl við ósnortna náttúru meiri.

Fyrirhugaðar breytingar, á einstökum lóðum eða hluta götureita í eldri hverfum bæjarins, skulu ekki raska yfirbragði aðliggjandi byggðar þar sem m.a. er gætt samræmis hvað varðar götumynd, hlutföll bygginga og byggingarstíl.

- Stuðla skal að verndun og viðhaldi þess menningarsögu-lega arfs sem fólginn er í sögu og þróun byggðar í Kópavogi á þann hátt að einstök hús, húsaaðir og götumyndir verði vernduð með hverfisvernd.

- Við skipulag byggðar verði leitast við að jafna dreifingu aldurs- og þjóðfélagsþópa.

- Stefnt er að því að uppbygging þjónustu verði sem mest samhliða byggingu íbúðarhverfa.

- Á íbúðarsvæðum verði heimil minniháttar atvinnu-starfsemi sem samrýmist búsetu. Í hverfisskipulagi eða deiliskipulagi skal kveða nánar á um mögulegar takmarkanir fyrir slíka starfsemi.

8.12.2 Valkostir fyrir íbúðarbyggð

Umfiöllun um valkosti varðandi svæði fyrir íbúðarbyggð snýr að samanburði á mögulegum uppbyggingarsvæðum. Í vinnu við endurskoðun aðalskipulags fyrir Kópavog var horft til þess að þétta byggð og byggja upp á skilgreindum þróunarsvæðum í eldri byggð bæjarins. Einnig var litið til þess möguleika að nýta það land í útjaðri byggðar sem enn er til ráðstöfunar til uppbyggingar íbúðarbyggðar.

8.12.2.1 VATNSVÍK

Lagt er til að skipulagi verði frestað í Vatnsvík. Í samræmi við eignarnámssátt frá 2007 er gert ráð fyrir að á svæðinu rísi íbúðarbyggð í framhaldi af skipulagðri íbúðarbyggð í Vatnsendahlíð. Núllkostur er gildandi aðalskipulag en samkvæmt því er svæðið skilgreint sem óbyggt svæði og vatnsverndarsvæði

8.12.2.2 KÁRSNES

Í endurskoðuðu aðalskipulagi Kópavogs er lagt til að fylgja eftir stefnu sem fram kemur í Svæðisskipulagi höfuðborgar-svæðisins og aðalskipulaginu breytt til samræmis við það. Hafnarsvæðið í núverandi myndi yrði víkjandi og í stað þess komi blönduð byggð íbúða, verslana og atvinnuhúsnæðis. Lagt er til að hafskipahöfn eins og hún var fyrirhuguð sé felld út og í staðinn verði höfnin skilgreind sem smábátahöfn. Á svæðinu er skilgreint þróunarsvæði sem nær til byggðar við Vesturvör og Kársnesbraut auk núverandi svæðis við Hafnarbraut, Bakkabraut og Bryggjuvör. Á þróunarvæðinu er miðað við að gamalt og illa nýtt atvinnuhúsnæði verði rífið og nýtt byggt í stað þess með blandaða landnotkun og svæði skilgreint að hluta til til útivistar. Gert er ráð fyrir göngu-hjólaleið yfir Fossvog til Reykjavíkur. Íbúðum hefur verið fækkað talsvert frá upprunanlegri hugmynd eða um 250. Íbúðafjöldi vestan Reykjanesbrautar skv. svæðisskipulagi, yrði um 1100 í stað 1350 íbúða. Ennfremur er gert ráð fyrir því að minnka athafn húsnæði á þróunarsvæðinu um 10.000 m2.



Mynd 8-1. Fyrirhugaðar landfyllingar á Kársnesi.

Kársnes	Íbúðarbyggð í bland við verslunar og athafnasvæði	Núllkostur (óbreytt byggð)
Náttúrufar	Neikvæð áhrif á náttúrfarslega þætti þar sem gert er ráð fyrir frekari landfyllingum og land mótað með tilheyrandi áhrifum á sjó og strandlengju á svæðinu. Landfyllingar verða um 1,8 ha.	Jákvæð áhrif á náttúrfarslega þætti. Ekki er gert ráð fyrir frekari landfyllingum og því engin áhrif á sjó, strandlengju eða aðra náttúrfarslega þætti umfram þau áhrif sem þegar hafa komið fram með landfyllingum á svæðinu
	Nýjar landfyllingar munu ekki hafa áhrif á verndarsvæði t.a.m. Skerjafjörð þar sem ekki eru lagðar til frekari landfyllingar til norðurs eingöngu í vestur við hafnarkantinn eða samtals um 1,8 ha. Óveruleg áhrif á aðra náttúrfarslega þætti.	Óveruleg áhrif á aðra náttúrufarslega þætti.
Andrúms-loft	Með þéttingu byggðar og aukinni áherslu á almenningsamgöngur, göngu- og hjólabrú yfir Fossvog og hefur minna vægi atvinnuhúsnæðis jákvæð áhrif á loftgæði á svæðinu.	Núverandi umferð með þeirri atvinnustarfsemi sem er til staðar á svæðinu og þ.a.l. þungaflutningum um svæðið hefur neikvæð áhrif á loftgæði..
Samfélag	Aukin íbúðarbyggð á Kársnesi er talin hafa hafa jákvæð áhrif á félagslegt umhverfi þar sem gert er ráð fyrir blöndun húsagerða fyrir mismunandi aldurs- og þjóðfélagshópa og atvinnuhúsnæði. Með aukinni byggð aukast líkur á betri aldursdreifingu.	Óbreytt stefna gerir ráð fyrir nokkurri fjölgun íbúða á svæðinu t.a.m. íbúðir fyrir aldraða ásamt 530 annars konar íbúðum í bland við atvinnustarfsemi sem hefur jákvæð félagsleg áhrif.
	Vaxandi íbúðarbyggð á Kársnesi getur haft neikvæð áhrif á heilsu og öryggi íbúa á svæðinu með auknu umferðarmagni sem fer um núverandi götur. Með því að leggja af hafnarsvæði í þeirri mynd sem gert var ráð fyrir mun þungaumferð minnka til muna.	Umferð mun aukast um svæðið en í minna magni en gert er ráð fyrir í stefnu aðalskipulags.
	Óveruleg áhrif á menningarmínjar og yfirbragð byggðar.	Óveruleg áhrif á menningarmínjar og yfirbragð byggðar.
Hagrænir þættir	Stefna aðalskipulags um aukna íbúðarbyggð á Kársnesi er talin hafa jákvæð áhrif á atvinnulíf, íbúaðróun, byggð og efnisleg verðmæti. Með fjölgun íbúa og fleiri atvinnutækifærum eykst hagur sveitarfélagsins.	Óbreytt stefna með aukinni íbúðarbyggð á Kársnesi er talin hafa jákvæð áhrif á atvinnulíf, íbúaðróun, byggð og efnisleg verðmæti. Með auknum íbúafjölda og auknum atvinnutækifærum eykst hagur sveitarfélagsins.
	Aukið álag á núverandi samgöngu- og veitukerfi.	Aukið álag á núverandi samgöngu- og veitukerfi.
Auðlindir	Stefna aðalskipulagsins er talin hafa jákvæð áhrif á útivist þar sem með aukinni íbúðarbyggð munu fleiri geta nýtt sér þá útivist í Fossvoginum sem stendur til boða.	Jákvæð áhrif á útivistarstarfsemi á svæðinu þar sem fleiri geta nýtt sér svæði í næsta nágrenni við íbúðarbyggð.
	Auknar landfyllingar kalla á aukna jarðefnanotkun. Áhrifin munu óveruleg.	Óveruleg áhrif á orkunotkun og sorpförgun þar sem lögð er áhersla á aukna flokkun úrgangs og vistvænni byggingar.
	Óveruleg áhrif á orkunotkun og sorpförgun þar sem lögð er áhersla á aukna flokkun úrgangs og vistvænni byggingar.	

Stefna aðalskipulags varaðndi íbúðarbyggð í bland við athafnasvæði og smábátahöfn er einn sá valkosta sem til greina koma. Annar valkostur, sem metinn er, er gildandi aðalskipulag eða núllkostur sem gerir ráð fyrir óbreyttri stöðu, þ.e. engar nýjar íbúðir umfram þær sem þegar hafa verið samþykktar. En þær eru samtals um 550 íbúðir auk 130 íbúða fyrir aldraða. Jafnframt er ekki gert ráð fyrir nýjum atvinnulóðum. Umfang landfyllingarinnar breytist og er nettó stækkun hennar um 1.8 ha. Aukin landfylling verður vestan við viðlegukantinn.

8.12.3 Niðurstaða samanburðar

Í umhverfismatinu voru settir fram valkostir fyrir uppbyggingu á íbúðarbyggð í á Kársnesi.

Niðurstaða samanburðar á kostum varðandi uppbyggingu á Kársnesi leiðir í ljós að með aukinni íbúðarbyggð á vestanverðu Kársnesi muni efnahagur og atvinnulíf sveitarfélagsins vænkast. Jákvæðra áhrifa mun gæta í félagslegu umhverfi, þ.e. varðandi aldursdreifingu og þjóðfélagshópa, og innviðir samfélagsins styrkjast. Áhrif á umferð og loftgæði verða jákvæð, þar sem lögd er ríkari áhersla á almenningssamgöngur, bætt umferðaröryggi og þar með bættu stýringu og nýtingu þeirra samgöngu- og veitumannvirkja sem fyrir eru. Stefna aðalskipulags er talin hafa óveruleg áhrif á aðra þætti sem til skoðunar voru. Núllkostur er ekki talin vænlegur. Hann er ekki í samræmi við stefnu sveitarfélagsins um að takmarka útpenslu byggðar, horfa til þess að þétta og blanda byggð enn frekar og ýta þannig undir að hverfi verði í auknum mæli sjálfbærari með aukinni blöndun og vistvænni samgönguháttum.

Stefna aðalskipulags hvað varðar frestun skipulags í Vatnsvík er talin hafa jákvæð áhrif á náttúrfarslega þætti og útivist þar sem lagt er til að ekkert verið gert á svæðinu næstu fjögur árin a.m.k. Svæðið er í dag útivistarsvæði. Nokkur trjárækt er á svæðinu og fær það því að halda sér. Neikvæð áhrif geta orðið á hagræna þætti en óveruleg á aðra þætti sem til skoðunar voru. Stefnan var borin saman við aukna íbúðarbyggð og núllkost sem gerir ráð fyrir óbyggðu svæði og vatnsverndarsvæði að hluta. Aukin íbúðarbyggð myndi hafa neikvæð áhrif á náttúrfarslega þætti, á útivist og verndarsvæði þar sem nýtt land yrði brotið undir byggð með tilheyrandi mannvirkjagerð og ásýndarbreytingu á landslagi. Uppbygging mannvirkja á svæðinu, þ.e. götur og veitur, yrðu nokkuð dýrar í framkvæmd þar sem um nýframkvæmdir er að ræða og ekki hægt að beintengjast við núverandi kerfi. Núllkostur gerir ráð fyrir að svæðið haldist sem óbyggt svæði og vatnsverndarsvæði og er það talið hafa jákvæð áhrif á náttúrfarslega þætti og á auðlindir en óljós eða óverleg áhrif á aðra þætti.

Byggð	Umhverfisþættir				
	Náttúrufar	Andrúmsloft	Samfélag	Hagrænir þættir	Auðlindir
Íbúðarbyggð	0/+/-/?	+	+/-/0	+/-	0/+
Fristundabyggð	0	0	0	0	0
Landbúnaðarsvæði	0	0	0	0	0

8.9.4 Heildarniðurstaða stefnu varðandi byggð

Stefna Aðalskipulags Kópavogs 2012-2024 varðandi byggð miðar að því að takmarka útpennslu íbúðarbyggðar og horfa frekar til að þétta byggð sem mest innan núverandi byggðar. Er áhersla lögð á að endurbyggja eldri atvinnusvæði og tryggja hæfilega blöndun íbúðarbyggðar og atvinnuhúnæðis og nýta þannig það land sem sveitarfélagið ræður yfir á hagkvæman hátt. Með aukinni íbúðabyggð er ekki talin hætta á að loftgæði og umferðaröryggi verði fyrir neikvæðum áhrifum vegna umferðar. Lögd er áhersla á almenningssamgöngur, bætt umferðaröryggi, aukna umferð hjólandi og gangandi

Byggð	Umhverfisþættir				
	Náttúrufar	Andrúmsloft	Samfélag	Hagrænir þættir	Auðlindir
Íbúðarbyggð	0/+/-/?	+	+/-/0	+/-	0/+
Fristundabyggð	0	0	0	0	0
Landbúnaðarsvæði	0	0	0	0	0

vegfarenda um svæðið og minni þungaumferð með mun minna vægi atvinnuhúsnæðis á svæðinu. Ekki er talið að stefna aðalskipulags varðandi frístundabyggð eða landbúnaðarsvæði hafi umtalsverð áhrif í för með sér. Ekki er verið að bæta við frístundabyggð í Lækjarbotnum. Þvert á móti er lagt til að hún verði víkjandi. Í deiliskipulagi af svæðinu verði áhersla lögð á útivist, skógrækt og náttúruvernd. Í aðalskipulagi Kópavogs er reiknað með að þessari landnýtingu verði ekki breytt innan skipulagstímabilsins.

8.13 ATVINNA

Stefna aðalskipulags um atvinnu er sett fram í kafla 3 í greinargerð aðalskipulags.

Áhrif stefnu Aðalskipulags Kópavogs 2012-2024 varðandi svæði fyrir athafnasvæði, iðnaðarsvæði og efnistökusvæði eru talin vera óveruleg á alla umhverfisþætti og því ekki fjallað sérstaklega um þau hér nema í samantektartöflu og -texta.

8.13.1 Stefna aðalskipulags varðandi miðsvæði

Helstu markmið áætlunar varðandi miðsvæði eru:

- Að ýmis einyrkjastarfsemi geti farið fram innan íbúðarsvæða, s.s. vinnustofur listamanna, arkitekta, léttur iðnaður o.fl

- Að efla áfram hlutverk miðkjarna m.t.t. sérstöðu þeirra.

- Að uppbyggingu miðbæjarins verði lokið á skipulags-tímabilinu.

8.13.2 Valkostir fyrir miðsvæði

8.13.2.1 Smárinn og Glaðheimar

Umfjöllun um valkosti varðandi Smárann og Glaðheima snýr að samanburði á að auka umfang íbúðarhúsnæðis á svæðinu og á núllkosti sem er óbreytt byggingarmagn frá gildandi aðalskipulagi.

8.13.3 Niðurstaða samanburðar

Samanburður leiðir í ljós að fjögun íbúðarhúsa í Smáranum og Glaðheimum hefur óveruleg áhrif á náttúrfarslega þætti sem til skoðunar eru. Svæðið er tilbúið til uppbyggingar. Fjölgun íbúða getur haft meiri umferð í för með sér en þar sem stefnan er að þétta byggð og gefa íbúum færi á að búa nær vinnustað, eykur fjöglunin möguleika fólks á að ganga og hjóla.

Atvinna	Umhverfisþættir				
	Náttúrufar	Andrúmsloft	Samfélag	Hagrænir	Auðlindir
Athafnarsvæði	0	0	+	0	0
Verslunar- og þjónustusvæði	0	-	-/0	0	0
Miðsvæði	0	0	0	+/?	0
Iðnaðarsvæði	0	0	0	0	0
Efnistökusvæði	0	0	0	0	0
Afþreyingar- og ferðamannasvæði	0	0	0	0	0

Smárinn og Glaðheimar	Umfang íbúðarhúsnæðis aukið	Núllkostur (óbreytt byggingarmagn frá gildandi aðalskipulagi)
Náttúrufar	Óveruleg áhrif á náttúrfarslega þætti þar sem um er að ræða þegar byggt svæði.	Óveruleg áhrif þar sem ekki er verið að leggja til breytingar á svæðinu.
Andrúmsloft	Fjölgun íbúðarhúsa á svæðinu á að gefa fólki kost á því að geta búið nær vinnustað og þar með gefið möguleika á að ganga, hjóla eða nota almenningssamgöngur. Með því minnkar álag á gatnakerfi og dregur úr útblæstri vegna umferðar um svæðið.	Óveruleg áhrif þar sem ekki er verið að leggja til breytingar á svæðinu.
Samfélag	Minni umferð hefur jákvæð áhrif á umferðaröryggi og á hljóðvist. Jákvæð eða óveruleg áhrif á aðra samfélagslega þætti.	Óveruleg áhrif þar sem ekki er verið að leggja til breytingar á svæðinu.
Hagrænir þættir	Frekari uppbygging á svæðinu hefur jákvæð áhrif á efnahag, atvinnulíf og íbúáþróun svæðisins sem og á bættu nýtingu á grunnkerfum bæjarfélagsins.	Óveruleg áhrif þar sem ekki er verið að leggja til breytingar á svæðinu.
Auðlindir	Óveruleg áhrif á auðlindir	Óveruleg áhrif þar sem ekki er verið að leggja til breytingar á svæðinu.

Þéttari byggð hefur jákvæð áhrif á almenningssamgöngur. Minni umferð leiðir til betri hljóðvistar og umferðaröryggis á svæðinu. Fjölgun íbúðarhúsa hefur jákvæð áhrif á efnahag, atvinnulíf og íbúáþróun en einnig á nýtingu á grunnkerfum bæjarfélagsins. Slík fjölgun hefur jákvæð eða óveruleg áhrif á aðra samfélagslega þætti og á auðlindir. Í samanburði við núllkost, sem er stefna aðalskipulags, er hún æskilegri kostur og í samræmist stefnu sveitarfélagsins um að þétta byggðina, draga úr þenslu hennar og ásókn á jaðrana.

8.13.4 Heildarniðurstaða stefnu um atvinnu

Stefna Aðalskipulags Kópavogs 2012 – 2024 varðandi iðnaðar- og athafnasvæði felst helst í því að verið er að

endurskipuleggja eldri athafnasvæði innan sveitarfélagsins eins og á Kársnesi, á Auðbrekkusvæðinu og í Smiðjuhverfi. Á síðari árum hefur íbúðabyggð smám saman verið að færast nær eldri atvinnusvæðum bæjarins sem hefur valdið því að þrýstingur hefur myndast á að landnýtingu verði breytt á þessum svæðum. Við breytta landnotkun atvinnusvæða skal þess gætt að jafnvægið milli búsetu og framboðs á atvinnu raskist sem minnst. Við endurskoðunina er gert ráð fyrir þróunarsvæðum í Auðbrekku, Nýbýlavegi og í Smiðjuhverfi þar sem gert er ráð fyrir aukinni íbúðarbyggð, verslun og þjónustu. Stefna sveitarfélagsins í þessum málaflokki er talin hafa jákvæð áhrif á samfélag en óveruleg áhrif á aðra umhverfisþætti.

Stefna sveitarfélagsins varðandi atvinnu miðast við að laða að sér fyrirtæki en sveitarfélagið er vel staðsett í miðju höfuðborarsvæðisins og samgöngur eru góðar. Stefna sveitarfélagsins varðandi atvinnuuppbyggingu gengur út á að endurskipuleggja eldri atvinnusvæði, leggja áherslu á góðan frágang og umgengni við atvinnustarfsemi og opna fyrir nýsköpun í atvinnumálum.

Stefna Aðalskipulags Kópavogs 2012-2024 varðandi aukna íbúðarbyggð í Smáranum og Glaðheimum er talin hafa jákvæð eða óveruleg áhrif á þá umhverfisþætti sem til skoðunar eru. Lögd er áhersla á að þétta byggð, nýta betur þá innviði sem eru fyrir eru og gefa íbúum kost á að búa nær vinnustað. Eykur það við fjölbreytni í búsetukostum. Þannig gefst færi á að auka fjölbreytileika í samgöngumátum, s.s. fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur eða fyrir almenningssamgöngur. Almenn t dregur þétting byggðar úr losun gróðurhúsalofttegunda vegna styttri vegalengda og náttúruvænni ferðamáta.

Hlíðarvegur. LjósM. F.B.

Stefna aðalskipulags varðandi miðsvæði er talin hafa óveruleg áhrif í för með sér og uppbygging atvinnuhúsnæðis helst í hendur við stefnu varðandi aukna íbúðarbyggð, t.a.m. á Kársnesi, Auðbrekkusvæðinu, í Smáranum og Glaðheimum.

Með opnun Þríhnúkagígs mun ásókn í Bláfjallafólkvang aukast. Aukið álag getur haft í för með sér vaxandi hættu á mengun grunnvatns og rask á svæðum innan fólkvangs. Líklegustu neikvæðu áhrif þessarar stefnu eru því talin vera á vatnsvernd, náttúruverndargildi, útivist, landslag og ásýnd.

Niðurstöður áhættugreininga vegna aðgengis að Þríhnúkagíg benda til að möguleg áhætta, sem gæti stafað af mengunaróhappi, sé mjög lítil. Með hliðsjón af niðurstöðum áhættugreininga er hættu á mengun grunnvatns vegna umferðaróhappa metin óveruleg.

Verndargildi Þríhnúkagígs er mjög mikið. Það er niðurstaða mats á umhverfisáhrifum að áhrif fyrirhugaðra mannvirkja innan gígsins verði að langmestu leyti afturkræf en geti þó, ásamt stígagerð á yfirborði, haft nokkuð neikvæð áhrif á verndargildi hans.

Framkvæmdir koma til með að hafa áhrif á nútímahraun, útivist, landslag og ásýnd. Kópavogsbær leggur því áherslu á að útfærsla mannvirkja í deiliskipulagi og hönnun miði að því að dregið verði úr ásýndarbreytingum og framkvæmdir felldar að landslagi.

Framkvæmdir eru háðar framkvæmdaleyfi Kópavogsbæjar, samþykki heilbrigðiseftirlits vegna vatnsverndar og leyfi Umhverfisstofnunar vegna framkvæmda innan fólkvangs. Jafnframt eru þær háðar leyfi forsætisráðuneytis vegna framkvæmda í þjóðlendu.

Umhverfi	Umhverfisþættir				
	Náttúrufar	Andrúmsloft	Samfélag	Hagrænir þættir	Auðlindir
Óbyggð svæði	+/?	+/?	+/?	+/?	+/?
Kirkjugarðar	0	0	0	0	0
Opin svæði	0	0	+	0	0
Friðlýst svæði	0	0	0	0	0
Önnur náttúruvernd	0	0	0	0	0
Hverfisverndarsvæði	+	+	+	0	0
Minjavernd	0	0	0	0	0
Vatnsvernd	0	0	0	0	-/0
Verndarsvæði vegna strandmengunar og mengunar í ám og vötnum	+	+	+	+	+
Skógrækt og uppgræðsla	0	0	0	0	0

8.14 UMHVERFI

Stefna Aðalskipulags Kópavogs 2012-2024 um umhverfi er sett fram í kafla 4 í greinargerð aðalskipulags.

Uppland Kópavogs er nánast allt skilgreint sem óbyggt en þar eru stór útivistarsvæði eins og Bláfjallafólkvangur, Lækjarbotnar, Selfjall og Reykjanesfólkvangur. Óbyggð svæði eru svæði sem að mestu eru ósnortin og þar sem ákveðið hefur verið að mannleg áhrif verði sem minnst. Um þessi óbyggðu svæði hafa þó verið lagðir útivistarstígar til að auðvelda aðgengi íbúa að þeim og bjóða upp á sem fjölbreyttasta útivistarmöguleika

Stefna aðalskipulags sem varðar óbyggð svæði felst í því að viðhalda gæðum svæðanna og að sem flestir geti notið þeirra með verndun og markvissri stýringu í anda sjálfbærrar þróunar. Stefna aðalskipulagsins er talin hafa jákvæð áhrif á skilgreinda umhverfisþætti. Óljós eru áhrif af mögulegri uppbyggingu við Þríhnúka en fram hafa komið hugmyndir um að opna gíginn fyrir almenningi og aðstaða gerð til að auðvelda fólki til að skoða jarðfræði og staðhætti. Framkvæmdin er háð umhverfismati og verða umhverfisáhrifin metin á því stigi. Ljóst er að framkvæmdin og uppbygging mannvirkja, s.s. aðkomuvegur, bílastæði og þjónustubygging, munu hafa möguleg áhrif á vel flesta umhverfisþætti sem eru til skoðunar, s.s endurskoðun vatnsverndarsvæðis sem er ein forsenda fyrir nýtingu Þríhnúkagígs. Hún varðar auk þess öll sveitarfélög sem eiga hagsmuni að gæta vegna vatnsverndarsvæðisins. Framkvæmdin sem slík samræmist engu að síður þeirri stefnu sveitarfélagsins að nýta sem best útivistarmöguleika sem bæjarlandið býður upp á.

Stefna aðalskipulagsins vegna kirkjugarða er talin hafa óveruleg áhrif í öllum tilfellum enda mun núverandi kirkjugarður duga út skipulagstímabilið og ekki eru lagðar til neinar breytingar í þessum málaflokki.

Í Kópavogi heyra stór svæði til landnotkunarflokknum opin svæði. Strandlengja Kársness, Fossvogsdalur, Kópavogsdalur, Leirdalur, svæði í Vatnsendahlíð, á Vatnsendaheiði, við Vatnsendahvarf og Elliðavatn eru öll flokkuð sem opin svæði og eru mikilvægir hlekkir í keðju opinna svæða í heimalandi Kópavogs. Stefna aðalskipulags varðandi opin svæði eru talin hafa jákvæð samfélagsleg áhrif þar sem verið er að auka lífsgæði íbúa með góðu aðgengi að útivistarsvæðum innan þéttbýlisins eða í jaðri þess. Öll uppbygging á opnum svæðum eða útivistarsvæðum eru þess eðlis að þau munu hafa óveruleg áhrif á aðra umhverfisþætti sem eru til skoðunar.

Stefna aðalskipulags hvað varðar friðlýst svæði og aðra náttúruvernd, þ.e. svæði á náttúruminjaskrá og minjavernd, er talin hafa jákvæð áhrif. Kópavogsbærinn og Kópavogshæli hafa verði friðlýst sem og hluti Skerjafjarðar. En markmiðið með friðlýsingu hluta fjarðarins er að vernda lífríki við ströndina, í fjöru og á grunnsvævi, einkum og sér í lagi með tilliti til fugla. Jafnframt er markmiðið að vernda útivistar- og fræðslugildi svæðisins sem felst í liffræðilegri fjölbreytni og samrýmist verndun búsvæða fugla vegna mikilvægis fyrir fuglalíf

Vegna niðurfellingar brunnsvæðis við Djákróka í Garðabæ breyttust mörk vatnsverndar í Kópavogi. Ný vatnsverndarmörk taka mið af verndarsvæði umhverfis Myllulæk og Gvendarbrunna sunnan Elliðavatns í Reykjavík.



Kársneshöfnin. Ljós. L.M

Markmið breytingarinnar er að tryggja íbúum gott vatn, sem besta sjálfbæra nýtingu á vatni og varðveita eins mikið af vatnstökusvæðum og unnt er og skynsamlegt er með tilliti til þróunar byggðar. Bæjarvernd (hverfisvernd) hefur einnig tekið töluverðum breytingum í nýju skipulagi þar sem lögð er til bæjarvernd á 6 svæðum til viðbótar við þau 21 sem fyrir eru og eru þau af ýmsum toga. Bæjarvernd er sett til að vernda jarðmyndanir, lífríki, fornminjar og gamla trjálundi.

Flokkun strandsvæða og vatnasvæða í Kópavogi er talin hafa jákvæð áhrif á alla umhverfisþætti sem eru til skoðunar.

Stefna aðalskipulags varðandi skógrækt er talin hafa óveruleg áhrif á umhverfið. Skógræktarsvæði innan Kópavogs eru um 270 ha að stærð. Ekki er sett fram stefna í þá veru að auka skógrækt fyrir utan þá samninga sem gerðir hafa verið.

Almenn stefnumið í málaflokkunum eru talin hafa jákvæð áhrif á alla skilgreinda umhverfisþætti. Helstu neikvæðu áhrif sem stefnumiðin gætu haft í för með sér eru takmarkanir á uppbyggingu og nýtingu auðlinda vegna verndarákvæða. Aukin bæjarvernd er talin hafa jákvæð áhrif á náttúrufarslega þætti, andrúmsloft og samfélagslega þætti en óverulega á hagræna þætti og auðlindir.

Umfjöllun um valkosti varðandi málaflokkinn umhverfi snérust aðallega um val á bæjarverndarsvæðum, afmörkun þeirra. Ekki voru skilgreindir valkostir fyrir önnur stefnumið.

8.15 GRUNNKERFI

Stefna Aðalskipulags Kópavogs 2012-2024 varðandi grunnkerfi er sett fram í kafla 5 í greinargerð aðalskipulags.

Stefna í endurskoðuðu aðalskipulagi sem talin er geta haft neikvæð áhrif í för með sér snýst fyrst og fremst um gatnakerfi. Þar er lagt til að ljúka Arnarnesvegi. Gert er ráð fyrir nýjum ofanbyggðarvegi, Kópavogsgöngum og breikkun Suðurlandsvegur, lestarsamgöngum og göngu- og hjólabrú yfir Fossvog. Um er að ræða ný umferðarmannvirki sem öll eru nokkuð stór í sniðum. Umfjöllun í umhverfismati mun því fjalla að mestu um þessi samgöngumannvirki.

Stefna Aðalskipulags Kópavogs 2012-2024 um svæði fyrir göngu-, hjóla- og reiðstíga, flugvelli, hafnarsvæði, almenningsamgöngur og varúðarsvæði eru talin hafa jákvæð eða óveruleg áhrif á alla umhverfisþætti. Því er ekki fjallað sérstaklega um hana nema í samantektartöflu og texta.

Ofanbyggðar-vegur	Uppbygging samgöngumannvirkis	Núllkostur
Náttúrufar	Óveruleg áhrif á náttúrufarslega þætti þar sem fyrir er vegur á svæðinu og svæðið nokkuð raskað.	Svæðið innan Kópavogs þar sem fyrirhugaður vegur á að liggja er raskað land og áhrif núllkosts talin því vera óveruleg.
Andrúmsloft	Óljós áhrif þar sem ekki liggja fyrir upplýsingar um áætlað umferðarmagna á fyrirhuguðum vegi.	Jákvæð áhrif á loftgæði og losun gróðurhúsa-lofttegunda ef ekki verður farið í gerð vegarins.
Samfélag	Óljós áhrif á félagslegt umhverfi, heilsu, öryggi, menningarminjar og yfirbragð byggðar. Um er að ræða framkvæmd sem er ekki umfangsmikil og áhrifin á samfélagslega þætti talin frekar vera óveruleg eða jákvæð ef horft er til framkvæmdarinnar í heild sinni en um er að ræða veg sem tengir saman byggð í Kópavogi og Garðabæ.	Áhrif óljós en möguleg neikvæð áhrif á samfélagslega þætti þar sem ekki verður af tengingu milli byggða í Kópavogi og Garðabæ. Vegurinn sem slíkur getur létt undir með öðrum vegum og skapað þannig meira umferðaröryggi. Óljós eða jákvæð áhrif á menningaminjar og yfirbragð byggðar ef ekki verður farið í vegagerð þar sem ekki verður raskað við minjum ef einhverjar eru og yfirbragð núverandi svæðis fær að halda sér í núverandi mynd.
Hagrænir þættir	Möguleg jákvæð áhrif á efnahag og atvinnulíf ef horft er til framkvæmdarinnar í heild sinni, m.t.t. uppbyggingar á framkvæmdatíma, með minni slysatíðni og betra umferðarflæði. Tengir saman byggð í Kópavogi og Garðabæ og léttir undir umferð á öðrum vegum.	Neikvæð áhrif á efnahag og atvinnulíf ef ekki yrði farið í framkvæmdina. Möguleg neikvæð áhrif á slysatíðni og umferðarflæði.
Auðlindir	Óljós áhrif á landrými og landslag, verndarsvæði, útivistarsvæði, sorpfögun og orku- og jarðefnanotkun þar sem ekki liggja fyrir nægar upplýsingar til að meta áhrifin.	Óveruleg áhrif á auðlindir ef ekki yrði farið í Ofanbyggðarveg.

8.15.1 Stefna aðalskipulags um gatnakerfi

Helstu markmið eru:

- Unnið verði að því að byggja upp gott, öflugt og öruggt þjónustukerfi til að þjónusta íbúa sem best og við skipulag og uppbyggingu slíkra kerfa taki þau sem best mið af umhverfi og náttúruvernd.

- Samgöngur um bæinn verði öruggar og greiðfærar. Leitað verði leiða til að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum bifreiðanotkunar, efla notkun vistvænni samgöngumáta og tryggja öryggi allra vegfarenda óháð ferðamáta.

8.15.2 Valkostir fyrir gatnakerfi

Í umhverfismati er umfjöllun um valkosti beint að eftirfarandi framkvæmdum:

- Kópavogsgöng undir Kópavogsháls.

- Ofanbyggðarvegur. Er tengibraut í aðalgatnakerfi Kópavogs en vegurinn liggur frá íbúðarsvæði í Smala,- og Hnoðraholti yfir í Garðabæ og tengja betur sveitarfélögin og hverfin í efri byggðum Kópavogs. Tengibrautin er að mjög litlum hluta innan lands Kópavogs. Borin verða saman áhrif veglagningar við núllkost sem felur í sér að fara ekki í framkvæmdina.

- Arnarnesvegur. Gert er ráð fyrir stofnvegi frá Reykjanesbraut að Fífuhvammssvegi og áfram yfir Vatnsendahæð og tengist inn á Breiðholtsbraut í Reykjavík.

- Lestarsamgöngur: Umfjöllun um lestarsamgöngur samsíða Reykjanesbraut eru til skýringar.

- Göngu- og hjólabrú yfir Fossvog: Gert er ráð fyrir göngu- og hjólabrú frá Kársnesi yfir til Reykjavíkur.

Umfjöllun um valkosti varðandi gatnakerfi snýr að samanburði á uppbyggingu nýrra samgöngumannvirkja sem talin eru í kafla 5.1.1. við núllkost sem er að fara ekki í tilgreindar framkvæmdir.

8.15.2.1 OFANBYGGÐARVEGUR

Stefna Aðalskipulags Kópavogs 2012-2024 gerir ráð Ofanbyggðavegi sem verður tengibraut í aðalgatnakerfi Kópavogs en vegurinn á að liggja frá íbúðarsvæði í Smala,- og Hnoðraholti yfir í Garðabæ og tengja betur sveitarfélögin og hverfin í efri byggðum Kópavogs. Tengibrautin er að mjög litlum hluta innan lands Kópavogs. Borin verða saman áhrif veglagningar við núllkost sem felur í sér að fara ekki í framkvæmdina.

8.15.2.2 ARNARNESVEGUR

Árið 2003 kom út matsskýrsla fyrir Arnarnesveg sem unnin var á vegum VSÓ. Umhverfismatið er byggt á upplýsingum sem þar koma fram. Arnarnesvegur er stofnbraut sem mun liggja frá Breiðholtsbraut í Reykjavík að Reykjanesbraut. Vegurinn er þegar kominn að hluta á rúmlega kílómeters kafla, þ.e. frá gatnamótum Rjúpnavegar að Fífuhvamsvegi. Gert er ráð fyrir vegurinn haldi áfram frá Fífuhvamsvegi að Reykjanesbraut annars vegar og hins vegar frá Rjúpnavegi yfir Vatnendahæð að Breiðholtsbraut. Arnarnesvegur er skilgreindur sem stofnvegur í aðalगतnakerfi bæjarins. Í umhverfismatinu eru áhrifin borin saman við núllkost sem þýðir að ekki verður farið í gerð vegarins.

Arnarnesvegur	Uppbygging samgöngumannvirkis	Núllkostur
Náttúrufar	Skv. matsskýrslu þá eru áhrif á náttúrufar svæðisins talin vera óveruleg.	Jákvæð áhrif á náttúrfarslega þætti þar sem land sem ætlað er undir samgöngumannvirki fær að haldast óhreyft.
Andrúmsloft	Ekki er talið að loft- og vatnsmengun verði teljanleg frá Arnarnesvegi að frátaldrí aukningu á svifryki á framkvæmdartíma. Auðvelt er þó að draga úr svifryki með skilyrðum um vinnubrögð í útboðsgögnunum.	Jákvæð áhrif á loftgæði og losun gróðurhúsalofttegunda í næsta nágrenni við fyrirhugaðan veg. Þar sem ekki verður lagður vegur mun ekk gæta áhrifa svifriksmengunar eða annarrar mengunar frá bifreiðum. Áhrifa gæti gætt annars staðar þar sem aukin umferð mun beinast á aðrar samgönguæðar.
Samfélag	Jákvæð áhrif á samgöngur en vegurinn stýttir aksturstíma, minnkar umferðartafir og dregur úr umferð í gegnum íbúðahverfi. Samkvæmt umferðarspám verður umferð um Arnarnesveg 9.000 til 15.000 árið 2024. Umferð gangandi og akandi vegfarenda verður aðskilin og undirgöng munu auka öryggi þeirra vegfarenda sem þurfa að komast yfir veginn. Samkvæmt niðurstöðum úr útreikningum á hljóðstigi mun hávaði frá umferð í flestum tilfellum verða undir viðmiðunargildum þeim sem sett eru fram í reglugerð 933/1999 um hávaða. Áætlað er að byggja hljóðmanir til að draga úr hávaða þar sem mest á mæðir Óveruleg áhrif á minjar.	Umferðaröryggi á öðrum vegum getur versnað ef ekki yrði farið í gerð Arnarnesvegur. Umferð myndi færast yfir á Fífuhvamsveg, Vatnsendaveg og Hnoðrahóltsbraut í meira mæli. Óveruleg áhrif á minjar og yfirbragð byggðar þar sem um er ræða veg sem liggur innan þéttbýlis og að byggð sem umlykur veginn að stórum hluta.
Hagrænir	Fyrirhuguð framkvæmd er í fullu samræmi við skipulagsáætlanir Kópavogs, Garðabæjar og Reykjavíkur og svæðisskipulags höfuðborgar-svæðisins. Arnarnesvegurinn hefur verið á skipulagi undanfarin 20 ár. Svæðið sem Arnarnesvegur liggur um er opið svæði, notað til útivistar. Það er ljóst að ásýnd svæðisins mun breytast mikið og aðgengi að útivistarsvæðum skerðast að einhverju leyti. Með útlitshönnun, hljóðmönnum og skermunum ætti vegurinn hins vegar ekki að vera áberandi í landslaginu. Þá munu undirgöng tryggja áfram öruggt aðgengi að opnu svæðunum og bygging nýrra reið- og göngustíga koma í stað þeirra sem skerðast við veglagninguna.	Neikvæð áhrif á efnahag og atvinnulíf ef ekki verður farið í framkvæmdina þar sem slysatíðni gæti aukist á öðrum vegum vegna of mikillar umferðar. Einnig er framkvæmdin sem slík atvinnuskapandi.
Auðlindir	Á útivistarsvæðum, sem liggja næst vegi, verður hljóðstig yfir viðmiðunargildum skv. ofangreindri reglugerð, auk þess sem hávaði á framkvæmdartíma kann að fara yfir mörk á ákveðnum stöðum þegar unnið er að því að brjóta berg. Sjónræn áhrif verða talsverð með tilkomu nýs vegar þar sem ekki er fyrir uppbyggður vegur á þessu svæði.	Jákvæð áhrif á útivistarsvæði og á sjónræn áhrif verði ekki af fyrirhuguðum vegi.

8.15.2.3 KÓPAVOGSGÖNG

Í endurskoðuðu aðalskipulagi Kópavogs er gert ráð fyrir Kópavogsgöngum sem er í samræmi við svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins. Göngin koma til með að tengja saman Kringlumýrarbraut og Reykjanesbraut og eiga að liggja undir Kópavogsháls. Kópavogsgöngin myndu liggja frá Hafnarfjarðarvegi nokkru vestan við Lund. Þar yrði vegurinn ofanjarðar en færi aftur í göng rétt vestan við Kringlumýrarbraut sem lægju undir Fossvogskirkjugarði og opnuðust við Hlíðarfót sem mætir Flugvallarvegi nokkru norðar. Valkostur til samanburðar er núllkostur sem þýðir að ekki yrði farið í gerð gangnanna.

8.15.2.4 LESTARSAMGÖNGUR

Gert er ráð fyrir þeim möguleika að hraðlest fari í gegnum Kópavog frá Reykjavík að Flugstöð Leifs Eiríkssonar með biðstöð miðsvæðis í Kópavogi. Í aðalskipulagi er ekki tekið frá svæði fyrir lestarspor og er umfjöllun því til skýringar. Gert er ráð fyrir að Kópavogsbær muni í samvinnu við viðkomandi sveitarfélög, Keflavíkurlugvöll ohf. og Varnarmálastofnun vinna að framgangi lestarsamgangna. Nákvæmari útfærsla og staðsetning mun því liggja fyrir á síðari stigum. Kann slíkt að krefjast breytinga á aðalskipulagi.

Valkostir sem bornir eru saman eru annarsvegar hugsanlegar lestarsamgöngur og hinsvegar núllkostur eða núverandi ástand.

Kópavogsgöng	Uppbygging samgöngumannvirkis	Núllkostur
Náttúrufar	Óljós áhrif á náttúrufar þar sem ekki liggja fyrir upplýsingar um framkvæmdina sem slíka sem er á frumstigi. Að öllum líkindum yrðu áhrifin óveruleg þar sem um er að ræða jarðgöng sem ekki hefðu áhrif á náttúrufar ofanjarðar. Þar sem vegurinn lægi ofanjarðar er land nú þegar raskað.	Óveruleg áhrif á náttúrfarslega þætti ef ekki yrði farið í framkvæmdir.
Andrúmsloft	Óljós áhrif á loftgæði og losun gróðurhúsalofttegunda. Jákvætt að hafa veginn í göngum og hefur því ekki áhrif á loftgæði í núverandi byggð.	Óveruleg áhrif á andrúmsloft ef ekki yrði farið í framkvæmdir.
Samfélag	Kópavogsgöng myndu hafa möguleg jákvæð áhrif á samfélagslegslega þætti. Skilvirkari tenging milli hverfa og sveitarfélaga og bætt umferðaröryggi með dreifingu umferðar og minna álagi á núverandi samgönguæðar og yfirbragð byggðar myndi ekki verða fyrir áhrifum.	Óveruleg eða neikvæð áhrif á samfélagslega þætti ef ekki verður farið í gerð gangnanna þar sem auknið umferðarmagn kæmi niður á núverandi samgöngumannvirki.
Hagrænir þættir	Framkvæmdin sem slík myndi hafa óljós eða jákvæð áhrif á efnahag og atvinnulíf á svæðinu sem og á núverandi samgöngukerfi.	Óljós eða neikvæð áhrif ef ekki yrði farið í gerð gangnanna. Ekki liggja þó nægar upplýsingar til að meta áhrif núllkosts þar sem annar samanburður er óljós.
Auðlindir	Óljós áhrif á auðlindir þar sem ekki liggja fyrir nægar upplýsingar um framkvæmdina.	Óljós áhrif á auðlindir þar sem ekki liggja fyrir nægar upplýsingar um framkvæmdina.

Lestarsamgöngur	Uppbygging samgöngumannvirkis	Núllkostur
Náttúrufar	Ekki er talið að lestarspor meðfram Reykjanesbrautar hafi áhrif á náttúrfarslega þætti þar sem um þegar raskað svæði er að ræða.	Óveruleg áhrif á náttúrfarslega þætti ef ekki yrði farið í framkvæmdir.
Andrúmsloft	Óljós eða jákvæð áhrif á loftgæði og losun gróðurhúsalofttegunda. Jákvætt að auka við umhverfivænan samgönguvalkost og hefur því ekki áhrif á loftgæði í núverandi byggð.	Óveruleg áhrif á andrúmsloft ef ekki yrði farið í framkvæmdir.
Samfélag	Ekki er talið að fyrirhuguð lest hafi áhrif á samfélagslega þætti, fyrir utan jákvæð áhrif á samgöngur þar sem hraðlest er samgöngubót og bætur almenningssamgöngur í sveitarfélaginu.	Núverandi ástand er ekki talið hafa áhrif á samfélagslega þætti.
Hagrænir	Ekki er talið að fyrirhuguð lest hafi áhrif á hagræna þætti, fyrir utan jákvæð áhrif á samgöngur þar sem hraðlest er amgöngubót og bætur almenningssamgöngur í sveitarfélaginu.	Núverandi ástand er ekki talið hafa áhrif á hagræna þætti.
Auðlindir	Óljós áhrif á auðlindir þar sem ekki liggja fyrir nægar upplýsingar um framkvæmdina.	Núverandi ástand er ekki talið hafa áhrif á auðlindir.

8.15.2.5 GÖNGU-, HJÓLA- OG REIÐSTÍGAR

Í Aðalskipulagi Kópavogs 2012-2024 er sett fram tillaga um þverun Fossvogs. Um er að ræða útfærslu brúar sem á að þjóna gangandi og hjólandi vegfarendum og á hún að liggja frá vesturhluta Kársness að Kýrhamri vestan við Nauthólsvík. Skoðaðir voru tveir valkostir varðandi staðsetningu, innri og ytri leið (sjá mynd 8-2). Aðalskipulagið gerir ráð fyrir að ytri leið verði valin, þ.e. frá vesturhluta Kársness til móts við flugbrautarenda Reykjavíkflugvallar. Þverun á þeim stað sem kynnt er í þessari greinargerð, og í samræmi við tillögur um breytingar á aðalskipulagi sveitarfélaganna, er mun styttri en þverun innar í voginum. 340 m eru milli bakka í stað um 600 m við innri leið. Göngu- og hjólabrú yfir Fossvog yrði ein af 10 lengstu brúm landsins með heildarlengd um 270 m. Mannvirki af þessari stærðargráðu þyrfti að gangast undir umhverfismat þar sem umhverfisáhrif þess yrðu metin og rannsóknir færu fram á helstu áhrifabáttum eins og lífríki, verndarsvæðum, vatnaskiptum, sjónrænum áhrifum, hagrænum áhrifum og annari landnotkun.

8.15.3 Niðurstaða samanburðar

Í umhverfismatinu voru settir fram valkostir varðandi fimm framkvæmdir á skipulagstímabilinu. Almennt séð eru framkvæmdir sem tilgreindar eru í aðalskipulaginu háðar mati á umhverfisáhrifum og hefur það þegar farið fram varðandi Arnarnesveg. Áhrif þessara framkvæmda eru í flestum tilfellum jákvæð, óveruleg eða óljós. Möguleg neikvæð áhrif eru á hljóðvist vegna Ofanbyggðarveggar og Arnarnesveggar. Ekki liggja fyrir nægjanleg gögn til að unnt sé að meta áhrif af Kópavogsgöngum, lestarsamgöngum eða brú yfir Fossvog en ætla má að þau hafi jákvæð áhrif á umferðaröryggi og hljóðvist, loftgæði og samfélag þar sem þau muni draga úr umferðarþunga á núverandi samgöngukerfi og auki fjölbreytileika í almenningssamgöngum.

8.15.4 Heildarniðurstaða stefnu varðandi grunnkerfi

Stefna aðalskipulags hvað varðar vegi, þ.e. ný samgöngumannvirki, er í flestum tilfellum talin hafa jákvæð eða óveruleg áhrif í för með sér. Neikvæð áhrif geta orðið á hljóðvist og loftgæði þar sem nýir vegir eru fyrirhugaðir nærri íbúðarbyggð.

Stefna aðalskipulags varðandi göngu-, hjóla- og reiðstíga er talin hafa jákvæð áhrif á alla umhverfisþætti sem til skoðunar eru. Gera má ráð fyrir að styrking vistvænna ferðamáta eins og hjólreiða, almenningssamgangna og uppbygging gangstíga dragi út útblæstri og hafi þannig jákvæð áhrif á andrúmsloft og veðurfar. Við lagningu göngustíga um viðkvæm svæði er mikilvægt að velja leiðir gaumgæfilega og raska umhverfinu sem minnst. Áhrif göngu- og hjólabrúar yfir Fossvog eru

Göngu-, hjóla- og reiðstigar	Innri leið	Ytri leið	Núllkostur
Náttúrufar	Áhrif óljós en meiri áhrif á náttúrufar, verndarsvæði og lífríki en með ytri leið.	Óljós áhrif en áhrif ytri leiðar á náttúrfar talin vera minni en með innri leið.	Óveruleg áhrif þar sem ekki er verið að breyta núverandi ástandi.
Andrúmsloft	Möguleg jákvæð áhrif með auknum hjólreiðum og gangandi vegfarendum.	Möguleg jákvæð áhrif með auknum hjólreiðum og gangandi vegfarendum.	Óveruleg áhrif þar sem ekki er verið að breyta núverandi ástandi.
Samfélag	Minni stytting á stofnstígakerfi, minni áhrif á siglingar. Sjónræn áhrif minni.	Bætir betur stofnstígakerfi, meiri áhrif á siglingastarfsemi minni.	Óveruleg áhrif þar sem ekki er verið að breyta núverandi ástandi.
Hagrænir þættir	Óljós áhrif þar sem ekki liggja fyrir nægar upplýsingar til að meta áhrifin.	Óljós áhrif þar sem ekki liggja fyrir nægar upplýsingar til að meta áhrifin.	Óveruleg áhrif þar sem ekki er verið að breyta núverandi ástandi.
Auðlindir	Óljós áhrif þar sem ekki liggja fyrir nægar upplýsingar til að meta áhrifin.	Óljós áhrif á auðlindir þar ekki liggja fyrir nægar upplýsingar um framkvæmdina.	Óveruleg áhrif þar sem ekki er verið að breyta núverandi ástandi.

Mynd 8-2

Grunnkerfi	Umhverfisþættir				
	Náttúrufar	Andrúmsloft	Samfélag	Hagrænir þættir	Auðlindir
Gatnakerfi	0/?	0/+/?	0/+/?	0/+/?	?
Göngu-, hjóla- og reiðstígar	+/?	+/?	+/?	+/?	+/?
Almennings samgöngur	+	+	+	+	+
Flugvellir	0	0	0	0	0
Hafnarsvæði	0	0	0	0	0
Varúðarsvæði	0	0	0	0	0
Grunnkerfi og helgunarsvæði	+	0	+	0	0

Mynd 8-2



Mynd 8-2. Einfölduð mynd yfir mögulegum staðsetningum brúar yfir Fossvog. (Heimild: Brú yfir Fossvog, greinargerð starfshóps. Febrúar 2013)

í flestum tilfellum óljós þar sem ekki liggja fyrir í sumum tilfellum ekki nægar upplýsingar. Ytri leiðin mun þó hafa minni áhrif á náttúrufar en mögulega meiri sjónræn áhrif.

Stefna aðalskipulags vegna sviffflugsvallar á Sandskeiði er talin hafa óveruleg áhrif í för með sér enda ekki lagðar til neinar breytingar á þeirri starfsemi. Flugvöllurinn er innan vatnsverndarsvæðis sbr. samkomulag sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu frá 1997. Í reglum með samkomulaginu eru nokkur ákvæði sem varða atvinnurekstur og framkvæmdir og ber að hlíta þeim við skipulag og uppbyggingu við flugvöllinn.

Með breyttu skipulagi á hafnarsvæði á Kársnesi verður hafnsækin starfsemi vikjandi og skilgreint hafnarsvæði vikur fyrir blandaðri byggð íbúða- og atvinnuhúsnæðis. Ástæður þess má einkum rekja til þess að þróun hafnsækinnar starfsemi hefur verið vikjandi í Kópavogshöfn undanfarin ár.

Stefna aðalskipulags varðandi varúðarsvæði hefur óveruleg áhrif í för með sér enda engin slík svæði skilgreind í aðalskipulaginu.

Stefna aðalskipulags hvað varðar grunnkerfi og helgunarsvæði, þ.e. veitumannvirki og helgunarsvæði þeirra, snýr að því að halda áfram með uppbyggingu þeirra samfara uppbyggingu á íbúðarhverfum og annarri uppbyggingu. Ekki er gert ráð fyrir breytingum á vatnsveitu eða hitaveitu annarri en samfara uppbyggingu í íbúðarhverfum og eru áhrif á umhverfisþætti talin vera óveruleg á flesta þætti en jákvæð á samfélagslega þætti. Áhrif á uppbyggingu fráveitukerfis eru jákvæði á alla umhverfisþætti. Stefna endurskoðaðs aðalskipulags varðandi stofnkerfi rafveitu er sú að háspennulínnum innan svæðisins skuli ekki fjölgað en frekar horft til þess að grafa háspennustrengi í jörðu eða auka flutningsgetu núverandi háspennulína með hærri spennu. Stefna varðandi stofnkerfi rafveitu er talin hafa jákvæð áhrif á náttúrfarslega þætti og samfélag en ekki er talið að hún hafi áhrif á aðra umhverfisþætti.

8.16 SAMFÉLAG

Stefna Aðalskipulags Kópavogs 2012-2024 varðandi samfélag er sett fram í kafla 6 í greinargerð aðalskipulags.

Í umhverfismatinu var reynt að gera grein fyrir mögulegum heildaráhrifum aðalskipulags á samfélag sveitarfélagsins en ekki greindust umhverfisáhrif sem þurfa sérstaka umfjöllun. Áform um að þétta byggð, styrkja miðsvæði og staðsetja þjónustusvæði í nálægð við notendur eru líkleg til að auka styrk bæjarins sem búsetukost. Einnig er gert ráð fyrir að íbúum og störfum muni fjölga talsvert á skipulagstímabilinu en fjölbreytt atvinnulíf gerir fjölbreyttan bakgrunn íbúa á sviði menntunar og starfsreynslu líklegri. Jafnframt er stuðlað að líflegu bæjarlífi með fjölbreyttu framboði á afþreyingu, þjónustu og menningu.

8.17 VIÐMIÐ OG TENGING SKIPULAGSÁÆTLUNAR

Helstu umhverfisáhrif aðalskipulagsins eru metin út frá stefnu stjórnvalda á landsvísu um sjálfbæra þróun eins og hún hefur verið sett fram í stefnu ríkisstjórnarinnar „Velferð til framtíðar. Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi.“

Stefnumörkun um sjálfbæra þróun var samþykkt í ríkisstjórn árið 2002 og endurskoðuð árið 2010. Í ritinu Velferð til framtíðar 2010-2013 kemur fram endurskoðuð stefnumörkun stjórnvalda og þar er markmiðum og leiðum að þeim lýst varðandi:

I. Heilbrigtt og öruggt umhverfi. Hreint og heilnæmt andrúmsloft og ferskvatn er ákaflega mikilvægt og því þurfi að vakta það með tilliti til mengunar. Áhersla er lögð á örugg matvæli og umhverfi án hættulegra efna og því eru upplýsingar um matvæli mikilvægar. Jafnframt veði notkun og losun hættulegra efna takmörkuð sem mest og vöktuð. Útivist verði í sátt við náttúruna og aðgengi almennings verði tryggt. Þá skulu varnir gegn náttúruvá stuðla að öruggri búsetu fólks.

II. Vernd náttúru Íslands. Vernda þarf fjölbreytileika líf- og vistkerfa. Forðast ber að skerða enn frekar mikilvæg vistkerfi s.s. votlendi og birkiskóga en leitast við að endurheimta slík vistkerfi. Leitast verði við að varðveita fjölbreytileika

Mynd 8-3. Væðingarmarkmið og tenging skipulagsáætlunar

Stefna aðalskipulags Kópavogs um atvinnu	Markmið stefnu íslenskra stjórnvalda varðandi sjálfbæra þróun, „velferð til framtíðar“			
	Heilnæmt og óöruggt umhverfi	Vernd náttúru Íslands	Sjálfbær nýting auðlinda	Hnattræn viðfangsefni
Athafnasvæði	Á ekki við	Á ekki við	Á ekki við	Á ekki við
Verslunar og þjónustusvæði	Á ekki við	Á ekki við	Á ekki við	Á ekki við
Miðsvæði	Á ekki við	Á ekki við	Á ekki við	Á ekki við
Iðnaðarsvæði	Á ekki við	Á ekki við	Á ekki við	Á ekki við
Hafnarsvæði	Á ekki við	Á ekki við	Á ekki við	Á ekki við
Efnistökusvæði	Stefna aðalskipulags um efnistöku-svæði styður við stefnu um öruggara umhverfi með auðveldara eftirliti og bættri umgengni efnistökusvæðum.	Á ekki við	Á ekki við	Á ekki við

jarðmyndana og minjar sem eru einstakar á lands- og/eða heimsvísu. Vinna skal að mati á verndargildi háhitasvæða og einstakra landslagsgerða ásamt því að tryggja að áfram verði stór samfelld víðerni á hálendi Íslands og nýting þeirra valdi sem minnstu raski.

III. Sjálfbær nýting auðlinda. Tryggja skynsamlega nýtingu veiðistofna og einnig þeirra auðlinda sem felast í jarðvegi og gróðri. Samhliða verði unnið skipulega að landgræðslu í samræmi við markmið landnýtingar og náttúruverndar. Tryggt verði að uppbygging nytjaskóga verði til að efla byggð og atvinnu samhliða því að hún falli sem best að landslagi og vistkerfum Íslands. Endurnýjanlegar orkuauðlindir verði nýttar með hagkvæmni og umhverfissjónarmið að leiðarljósi.

IV. Hnattræn viðfangsefni. Losun mengandi efna í hafið verði stöðvuð og dregið verði úr losun mengandi efna út í andrúmsloftið samhliða því sem unnið verður að bindingu kolefnis. Áhersla er lögð á að draga úr notkun jarðefnaeldsneytis samhliða því að auka bindingu kolefnis, m.a. með landgræðslu, skógrækt og endurheimt votlendis. Þá verði tryggt líffræðileg fjölbreytni með verndun plantna og dýra samhliða verndum búsvæða þeirra.

Stefna aðalskipulags Kópavogs um umhverfi	Markmið stefnu íslenskra stjórnvalda varðandi sjálfbæra þróun, "velferð til framtíðar"			
	Heilnæmt og óöruggt umhverfi	Vernd náttúru Íslands	Sjálfbær nýting auðlinda	Hnattræn viðfangsefni
Óbyggt svæði	Stefna skipulagsins styður viðmið um öruggara umhverfi m.a. með endurheimt gróðurs.	Stefna skipulagsins styður viðmið um verndun náttúru m.a. með endurheimt gróðurs.	Stefna aðalskipulags styður viðmið um uppgræðslu lands og skógrækt m.a. til að endurheimta jarðvegs- og gróðurauðlindina.	Stefna aðalskipulags styður viðmið um uppgræðslu lands og skógrækt, m.a. til að binda kolefni í jarðvegi og gróðri.
Kirkjugarðar	Á ekki við	Á ekki við	Á ekki við	Á ekki við
Opin svæði	Stefna skipulagsins styður viðmið um heilnæmt og öruggt umhverfi þar sem aðgengi almennings og útivist er tryggð.	Stefna skipulagsins styður viðmið um verndun náttúru Íslands m.a. með skipulagi svæða til útivistar.	Með skipulagi og verndun svæða til útivistar styður stefna aðalskipulags viðmið til sjálfbærrar nýtingar á náttúruauðlindinni.	Með auknu framboði af útivistar-möguleikum er stutt við nýtingu þeirra gæða sem felast í heilsusamlegum lífsmáta og eykur þannig áhuga einstaklinga á viðhaldi lítt mengaðrar náttúru.
Friðlýst svæði	Stefna skipulagsins styður viðmið um útivist í sátt við umhverfið.	Stefna skipulagsins styður viðmið um verndun náttúrunnar m.a. með bættu skipulagi.	Með skipulagi og verndun svæða til útivistar styður stefna aðalskipulags viðmið til sjálfbærrar nýtingar á náttúruauðlindinni.	Stefna aðalskipulags styður viðmið um verndun líffræðilegrar fjölbreytni og verndun vistkerfa.
Önnur náttúruvernd	Stefna skipulagsins styður viðmið um útivist í sátt við umhverfið.	Stefna skipulagsins styður viðmið um verndun náttúrunnar m.a. með bættu skipulagi.	Með skipulagi og verndun svæða til útivistar styður stefna aðalskipulags viðmið til sjálfbærrar nýtingar á náttúruauðlindinni.	Stefna aðalskipulags styður viðmið um verndun líffræðilegrar fjölbreytni og verndun vistkerfa.
Bæjarverndarsvæði	Stefna skipulagsins styður viðmið um útivist í sátt við umhverfið.	Stefna skipulagsins styður viðmið um verndun náttúrunnar m.a. með bættu skipulagi.	Með skipulagi og verndun svæða til útivistar styður stefna aðalskipulags viðmið til sjálfbærrar nýtingar á náttúruauðlindinni.	Stefna aðalskipulags styður viðmið um verndun líffræðilegrar fjölbreytni og verndun vistkerfa.
Minjavernd	Á ekki við	Á ekki við	Á ekki við	Á ekki við
Vatnsvernd	Stefna skipulagsins styður viðmið um vatnsverndarsvæði.	Stefna skipulagsins styður viðmið um verndun þar sem forðast ber að skerða minjar, vatnsverndarsvæði eða viðkvæm vistkerfi.	Stefna skipulags styður viðmið um sjálfbæra nýtingu og verndun vatns-auðlindarinnar.	Stefna skipulags styður viðmið um sjálfbæra nýtingu og verndun vatnsauðlindarinnar.
Verndarsvæði vegna strandmengunar og mengunar í ám og vötnum	Stefna skipulagsins styður viðmið um verndarsvæði vegna strandmengunar og mengunar í ám og vötnum.	Stefna skipulagsins styður viðmið um verndun þar sem forðast ber að skerða viðkvæm vistkerfi, t.a.m. með friðlýsingu hluta Skerjafjarðar.	Stefna skipulags styður viðmið um sjálfbæra nýtingu og verndun strandsvæða.	Stefna aðalskipulags styður viðmið um verndun líffræðilegrar fjölbreytni og verndun vistkerfa.
Skógrækt og uppgræðsla	Stefna aðalskipulags varðandi skógrækt og uppgræðslu styður viðmið um heilnæmt andrúmsloft.	Stefna aðalskipulags varðandi skógrækt og uppgræðslu styður viðmið um vernd náttúru Íslands.	Stefna aðalskipulags styður viðmið um uppgræðslu lands og skógrækt, m.a. til að binda kolefni í jarðvegi og gróðri.	Stefna aðalskipulags Kópavogs varðandi grunnkerfi. Markmið stefnu íslenskra stjórnvalda varðandi sjálfbæra þróun, „Velferð til framtíðar“
Gatnakerfi	Stefna skipulagsins varðandi gatnakerfi styður viðmið um aukið öryggi og greiðari samgöngur.	Stefna skipulagsins styður viðmið um verndun þar sem forðast ber að skerða minjar, verndarsvæði eða viðkvæm vistkerfi.	Á ekki við	Stefnt er að því að draga úr notkun jarðefnaeldsneytis, m.a. með því að efla almenningssamgöngur og hjólréiðar.
Göngu,- hjóla- og reiðstígar	Stefna skipulagsins styður viðmið um öruggar leiðir til að stunda útivist og bætir aðstöðu til frístunda.	Á ekki við	Á ekki við	Aukin áhersla á bættar gönguleiðir styður viðmið um takmörkun loftslagsbreytinga.
Almennings samgöngur	Stefna skipulagsins um almenningsamgöngur styður viðmið um aukið öryggi vegfarenda og greiðari samgöngur.	Á ekki við	Á ekki við	Aukin áhersla á almenningsamgöngur styður viðmið um takmörkun loftslagsbreytinga.
Flugvöllir	Á ekki við	Á ekki við	Á ekki við	Á ekki við
Hafnarsvæði	Á ekki við	Á ekki við	Á ekki við	Á ekki við
Varúðar-svæði	Á ekki við	Á ekki við	Á ekki við	Á ekki við

Stefna aðalskipulags Kópavogs um samfélag	Markmið stefnu íslenskra stjórnvalda varðandi sjálfbæra þróun, "velferð til framtíðar"			
	Heilnæmt og óöruggt umhverfi	Vernd náttúru Íslands	Sjálfbær nýting auðlinda	Hnattræn viðfangsefni
Íþróttasvæði	Á ekki við	Á ekki við	Á ekki við	Á ekki við
Félagsmiðstöðvar	Á ekki við	Á ekki við	Á ekki við	Á ekki við
Leikskólar	Á ekki við	Á ekki við	Á ekki við	Á ekki við
Skólar	Á ekki við	Á ekki við	Á ekki við	Á ekki við
Menningarmál	Á ekki við	Á ekki við	Á ekki við	Á ekki við
Félagsþjónusta	Á ekki við	Á ekki við	Á ekki við	Á ekki við
Málefni aldraðra	Á ekki við	Á ekki við	Á ekki við	Á ekki við
Málendi fatlaðra	Á ekki við	Á ekki við	Á ekki við	Á ekki við
Heilbrigðismál	Á ekki við	Á ekki við	Á ekki við	Á ekki við
Stjórnsýsla	Á ekki við	Á ekki við	Á ekki við	Á ekki við

Kópavogsvöllur. Ljósmynd. F.B.



8.18 HEILDARNIÐURSTAÐA OG SAMLEGÐARÁHRIF

Líkleg áhrif Aðalskipulags Kópavogs 2012-2024 eru á heildina litið jákvæð á samfélag bæjarins en gert er ráð fyrir fjölbreyttu framboði íbúðarhúsnæðis og atvinnutækifæra, styrkingu miðsvæða, þéttingu byggðar með skilgreindum þróunarsvæðum og takmörkun á útþennslu byggðar. Lagt er til að byggt verði meira „innávið“ með skilgreiningu á þróunarsvæðum. Gert er ráð fyrir þéttingu og blöndun byggðar á Auðbrekkusvæðinu, Kársnesi, Smáranum, Glaðheimum, Kópavogstúni og Lundi. Ennfremur er lagt til að fresta skipulagi í Vatnsvík.

Almennt dregur þétting byggðar úr losun gróðurhúsa-loftegunda vegna styttri vegalengda og mögulega breyttu vali á ferðamáta. Með blöndum byggðar eru tengsl atvinnusvæða og íbúðabyggðar styrkt. Sömu áhrif hafa fjölbreytni í samgöngum og aukin hlutdeild almenningsgangna, hjólandi og gangandi vegfarenda í umferðinni. Almennt mun aukin hlutdeild vistvænna ferðamáta hafa jákvæð áhrif á lýðheilsu íbúa.

Fyrirhuguð verslunar- og þjónustusvæði, miðsvæði og starfsemi þar eru nokkuð umfangsmikil miðað við væntanlegan íbúafjölda í Kópavogi. En horft er í þessu samhengi til miðlægrar staðsetningar Kópavogs á höfuðborgarsvæðinu og á möguleika á uppbyggingu m.t.t. hennar. Þetta getur leitt af sér talsverða atvinnutengda umferð til Kópavogs frá nágrennsveitarfélögum.

Stefnumótunin og aðalskipulagsvinnan sýna mikinn vilja til að styrkja og efla sveitarfélagið á mörgum sviðum og leitast er við að samþætta umhverfisvernd nýtingu auðlinda og tækifæra á sviði atvinnu og samgangna. Umhverfismat Aðalskipulags Kópavogs 2012-2024 er því liður í að aðalskipulagsvinnan stuðli að sjálfbærri þróun í samræmi við markmið 1. gr. laga um umhverfismat áætlana nr. 105/2006.

8.19 VÖKTUN

Loftgæði í Kópavogsbæ eru vöktuð af Heilbrigðiseftirliti Hafnarfjarðar- og Kópvogssvæðis en til er færanleg mælistöð. Mælingar frá 2008 hafa farið fram á Marbakkabraut, Álalind, Álfkonuhvarfi, Digranesheiði og í Lækjarbotnum.

Vöktun strandsjávar er einn af mælanlegum þáttum en mengun getur stafað af yfirfalli dælustöðva, röngum tengingum skólplagna, losun skólps frá skipum og bátum og af náttúrulegum uppruna, t.d. vegna fugla og dýra. Með fjölgun íbúa og aukinni atvinnustarfsemi mun losun skólps aukast á skipulagstímabilinu. Að svo stöddu er gengið út frá því að skólphreinsistöðvar anni auknu skólpmagni á skipulagstímabilinu. Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis tekur reglulega sýni við strendur Kópavogs,

í Elliðavatni og í Kópavogs- og Fossvogslæk.

Varðandi vöktun vegna hljóðvistar hefur Kópavogsbær látið gera aðgerðaráætlun gegn hávaða fyrir árin 2013-2018. Helstu niðurstöður aðgerðaáætlunar þessarar eru að í náinni framtíð (næstu 5. ár) mun vera gengið í þær aðgerðir sem þegar hafa verið hannaðar í tengslum við mat á umhverfisáhrifum á verkefnum sem fyrirhuguð eru í framkvæmd. Í öðru lagi er hér horft til svæða þar sem umferðarhávaði veldur íbúum verulegu ónæði, t.d. á stöðum þar sem byggð er í nágrenni við stofnbrautir. Hefur Kópavogsbær þegar búið til lista yfir fyrirhugaðar framkvæmdir næstu 5 árin, með þeim skilyrðum að fjárveiting fái st frá ríki og bæ. Til lengri framtíðar litið verður leitað leiða til lækkunar á hljóðstigi með uppsetningu á hljóðskermum eða byggingartæknilegum lausnum. Fyrst verður horft til svæða þar sem fyrirséð er að mikill fjöldi íbúa mun fá lækkað hljóðstig með hávaðavörnum.

8.20 FRAMKVÆMDIR SEM ERU HÁÐAR UMHVERFIS-MATI FRAMKVÆMDA

Samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 skal meta umhverfisáhrif þeirra framkvæmda sem taldar eru geta haft í för með sér umtalsverð áhrif á umhverfið, s.s. lífríki, vatn, loft, jarðmyndanir, landslag, minjar og mannlíf. Mat á umhverfisáhrifum skal vera fastur liður í gerð skipulagsáætlana og óheimilt er að veita leyfi til framkvæmda sem lögin ná til, hefja framkvæmdir eða staðfesta skipulagsáætlanir samkvæmt skipulagslögum nema ákvæða þeirra hafi verið gætt.

Í skipulagsáætlun skal gera grein fyrir þeim framkvæmdum sem fyrirhugaðar eru og háðar mati á umhverfisáhrifum. Ennfremur skal koma fram hvort mat á umhverfisáhrifum hafi þegar farið fram á einstökum fyrirhuguðum framkvæmdum og greina frá niðurstöðum þess.

Í þeim tilvikum þegar fleiri en ein matskyld framkvæmd er fyrirhuguð á sama svæði getur ráðherra, að fenginni umsögn Skipulagsstofnunar og að höfðu samráði við viðkomandi framkvæmdaraðila, ákveðið að umhverfisáhrif þeirra skuli metin sameiginlega. Þær framkvæmdir sem tilgreindar eru í 1. viðauka við ofangreind lög skulu ávallt háðar mati á umhverfisáhrifum.

Dæmi um framkvæmdir sem ávallt skulu háðar mati á umhverfisáhrifum:

Kópavogsgöng

Lestarsamgöngur (til skýringar)

Þríhnúkar

8.21 SAMRÁÐ OG KYNNING

Sjá umfjöllun um samráð og kynningu í kafla 1.6 í greinargerð.




8.22 UMHVERFISVIÐMIÐ

Umhverfisþáttur	Forsendur	Matsspurningar	Viðmið
Náttúrufar			
Lífriki (gróður og dýr)	Byggðarþróun kann að hafa bein áhrif á lífríki ef ný svæði eru tekin undir byggð eða mannvirki. Einnig geta verið óbein áhrif frá umferð og framkvæmdum.	Stærð verndarsvæða. Mikilvæg búsvæði. Mikilvæg gróðursvæði . Hverfisverndarsvæði. Votlendi.	Stefna Kópavogs um sjálfbæra þróun <p>Stefna Aðalskipulags Kópavogs</p> <p>Lög um náttúruvernd nr. 44/1999, m s.br. Náttúruminjaskrá</p> <p>Náttúruverndaráætlun 2004-2008</p> <p>Velferð til framtíðar – Stefnumörkun til 2020</p> <p>Samráð: Nefndir og ráð hjá Kópavogsbæ</p>
Vatnafar	Byggðarþróun kann að hafa bein áhrif á vatnsverndarsvæði og vötn og læki.	Vatnsverndarsvæði (brunn-, grann- eða fjarsvæði). <p>Vötn sem eru stærri en 1000m2</p> <p>Ár og lækir.</p>	Stefna Kópavogs um sjálfbæra þróun <p>Stefna Aðalskipulags Kópavogs</p> <p>Reglugerð um neysluvatn nr. 536/2001</p> <p>Reglugerð um varnir gegn mengun grunnvatns nr. 797/1999</p> <p>Reglugerð um varnir gegn mengun vatns 796/1999, m s.br.</p> <p>Náttúruminjaskrá</p> <p>Náttúruverndaráætlun 2004-2008</p> <p>Svæðisskipulag vatnsverndar höfuðborgarsvæðinu.</p> <p>Samráð: Nefndir og ráð hjá Kópavogsbæ</p> <p>Lög nr. 36/2011 um stjórn vatnsmála.</p>
Sjór og strandlengja	Byggðarþróun kann að hafa bein áhrif á strandlengjuna og sjó vegna mannvirkjagerðar og fjölgunar íbúa.	Sjór	Stefna Kópavogs um sjálfbæra þróun <p>Stefna Aðalskipulags Kópavogs</p> <p>Lög um varnir gegn mengun hafs og stranda nr. 33/2004, m s.br.</p> <p>Náttúruminjaskrá</p> <p>Náttúruverndaráætlun 2004-2008</p> <p>Samráð: Nefndir og ráð hjá Kópavogsbæ</p>
Jarðfræði og jarðmyndanir	Byggðaþróun kann að hafa bein áhrif á jarðfræði og jarðmyndanir þegar nýtt land er tekið undir byggð og mannvirki.	Viðkvæm svæði. Svæði eða stök með verndargildi	Stefna Kópavogs um sjálfbæra þróun <p>Stefna Aðalskipulags Kópavogs</p> <p>Náttúruminjaskrá</p> <p>Náttúruverndaráætlun 2004-2008</p> <p>Velferð til framtíðar – Stefnumörkun til 2020</p> <p>Lög um náttúruvernd</p> <p>Samráð: Nefndir og ráð hjá Kópavogsbæ</p>
Náttúruminjar	Byggðarþróun kann að hafa áhrif á náttúruminjar.	Stærð verndarsvæða <p>Fjöldi verndarsvæða</p> <p>Gæði/eðli verndarsvæða</p>	Stefna Kópavogs um sjálfbæra þróun <p>Stefna Aðalskipulags Kópavogs</p> <p>Náttúruminjaskrá</p> <p>Náttúruverndaráætlun 2004-2008</p> <p>Velferð til framtíðar – Stefnumörkun til 2020</p> <p>Samráð: Nefndir og ráð hjá Kópavogsbæ</p>

Umhverfisþáttur	Forsendur	Matspurningar	Viðmið
Samfélag			
Félagslegt umhverfi	Byggðarþróun kann að hafa áhrif á félagslegt umhverfi íbúa þ.e. á samfélagsþjónustu, samgöngur, útivist, tómstundir og verslun og þjónustu.	Fjölbreytt húsnæðisframboð. Fjölbreyttur búsetukostur. Íbúaþróun.	Stefna Kópavogs um sjálfbæra þróun Stefna aðalskipulags Kópavogs Jafnréttisstefna Kópavogsbæjar Samráð: Nefndir og ráð hjá Kópavogsbæ
Heilsa	Byggðarþróun kann að hafa áhrif á heilsu íbúa þ.e. vegna t.d. hávaða, lyktar, ryks og mengunar.	Fjöldi/stærð svæða þar sem hljóðstig er yfir viðmiðunarmörkum	Stefna Kópavogs um sjálfbæra þróun Stefna Aðalskipulags Kópavogs Lög um hollustuhætti og mengunarnáttúrur nr. 7/1998 m s.br. Reglugerð um loftgæði nr. 787/1999 Reglugerð um hávaða nr. 933/1999 Samráð: Nefndir og ráð hjá Kópavogsbæ
Öryggi	Byggðarþróun kann að hafa áhrif á öryggi.	Er/verður náttúruvá fyrir hendi á: Núverandi byggðasvæðum? Nýjum byggðasvæðum? Núverandi samgöngumannvirkjum? Nýjum samgöngumannvirkjum?	Stefna Kópavogs um sjálfbæra þróun
Menningarminjar	Byggðarþróun kann að hafa áhrif á menningarminjar.	Fornminjar Húsavernd Búsetu/menningarlands-lag	Stefna Aðalskipulags Kópavogs Fornleifaskrá Kópavogs lög um menningarminjar nr. 80/2012 Samráð: Nefndir og ráð hjá Kópavogsbæ
Yfirbragð byggðar	Byggðarþróun kann að hafa áhrif á yfirbragð byggðar, t.d. þegar um þéttingu byggðar er að ræða.	Þéttleiki, hæðir húsa, opin svæði í ha.	Stefna Aðalskipulags Kópavogs Samráð: Nefndir og ráð hjá Kópavogsbæ

Umhverfisþáttur	Forsendur	Matspurningar	Viðmið
Hagrænir þættir			
Efnahagur og atvinnulíf	Byggðarþróun hefur bein áhrif á efnahag og atvinnulíf með aukinni uppbyggingu fjölgar fólki og störfum.	Fjölbreytt atvinnutækifæri.	Stefna aðalskipulags Kópavogs Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins 2001-2024 Samráð: Nefndir og ráð hjá Kópavogsbæ.
Íbúaþróun	Byggðarþróun mun hafa bein áhrif á íbúaþróun vegna stækkunar byggðar eða þéttingu byggðar.	Aldursdreifing. Félagleg staða. Íbúaspá.	Stefna Aðalskipulags Kópavogs Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins 2001-2024 Samráð: Nefndir og ráð hjá Kópavogsbæ
Byggð og efnisleg verðmæti	Byggðarþróun mun hafa bein áhrif á byggð og efnisleg verðmæti með fjölgun íbúðar- og atvinnuhúsnæðis.	Fasteignaverð.	Stefna Aðalskipulags Kópavogs Skipulagslög nr. 123/2010, m s.br. Skipulagsreglugerð nr. 400/1998 m s.br. Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins 2001-2024 Samráð: Nefndir og ráð hjá Kópavogsbæ
Samgöngur	Byggðarþróun mun hafa bein áhrif á samgöngur og umferð.	Ferðavenjur og fjöldi ferða. Akstursvegaleidir. Landrými fyrir samgöngumannvirki. Þjónustustig samgöngukerfis. Aðgengi gangandi-, hjólandi og ríðandi vegfarenda. Stefna Kópavogs um sjálfbæra þróun.	Stefna Aðalskipulags Kópavogs Samgönguáætlun 2011-2022 Stofnsamningur Strætó bs. Velferð til framtíðar – Stefnumörkun til 2020 Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins 2001-2024 Samráð: Nefndir og ráð hjá Kópavogsbæ
Veitur	Byggðarþróun mun hafa bein áhrif á veitur, aukinn fólksfjöldi kallar á aukna þjónustu.	Hefur áætlun áhrif á: Sorpförgun. Veitukerfi.	Stefna Kópavogs um sjálfbæra þróun Stefna Aðalskipulags Kópavogs Samráð: Nefndir og ráð hjá Kópavogsbæ



Kópavogskirkja. Ljós. F.B.

Umhverfisþáttur	Forsendur	Matspurningar	Viðmið
Auðlindir			
Landrými og landslag	Byggðarþróun mun hafa bein áhrif á landrými og landslag þegar nýtt land er brotið undir byggð eða samgöngumannvirki.		Stefna Kópavogs um sjálfbæra þróun Stefna Aðalskipulags Kópavogs Velferð til framtíðar – Stefnumörkun til 2020 Samráð: Nefndir og ráð hjá Kópavogsbæ
Verndarsvæði	Byggðarþróun kann að hafa áhrif á verndarsvæði.	Stærð verndarsvæða. Fjöldi verndarsvæða. Gæði/eðli verndarsvæða.	Stefna Kópavogs um sjálfbæra þróun Stefna Aðalskipulags Kópavogs Velferð til framtíðar – Stefnumörkun til 2020 Lög um náttúruvernd Samráð: Nefndir og ráð hjá Kópavogsbæ
Útivistarsvæði	Byggðarþróun kann að hafa áhrif á útivistarsvæði.	Stærð útivistarsvæða í ha.	Stefna Kópavogs um sjálfbæra þróun Stefna Aðalskipulags Kópavogs Samráð: Nefndir og ráð hjá Kópavogsbæ
Sorpförgun	Byggðarþróun mun hafa áhrif á losun sorps.	Sorpmagn sem er urðað á ári.	Stefna Kópavogs um sjálfbæra þróun Stefna Aðalskipulags Kópavogs Stofnsamningur Sorpu bs. Sameiginleg svæðisáætlun um meðhöndlun sorps á Suður-, Suðvestur- og Vesturlandi Lög um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003 m s.br. Samráð: Nefndir og ráð hjá Kópavogsbæ
Orku- og jarðefnanotkun	Byggðarþróun mun hafa bein áhrif á orku- og jarðefnanotkun þ.e. vegna aukinnar uppbyggingar og orkunotkunar.	Til hvada aðgerða hefur verið gripið til þess að draga úr orkunotkun i skilmalum og útfærslu skipulagssvæðisins?	Stefna Kópavogs um sjálfbæra þróun Stefna Aðalskipulags Kópavogs Velferð til framtíðar – Stefnumörkun til 2020 Samráð: Nefndir og ráð hjá Kópavogsbæ

Umhverfisþáttur	Forsendur	Matspurningar	Viðmið
Andrúmsloft			
Loftgæði	Byggðarþróun kann að hafa áhrif á loftgæði, aðallega vegna bílaumferðar, hávaða, svifryks, misturs, efnasamsetningar.	Loftgæði.	Stefna Kópavogs um sjálfbæra þróun Reglugerð nr. 787/1999 um loftgæði Stefna Aðalskipulags Kópavogs Velferð til framtíðar – Stefnumörkun til 2020 Samráð: Nefndir og ráð hjá Kópavogsbæ
Losun gróðurhúsa-lofttegunda	Byggðarþróun kann að hafa áhrif á losun gróðurhúsalofttegunda sér í lagi stækkun byggðar sem hefur aukna bílaumferð í för með sér.	Loftgæði.	Stefna Kópavogs um sjálfbæra þróun Kyoto bókunin Stefna Aðalskipulags Kópavogs Velferð til framtíðar – Stefnumörkun til 2020 Samráð: Nefndir og ráð hjá Kópavogsbæ



9

- 9.1 INNGANGUR
- 9.2 ENDURSKOÐUN STAÐARDAGSKRÁR
- 9.3 EFTIRFYLGNI
- 9.4 GRÆNT BÓKHALD
- 9.5 SÉRTÆK MARKMIÐ STAÐARDAGSKRÁR
- 9.6 STAÐARDAGSKRÁ
 - 9.6.1 Stjórnsýsla
 - 9.6.2 Byggð
 - 9.6.3 Atvinnulíf
 - 9.6.4 Samgöngur
 - 9.6.5 Leik- og grunnskólar
 - 9.6.6 Velferðarmál
 - 9.6.7 Frístundamál
 - 9.6.8 Menningarmál
 - 9.6.9 Ferðamál
 - 9.6.10 Umhverfi
 - 9.6.11 Umhverfisfræðsla
 - 9.6.12 Sorp

VIÐAUKI 2 STAÐARDAGSKRÁ 21

9

9.1 INNGANGUR

Í skýrslu Brundtlandnefndarinnar svokölluðu, sem birtist árið 1987 í bókinni Sameiginleg framtíð vor (Our Common Future) var sjálfbær þróun skilgreind á eftirfarandi hátt: „Sjálfbær þróun er sú þróun sem fullnægir þörfum samtíðarinnar án þess að skerða möguleika komandi kynslóða til að fullnægja sínum þörfum. Hugmyndin um sjálfbæra þróun byggir á þremur stoðum: samfélagi, umhverfi og efnahag. Hlutverki þessara stoða er e.t.v. best lýst þannig að sjálfbærni næst aðeins ef jafnvægi er á milli þeirra. Þannig geta hlutir verið sanngjarnir ef þeir eru til hagsbóta á félagslega og efnahagslega sviðinu, þolanlegir ef þeir bæta umhverfi og samfélag og hagkvæmir ef þeir eru til hagsbóta fyrir umhverfi og efnahag. Þróun getur hins vegar aðeins verið sjálfbær ef hún er til framdráttar á öllum þessum þremur sviðum, markmiðið er að ná árangri á öllum þremur sviðunum og með því bæta stöðu samtímans án þess að minnka möguleika framtíðarinnar.“

Aðalskipulag Kópavogs 2000-2012 var samþykkt vorið 2002. Vinnan við mótnun stefnu og markmiða vegna aðalskipulagsins var langt komin þegar ákveðið var að ráðast í gerð Staðardagskrár 21 fyrir Kópavog í árslok 1999.

Aðalskipulag hvers sveitarfélags er ákveðin framtíðarsýn. Því var reynt að gæta samræmis á milli þessara tveggja áætlana strax í upphafi vinnunar. En aðalskipulag hefur það umfram staðardagskrá að vera lögbundin áætlun um byggðaþróun í sveitarfélaginu. Aðalskipulag Kópavogs 2000-2012 var samþykkt í bæjarstjórn 12. mars 2002 og staðfest af umhverfisráðherra 23. apríl 2002. Staðardagskrá 21. fyrir Kópavog: „Kópavogur um langa framtíð“ var aftur á móti samþykkt í bæjarstjórn 24. júní 2003 eða rúmu ári síðar. Var Kópavogur í fararbroddi sveitarfélaga hér á landi með að tengja saman áætlanir staðardagskrár og aðalskipulags.

Bæjaryfirvöld í Kópavogi hafa unnið í anda sjálfbærrar þróunar, m.a. í uppbyggingu og byggðaþróun sveitarfélagsins. Um langt skeið hefur áhersla verið lögð á að þétta byggð í miðju höfuðborgarsvæðisins; sem stytir fjarlægðir; sparar orku og styrkir almenningasamgöngur auk þess sem þétting byggðar bætir landnýtingu innan sveitarfélagsins. Þá er í skipulagi

lögð áhersla á blöndun aldurs- og þjóðfélagshópa í hverfum bæjarins; betri tengsl manns og náttúru, m.a. með góðum útivistarsvæðum. Jafnframt er lögð áhersla á að styrkja og auka fjölbreytni atvinnulífsins í bænum; auka tækifæri íbúa bæði hvað varðar íbúðarform og atvinnu. Þá hefur bygging húsnæðis í tengslum við mennta- og íþróttastarfsemi í bæjarfélaginu gert Kópavogsbæ leiðandi á því sviði.

Í ritinu Velferð til framtíðar – stefnumörkun til 2020, frá 2002 og 2010 er að finna stefnumörkun stjórnvalda um sjálfbæra þróun sem tekið er mið af við þessa vinnu. Staðardagskrá 21 (Local Agenda 21) er sá hluti Dagskrár 21 sem snýr að sveitarstjórnnum og er ætlað að vera heildaráætlun sveitarstjórna um þróun samfélagsins fram á 21. öldina. Í Staðardagskrá 21 er kveðið á um samráð við íbúana á hverjum stað og þátttöku atvinnulífs og félagasamtaka. Staðardagskrá 21 í Kópavogi er liður í viðleitni sveitarfélaga um allan heim til að koma markmiðum um sjálfbæra þróun til framkvæmda. Í þessum málaflokki verður að líta á jörðina sem heild. En þegar kemur að aðgerðum er jafnframt brýnt að líta til sérstöðu hvers svæðis, getu og aðstæðna íbúanna til að leggja sitt af mörkum svo að aðgerðir sem stuðla að sjálfbærri þróun komist til framkvæmda.

9.2 ENDURSKOÐUN STAÐARDAGSKRÁR

Þegar samþykkt var að hefja endurskoðun Aðalskipulags Kópavogs 2012–2024, í byrjun árs 2007 var jafnframt ákveðið að endurskoða Staðardagskrá bæjarins og síðan samtvinnna þessar áætlanir í eina, Aðalskipulag Kópavogs 2012-2024. Í endurskoðaðri Staðardagskrá 21 fyrir Kópavog er m.a. tekið mið af gildandi Staðardagskrá sem samþykkt var 2003 og áður er getið. Þá er tekið mið af samráðsfundum með íbúum bæjarins. En eftnt var til þeirra í tveimur áföngum, haustið 2009 og síðan á árinu 2011. Alls urðu fundirnir 10 talsins en samráðsverkefnið náði ekki aðeins til endurskoðunar Staðardagskrár heldur einnig aðalskipulagsins. Á fundunum var óskað eftir hugmyndum og ábendingum um hvernig íbúarnir vildu sjá Kópavog í langri framtíð. Unnið var undir forskriftinni „Í þannig bæ vil ég búa“. Niðurstöður samráðsfundanna eru birtar á vef bæjarins. Sjá jafnframt kafla 11 í þessari greinargerð.

9.3 EFTIRFYLGNI

Í þeim sértæku markmiðum Staðardagskrár 21 sem koma fram í þessum viðauka aðalskipulagsins eru tilgreind fjölmörg verkefni sem eru sett í viðeigandi farveg. Þar er m.a. gerð grein fyrir leiðum að markmiðum, ábygðaraðili er tilgreindur og síðan áætlaður tímarammi við úrlausn hvers verkþáttar fyrir sig. Gert er ráð fyrir að þau verkefni sem hér eru talin upp verði að mestu unnin innan stjórnkerfis bæjarins. Þá er miðað við að á hverju ári verði haldnir samráðsfundir

starfsmanna bæjarins og fulltrúa í hverfaráðum Kópavogs til að meta hvað hefur áunnist og varða leiðina áfram í viðkomandi málaflokkum.

Ekki verður annað séð en að nokkuð vel hafi til tekist með eftirfylgni Staðardagskrár 21 frá árinu 2003. Af um 160 verkþáttum var framkvæmdum lokið við um 2/3 þeirra í lok árs 2012.

9.4 GRÆNT BÓKHALD

Liður í eftirfylgni Staðardagskrár 21 er jafnframt færsla á svo kölluðu Grænu bókhaldi. Grænt bókhald er lykilþáttur í því að viðhalda virkni umhverfisluta Staðardagskrá 21 og birta þann árangur sem náðst hefur. Grænt bókhald er einnig tilvalinn vettvangur til að miðla upplýsingum um ástand hinna ýmsu umhverfispátta til íbúa. Grænt bókhald hefur verið unnið fyrir Kópavogsbæ síðan árið 2007. Sveitarfélögum í landinu er ekki gert skylt að halda grænt bókhald en bæjaryfirvöld Kópavogs telja gagnsemi þess margbætta. Í grænu bókhaldi Kópavogsbæjar eru umhverfispættir eða umhverfisvísar mældir árlega. Við það kemur í ljós hvort viðkomandi umhverfispáttur eða vísir breytist á milli ára.

Nokkrir málaflokkar Staðardagskrár falla ekki undir landnotkunarflokka aðalskipulagsins og því er fjallað sérstaklega um þá í þessum viðauka við aðalskipulagið undir fyrirogninni „ Sértæk markmið staðardagskrár“.

Þar er um að ræða almenna stefnumörkun sveitarfélagsins í málaflokkum er varðar stjórnsýslu bæjarins, skólafar, félagsþjónustu, umhverfisfræðslu, félagsmál og frístundir, íþróttir og menningarmál svo eitthvað sé nefnt.

Oft eru skilin á milli málaflokka í aðalskipulag og staðadagskrá lítil. Þegar um er að ræða málaflokk sem tengist ráðstöfun á landi þ.e. landnotkun og landnýtingu tilheyrir hann aðalskipulagi, annars ekki.

Eftirfarandi er dæmi um mismunandi áherslur um málaflokka annars vegar í Staðardagskrá og hins vegar í aðalskipulagi:

Markmið í Staðardagskrá 21 um neysluvatn:

- M-1 Íbúar bæjarins búi við heilnæmt andrúmsloft og neysluvatn.

Landnotkun í aðalskipulagi fyrir verndarsvæði vegna neysluvatns:

- Vatnsverndarsvæði verði afmarkað og skilgreint.
- L-1 Settar verði reglur um takmarkanir á landnotkun og framkvæmdum á verndarsvæðum.

9.6 STAÐARDAGSKRÁ

LEIÐARLIÓS:

KÓPAVOGSBÆR ÞRÓIST Á ÞANN VEG AÐ ÍBÚAR BÆJARINS GETI UM LANGA FRAMTÍÐ BÚIÐ VIÐ HEILBRIGÐI OG GÓÐ LÍFSGÆÐI. ÞEIM VERÐI BÚIN AÐSTAÐA TIL AÐ NJÓTA FRÍSTUNDA OG SAMVERU Í JAFNVÆGI OG SÁTT VIÐ UMHVERFI SITT. KÓPAVOGSBÚAR SÝNI VIRÐINGU GAGNVART NÁTTÚRU OG MANNLÍFI. BÆJARYFIRVÖLD OG ÍBÚAR ALLIR GÆTI ÞESS AÐ SKILA GÓÐU BÚI TIL KOMANDI KYNSLÓÐA.

9.6.1 STJÓRNSÝSLA

MARKMIÐ

M-1 Unnið verði markvisst að Staðardagskrá 21 í stjórnkerfi Kópavogsbæjar.

M-2 Unnið verði að jafnrétti kynjanna á sviði ábyrgðar, tækifæra og launa í stjórnkerfinu.

M-3 Unnið verði að því að veita öllum bæjarbúum jafnt skilvirka, viðeigandi og tímanlega þjónustu.

M-4 Ávallt verði veittar réttar fjárhagslegar og stjórnunarlegar upplýsingar til undirbúnings ákvarðanatöku hjá bæjarfélaginu.

M-5 Hlúð verði að mannaði þeim sem býr í eða starfar fyrir bæjarfélagið varðandi heilbrigðisþætti, umhverfi, tækjakost og aðstöðu til að veita sem besta þjónustu.

LEIÐIR

L-1 Unnið verði að því að jafna kynhlutfall í störfum og fylgja jafnréttisstefnu bæjarins hvar sem því verður við komið. (Ábyrgð: Stjórnsýslusvið. Tímasetning: Viðvarandi)

L-2 Stjórnsýsla í Kópavogi verði gerð skilvirkari og aðgengilegri og áhersla verði lögð á samráð og samvinnu við þá er málin varða. (Ábyrgð: Stjórnsýslusvið. Tímasetning: Viðvarandi)

L-3 Símenntunaráætlanir taki mið af þörfum starfsmanna fyrir þekkingu í þágu stjórnkerfisins og hæfni til að takast á við verkefni í víðara samhengi. (Ábyrgð: Stjórnsýslusvið. Tímasetning: Viðvarandi)

L-4 Gerð verði árlega starfsandakönnun meðal starfsmanna bæjarins. (Ábyrgð: Stjórnsýslusvið. Tímasetning: Viðvarandi)

L-5 Lögð verði áhersla á rafrænar umsóknir og rafræna vinnslu til að minnka pappírnotkun og auka afgangsluhraða. (Ábyrgð: Stjórnsýslusvið. Tímasetning: Viðvarandi)

L-6 Átak verði gert í að greina hvaða störf á vegum bæjarfélagsins henta öryrkjum og eldri borgurum og að starfsmönnum bæjarins sem vilja minnka við sig vinnu í aðdraganda starfsloka verði gefinn kostur á að flytja sig yfir í þessi störf þegar þau losna. (Ábyrgð: Stjórnsýslusvið. Tímasetning: Viðvarandi)



Sunnuhlið . Ljósfr. F.B.

- L-7 Tekið verði tillit til umhverfissjónarmiða við innkaup auk verðs og gæða.
(Ábyrgð: Stjórnslusvið. Tímasetning: Viðvarandi)
- L-8 Grænt bókhald verði hluti af skýrslugerð bæjarkerfisins.
(Ábyrgð: Stjórnslusvið. Tímasetning: Viðvarandi)
- L-9 Tryggð verði þverfagleg vinnubröðg við lausn verkefna þar sem það á við.
(Ábyrgð: Stjórnslusvið. Tímasetning: Viðvarandi)
- L-10 Upplýsingastreymi milli íbúa, kjörinna fulltrúa og starfsmanna bæjarins verði aukið.
(Ábyrgð: Stjórnslusvið. Tímasetning: Viðvarandi)
- L-11 Tryggður verði greiður aðgangur að upplýsingum varðandi þjónustubætti bæjarkerfisins.
(Ábyrgð: Stjórnslusvið. Tímasetning: Viðvarandi)
- L-12 Síffellt verði leitast við að þróa nýjar og betri leiðir við veitingu þjónustunnar.
(Ábyrgð: Stjórnslusvið. Tímasetning: Viðvarandi)
- L-13 Lögð verði áhersla á að sýnt sé gott viðmót og þjónustulund, bæði gagnvart samstarfsfólki og þeim íbúum sem til okkar leita.
(Ábyrgð: Stjórnslusvið. Tímasetning: Viðvarandi)
- L-14 Síðareglur og gæðastefna verði virtar.
(Ábyrgð: Stjórnslusvið. Tímasetning: Viðvarandi)

9.6.2 BYGGÐ

MARKMIÐ

- M-6 Skipulag byggðar verði nýtt sem stjórnæki til þess að samræma ólíkar kröfur um búsetu, auðlindanýtingu, atvinnuþróun og umhverfisvernd.

LEIÐIR

- L-15 Með skipulagi (svæðisskipulagi, aðalskipulagi, hverfisskipulagi og deiliskipulagi) verði ákveðið ferli við áætlanagerð til langs tíma, þar sem reynt er að tryggja aðkomu sem flestra sem eiga hagsmuna að gæta við ákvarðanatöku.
(Ábyrgð: Umhverfissvið. Tímasetning: Viðvarandi.)
- L-16 Með skipulagi verði leitast við að stuðla að skynsamlegri og hagkvæmri nýtingu lands og landsgæða, tryggja varðveislu náttúru og menningarverðmæta og koma í veg fyrir umhverfisspjöll og ofnýtingu.
(Ábyrgð: Umhverfissvið. Tímasetning: Viðvarandi.)
- L-17 Náttúrulegu yfirbragði opinna svæða verði haldið sem mest eða þar sem því verður við komið.
(Ábyrgð: Umhverfissvið. Tímasetning: Viðvarandi.)
- L-18 Byggð verði sem mest blönduð til að stuðla að minni ferðaþörf íbúanna.
(Ábyrgð: Umhverfissvið. Tímasetning: Viðvarandi.)
- L-19 Byggð verði endurnýjuð með það að leiðarljósi að stuðla að betri nýtingu innviða bæjarins og þetta byggð.
(Ábyrgð: Umhverfissvið. Tímasetning: Viðvarandi.)
- L-20 Markvisst verði unnið að því að íbúar hafi aðgang að opnu svæði eða útivistarsvæði í göngufæri.
(Ábyrgð: Umhverfissvið. Tímasetning: Viðvarandi.)



Engihjalli. Ljósmynd F.B.

9.6.3 ATVINNULÍF

MARKMIÐ

- M-7 Fyrirtæki í bænum marki sér umhverfisstefnu og auki vægi vistvænna innkaupa.
- M-8 Kópavogsbær stuðli að nýsköpun í atvinnumálum.
- M-9 Vinnuskólinn verði eftirsóknarverður vinnustaður fyrir ungmenni í sveitarfélaginu.

LEIÐIR

- L-21 Auka vitund almennings um vistvæn innkaup. Hvetja fyrirtæki til að marka sér umhverfisstefnu og að þau auki hlut vistvænna innkaupa sem lið í umhverfisvernd.
(Ábyrgð: Umhverfissvið. Tímasetning: Viðvarandi)
- L-22 Fyrirtæki í bænum verði hvött til að bæta umgengni. Þau fyrirtæki sem skara fram úr í þeim efnunum fá vottun bæjaryfirvalda og verði hún kynnt íbúum. Slík vottun er hvatning fyrir þau fyrirtæki sem taka þurfa sig á í þeim efnunum.
(Ábyrgð: Umhverfissvið. Tímasetning: Viðvarandi)
- L-23 Koma í veg fyrir að starfsemi á atvinnusvæðum ógni heilsu manna og umhverfi.
(Ábyrgð: Umhverfissvið. Tímasetning: Viðvarandi)
- L-24 Áhersla verði á góðar göngutengingar við og innan atvinnusvæða.
(Ábyrgð: Umhverfissvið. Tímasetning: Viðvarandi)
- L-25 Í skipulagi athafnasvæða verði sem fyrr lögð rík áhersla á fjölbreytilegt húsnæði sem henti fyrirtækjum af ýmsum toga.
(Ábyrgð: Umhverfissvið. Tímasetning: Viðvarandi)
- L-26 Atvinnusvæðin verði skipulögð með áherslu á fallett umhverfi og gott aðgengi.
(Ábyrgð: Umhverfissvið. Tímasetning: Viðvarandi)
- L-27 Unnið verði að því að skapa umhverfi og tækifæri fyrir frumkvöðla innan sveitarfélagsins.
(Ábyrgð: Umhverfissvið og stjórnslusvið. Tímasetning: Viðvarandi)
- L-28 Leitað verði leiða til að auka samstarf Vinnuskólans við aðra sem vinna t.d. að uppgræðslu og ræktun.
(Ábyrgð: Umhverfissvið. Tímasetning: Viðvarandi)

9.6.4 SAMGÖNGUR

MARKMIÐ

- M-10 Aukin áhersla verði lögð á vistvænar samgöngur en þær verði greiðar og öruggar fyrir alla.

LEIÐIR

- L-29 Unnið verði eftir umferðaröryggisáætlun og umferðarskipulagi Kópavogs.
(Ábyrgð: Umhverfissvið. Tímasetning: Viðvarandi)
- L-30 Íbúar verði hvattir til að ganga, hjóla og nota almenningsvagna í auknum mæli með aukinni fræðslu og kynningu, einkum í skólum.
(Ábyrgð: Menntasvið og umhverfissvið. Tímasetning: Viðvarandi)

- L-31 Göngu og hjólastígakerfi innan Kópavogsbæjar verði samfelld og greiðfært og vel tengt öðrum sveitarfélögum. (Ábyrgð: Umhverfissvið. Tímasetning: Viðvarandi).
- L-32 Unnið verði eftir hjóleiðaáætlun Kópavogs. (Ábyrgð: Umhverfissvið. Tímasetning: Viðvarandi)
- L-33 Við endurnýjun á bílum Kópavogsbæjar verði keypt ökutæki sem uppfylla skilyrði um visthæfi. (Ábyrgð: Stjórnsýslusvið og umhverfissvið. Tímasetning: Við endurnýjun).

9.6.5 LEIK- OG GRUNNSKÓLAR

MARKMIÐ

- M-11 Skólar í Kópavogi vinni að metnaðarfullu og framsæknu skólastarfi með velferð barna og starfsmanna í fyrirrúmi.

LEIÐIR

- L-34 Stuðla að bættri aðstöðu til útikennslu fyrir grunn- og leikskóla. (Ábyrgð: Menntasvið og umhverfissvið. Tímasetning: 2013 og viðvarandi).
- L-35 Unnið verði markvisst að bættum umhverfismálum hjá leik- og grunnskólum í Kópavogi. (Ábyrgð: Menntasvið og umhverfissvið. Tímasetning: Viðvarandi).
- L-36 Gæða- og viðhorfskannanir séu gerðar reglulega og skólastarfið metið með viðurkenndum matsaðferðum. (Ábyrgð: Menntasvið. Tímasetning: Viðvarandi).
- L-37 Holt mataræði verði í fyrirrúmi og mótuneyti hvött til að huga að vistvænum innkaupum á matvælum. (Ábyrgð: Menntasvið. Tímasetning: Verkefni hefjist 2013).
- L-38 Samvinna leik- og grunnskóla við menningarstofnanir í bænum verði efl. (Ábyrgð: Menntasvið og stjórnsýslusvið. Tímasetning: 2013 og viðvarandi).
- L-39 Hlúð verði vel að mannauð í leik- og grunnskólum, þekkingu og faglegu frumkvæði. Unnið sé að stöðugleika í starfsmannahaldi. (Ábyrgð: Menntasvið. Tímasetning: Viðvarandi).
- L-40 Grunnskóladeild og leikskóladeild menntasviðs stuðli að því að grunnskólar og leikskólar samræmi skóladagatöl eins og hægt er. (Ábyrgð: Menntasvið. Tímasetning: Viðvarandi).
- L-41 Kennurum verði boðið upp á faglega ráðgjöf, stuðning og endurmenntun. (Ábyrgð: Menntasvið. Tímasetning: Viðvarandi).
- L-42 Grunnskóladeild skal hafa eftirlit með starfsemi og aðbúnaði allra Dægradvala við grunnskóla Kópavogs í samráði við skólastjórnendur. (Ábyrgð: Menntasvið. Tímasetning: Viðvarandi).
- L-43 Stuðlað verði að aukinni samvinnu á milli grunnskóla svo og leikskóla bæjarins. (Ábyrgð: Menntasvið. Tímasetning: árlega)
- L-44 Tryggður verði greiður aðgangur að upplýsingum um þjónustu menntasviðs. (Ábyrgð: Menntasvið. Tímasetning: Viðvarandi verkefni).



Leikskólabörn á Kópasteini. Ljós. F. B.

- L-45 Heildstæðir grunnskólar og leikskólar verði byggðir upp samhliða uppbyggingu nýrra hverfa í bænum. (Ábyrgð: Umhverfissvið og menntasvið. Tímasetning: Viðvarandi).
- L-46 Leitast verði við að nýta húsnæði skólanna undir íþrótt- og tómstundastarf eins og kostur er. (Ábyrgð: Menntasvið. Tímasetning: Viðvarandi).
- L-47 Leik- og grunnskólar skulu halda atvikaskrá um slys sem verða í eða við skólana og bregðast við eftir þörfum. (Ábyrgð: Menntasvið. Tímasetning: Viðvarandi).
- L-48 Stefna leik- og grunnskóla varðandi forvarnir, einelti, áföll, jafnrétti og viðbrögð við vá skulu vera í samræmi við stefnumótun bæjarins. (Ábyrgð: Menntasvið. Tímasetning: Viðvarandi).

9.6.6 VELFERÐARMÁL

MARKMIÐ

- M-12 Kópavogsbúar búi við félagslegt öryggi og fái félagslega þjónustu sem tekur mið af þörfum hvers og eins.
- M-13 Gætt sé jafnræðis í þjónustu við íbúa.
- M-14 Unnið skal fyrirbyggjandi starf og stuðningur veittur til sjálfshjálpar þar sem samráð og mannvirðing ráða för.
- M-15 Fjölskyldur í Kópavogi verði styrktar í uppeldishlutverki sínu þannig að börn og ungmenni búi við viðunandi uppeldisskilyrði.
- M-16 Í barnaverndarstarfi sé barnið og hagsmunir þess ávallt í fyrirrúmi.

LEIÐIR

- L-49 Tiltæk verði yfirlit yfir ólíkar þjónustubarfir íbúa á sviði velferðarmála. (Ábyrgð: Velferðarsvið. Tímasetning: Viðvarandi).
- L-50 Áætlanir verði gerðar um þróun og uppbyggingu þjónustu og ólíkra úrræða til að mæta félagslegum þörfum íbúa á hverjum tíma. (Ábyrgð: Velferðarsvið. Tímasetning: Viðvarandi).
- L-51 Samræmt mat verði viðhaft á þjónustupörf og jafnræðis gætt við úthlutun þjónustu og úrræða. (Ábyrgð: Velferðarsvið. Tímasetning: Viðvarandi).
- L-52 Félagsþjónusta verði veitt án aðgreiningar minnihlutahópa en jafnframt verði sérþekkingu á stöðu einstaklinga með fötlun, aldraðs fólks og fólks af erlendum uppruna viðhaldið og hún efl. (Ábyrgð: Velferðarsvið. Tímasetning: Viðvarandi).
- L-53 Íbúum verði veitt félagslega ráðgjöf. (Ábyrgð: Velferðarsvið. Tímasetning: Viðvarandi).
- L-54 Foreldrum verði veitt ráðgjöf um uppeldismál. (Ábyrgð: Velferðarsvið. Tímasetning: Viðvarandi).
- L-55 Þegar fjárhagsaðstoð er veitt skal jafnframt unnið að því að styðja einstaklinginn til sjálfshjálpar og virkrar þátttöku á vinnumarkaði. (Ábyrgð: Velferðarsvið. Tímasetning: Viðvarandi).

- L-56 Reglulegt samstarf verði viðhaft við aðila og stofnanir sem aðkomu eiga að málum íbúa sem njóta þjónustu og úrræða velferðarsviðsins. Áhersla er á teymisvinnu.
(Ábyrgð: Velferðarsvið. Tímasetning: Viðvarandi).
- L-57 Við vinnslu barnaverndarmála skal ávallt leita eftir álitum barna eins og aldur og þroski þeirra leyfir.
(Ábyrgð: Velferðarsvið. Tímasetning: Viðvarandi).
- L-58 Barnavernd verði kynnt fyrir íbúum og samstarf eftir við aðrar stofnanir í bænum sem þjónusta börn og barnafjölskyldur.
(Ábyrgð: Velferðarsvið. Tímasetning: Viðvarandi).
- L-59 Fræðslufundur um barnavernd og barnaverndarstarf eru haldnir árlega með starfsmönnum leik- og grunnskóla og starfsmönnum heilsugæslustöðva í bænum.
(Ábyrgð: Velferðarsvið. Tímasetning: Viðvarandi).
- L-60 Reglulegt samráð og samstarf er viðhaft við lögreglu varðandi áhættuhegðun barna og unglinga.
(Ábyrgð: Velferðarsvið. Tímasetning: Viðvarandi).
- L-61 Viðmót starfsmanna velferðarsviðs gagnvart íbúum skal endurspeglar mannvirðingu, skilning og fordómaleysi.
(Ábyrgð: Velferðarsvið. Tímasetning: Viðvarandi).
- L-62 Ákvarðanir velferðarsviðs við afgreiðslu mála íbúa skulu teknar með markvissum, skjótum og hagkvæmum hætti.
(Ábyrgð: Velferðarsvið. Tímasetning: Viðvarandi).
- L-63 Tryggja skal greiðan aðgang að upplýsingum um þjónustu velferðarsviðs. Heimasíða og bæklingar skulu uppfærð með reglulegum hætti.
(Ábyrgð: Velferðarsvið. Tímasetning: Viðvarandi).

9.6.7 FRÍSTUNDAMÁL

MARKMIÐ

- M-17 Allir íbúar í Kópavogi geti stundað uppbyggilegt og gefandi frístundastarf við hæfi í bænum. Íþróttir, félagsmiðstöðvar ungmenna og aldraðra, fullorðinsfræðsla, frjáls félagsamtök.

LEIÐIR

- L-64 Tryggja skal góða upplýsingagjöf til allra íbúa um frítímatilboð sem í boði eru í bæjarfélaginu.
(Ábyrgð: Menntasvið. Tímasetning: Viðvarandi).
- L-65 Í öllum skólahverfum bæjarins séu reknar félagmiðstöðvar fyrir börn og unglinga í 5. til 10. bekk. Lögð er áhersla á frístunda- og forvarnastarf.
(Ábyrgð: Menntasvið. Tímasetning: Viðvarandi).
- L-66 Í bænum sé rekið ungmennahús fyrir 16-24ja ára. Lögð er áhersla á menningu og listir ungs fólks og unnið að forvörnum í frístundastarfi.
(Ábyrgð: Menntasvið. Tímasetning: Viðvarandi).
- L-67 Í bænum séu reknar félagsmiðstöðvar fyrir eldri borgara. Lögð er áhersla á fjölbreytt frístunda- og félagsstarf.
(Ábyrgð: Menntasvið. Tímasetning: Viðvarandi).
- L-68 Í bænum starfi öflug tómsundafélög sem bjóða upp á fjölbreytta frístundastarfsemi fyrir alla aldurshópa.
(Ábyrgð: Menntasvið. Tímasetning: Viðvarandi).



Vífilsfell. Ljósm. F.B.

- L-69 Í bænum starfi öflug íþróttafélög sem bjóða upp á fjölbreytta íþróttastarfsemi fyrir alla aldurshópa.
(Ábyrgð: Menntasvið. Tímasetning: Viðvarandi).
- L-70 Stuðlað verði að auknu aðgengi almennings að íþróttamannvirkjum og útivistarsvæðum í bænum.
(Ábyrgð: Menntasvið og umhverfissvið. Tímasetning: Viðvarandi).
- L-71 Hvatt verði til formlegs samstarfs íþrótt- og tómsundafélaga í bænum með stofnun íþrótt- og tómsundabandalags.
(Ábyrgð: Menntasvið. Tímasetning: Viðvarandi).
- L-72 Öllum börnum og unglingum verði tryggt aðgengi að frístundastyrkjum frá bænum.
(Ábyrgð: Menntasvið. Tímasetning: 2014).
- L-73 Haldnir verði reglulegir fræðslu- og samráðsfundir fagaðila sem vinna að málum barna og ungmenna á sviði frítímans.
(Ábyrgð: Menntasvið. Tímasetning: Komið á 2013 og síðan viðvarandi).
- L-74 Haldnir verði reglulegir hverfafundir íbúa og fulltrúa þeirra stofnana, félagsamtaka og aðila sem koma að frístunda- og forvarnastarfi.
(Ábyrgð: Menntasvið. Tímasetning: 2013 og síðan viðvarandi).
- L-75 Forvarnarstefna Kópavogs sé endurskoðuð reglulega í samstarfi við hlutaðeigandi aðila. Gerð verði árleg aðgerðaáætlun.
(Ábyrgð: Menntasvið. Tímasetning: Viðvarandi).
- L-76 Íþrótt- og tómsundafélög verði hvött til að setja sér forvarnarstefnu.
(Ábyrgð: Menntasvið. Tímasetning: Viðvarandi).
- L-77 Stofnanir, félagsamtök og aðilar sem bjóða upp á frístundastarf á sínum vegum, fylgi umhverfisstefnu bæjarfélagsins um sjálfbæra starfsemi.
(Ábyrgð: Menntasvið. Tímasetning: Viðvarandi).

9.6.8 MENNINGARMÁL

MARKMIÐ

M-18 Í Kópavogi verði ætíð fjölbreytt og metnaðarfullt menningarstarf.

LEIÐIR

L-78 Unnið verði að því að gera Hálsatorg vistlegra og stuðla þannig að blómlegra lífi í miðbænum.

(Ábyrgð: Öll svið bæjakerfisins. Tímasetning: 2014-15).

L-79 Í menningarstarfi verði hugað að öllum aldurshópum.

(Ábyrgð: Menntasvið og velferðarsvið. Tímasetning: Viðvarandi).

L-80 Boðið verði uppá leiðsögn og fræðslu um Kópavog.

(Ábyrgð: Stjórnsýslusvið og umhverfissvið. Tímasetning: Viðvarandi).

L-81 Samstarf þeirra stofnana sem eru á menningartorfunni verði aukið og starfsemi þeirra samræmd enn frekar.

(Ábyrgð: Menntasvið. Tímasetning: Viðvarandi).

L-82 Önnur sjálfstæð menningarstarfsemi verði studd með markvissum hætti.

(Ábyrgð: Stjórnsýslusvið. Tímasetning: Viðvarandi).

L-83 Mótud verði stefna í styrkveitingum í menningarmálum. Hún verði endurskoðuð reglulega. Í henni verði m.a. tekið tillit til jafnræðissjónarmiða við eflingu allra listgreina í bænum.

(Ábyrgð: Stjórnsýslusvið. Tímasetning: Viðvarandi).

L-84 Haldnir verði „Kópavogsdagar“ í tengslum við afmæli bæjarins, þar sem áhersla verði lögð á menningu, listir og fræðslu sem tengist Kópavogi og umhverfi og náttúru í bærjarlandinu.

(Ábyrgð: Stjórnsýslusvið. Tímasetning: árlega).

L-85 Saga og menning í Kópavogi verði gerð sýnilegri með merkingu örnefna, skilta og útgáfu/sýningu fræðsluefnis

(Ábyrgð: Stjórnsýslusvið og umhverfissvið. Tímasetning: Viðvarandi).

L-86 Stuðlað verði að víðtækri samvinnu grunnskóla og tónlistarskóla í Kópavogi þannig að tónlistarnám geti verið hluti af námi í grunnskóla.

(Ábyrgð: Menntasvið. Tímasetning: Viðvarandi).

L-87 Skólahljómsveit Kópavogs verði gert kleift að efla starfsemi sína.

(Ábyrgð: Menntasvið. Tímasetning: Viðvarandi).

L-88 Náttúrufræðistofan verði eflid.

(Ábyrgð: Stjórnsýslusvið. Tímasetning: Viðvarandi).

L-89 Kópavogsbær verði í virku samstarfi við önnur sveitarfélög og samtök í menningarmálum.

(Ábyrgð: Stjórnsýslusvið. Tímasetning: Viðvarandi).

L-90 Hafin verði markviss skráning á gömlum sögum og frásögnum um sveitarfélagið.

(Ábyrgð: Stjórnsýslusvið. Tímasetning: Viðvarandi).



Ellidavotn. Ljós. F.B.

9.6.9 FERÐAMÁL

MARKMIÐ

M-19 Það samfélag sem í Kópavogi býr ásamt náttúru, sögu, listum og menningu verði gert sýnilegra umheiminum.

LEIÐIR

L-91 Alþjóðlegar sýningar svo sem sjávarútvegssýning.

(Ábyrgð: Stjórnsýslusvið. Tímasetning: Viðvarandi).

L-92 Aukin verði tengsl við önnur sveitarfélög um ferðatengda þjónustu, m.a. um viðburði tengdum sögu, listum og menningu eins og listahátíð í Reykjavík svo dæmi sé tekið.

(Ábyrgð: Stjórnsýslusvið. Tímasetning: Viðvarandi).

L-93 Tengsl menningarstofnana í Kópavogi við sambærilegar stofnanir í öðrum sveitarfélögum, m.t.t. kynninga, fræðslu og viðburða af ýmsum toga, verði eflid.

(Ábyrgð: Stjórnsýslusvið. Tímasetning: Viðvarandi).

L-94 Íþróttamannvirki verði nýtt enn frekar til mótahalds.

(Ábyrgð: Stjórnsýslusvið og menntasvið. Tímasetning: Viðvarandi).

L-95 Unnið verði að uppbyggingu á Kópavogstúninu þar sem fram hafa komið hugmyndir með áherslu á afþreyingu, sögu og listsköpun.

(Ábyrgð: Umhverfissvið og stjórnsýslusvið. Tímasetning: Viðvarandi).

L-96 Saga Þinghólsins og umhverfi hans verði hafin til vegs og virðingar.

(Ábyrgð: Umhverfissvið og stjórnsýslusvið. Tímasetning: Viðvarandi).

L-97 Álfagöngur verði gengnar. Sögur um huliðsvætti í Kópavogi eru landspekktar en nefna má Álfhólinn, Víghól, Borgarholtið og Einbúa í þeim efnum.

(Ábyrgð: Stjórnsýslusvið. Tímasetning: Viðvarandi).

L-98 Unnið verði að gerð fjölnota svæðis í Kópavogsdal þar sem verði m.a. tjaldsvæði, hátíðarsvæði, áramótabrenna og grillaðstaða.

(Ábyrgð: Umhverfissvið. Tímasetning: Viðvarandi).

L-99 Unnið verði að skipulagi á skíðasvæðinu í Bláfjöllum og Þríhnúkum sem er eitt af náttúruundrum veraldar.

(Ábyrgð: Umhverfissvið og stjórnsýslusvið. Tímasetning: Viðvarandi).

L-100 Unnið verði að frekari fræðslu um lífríki Skerjafjarðar, Kópavogsleiru og Fossvoglsleiru.

(Ábyrgð: Umhverfissvið. Tímasetning: Viðvarandi).

L-101 Unnið verði að verkefni um gerð Eldfjallagarðs og Geopark í Reykjanesfólkvangi.

(Ábyrgð: Umhverfissvið. Tímasetning: Viðvarandi).

L-102 Haldnar verði leiðsagnir um ákveðna sögustaði eða svæði og svæði með sérstöku náttúrufari t.d. í samstarfi við ferðaþjónustuaðila og félagasamtök.

(Ábyrgð: Umhverfissvið og stjórnsýslusvið. Tímasetning: Viðvarandi).

L-103 Miklir möguleikar eru í og við Kópavogshöfn t.d. fiskmarkaður, aðstaða og útgerð fyrir hvala- og selaskoðun, sjóstangveiði, skemmtisiglingar og kaffi- og veitingasala í tengslum við það. Þar gætu einnig listamenn í bænum selt vörur sínar.

(Ábyrgð: Umhverfissvið og menntasvið. Tímasetning: Viðvarandi).

9.6.10 UMHVERFI

MARKMIÐ

M-20 Umhverfisstærðir svo sem, andrúmsloft, vatn, hljóðvist og jarðvegur í Kópavogi verði ávallt til fyrirmyndar. Standist gæði ekki kröfur verði strax brugðist við með úrbótum.

LEIÐIR:

L-104 Fylgst verði með loftgæðum í þéttbýli Kópavogs og niðurstöður mælinga birtar í Grænu bókhaldi bæjarins.

(Ábyrgð: Umhverfissvið. Tímasetning: Viðvarandi)

L-105 Hljóðkort fyrir Kópavog endurskoðist samkvæmt reglugerð nr. 724/2008 og hljóðvist bætt eftir niðurstöðum þess.

(Ábyrgð: Umhverfissvið. Tímasetning: 2012 og á fimm ára fresti eftir það).

L-106 Hvatt verði til minni notkunar nagladekkja í Kópavogi.

(Ábyrgð: Umhverfissvið. Tímasetning: Viðvarandi).

L-107 Fylgst verði með gæðum neysluvatns í Kópavogi og niðurstöður mælinga verði birtar í Grænu bókhaldi bæjarins.

(Ábyrgð: Umhverfissvið. Tímasetning: Viðvarandi).

L-108 Fylgst verði með gæðum vatns í lækjum, ám, stöðuvötnum og strandlengju í Kópavogi og niðurstöður mælinga birtar í Grænu bókhaldi bæjarins.

(Ábyrgð: Umhverfissvið. Tímasetning: Viðvarandi).

L-109 Gerð verði úttekt á ástandi verndaðra svæða í Kópavogi og unnar úrbætur á þeim ef þörf þykir.

(Ábyrgð: Umhverfissvið. Tímasetning: 2013 og á þriggja ára fresti eftir það).

L-110 Boðið verði upp á að íþrótt- og frístundafélög taki að sér svæði í bænum til hreinsunar.

(Ábyrgð: Menntasvið og umhverfissvið. Tímasetning: 2013 og árlega eftir það).

L-111 Íbúar verði upplýstir um kosti þess að spara orku og aðferðir til þess.

(Ábyrgð: Umhverfissvið. Tímasetning: 2013).

L-112 Leitað verði leiða til að minnka notkun eiturefna í umhirðu gróðurs.

(Ábyrgð: Umhverfissvið. Tímasetning: Viðvarandi).

L-113 Unnið verði að uppgræðslu á örfoka svæðum í Kópavogi.

(Ábyrgð: Umhverfissvið. Tímasetning: 2014- 2017).

L-114 Áfram verði unnið að frágangi náma sem ekki eru í notkun.

(Ábyrgð: Umhverfissvið. Tímasetning: 2014 og til framtíðar).

L-115 Stefnt verði að fækkun rotþróa í Kópavogi og þær tengdar fráveitu bæjarins.

(Ábyrgð: Umhverfissvið. Tímasetning: Áætlun gerð árið 2013).

L-116 Kópavogsbær verði þátttakandi í verkefnum sem taka mið af sjálfbærri þróun í bænum, s.s. Evrópskri samgönguviku, Degi umhverfisins, Lífshlaupinu og Hjólað í vinnuna.

(Ábyrgð: Menntasvið og umhverfissvið. Tímasetning: árlega).



Vegsteinn við gamla Suðurlandsveginn. Ljós. F.B.

9.6.11 UMHVERFISFRÆÐSLA

MARKMIÐ

M-21 Almenn fræðsla um sjálfbæra þróun og umhverfismál verði aukin.

LEIÐIR:

L-117 Fræða íbúa, fyrirtæki og stofnanir í Kópavogi um áhrif þeirra á umhverfið og hvetja þau til að draga úr neikvæðum áhrifum.

(Ábyrgð: Umhverfissvið. Tímasetning: Viðvarandi).

L-118 Unnin verði umhverfisstefna fyrir grunnskóla í Kópavogi líkt og gert var fyrir leikskóla og mótaðar leiðir til að fylgja þeim markvisst eftir.

(Ábyrgð: Menntasvið og umhverfissvið. Tímasetning: 2013).

L-119 Unnið verði að gerð kennsluefnis fyrir börn um sögu, umhverfi og lífríki Elliðavatns.

(Ábyrgð: Menntasvið og umhverfissvið. Tímasetning: 2015).

L-120 Komið verði á samstarfi milli skóla og Náttúrufræðistofu um umhverfisfræðslu- og rannsóknarverkefni.

(Ábyrgð: Menntasvið, stjórnslusvið og umhverfissvið. Tímasetning: 2014).

L-121 Boðið verði upp á námskeið fyrir starfsfólk leik- og grunnskóla og stuðning við að byggja upp umhverfisfræðslu.

(Ábyrgð: Menntasvið og umhverfissvið. Tímasetning: Árlega).

L-122 Haldið verði áfram uppsetningu fræðsluskilta um náttúrufræðslu og sögu.

(Ábyrgð: Umhverfissvið. Tímasetning: Árlega).

L-123 Hvatt verði til orkusparnaðar hjá stofnunum bæjarins.

(Ábyrgð: Stjórnslusvið, menntasvið og umhverfissvið. Tímasetning: 2014).

L-124 Veittar verði umhverfisviðurkenningar til fyrirtækja, stofnana eða einstaklinga fyrir árangur í umhverfismálum.

(Ábyrgð: Umhverfissvið. Tímasetning: Árlega).

L-125 Í Vinnuskólanum verði umhverfisfræðsla.

(Ábyrgð: Umhverfissvið. Tímasetning: Árlega).

9.6.12 SORP

MARKMIÐ

M-22 Dregið verði úr sorpi og aukinn hlutur endurvinnslu og endurnýtingar þess sorps sem til fellur.

LEIÐIR

L-126 Íbúar, stofnanir og fyrirtæki verði frædd um gildi endurvinnslu og endurnýtingar úrgangs til að draga úr sorpmagni.

(Ábyrgð: Stjórnsýslusvið og umhverfissvið. Tímasetning: 2014).

L-127 Hvatt verði til vistvænna innkaupa.

(Ábyrgð: Stjórnsýslusvið og umhverfissvið. Tímasetning: 2014 og viðvarandi).

L-128 Upplýsingar um grenndarstöðvar, gámastöð Sorpu bs. og aðrar flokkunarleiðir verði aðgengilegar fyrir almenning.

(Ábyrgð: Umhverfissvið. Tímasetning: 2013).

L-129 Fræðsla verði aukin til íbúa um skaðsemi spilli- og eiturefna á umhverfið og að þannig efni verði flokkuð frá öðrum úrgangi og skilað til gámastöðva.

(Ábyrgð: Umhverfissvið. Tímasetning: 2013).

10

VIÐAUKI 3
BREYTINGAR Á AÐALSKIPULAGI

10

Þetta er lista yfirlit yfir 10. september 2007.

Þetta er lista yfirlit yfir 10. október 2007.

Þetta er lista yfirlit yfir 10. nóvember 2007.

Þetta er lista yfirlit yfir 10. desember 2007.

Þetta er lista yfirlit yfir 10. janúar 2008.

Þetta er lista yfirlit yfir 10. febrúar 2008.

Þetta er lista yfirlit yfir 10. mars 2008.

BREYTINGAR Á AÐALSKIPULAGI

Aðalskipulagi Kópavogs 2000-2012 var breytt 29 sinnum eftir staðfestingu þess árið 2002. Stærstu breytingarnar felast í nýjum svæðum fyrir íbúðir í Lundi, á Kópavogstúninu, Rjúpnahæð, Hnoðraholti, Smalaholti, Vatnsendahlíð og atvinnusvæði við Vatnsendahvarf. Eftirfarandi breytingar hafa verið gerðar.

Þetta er lista yfirlit yfir 10. apríl 2008.

10.1 STAÐFESTA RBREYTINGAR Á AÐALSKIPULAGI

Þetta er lista yfirlit yfir 10. maí 2008.

KÁRSNES:

Marbakkabraut 4. Óbyggt svæði norðan leikskólans Marbakka var breytt í svæði fyrir þjónustustofnanir. Einnig var svæði sunnan leikskólans sem skilgreint var sem verslunar- og þjónustusvæði breytt, annars vegar í svæði fyrir þjónustustofnanir og hins vegar í óbyggt svæði. Aðstaða leikskólans að Marbakka stækkaði og einni deild var bætt við. Samþykkt í bæjarstjórn 25. september 2007 og staðfest af umhverfisráðherra 7. nóvember 2007.

Vesturvör 13. Í samræmi við markmið Aðalskipulags Kópavogs 2000 - 2012 var stefnt að aukinni íbúðarbyggð á eldri athafnasvæðum bæjarins. Landnotkun lóðarinnar breyttist því í íbúðarsvæði í stað blandaðrar landnotkunar (athafnasvæði og stofnanasvæði). Samþykkt í bæjarstjórn 12. apríl 2005 og staðfest af umhverfisráðherra 16. júní 2005.

Hafnarbraut 9, 13 og 15 og Bakkabraut 6, 8 og 10. Athafna- og íbúðarsvæði stækkaði og hafnarsvæði minnkaði. Samþykkt í bæjarstjórn 12. júní 2007 og staðfest af umhverfisráðherra 9. júlí 2007.

Bryggjuhverfi, Kársnes. Ölduvari við smábátahöfn. Bygging ölduvara vegna öldugangs úr norðaustri. Í Bryggjuhverfinu

verður framtíðaraðstaða Siglingaklúbbsins Ýmis. Samþykkt í bæjarstjórn 22. júlí 2007 og staðfest af umhverfisráðherra 12. mars 2008.

Kópavogstún. Svæði fyrir þjónustustofnanir verður íbúða svæði og opið svæði. Næst Kópavogsbænum verður landnotkun blönduð fyrir samfélagsþjónustu og opið svæði til sérstakra nota. Samþykkt í bæjarstjórn 11. október 2005 og staðfest af umhverfisráðherra 3. október 2005.

DIGRANES:

Miðbær Kópavogs. Íbúðarsvæði í miðbæ Kópavogs verður miðbæjarsvæði. Yfirbyggt bílastæði norðan Hamraborgar gegnt Tónlistaskóla og Listasafni Gerðar Helgadóttur auk tveggja til þriggja hæða byggingar (upplýsingamiðstöð/unglingahús/ bílastæðahús) austan og jannan gatnamóta Hábrautar og Ásbrautar. Samþykkt í bæjarráði 18. ágúst 2005 og staðfest af umhverfisráðherra 16. september 2005.

Smiðjuhverfi – Athafnasvæði. Breytingin byggir á samkomulagi Reykjavíkurborgar og Kópavogsbæjar um breytingu á mörkum sveitarfélaganna við Blesugróf. Í breytingunni fellst að svæði fyrir blandaða landnotkun, verslunar og þjónustu og iðnað stækkar til norðurs og austurs að nýjum lögsögumörkum Kópavogs og Reykjavíkur og kemur í stað opins svæðis og helgunarsvæðis stofnbrauta.

Samþykkt í bæjarstjórn 9. september 2003 og staðfest af umhverfisráðherra 7. október 2003.

Dalvegur 32. Opið svæði til sérstakra nota (gróðrarstöð) er breytt í verslunar- og þjónustusvæði. Breytingar á landnotkun eru í samræmi við markmið Aðalskipulags Kópavogs 2000-2012 um endurbótasvæði aðalskipulagsins og svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins 2001-2024 um svæðiskjarna. Samþykkt í bæjarstjórn 24. apríl 2007 og staðfest af umhverfisráðherra 21. júní 2007.

Dalvegur 24. Breytingar á landnotkun eru í samræmi við markmið Aðalskipulags Kópavogs 2000-2012 um endurbótasvæði aðalskipulagsins og svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins 2001-2024 um svæðiskjarna. Í breytingunni fellst að landnotkun er óbreytt en nýtingarhlutfall hækkar úr 0.8 í 1.4. Samþykkt í bæjarstjórn 24. febrúar 2009 og staðfest af umhverfisráðherra 8. maí 2009.

Lundur, Hafnarfjarðarvegur, Skeljabrekka og Nýbýlavegur. Breytingin er tvíþætt:

Annars vegar nær hún til Lundarsvæðisins og hins vegar til tengingar Hafnarfjarðarveggar, Skeljabrekku og Nýbýlavegar. Hvað varðar breytingar á Lundarsvæðinu þá felast þær m.a í því að landnotkun fyrir verslun og þjónustu (hátæknimiðstöð) verður nýtt fyrir íbúðir, leikskóla og opin svæði. Áætlað er að á svæðinu verði byggðar allt að 400 íbúðir. Breytingin nær jafnframt til Hafnarfjarðarveggar og Nýbýlavegar. Í henni felst m.a. að í stað slaufu norðan Nýbýlavegar sem

tengist Nýbýlavegi milli Skeljabrekku og Auðbrekku er gert ráð fyrir rampa af Hafnarfjarðarvegi inn í núverandi legu Skeljabrekku sem tengist síðan Nýbýlavegi með hringtorgi. Samþykkt í bæjarstjórn 14. september 2004 og staðfest af umhverfisráðherra 8. desember 2014.

Auðbrekka 2 -32. Breytingar á landnotkun eru í samræmi við markmið Aðalskipulags Kópavogs 2000-2012 um þróunarsvæði og svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins 2001-2024 um svæðiskjarna. Í breytingunni felst að landnotkun lóða við Auðbrekku 2-32 var breytt úr blandaðri landnotkun verslunar- og athafnasvæðis í blandaða landnotkun fyrir íbúðir og athafnasvæði. Samþykkt í bæjarstjórn 28. ágúst 2007 og staðfest af umhverfisráðherra 7. nóvember 2007.

Ástún 6. Breytingin styður markmið Aðalskipulags Kópavogs 2000-2012 hvað varðar þéttingu byggðar og nýtingu á stofnkerfi bæjarins. Landnotkun breytist úr blandaðri landnotkun þjónustustofnana og opins svæðis til sérstakra nota í íbúðarsvæði. Samþykkt í bæjarstjórn 13. nóvember 2007 og staðfest af umhverfisráðherra 19. desember 2007.

Hafnarbraut 11 og 21-23 og Auðbrekka 2-32. Í samræmi við markmið Aðalskipulags Kópavogs 2000-2012 um þróunarsvæði er gert ráð fyrir að á lóðunum að Hafnarbraut 11 og 21-23 komi blönduð landnotkun athafna- og íbúðarsvæðis. Við Auðbrekku 2-32 felst breytingin í að í stað blandaðrar landnotkunar með athafna-, verslunar- og þjónustusvæði verður blönduð landnotkun athafna- og íbúðarsvæðis. Samþykkt í bæjarstjórn 23. nóvember 2004 og staðfest af umhverfisráðherra 8. desember 2004.

SMÁRAR:

Smáratorg – Hagasmári 1 (Smáralind). Bílastæði á efri hæð við Smáratorg eru tengd bílastæði við Hagasmára 1 (Smáralind) yfir Fífuhammsveg. Samþykkt í bæjarstjórn 14. nóvember 2006 og staðfest af umhverfisráðherra 15. desember 2006.

Reykjanesbraut undirgöng. Ný akfær göng undir Reykjanesbraut milli Smáratorgs og Linda 4. Samþykkt í bæjarstjórn 10. desember 2005 og staðfest af umhverfisráðherra 27. janúar 2006.

FÍFUHVAMMUR:

Glaðheimar. Opið svæði til sérstakra nota (hesthúsahverfi) er breytt í svæði fyrir verslun og þjónustu og að hluta til í blandaða landnotkun verslunar, þjónustu og íbúðarsvæðis. Lóð Áhaldahúss Kópavogs breytist úr athafnasvæði í blandaða landnotkun verslunar, þjónustu og íbúðasvæðis. Samþykkt í bæjarstjórn 25. nóvember 2008 og staðfest af umhverfisráðherra 12. febrúar 2009.

VATNSENDI:

Hnoðraholt – Smalaholt og Rjúpnahæð. Opín svæði eru auðkennd til skógræktar og svæði fyrir þjónustustofnanir er breytt í íbúðarsvæði. Gönguleiðir og reiðleiðir á svæðinu breytast. Ný undirgöng verða fyrir gangandi umferð undir fyrirhugaðan Arnarnesveg á móts við Hádegishóla. Afmörkun golfvallar GKG er aðlöguð athafnasvæði vallarins í Rjúpnadal (austast á golfvallarsvæðinu). Opín svæði auðkennd til skógræktar eru stækkuð í austurhluta Rjúpnahæðar. Samþykkt í bæjarstjórn 17. mars 2006 og staðfest af umhverfisráðherra 26. apríl 2006.

Rjúpnahæð vesturhluti. Opnu svæði, sem auðkennt er að hluta til skógræktar, er breytt í íbúðarsvæði. Gönguleiðir á svæðinu haldast óbreyttar en reiðleiðir breytast lítillaga. Samþykkt í bæjarstjórn 9. janúar 2007 og staðfest af umhverfisráðherra 19. febrúar 2007.

Hörðuvellir. Tröllakór. Íbúðarsvæði við Tröllakór og ípróttasvæði Kórahverfis stækka til vesturs og koma í staðinn fyrir opið svæði. Samþykkt í bæjarstjórn 16. júlí 2004 og staðfest af umhverfisráðherra 31. ágúst 2004.

Hörðuvellir. Gert ráð fyrir blandaðri íbúðarbyggð sérbýlis og fjölbýlis, heildstæðum grunnskóla, leikskólum, ípróttasvæði, svæði fyrir verslun og þjónustu auk kirkjulóðar. Í tillöggunni kemur jafnframt fram fyrirhugað gatnakerfi, gönguleiðir og opin svæði. Samþykkt í bæjarstjórn 24. júlí 2003 og staðfest af umhverfisráðherra 3. september 2003.

Vatnsendahlíð. Hluta Vatnsendahlíða sem skilgreint var sem óbyggt svæði, var breytt í íbúðarsvæði, athafnasvæði og svæði fyrir þjónustustofnanir og skógrækt. Samþykkt í bæjarstjórn 14. október 2008 og staðfest af umhverfisráðherra 9. desember 2008.

Kjóavellir. Óbyggt svæði breytist í opið svæði til sérstakra nota umhverfis núverandi hesthúsasvæði. Innan svæðisins er gert ráð fyrir rými undir verslun og þjónustu og opið svæði til sérstakra nota. Samþykkt í bæjarstjórn 12. febrúar 2008 og staðfest af umhverfisráðherra 7. apríl 2008.

Vatnsendahvarf. Athafnasvæði. Svæði IV: Hluti svæðisins sem skilgreint var sem óbyggt var breytt í blandaða landnotkun verslunar-, þjónustusvæðis og athafnasvæðis. Samþykkt í bæjarstjórn 12. febrúar 2008 og staðfest af umhverfisráðherra 7. apríl 2008.

Vatnsendi. Þing (Suðursvæði). Fyrirhugað íbúðarsvæði stækkar til norðurs og vesturs og kemur í stað opins svæðis. Svæði fyrir þjónustustofnanir færist til suðurs. Samþykkt í bæjarstjórn 26. apríl 2005 og staðfest af umhverfisráðherra 17. maí 2005.

Vatnsendahvarf. Athafnasvæði. Svæði III. Hluti svæðis, sem skilgreint var opið svæði, var breytt í svæði með blandaða

landnotkun verslunar- þjónustu og athafnasvæðis. Samþykkt í bæjarstjórn 27. mars 2007 og staðfest af umhverfisráðherra 12. september 2007.

Vatnsendi. Þing (Suðursvæði). Á svæðinu er áfram óbreytt landnýting en nýting eykst. Íbúðafjöldi almennra íbúða eykst úr 140 í um 192 íbúðir. Samþykkt í bæjarstjórn 21. janúar 2010 og staðfest af umhverfisráðherra 12. febrúar 2010.

ANNAD:

Vatnsverndarmörk. Vegna niðurfellingar brunnsvæðis við Djákróka í Garðabæ breytast mörk vatnsverndar í Kópavogi. Ný vatnsverndarmörk taka mið af verndarsvæði umhverfis Myllulæk og Gvendarbrunna sunnan Elliðavatns í Reykjavík. Breytingarnar eru eftirfarandi: Mörk grannsvæðis vatnsverndar breytast og mörk fjarsvæðis vatnsverndar breytast. Samþykkt í bæjarstjórn 8. apríl 2008 og staðfest af umhverfisráðherra 5. maí 2008.

Suðvesturlínur. Breyting á flutningskerfi raforku með nýrri Kolviðarhóslínu 2 (220 kV) og niðurrífi Sogslínu 2 (132 kV). Gert er ráð fyrir tveimur nýjum háspennulínum (Sandskeiðslínu 1 (400 kV) og Búrfellslínu 3 (400 kV)). Núverandi háspennulínur á Vatnsendaheiði (Hamraneslínur 1 og 2 (220 kV)) verða fjarlægðar. Samþykkt í bæjarstjórn 8. september 2009 og staðfest af umhverfisráðherra 1. mars 2010.

Þetta er lista yfirlit yfir 10. maí 2008.

10.2 HELSTU BREYTINGAR Á AÐALSKIPULAGI KÓPAVOGS 2000-2012 MEÐ STAÐFESTINGU ÞESSA SKIPULAGS

Almennt eru gerðar breytingar til að standast kröfur nýrra skipulagslaga nr. 123/2010 og skipulagsreglugerðar en gerðar hafa verið breytingar á landnotkunarnöfnum og litanotkun á kortum breytt.

KÁRSNES:

- Svæði norðan við Borgarholtsbraut, óbyggt svæði stækkað og tengist þá friðlýsta svæðinu á Borgarholti.

- Sunnuhlíð hjúkrunarheimili aldraðra. Þar er svæði sem áður var skilgreint stofnanasvæði og óbyggt svæði til sérstakra nota breytt í stofnanasvæði. Þetta er leiðrétting á landnotkun en ekki breyting.

- Aðstaða fyrir siglingafólk er komin að Naustavör 20 og fær landnotkunarflokkinn opið svæði til sérstakra nota.

- Leikskólalóð Marbakka stækkar bæði til norðurs og suðurs og fellur þar með út svæði skilgreint sem verslun- og þjónusta og verður skilgreint sem stofnanasvæði.

- Leiksvæði við Sæbólsbraut nr. 31. Þar breytist landnotkun úr óbyggðu svæði í opið svæði til sérstakra nota.

- Gæsluvöllurinn Holtsvöllur verður skilgreindur sem stofnanasvæði.

- Settur inn aðalstigur frá Þinghól að Garðabæ.

DIGRANES:

- Landnotkun á Laufbrekku 2 breytist úr miðbæjarsvæði í verslun og þjónustu.

- Leiðrétting á svæði sem skilgreint er sem opið svæði til sérstakra nota við Fögurbrekku og Selbrekku er breytt í íbúðarsvæði þar sem svæðið tilheyrir lóðunum.

- Bílastæðum fyrir leikskólann Efstahjalla og gæsluvellinum Hjallavöll er breytt úr opnu svæði til sérstakra nota í svæði fyrir stofnanir.

- Helmingur opins svæðis til sérstakra nota á milli Vala- og Engihjalla er leiðrétt og svæði undir bílastæði er breytt í svæði fyrir verslun og þjónustu.

- Lóð Álfrhóllskóla (Digranes) stækkar til austurs.

- Lóð Digraneskirkju er breytt úr blönduðum landnotkunarflokki í stofnanasvæði.

- Svæðið við Lækjarnes í Kópavogsdal merkt með bæjarvernd.

SMÁRAR:

- Aðalstigur frá Kópavogstjörninni inn á ípróttasvæði Breiðabliks, meðfram ípróttastúkunni og aftur að Kópavogslæk.

- Svæði Smáraskóla er breytt úr blandaðri landnotkun í stofnanasvæði.

- Svæði við Lindasmára 27- 47 breytt úr opnu svæði til sérstakra nota í íbúðarsvæði þar sem lóðin tilheyrir íbúðunum.

- Merkingu á undirgöngum við Lindir IV (Skógarlind) er breytt.

FÍFUHVAMMUR:

- Reiðleiðum breytt í göngu- og hjólastíga frá Glaðheimum um Selhygg, frá Glaðheimum um Hnoðraholt og Rjúpnahæð og hjá Hádegishólum.

- Leikskólalóð Dals, Funalind 4, stækkar í suður og norður og við það breytist svæði fyrir verslun, þjónustu og opið svæði í svæði til sérstakra nota í stofnanasvæði.

- Landnotkun á lóð gæsluallarins, Hvammsvallar, er breytt í stofnanasvæði..

VATNSENDI:

- Leikskólalóð við Austurkór stækkar.
- Svæði við Vallakór. Þar breytist landnotkun úr eingöngu fyrir verslun og þjónustu í svæði fyrir verslun, þjónustu og íbúðabyggð. Einnig stækkar svæðið til norðvesturs.
- Hluti svæðis á milli Melahvarfs og Dimmuhvarfs er breytt úr opnu svæði í íbúðarsvæði.
- Grundarhvarf 22, leiðrétting á landnotkun lóðar í íbúðarsvæði.
- Breiðahvarf 2, leiðrétting á landnotkun lóðar í íbúðarsvæði.
- Græna treflinum og græna stígunum er komið fyrir í Aðalskipulag Kópavogs. Landnotkun er opið svæði. Í Vatnsvík er svæði breytt úr óbyggðu svæði í svæði fyrir íbúðabyggð.

NYRÐRI- OG SYÐRI LANDGEIRAR

- Svæði við Þríhnúka er breytt úr óbyggðu svæði í opið svæði.

10.3 BREYTINGAR Á SVÆÐISSKIPULAGI HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS

Frá staðfestingu Svæðisskipulagsins 20. desember 2002 hafa verið gerðar 14 breytingar á því í Kópavogi:

- Lundur við Nýbýlaveg, 7. október 2003
- Kópavogstún, 20. október 2005
- Hnoðraholt, Smalaholt og Rjúpnahæð, 22. febrúar 2006
- Rjúpnahæð vesturhluti, 22. nóvember 2006
- Dalvegur 32, 9. mars 2007
- Vatnsendahvarf svæði III, 9. mars 2007
- Kjóavellir og Vatnsendakrikar, 7. nóvember 2007
- Kjóavellir og Dýjakrókar, 28. nóvember 2007
- Vatnsvernd á höfuðborgarsvæðinu, 17. október 2007
- Vatnsendahvarf svæði IV, 16. janúar 2007
- Glaðheimar, 16. janúar 2008
- Vatnsendahlíð, 17. september 2008
- Kársnes- vesturhluti, 29. júní 2009
- Suðurlandsvegur, 27. júlí 2009

10.4 BREYTINGAR Á SVÆÐISSKIPULAGI HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS SEM GERÐAR VORU SAMHLIÐA AÐALSKIPULAGI KÓPAVOGS 2012-2024

- Tafla 3.1 í greinargerð svæðisskipulagsins var leiðrétt m.t.t. íbúðafjölda.
- Svæðisskipulagsuppráttur leiðréttur á skíðasvæði Bláfjallafólkvangs til samræmis við gildandi aðaskipulag Kópavogs.
- Þríhnúkur skilgreindur sem opið svæði til sérstakra nota (afþreyingar- og ferðamannasvæði).
- Friðlýsing Skerjafjarðar.
- Áform um brúartengingu yfir Fossvog fyrir vistvænar samgöngur milli Kópavogs og Reykjavíkur.



Leikskólabörn í Kópavogsdal. Ljós. F.B.

11

VIÐAUKI 4 NIÐURSTAÐA ÍBÚAFUNDA

11

KÁRSNES-NIÐURSTAÐA

Hér að neðan eru raktar niðurstöður samráðsfundarins í Kársnesskóla sem haldin var 14. september 2011:

ÞÁTTTAKENDUR:

- Örn Hólmjárn, Sæbólsbraut 8
- Hlynur Ólafsson, Hraunbraut 45
- Sesselja Signý Sveinsdóttir, Vallargerði 37
- Elzbieta Kowal, Hafnarbraut 11
- Guðmundur Þóroddsson, Melgerði 28
- Andrés Jón Davíðsson, Kópavogsbraut 47
- Lilja Ósk Úlfarsdóttir, Holtagerði 40
- Gyða Rafnsdóttir, Sunnubraut 23
- Auður Sigurðardóttir, Kópavogstún 8
- Sigurveig Þ. Sigurðardóttir, Meðalbraut 24

Starfsmenn Kópavogsbæjar:

- Guðný Dóra Gestsdóttir, formaður skipulagsnefndar
- Smári Smárason, arkitekt
- Hólmfríður Þorsteinsdóttir, umhverfisfulltrúi
- Birgir Hlynur Sigurðsson, skipulagsstjóri

STYRKLEIKAR HVERFISINS:

BYGGÐ OG ATVINNULÍF:

- Blönduð byggð
- Einbýli
- Tvíbýli
- Smærri fjölbýli
- Blokkir
- Takmarkað landsvæði – fastur íbúafjöldi

UMHVERFI:

- Þétt gróið heimilislegt
- Stutt að strönd
- Svæðið í kringum kirkju
- Göngustígar
- Fallegt umhverfi í Kirkjuholti
- Rútstún – púttvöllurinn
- Kópavogstún algjör perla
- Göngustígar með sjó = gott að hjóla og útivistarsvæði
- Góðir göngustígar við sjó
- Enn græn svæði sem þarf að passa

ÞJÓNUSTA:

- Sameinaður skóli
- Góð Sundlaug

SAMFÉLAG:

- Skemmtileg menningarsvæði: Salurinn, bókasafn, kirkja, Molinn
- Breiðablik
- Hjólástígar
- Skemmtilegt menningarsvæði

Niðurstöður: styrkleikar

- Gróin afmörkuð byggð
- Auð svæði
- Gott stígakerfi í hverfinu
- Skólar og leikskólar í hverfinu

VEIKLEIKAR HVERFISINS:

BYGGÐ OG ATVINNULÍF:

- Sæbólsbraut: bílar aka of hratt hjá barnaheimilinu
- Lagt er upp á gangstétt á Sæbólsbraut, oft erfitt að ganga þar
- Of mikill umferðarþungi á Borgarholtsbraut
- Þungaflutningar á Kársnesbraut
- Gatnamót Borgarholtsbrautar og Urðarbrautar
- Subbulegt iðnaðarsvæði
- Sóðalegt hverfi kringum höfnina og hættulegt börnum
- Vantar að endurskipuleggja bryggjusvæðið
- Þarf að gera umhverfið huggulegra
- Kvennafangelsi

UMHVERFI:

- Trjágróður á Borgarholti
- Banna allar aspir
- Lausaganga hunda á Kópavogstúni
- Sóðaskapur og skipulagsleysi við Hafnarbraut og nágrenni
- Snyrta göngustíga t.d. klippa tré
- Salta alla göngustíga þegar það þarf
- Fella gamlar aspir
- Náttúruperlur hafa verið skemmdar
- Strandlengja hefur verið illa nýtt

ÞJÓNUSTA:

- Hraðahindrun hjá Sunnuhlíð
- Hraðahindrun á Kópavogsbraut við Kársnesskóla
- Vantar lágvöruverslun
- Vantar kaffi og veitingahús t.d. við bryggjuna
- Lágvöruverslun í Hamraborg
- Vantar ljósleiðara
- Vantar þjónustu – lágvöruverslun (matvöru), kaffihús/veitingahús

SAMFÉLAG:

- Dópbæli á Kársnesi
- Hafa leyfi fyrir köttum eins og hundum
- Bæta hraðahindrunum
- Gera iðnaðarhverfið huggulegra
- Vantar leiksvæði í iðnaðarhverfi, þar eru líka íbúðir t.d. Hafnarbraut

NIÐURSTÖÐUR: VEIKLEIKAR

- Hreinsa og þróa iðnaðarhverfið
- Skortur á náttúruvernd
- Of mikill umferðarhraði. Vöntun á endurskoðun á umferðarmálum, skoða gatnamót, greiðfærari umferð

TÆKIFÆRI HVERFISINS:

BYGGÐ OG ATVINNULÍF:

- Byggja leiguhúsnæði á Kársnesi fyrir ungt fólk

- Fá blandaða byggð vestast á Kársnesi – bíó, verslun, veitingahús, kaffihús, gallerí, smáiðnað. Nýta fallett útsýni. Setja þar t.d. listaskóla

- Byggja hverfi fyrir léttu þjónustu og veitingahús við gamla hafnarhverfi
- Listir – menning
- Leggja af hafnsækinn iðnað sem veldur þungaflutningum á Kársnesi. Þar þarf að endurskipuleggja svæðið fyrir íbúðabyggð og þjónustu
- Íbúðabyggð, bygging í bryggjuhverfi og iðnaðarhverfi
- Gamla hafnarsvæðið: glæða það mannlífi, t.d. í líkingu við það sem var gert í Vancouver með Granvill Island. Þar var högglistaskóli settur í gamalt iðnaðarhúsnæði. Markaður (fiski- og grænmetis ofl.)
- Bryggjuhverfi: gera útivistarsvæði í pitch og púttvöll (brautir ekki lengri 60-70 ?)
- Gera Kársnesið að grænu svæði – gróðursetja tré, útiskák – bekki og borð
- Gefa gömlum húsum líf

UMHVERFI:

- Skipuleggja Kópavogstúnið sem útivistarsvæði, ekki íbúðarsvæði
- Gamli Holdsveikraspítalinn verði varðveittur. Þar mætti t.d. vera safn um sögu Kópavogs og/eða kaffihús
- Vallargerðisvöllur: Setja gervigras, bæta búningaaðstöðu svo að allir geta spilað fótbolta
- Varðveita ÖLL græn svæði í Vesturbæ Kópavogs
- Kópavogstún: Þar mætti vera grasagarður eða einhverskonar blómagarður
- Salta göngustíga

- Vantar bekki við Sunnuhlíð
- Kópavogstún nýta betur
- Endurgera Vallagerðisvöll, setja gervigras, búningsaðstöðu
- Varðveita grænu svæðin

ÞJÓNUSTA:

- Stjórnsýslan til okkar
- Stuðla að betri upplýsingagiöf til íbúa

SAMFÉLAG:

- Fleiri tungumál, þarf að auðvelda upplýsingaflæði til útlendinga

NIÐURSTÖÐUR: TÆKIFÆRI

- Mannvænna hverfi, staði til að vera úti og hitta aðra
- Bola burt þungaiðnaði og þungaflutningi
- Varðveita græn svæði og skipuleggja upp á nýtt
- Skipuleggja hverfið sem íbúavænt hverfi með léttum iðnaði og blandaðri lágri byggð út á Kársnesi

STYRKLEIKAR KÓPAVOGS Í HEILD SINNI:

Ekki vannst tími til að fara yfir þennan þátt.

Veikleikar Kópavogs í heild sinni:

- Sameiginlegan miðjupunkt vantar
- Framhaldsskóla vantar

Tækifæri Kópavogs í heild sinni:

- Sameinast öðrum sveitarfélögum
- Endurskoða Hamraborgarsvæðið – lífrænn markaður
- Býli í borg – lífrænn markaður á Hálsatorg
- Markað á Hálsatorg

Við eigum að hlúa að íbúum fremur en að þenja hann út frekar

DIGRANES-NIÐURSTAÐA

Hér að neðan eru raktar niðurstöður samráðsfundarins í Kópavogsskóla sem haldinn var 8. september 2011:

ÞÁTTTAKENDUR:

- Haukur Þór Bragason, Fagrahjalla 60
- Kristín Gunnarsdóttir, Vogatungu 20
- Brynja Helgadóttir, Lundarbrekku 8
- Jóhann B. Steinsson, Stórahjalla 8
- Stella Guðvarðardóttir, Grænatúni 6
- Kristín A. Samsonardóttir, Þverbrekku 6
- Þorleifur Finnsson, Víghólastíg 18
- Þórhalla Kristjánsdóttir, Skólatróð 2
- Sigurður Rúnar Jónsson, Hvannahóla 26

- Guðbjörg Sveinsdóttir, Trönuhjalla 13

STARFSMENN KÓPAVOGSBÆJAR:

- Guðný Dóra Gestsdóttir, formaður skipulagsnefndar
- Smári Smárason, arkitekt
- Hólmfríður Þorsteinsdóttir, umhverfisfulltrúi
- Birgir Hlynur Sigurðsson, skipulagsstjóri

STYRKLEIKAR HVERFISINS:

BYGGÐ OG ATVINNULÍF:

- Greið leið að stofnæðum
- Mjög miðsvæðis á höfuðborgarsvæðinu
- Atvinnusvæði: Smiðjuhverfi fjölbreytt þjónusta þar, atvinnutækifæri líka
- Miðsvæðis – stutt í þjónustu
- Nálægð við útivistarsvæði og sögulega staði
- Upprunalegt svæði
- Umhverfið yfirleitt gott
- Mjög miðsvæðis
- Þjónusta góð í hverfinu og stutt í hana
- Stutt í útivistarsvæði
- Hæfileg stærð á húsum/íbúðum

UMHVERFI:

- Nálægð við náttúru
- Dalur að sunnan og norðan + græn svæði víðsvegar um hverfið
- Gott útivistarsvæði
- Góðir göngustígar
- Hamraborgin – strætó
- Þægilegt umhverfi

ÞJÓNUSTA:

- Gróið hverfi
- Veruleg endurnýjun á götum og reitum
- Góðir göngustígar

SAMFÉLAG:

- Skólarnir okkar – öll skólastig
- Menningarmálin
- Gerðasafn
- Bókasafn
- Tónlistarskóli
- Góður leikskóli
- Góðir leikvellir
- Góður barnaskóli
- Nálægð skóla góð í hverfinu
- Stutt í stofnanir bæjarins

NIÐURSTÖÐUR: STYRKLEIKAR

- Miðsvæðis
- Nálægð við þjónustu, skóla, verslanir
- Útivistarsvæði

Þú getur sýnt myndir af þessum svæðum hér.

VEIKLEIKAR HVERFISINS:

BYGGÐ OG ATVINNULÍF:

- Plön á Dalvegi endurskipulögð
- Snúningstorg í endagötum
- Sorpmál
- Hamraborg, Hálsatorg, gera grænni – manneskjulegri
- Skilgreina hvar miðbær er
- Bæta umhverfið við Auðbrekku/Dalbrekku, svæði er allt of niðurnítt
- Bílastæði við MK vantar (sektanir)
- Engihjalli, verslunarkjarni þarf, að endurskoða

UMHVERFI:

- Umgengni Smiðjuhverfis mjög ábótavant
- Aspir ætti að banna – aðstoða fólk við að fjarlægja (jákvætt veita skjól)
- Slök umgengni hjá atvinnusvæði
- Opin svæði ekki hirt nægilega vel
- Hreinsa Víghólinn af lúpínu, greni og áramótadrasli
- Ekki hægt að ganga í Smárann

ÞJÓNUSTA:

- Sorphirða
- Aspir
- Opnun skóla á sama tíma
- Flokkun sorps
- Mengun frá umferð
- Umferð – strætó
- Vantar betri lýsingu á göngustíga
- Þarf að bæta almenningssamgöngur

SAMFÉLAG:

- Hvatning til íbúa að taka til í næsta umhverfi, sparar bænum kostnað

Þú getur sýnt myndir af þessum svæðum hér.

NIÐURSTÖÐUR: VEIKLEIKAR

- Miðbærinn lagfærður og skipulagður
- Umhirða, útlit á Auðbrekku og við hverfisverslanir ábótavant
- Strætó – almenningssamgöngur

Þú getur sýnt myndir af þessum svæðum hér.

TÆKIFÆRI HVERFISINS:

BYGGÐ OG ATVINNULÍF:

- Skrúðgarð á Hálsatorg

- Tengja hverfin betur
- Hugsu gatnakerfið til enda
- Hætta við byggingu turna og háhýsa
- Laga göngustíga og tengingar við Smárahverfið
- Ljúka við turn við Smáralind
- Þetta byggð þar sem hægt er en ekki á kostnað grænna svæða
- Vinna betur að því að móta/koma á bæjarmeningu
- Fá að kjósa um aðal- og deiliskipulag, t.d. Glæðheima

SAMFÉLAG:

- Íþróttafélög – aðstaða til fyrirmyndar
- Of dýrt í sund
- Styrkja samheldni Kópavogs
- Góður bær almennt
- Skapa aðstöðu til að þjappa Kópavogsbúum saman. Að við séum öll meðvituð um að ganga vel um og horfa vel í kringum okkur
- Búa til miðbæ
- Tómstundaiðja barna skipulögð innan skólatíma með akstri, samfelldan dag fyrir börnin



Íbúafundur - Digranes. Ljós. B.H.S.

NIÐURSTÖÐUR: TÆKIFÆRI

- Kaffihús í Kópavogsdalinn
- Kópavogur miðsvæðis, koma þjónustufyrirtækjum að í Kópavogi
- Laga til í Auðbrekkunni og Smiðjuhverfinu

Þú getur sýnt myndir af þessum svæðum hér.

STYRKLEIKAR KÓPAVOGS Í HEILD SINNI:

Ekki vannst tími til að fara yfir þennan þátt.

Veikleikar Kópavogs í heild sinni:

- Vantar miðbæ, hlýlegri
- Digraneskirkja, beygjan frá Digranesvegi til hægri í kirkjuna
- Hefja kennslu kl 9:00, dagvist á milli 8-9 í barnaskólum í stað þess að allir mæti á sama tíma

TÆKIFÆRI KÓPAVOGS Í HEILD SINNI:

- Laga gatnamót Hlíðarhjalla og Dalveg – ljós eða hringtorg
- Flikka upp á Auðbrekku og Smiðjuhverfi
- Auka tækifæri fyrir þjónustufyrirtæki að koma í Kópavog
- 2-3 falda þjónustu strætó og helminga verðið

- Opna tjaldsvæði
- Kaffihús í Kópavogsdal
- Möguleiki að setja upp litla sorpkjarna inni í hverfum sem taka á móti lífrænum úrgangi/pappa/plasti og fl. líkt og á Akureyri

Þú getur sýnt myndir af þessum svæðum hér.

SMÁRAR-NIÐURSTAÐA

Hér að neðan eru raktar niðurstöður samráðsfundarins í Smáraskóla sem haldin var 1. september 2011:

ÞÁTTTAKENDUR:

- Logi Arnar Guðjónsson, Lautasmára 26
- Sigurros Gunnarsdóttir, Lækjasmára 2
- Magnús Már Harðarson, Lautasmára 39
- Hrönn Hrafnisdóttir, Lækjasmára 78
- Guðbjörg Eggertsdóttir, Lækjasmára 76
- Helga Halldórsdóttir, Bakkasmára 7
- Reynir Bjarni Egilsson, Lautasmára 24
- Helgi Viðar Hilmarsson, Lautasmára 5
- Frímann A. Sturluson, Lækjasmára 100
- Sæmundur Jón Stefánsson, Lækjasmára 96.

STARFSMENN KÓPAVOGSBÆJAR:

- Guðný Dóra Gestsdóttir, formaður skipulagsnefndar
- Smári Smárason, arkitekt
- Hólmfríður Þorsteinsdóttir, umhverfisfulltrúi
- Birgir Hlynur Sigurðsson, skipulagsstjóri

Þú getur sýnt myndir af þessum svæðum hér.

STYRKLEIKAR HVERFISINS:

BYGGÐ OG ATVINNULÍF:

- Miðsvæðis – stutt í allt (skóla, íþróttir, búðir, lækni, útivistarsvæði
- Nálægð við þjónustukjarna
- Nálægð við verslun og þjónustu
- Gott aðgengi að íþróttasvæði – bæði skipulagt (íþr) og óskipulagt (hjólástigar, leikvelli)
- Auðveldur aðgangur að verslunum, heilsugæslu, sérverslunum t.d. bakarí og dýrabúð
- Byggðin blönduð með tilliti húsbýgginga
- Nálægð við verslun

UMHVERFI:

- Stígakerfið
- Flokkun á sorpi – tilraun í Nónhæðarhverfi
- Útivistarsvæði
- Miðsvæðis með gott aðgengi að og frá
- Öruggar götur
- Hverfið gott til útivistar
- Veðursæld

- Nálægð við grænt svæði – Kópavogsdal
- ÞJÓNUSTA:
- Verslanir, heilsugæsla, atvinna
- Snyrtilegt

SAMFÉLAG:

- Íþróttasvæðið og íþróttafélögin
- Gott að viðra hundinn
- Listaverk í Kópavogsdal þ.e. eftir leikskólakrakkana-skemmtileg
- Íþróttir
- Fallegt umhverfi
- Nálægð við umferðaræðar
- Stutt á golfvöllinn

Þú getur sýnt myndir af þessum svæðum hér.

NIÐURSTÖÐUR: STYRKLEIKAR

- Íþróttta- og útivistarparadís – þarf ekki að fara út fyrir hverfið
- Blönduð byggð styrkir hverfið

Þú getur sýnt myndir af þessum svæðum hér.

VEIKLEIKAR HVERFISINS:

BYGGÐ OG ATVINNULÍF:

- Óvissa með byggð í Arnarneslandi (Garðabæ) og Nónhæð
- Ókláruð bygging við Smáralind

- Sakna lítils kaffihús og líttilla verslana við Smáralind og Dalveg
- Of mikið land undir bílastæði við verslanir og skrifstofuhúsnaði
- Of mikil umferð

UMHVERFI:

- Mengun í læknum – oft rýkur úr honum vegna heitavatnsmengunar
- Mávar (á köflum)
- Lausir hundar og ekki þrifið eftir þá og þeim sigað á gæsina
- Þarf að borga fyrir að flokka ruslið mitt – endurvinnslutunnuna

ÞJÓNUSTA:

- Erfið aðkoma að Hvammi heilsugæslu v/ t.d. umferðarljósa og stýringu á þeim
- Almenningssamgöngum ekki gert hátt undir höfði
- Vespur á göngustígum á ekki að eiga sér stað
- Mikil umferð um helgar v/Smáralindar
- Þung umferð/mengun
- Hraðakstur alltof oft á Dalveginum
- Umferðarþungi á jaðri hverfisins
- Vöntun á mótakrein fyrir ofan Fífu og neðan við

Þú getur sýnt myndir af þessum svæðum hér.

- Arnarnesland
- Erfið og þung umferð á Fífuhvammsvegi, erfitt að komast úr Arnarsmára
- Akstur nágrannabyggðar í gegnum Kópavoginn á jaðri hverfisins
- Umferðin of hröð
- Vantar fleiri útgönguleiðir
- Vantar myndvélar á íþróttasvæðið
- Nýta Reykjanesbraut betur í tengingar við Smáralind, Hlíðasmára og það svæði. Enginn strætó beint niður á Lækjartorg

SAMFÉLAG:

- Börnum bannað að nota grasvelli fótboltafélaganna
- Skortur á löggæslu og eftirliti með dópsölu til barna og unglinga
- Vöntun á umhverfisvænni sorpþjónustu
- Upplýsa fólk um umhverfismál
- Meira líf í dalinn
- Skólamál – allir steyptir í sama form og einstaklingar fá ekki að njóta sín í kerfinu
- Skólamál – vöntun á hollara fæði í mötuneyti skóla

Þú getur sýnt myndir af þessum svæðum hér.

NIÐURSTÖÐUR: VEIKLEIKAR

- Of mikil umferð við Smáralind og Smáratorg
- Óvissa í skipulagsmálum, vilja að ódeiliskipulögð svæði verði skipulögð

Þú getur sýnt myndir af þessum svæðum hér.

TÆKIFÆRI HVERFISINS:

BYGGÐ OG ATVINNULÍF:

- Stækka þjónustu og atvinnusvæði á suðursvæði Smáralindar
- Ekki fleiri háhýsi
- Stækka íbúðarbyggð á Nónhæð
- Fleiri háhýsi
- Pulsuvagna eða einhverja heilsusjoppu
- Ónýtt tækifæri í uppbyggingu atvinnulífs (lóðir við Zinkstöð, hesthús í Lindum)

- Nýta bílastæðin sem eru nær alltaf tóm (f. utan þegar íþróttaviðburðir eru) t.d. fyrir hjólabretti
- Skipuleggja óbyggða reiti í þágu hverfisins (eðlileg byggð) (ekki háhýsi)

- Skipuleggja svæðið vestan Smárahvammsvallar t.d. torg, uppákomur
- Setja upp Austurvöll Kópavogsbúa
- Má fækka bensínstöðvum, sérstaklega á Nónhæð
- Atvinnutækifæri fyrir markað í Kópavogsdalnum um helgar

UMHVERFI:

- Vantar minni golfvöll og púttvöll á svæði sem nýtast ekki í annað
- Merkja vegalengdir fyrir skokkara og göngufólk á göngustígum sjálfum
- Svæði fyrir hunda (Geirsnes)
- Skipta göngustígum í hjóla- og göngustíga
- Tónlist og listsköpun í dalnum, fá fleiri til að njóta útiveru
- Meiri samfélagsvitund, dæmi umræðutorg
- Nýta dalinn betur fyrir útivist og uppákomur
- Meiri nýting í Kópavogsdal til útiveru, t.d. setja leiktæki fyrir börn og bjóða upp á siglingar á litlum bátum á tjörninni um helgar á sumrin
- Bæta græna svæðið
- Ræðutorg

ÞJÓNUSTA:

- Breyta íþróttastyrkjum þannig að hvert barn fái bara einn veglegri styrk en ekki vegna tveggja íþróttagreina eins og nú er
- Lausir tímar í íþróttamannvirkjum nýttir fyrir krakka sem hafa áhuga á íþróttum en vilja ekki vera í keppnisíþróttgreinum
- Öll börn 18 mánaða inn á leikskóla

SAMFÉLAG:

- Beina umferð beint af stofnbrautum inn að Smáralind og Smáratorgi
- Lækka sorphirðugjöld til þeirra sem flokka rusl og endurvinna
- Mikið gert fyrir einkabílinn, lítið gert fyrir strætó
- Vantar fleiri tengingar af tengibrautum

NIÐURSTÖÐUR TÆKIFÆRI:

- Styrkja svæðið sunnan Smáralindar
- Klára vinnu við skipulag á óskipulögðum svæðum

STYRKLEIKAR KÓPAVOGS Í HEILD SINNI:

- Öll þjónusta á staðnum
- Íþrótt-, útivistarparadís
- Þurfa ekki að fara út fyrir hverfið

VEIKLEIKAR KÓPAVOGS Í HEILD SINNI:

- Of mikil umferð við Smáralind/Smáratorg
- Þarf vissu og skýrari mörk á skipulagi og uppbyggingu byggðar
- Merkja betur sem aðalbraut leið frá Salalaug upp í Elliðavatnshverfi

TÆKIFÆRI KÓPAVOGS Í HEILD SINNI:

- Kópavogsdalurinn, bæta/fjölbreyttari nýting => aðdráttarafli => auka mannlíf, markaðir
- Betri vegtengingar í og úr hverfinu
- Klára uppbyggingu á Smáralind suðursvæði en hóflegar byggingar ekki turna. Styrkja svæðið – atvinnusvæðið.
- Byggja heldur frá Smáralind og upp að Arnarnesveginum
- Gera dalinn líflegri, fallelgrí sem styrkir svæðið til muna, veikleiki er umferðin
- Lagfæra ásjónu Smiðjuhverfis sem snýr út að Breiðholtsbraut, t.d. með því að gróðursetja þannig að ljót atvinnuhúsnæði þar sjáist minna
- Örari almannasamgöngur innan bæjarfélagsins

FÍFUHVAMMUR-NIÐURSTAÐA

ÞÁTTTAKENDUR:

- Pétur Valdimarsson, Krossalind 35
- Einar Ólafsson, Engjasmára 9
- Guðrún Benediktsdóttir, Brekkusmára 2
- Helgi Þórisson, Bakkasmára 16
- Ásmundur Hilmarsson, Eyktarsmára 1
- Jóhannes Birgir Jenson, Arnarsmára 28
- Sigurjón Hjaltason, Foldarsmára 14
- Helga Guðrún Jónsdóttir, Marbakkabraut 29
- Indriði Björnsson, Marbakkabraut 12
- Hugrún Sigurjónsdóttir, Kársnesbraut 51a
- Arna Harðardóttir, Þinghólsbraut 61



Frá samráðsfundi í Smáraskóla. Ljós. B.H.S.

STARFSMENN KÓPAVOGSBÆJAR:

- Guðný Dóra Gestsdóttir, formaður skipulagsnefndar
- Vilhjálmur Einarsson, skipulagsnefnd
- Margrét Björnsdóttir, skipulagsnefnd
- Birgir Hlynur Sigurðsson, skipulagsstjóri
- Smári Smárason, arkitekt
- Hólmfríður Þorsteinsdóttir, umhverfisfulltrúi

STYRKLEIKAR BÆJARINS:

BYGGÐ OG ATVINNULÍF:

- Miðja höfuðborgarsvæðisins
- Með hæstu meðaltekjum á íbúa á landinu – ríkt bæjarfélag
- Góðir skólar – grunn og menntaskóli – fjölskylduvænt
- Öflugt íþróttastarf – fjölskylduvænt
- Yfirleitt eru opin, græn svæði í öllum hverfum
- Öflugir verslunarkjarnar
- Möguleiki á að halda í svæði til útivistar í öllum bæjarhlutum
- Hluti af stærsta atvinnusvæði landsins
- Skuldastaða bæjar!?
- Fjölbreytni í byggðamynstri
- Blönduð byggð, flest hverfi hafa vítt úrval búsetu. Einstaklingar, ung pör, barnafólk, heldri borgarar, eldri borgarar
- Rótgróin byggð, gamall kjarni
- Lítið samfélag
- Miðsvæðis, góð staðsetning, stórar samgönguæðar úr bænum
- Staðsetning
- Aldurssamsetning íbúa

UMHVERFI:

- Enn opin græn svæði
- Útivist á Bláfjallasvæðinu.
- Stór eignarlönd
- Nægt byggingarrými
- Miðsvæðis
- Stutt í náttúru, haf og heiðar
- Nálægð við náttúru innan seilingar í mörgum hverfum, t.d. Elliðavatn og strandlengja Kársnes
- Náttúruleg strandlengja
- Grænn kragi – góð útivistarsvæði í Fossvogs-, Kópavogsdölum og uppeftir efri byggð

ÞJÓNUSTA:

- Sorphirða – flokkun – Nónhæð – endilega ganga á undan með góðu fordæmi

- Eldri borgarar – þjónusta – púttvöllur, sundlaugar, félagsstarf
- Fráveitukerfið að mestu í góðu lagi
- Íþróttamannvirki – vel stutt við íþróttamannvirki
- Sýslumaðurinn – gott að þurfa ekki að leita til Reykjavíkur með opinbera þjónustu

- Göngu og hjólastigur
- Verslun
- Stutt í þjónustu
- Frábærar sundlaugar
- Sorp – vilji til nýbreytni með flokkun (en sjá veikleika varðandi þjónustustig)
- Góðir skólar
- Miðsvæðis, gott aðgengi

SAMFÉLAG:

- Gott skólustarf – skólahljómsveit
- Öflug íþróttafélög
- Skólahljómsveit Kópavogs – styrkja hana
- Salurinn – tónlist
- Söfn
- Menningarhús á Borgarholtinu – fjölbreytt menning
- Öflugt kórstarf Kársnesi
- Öflugt menningarlíf
- Öflugur tónlistarskóli
- Gerpla
- Öflugt íþróttalíf- félagsstarf

NIÐURSTÖÐUR STYRKLEIKAR:

- Íþrótt- og tómsundastarf fyrir alla aldurshópa er mjög gott, sömuleiðis uppbygging íþróttamannvirkja
- Stærð og lega sveitarfélagsins góð
- Stutt í náttúru í öllum hverfum
- Stutt í alla þjónustu

VEIKLEIKAR BÆJARINS:

BYGGÐ OG ATVINNULÍF:

- EKKI nægt tillit tekið til sjónarmiða og lífsgæða íbúa í skipulagsvinnu
- Umferðarþungi – Kársnesbraut
- Hlusta ekki alltaf á íbúa – ábendingar
- Gatnakerfi kemur ekki í rétttri röð
- Engin skiptistöð-strætó er á götunum í röðum, stórhættulegt, gangbrautir vantar
- Kópavogur langur og mjór, óhentug lögun
- Of mikil áhersla á þéttingu eldri byggðar sbr. Kársnes
- Ægivald fyrirtækja, nýbyggingar færðar að ósk

fyrirtækja, mikill kostnaður og mjög óþægilegt fyrir næstu íbúa

- Neikvætt viðhorf bæjarins til íbúasamtaka og þeirra málflytnings („tuðarar“, NIMBY-ismi)
- EKKI nægt tillit tekið til athugasemda íbúa við skipulagsbreytingar
- Kópavogstún – byggð er stöðugt að þrengja að þar
- Núverandi skipulag Hamraborgar gengur ekki upp m.v. miðbæjarhlutverk svæðisins
- Of hraður vöxtur á grunni skipulags sem ber ekki svo hraðan vöxt
- Stöðugar breytingar á skipulagi
- Slæm reynsla af blandaðri byggð iðnaðar- og íbúahverfa
- Reykjanesbraut sker bæinn í sundur – vantar tengingar yfir
- Enginn miðbær í hefðbundnum skilningi: Hamraborgin deyr eftir kl. 17, nýtur ekki sólar
- Smáralind/Dalvegur er steypa og malbik
- Enginn miðbær
- Hafnarsvæði
- Óklárað skipulag
- Ómarkviss uppbygging bæjarins, skortur á heildarsýn og skýrri stefnu fyrir skipulag bæjarins og einstök hverfi
- Miðbær? Hamraborg eða Smáralind
- Umhverfi, Dalvegur

UMHVERFI:

- Atvinnusvæði á Kársnesi
- Umferðaröngþveiti kringum Lindir/Smára á álagstímum
- Umferðaröngþveiti á Hamraborgarhringtorgi á álagstímum
- Of lítil rækt lögð við á að fegra einstaka strandlengju
- Suppuskapur á hafnarsvæði
- Hjóla og göngustígar eru meðfram stórum umferðaræðum við Smárann
- Það vantar tengingar milli grænna svæða fyrir gangandi – hjólandi
- Nýting á Fossvogsdal sem útivistarsvæði – aðgengi!
- Of fá græn svæði
- Skipulag sé ekki reitaskipulag heldur heildin hugsuð – hvað á að koma hinum megin við götuna
- Ómarkviss íþrótt- og tómsundaframboð
- Engin tenging á milli Breiðholts og Salahverfis
- Skuldastaða bæjar
- Gróin hverfi – óvissa vegna breytinga á skipulagi – tortryggni
- Pólítísk imynd

- Óhverfaskipt í þróttafélög með gríðarlegu óhagræði fyrir börn/foreldra
- Samgöngur óvélknúinna – Hagsmunir gangandi/hjólandi ekki vistvænar, sjá dæmi: vantar brýr yfir Reykjanesbraut í mörg ár. Gönguleið Smárahvamsvegur/Arnarsmári stórhættuleg, svikið um göng. Þrýst á vegagerð
- Strætó
- Íþróttæfingar og tómstundastarf ekki nægilega samtvinnað skólasterfinu
- Ekki nægileg samstarf milli sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

NIÐURSTÖÐUR VEIKLEIKAR:

- Uppbygging og skipulag bæjarins ómarkvisst, skammtíamarkmið fá forgang fram yfir langtíamarkmið
- Skortur á langtímasýn í umhverfismálum. Hraður vöxtur, byggt af meira kappi en forsjá og umferðin ber keim af því

TÆKIFÆRI BÆJARINS:

Byggð og atvinnulíf:

- Banna breytingu á skipulagi fyrstu 10 árin
- Hjóla- og göngubrú frá Kársnesi yfir í 101 R.vík. Stækka íbúabyggð á Kársnesi = nýr hátækni spítali = starfsmenn hjóla í vinnu frá Kársnesi
- Aðalskipulag
- Skýr framtíðarsýn
- Stöðva frekari útpenslu
- Geyma byggingarlönd til framtíðarnota – þau verða bara verðmætari
- Skilgreina betur en gert er lífsgæði íbúa í skipulagsvinnu
- Vanda betur skipulagsvinnu í samráði við íbúa
- Tala við íbúa
- Búa til nýjan miðbæ með vinalegu yfirbragði
- Aðgreina í skipulagsvinnu a.v. miklar og h.v. litlar skipulagsbreytingar – verklagsreglur fyrir íbúasamráð ef miklar breytingar
- Leggja áherslu á gæði fremur en magn
- Auka markvisst virðingu í skipulagsvinnu fyrir hverfisbrag, sérstaklega gróinna hverfa
- Hvaða atvinnustarfsemi á að vera í Kópavogi?
- Þema í aðalskipulagi: hvorki þetta byggð né stækka bæinn. Nota næstu árin til að hlúa betur að þeim sem nú byggja bæinn
- Íbúar Kópavogs séu númer eitt í skipulagsvinnu
- Vera markvisst í uppbyggingu, ekki vera allt í öllu

- Miða alla skipulagsvinnu að því að hámarka lífsgæði íbúa til lengri tíma lítið
- Umferðaræðar – gera veg sunnan Kópavogs (ofanb. vegur S.S.)
- Sameinast Garðabæ
- Aðskilja betur atvinnustarfsemi og íbúabyggð
- Aukin þátttaka íbúa í skipulagsmálum, aukið íbúalýðræði
- Kópavogur eignist þau svæði (græn) sem eru einkennandi eins og háhæðir
- Atvinnustefna: hlúa að smáfyrirtækjum í bænum og þau mynda kjarna og líf
- Stöðugleiki í skipulagsmálum – engar geðþóttaákvæðanir

UMHVERFI:

- Auka notagildi núverandi útivistarsvæða með áherslu á afþreyingu fyrir fjölskyldur
- Betra tjaldsvæði, fá ferðamenn hingað á sumrin
- Nýta þau tækifæri sem eru í ferðapjónustu
- Að nýta breytta forsendur í samfélaginu á uppbyggilegan hátt, ath. landfyllingar = útivistarsvæði
- Tjaldsvæði
- Reka slyðruorðið sem fer af bæjartjörninni
- Græn svæði verði varðveitt til framtíðar og skipulögð með hag íbúa að leiðarljósi
- Friðlýsing Skerfajarðar
- Fjölgja útivistarsvæðum og afþreyingarmöguleikum á þeim
- Betur skipulögð græn svæði, halda í grænu svæðin, framtíðarverðmæti, lífsgæði

ÞJÓNUSTA:

- Strætó: betri tímatafla, betra leiðarkerfi
- Tillit til samgangna: bæta leiðir gangandi/hjólandi, setja það í forgang, ekki einkabílinn
- Heildræn þjónusta, framboð á tómstundum skóla
- Betri nýting húsa bæjarins, t.d. hafa eldri borgarar verið að nota íþróttahús til göngu
- Framhaldsskóli- nýr

SAMFÉLAG: ÞJÓNUSTA:

- Stofnæðar veikar (takmarkaðar)
- Þjónustukerfi – þungaflutningar í gegnum íbúahverfi, sbr. Kársnes
- Strætisvagnar komast ekki fyrir við Tónlistarskólann
- Sorp: Tilraunaverkefni Nónhæðar líður fyrir lélega þjónustu, sorplosun óviðunandi eins og heilbrigðiseftirlit K&H benti á
- Kaotískt skipulag á atvinnusvæði og óhefðbundnar umferðartengingar, sbr. Krónuna, vesturhluta Kársness

- Umferð, gangandi og hjólandi á milli hverfa, Smáralind-Lindir
- Smári og Lindir, skorin af stofnæðum, gatnahverfi
- Strætóvagnar – tímatafla, leiðakerfi
- Sorphirða Nónhæð: ekkert samráð um hvernig gengur, svarta tunnan tekin of sjaldan, engar fréttir til íbúa

SAMFÉLAG:

- Meiri fjölbreytni í skólastarfi. Aukið valfrlsi, sbr. Hjallastefnan
- Kvikmyndaver og tengd starfsemi. Ísland er tækifæri
- Skilgreina bæjarbrag Kópavogs sem fjölskylduvænt samfélag
- Tómstundir: Færum kennara á milli hverfa, ekki senda tugi og hundruð barna á milli hverfa
- Aukin áhersla á ferðapjónustu og „léttu“ þjónustu á kostnað „þungaatvinnustarfsemi“

NIÐURSTÖÐUR: TÆKIFÆRI

- Samþætting menntunar – tónlistar og íþróttar. Vinnudegi allra lokið kl 17
- Markvisst framtíðarsýn í átt að fjölskylduvænu bæjarfélagi sem byggir á skilgreindri sýn fyrir íbúa
- Hlúa að því sem er frekar en að stækka
- Koma í veg fyrir árekstra á milli atvinnustarfsemi og íbúa
- Afþreyingarmöguleikar fyrir íbúa á grænum svæðum

FÍFUHVAMMUR-NIÐURSTAÐA

Hér að neðan eru raktar niðurstöður samráðsfundarinnar í Salaskóla sem haldin var 26. maí 2011:

ÞÁTTTAKENDUR:

- Sigurjón Sigurðsson, Logasölum 4
- Björgvin Snæbjörnsson, Laxalind 6
- Brynjólfur G. Lárentsússon, Glósölum 7
- Einar Freyr Jónsson, Fjallalind 29
- Jóhanna Björg Jóhannsdóttir, Skjólólum 5
- Hólmfríður Jóna Bragadóttir, Krossalind 14
- Elfar Andri Aðalsteinnsson, Fjallalind 27
- Sigríður Á. Árnadóttir, Melalind 10
- Theodóra Þorsteinsdóttir, Fjallalind 43
- Helga Á. Sigurjónsdóttir, Örvasölum 9
- Sesselja Jóhannesdóttir, Haukalind 8

STARFSMENN KÓPAVOGSBÆJAR:

- Guðný Dóra Gestsdóttir, formaður skipulagsnefndar
- Vilhjálmur Einarsson, skipulagsnefnd
- Smári Smárason, arkitekt
- Hólmfríður Þorsteinsdóttir, umhverfisfulltrúi
- Birgir Hlynur Sigurðsson, skipulagsstjóri

STYRKLEIKAR HVERFISINS:

BYGGÐ OG ATVINNULÍF:

- Auðvelt að komast í stofnbrautir
- Fjölskylduvænt
- Styrkleikar S&L eru að það er stutt í flesta þjónustu
- Það er ekki langt að fara í neitt
- Hér er allt nálægt, s.s. kirkja, búðir, bensinstöð, skóli, leikskóli

- Vel skipulagt hverfi, gatnagerð, göngustígar
- Stutt í þjónustu, verslun, gott að atvinnusvæði ekki of nálægt
- Blönduð byggð
- Stutt í stofnbrautir
- Stutt í þjónustu
- Rólegt úthverfi
- Gott aðgengi/miðsvæðis



Frá samráðsfundi í Kópavogsskóla.

- Góður skóli – gott starf með foreldrum
- Gott skipulag hvað varðar opið útivistarsvæði í kringum skólann
- Góðar tengingar við hverfið
- Ekki of þéttbýlt – atvinnusvæði og íbúðasvæði hæfilega aðskilið
- Þarf lítið/ekkert að sækja verslunarþjónustu utan byggðar
- Blönduð byggð – góð blanda
- Stutt í alla þjónustu
- Góður verslunarkjarni – Lindir
- Það er allt nálægt
- Blönduð byggð
- Gott að blokkir, einbýli, fjölbýli er saman – blandar stéttum þjóðfélagsins saman
- Sundlaug x 6
- Heilsurækt
- UMHVERFI:
- Góðir göngustígar, mikill gróður
- Stutt í opin svæði, stutt í leiksvæði
- Aðgengilegar gönguleiðir utan við umferð farartækja

- Kópavogsdalur
- Stutt í sund og líkamsrækt
- Opin svæði – hverfið byggt upp í kringum opið útivistarsvæði – miðja
- Golfvöllur, stutt í óspillta náttúru
- Mátulega þétt byggð
- Mikið grænt svæði til útivistar
- Verð ekki mikið var við mengun
- Góðar tengingar
- Ekki langt í útivistarsvæði
- Vakning í umhverfisvernd, skólaeldhús
- Stutt í íþróttasvæði, sund
- Gott göngustígakerfi
- Golfvöllur í hverfinu, GKG
- Stutt í opið svæði Elliðavatn
- Stutt í íþróttaaðstöðu, Kórinng og Versali
- Endurnar, gönguleiðir í dalnum
- Nándin við náttúruna
- Möguleikarnir til útivistar nánast óþrjótandi við Rjúpnahæð
- Hádegisholt – stutt í Heiðmerkurparadís

- Kirkjugarðurinn – gönguhringur
- Fjarlægð húsa frá stórum umferðargötum – góð yfirleitt
- Golfvöllurinn – eykur möguleika til útivistar

ÞJÓNUSTA:

- Endurvinnsla nálægt
- Gámar hér og þar
- Stutt í Sorpu
- Grenndargámar á mörgum stöðum
- Góðir stígar
- Endurvinnsla, grenndargámar
- Stutt í endurvinnslu
- Grenndargámar
- Góðir göngustígar
- Góð bílastæði við verslanir
- Hringtorgin flýta för
- Góðar gönguleiðir – stígar – kringum....
- Frábært að jólatré séu sótt
- Aðgengi að sorpi um helgar
- Flest öll þjónusta við höndina
- Þægilegra að keyra í hringtorgum en yfir hraðahindranir

SAMFÉLAG:

- Heilsugæsla
- Frábær skóli / leikskóli
- Gott og afslappað starf í kirkjunni
- Góð tengsl milli leikskóla og skóla
- Skólar miðsvæðis í hverfunum
- Undirgöngu undir helstu umferðaræðar sem skapar öryggi fyrir börnin
- Stutt í kirkju og stjórnsýslu
- Íþróttaiðkun, stutt í hana
- Frábær íþróttaaðstaða, Kórar – Versalir
- Golfvöllur
- Gervisparkvelliir við skólanna
- Góðir leikskólar
- Góðir skólar, kirkja, gott samstarf á milli
- Góð söfn og gott aðgengi að þeim
- Leikhús, íþróttafélög og leikskólar
- Skólar og leikskólar nálægt
- Kirkjan er falleg og miðsvæðis, leikhús nálægt og ekki of langt í tónlistarskóla
- Íþróttamiðstöð, sundlaug og íþróttafélag nálægt
- Leikhús í hverfinu
- 2 trúarfélög hafa afdrep, Lindakirkja og Stúpan
- Sjoppa og verslun
- Pöbbar

- Góðir skólar
- Frábært samstarf kirkju og skóla
- Þessi fundur sýnir tilburði til íbúalýðræðis

Niðurstöður: styrkleikar

- Hin blandaða byggð – minni stéttaskipting
- Góð verslun og þjónusta miðað við aðra bæjarhluta
- Góð opin svæði sem eru vel snyrt
- Sundlaugin

VEIKLEIKAR HVERFISINS:

BYGGÐ OG ATVINNULÍF:

- Frágangur lóða í nýjstu hverfum á mismunandi byggingarstigi
- Óvissa með þróun atvinnusvæðis, sbr. Glaðheima og Lindir 4
- Stór ófrágengin óbyggð svæði Glaðheimar
- Áætlanir um háhýsi í íbúðahverfum
- Ófrágengið svæði við Krónuna og Glaðheima
- Vantar hverfisverslun í Lindum
- Ókláruð byggð í úthverfum
- Ókláraðir hættulegir grunnar ofl
- Mætti vera meira um sérverslanir
- Ekki verið að hlúa að verslunum með þrifum (Bæjarlindin). Skipulagt – verslanir og skemmtistaðir

UMHVERFI:

- Ófrágengið svæði ofan við Salahverfið milli Seljahverfis og Salahverfis
- Kópavogslækur er oft litaður af einhverskonar litarefnum
- Blanda ekki saman gangandi umferð á steyptum stígum og hestaumferð
- Gönguljós/undirgöng við Lindaveg og Hvammsveg
- Vantar gróður milli Kóp. og Rvk. Gera grænan trefil milli Rvk – Kóp – Garðabæ, frá Fossvogi – Breiðholt – Garðabæ
- Vantar sleðabrekku í Salahverfi
- Gera meira úr opnum svæðum
- Skíðabrekka! – Gróður
- Þak Krónunnar lýti á hverfinu
- (bætt?) samstarf milli sveitarfélaga
- Hestastígur milli Sala – Rvk en enginn malbikaður stígur
- Í Lindahverfi vantar útivistarsvæði
- Laga göngustíg á milli hverfa og lýsingu
- Vantar lýsingu
- Göngustígar milli Kóp (Salir) og Rvk slæmir
- Göngustígar í Rjúpnahæð – tengjast græna treflinum

- Göngustígar í úthverfin þurfa að klárast
- Lausir hundar á golfvelliinum – óþolandi fyrir íbúana
- Hundahald – 2. gr. reglugerðar, bæjarfélagið á að útvega svæðið

ÞJÓNUSTA:

- Arnarnestenging
- Tenging akvega milli Sala og Linda við Seljahverfi Reykjavík
- Reykjanesbraut – tengingar milli Smára – Linda
- Sorppjónusta – of sjaldan tæmt
- Hraðakstur Hvammsvegur – hraðahindranir virka ekki
- Sorp er sótt á 10 daga fresti – 7 dagar er hámark
- Strætóferðir tekur ekki tillit til þarfa íbúa hverfisins
- Vantar ruslafötur
- Sorpan mætti koma oftar og þeir taka föturnar of snemma út
- Strætó verður að ganga lengur, oftar um helgar og niður í bæ og lækka verðið
- Fólk keyrir of hratt
- Mætti vera betri strætóferðir, auðveldara að komast á milli heimili og vinnu, sérstaklega á háannatíma

- Arnarnesveg vantar
- Ruslafötur
- Arnarnesvegur, við bíðum eftir honum
- Mikil umferð á Fifuhvammsvegi veldur því að menn fara að skjótast Fitjalind, Lindaveg og Hvammsveg í stað stofnbrauta
- Vantar Arnarnesvegstenginguna – MUST
- Sorp – vantar að geta losað pappír/flöskur við verslanir
- Strætó – ganga lengur á kvöldin
- Strætóferðir mjög lélegar núorðið
- Strætó- ... ekki fyrir Salahverfi
- Flokkun rusl í stofnunum
- Göngustígar við Garðabæ
- Stoppistöð fyrir Fjallalindarbúa vantar
- Strætó er ekki nýtanlegur
- Bílastæði við Salalaug: alltof fá og Gerpla tekur öll stæðin við minnsta uppistand

SAMFÉLAG:

- Vantar hverfisstefnu í íþróttafélögin
- Þjóða tónlistarskóla í skólana
- Það þarf að bæta Menntaskólann í Kópavogi. Hann er ekki nógu góður fyrir þá sem vilja almennt nám
- Vantar annan framhaldsskóla
- Betri tónlistarskóla, erfitt að komast að
- Íþróttafélögin – engin hverfaskipting íþróttafélaga – langt á æfingar

- Þjónusta inn í skólana, tónlist ofl.
- Dægradvöl fyrir eldri borgara
- Breiðablik og HK koma sé ekki saman um aðstöðu
- Golfvöllur – lélegt aðgengi, verður að vera frá Smáraholti
- Félagsheimili GKG verði í Kóp
- Stefnuleysi bæjaryfirvalda í íþróttamálum, vantar hverfisþjónustu
- Allof langt og erfitt fyrir íþróttaiðkun – börn, aukin umferð
- Skólar: fleiri framhaldsskóla, fjölbreytileika
- Fjarlægð við bæjarþjónustu, bæjarstarfsmenn eru ósýnilegir
- Stjórnsýslan: langt í burtu

NIÐURSTÖÐUR: VEIKLEIKAR

- Ókláruð hverfi – ekki hægt að búa við
- Ferðaáætlun strætó mætti bæta – vantar tómtundavagna
- Bæta tengingar
- Lausir hundar, mávar, kanínur

TÆKIFÆRI HVERFISINS:

BYGGÐ OG ATVINNULÍF:

- Fleiri menntaskóla í Kópavog
- Stuðla að viðhaldi á húsum og görðum – klára ókláraðar byggingar og götur
- Klára íbúðasvæði og fegra og byggja upp „tóm svæði“ eins og reitinn við Krónuna
- Bæjarlind – Akralind – Askalind – flott verslunarhverfi
- Nýta möguleika til útivistar á Elliðavatni ofl. Kaffihús, bátaleiga ofl.
- Miðbærinn – hvar er miðbærinn í Kópavogi? Varla í Hamraborg
- Gera Lindir – Dalveg – Smárann að miðbæ Kópavogs

UMHVERFI:

- Útrýma mávum til að gefa mannfólkinu meira til útivistar
- Hádegishólar – útivistarsvæði, þar eru náttúruminjar
- Hlaupahring
- Kirkjugarðar – heilsuhringur
- Efla mannlíf – garður t.d. við Lindir
- Skemmtilegra umhverfi, bekkir, falleg lýsing, ruslafötur, merkingar
- Hlúa að fallegrri náttúru – Rjúpnahæð – Elliðavatn
- Fá gott atvinnuhúsnæði þar sem hesthúsin eru, stórt



Frá samráðsfundi. Ljóm. B.H.S.

- Gera eitthvað við svæðið hjá Lindum, gera garð fyrir hunda t.d.
- Mætti tyrfa og hafa grænt svæði sem er hjá Krónunni sem grunnurinn var

ÞJÓNUSTA:

- Strætó: skutla fólki þangað sem fólk vill fara
- Aðlaga strætó betur að þörfum fólks
- Banna tímagang bifreiða meira en 1. mín – tækifæri til að stuðla að „grænu umhverfi“ – vera í farabroddi annarra sveitarfélaga
- Samgöngur – ekki byggja breiðari vegi heldur stuðla að notkun strætó með tíðari og styttri ferðum
- Heilsuefning með betri hjóla og göngusvæði

SAMFÉLAG:

- Hlúa að gamla fólkinu – gera öllum kleift að vera heima
- Hlúa vel að eldra fólki, heimaþjónusta
- Metanstöð

NIÐURSTÖÐUR: TÆKIFÆRI

- Byggja upp ókláruð hverfi – götur/göngustíga/gróður svo fleiri vilji búa
- Kaffihús á vel völdum stað tengt útivist og grænu svæði sbr. Nauthólsvík

- Byggja upp samgöngur
- Styrkja miðbæjarkjarnann í Glaðheimum og Smára
- Gott skipulag íbúðasvæða og atvinnulífs
- Góðar tengingar við íþróttasvæði nema í Lindahverfi
- Ljúka framkvæmdum íbúðasvæða og gatna og útivistarsvæða

VATNSENDI-NIÐURSTAÐA

Hér að neðan eru raktar niðurstöður samráðsfundarins í Vatnsendaskóla sem haldin var 19. maí 2011:

ÞÁTTTAKENDUR:

- Árni Haraldsson, Fellahvarf 3
- Gyða Ragnarsdóttir, Álfrkonuhvarfi 39
- Ólafur Árnason, Boðabíngi 6
- Ingbjörg Kristinsdóttir, Fellahvarfi 25
- Ragnheiður Lárusdóttir, Asparhvarfi 17b
- Anna Helgadóttir, Klapparkór 1e
- Perla Björk Egilsdóttir, Fróðabíngi 40
- Þorgrímur G. Jörgensson, Álfrkonuhvarfi 7
- Frosti Reyр Rúnarsson, Faxahvarf 12
- Stefán Ólafsson, Hörðukór 1

STARFSMENN KÓPAVOGSBÆJAR:

- Guðný Dóra Gestsdóttir, formaður skipulagsnefndar
- Vilhjálmur Einarsson, skipulagsnefnd

- Jóhann Ísberg, skipulagsnefnd
- Smári Smárason, arkitekt
- Hólmfríður Þorsteinsdóttir, umhverfisfulltrúi
- Birgir Hlynur Sigurðsson, skipulagsstjóri

STYRKLEIKAR HVERFISINS:

BYGGÐ OG ATVINNULÍF:

- Nýtt hverfi, ekki rótgróið. Hægt að aðlaga að breyttu þjóðfélagsmynstri
- Að ekki eru mörg atvinnufyrirtæki, minni gegnum-keyrsla, rólegra
- Verslanirnar, Bónus, bakarí og fiskbúð eru í hverfinu
- Verslanir fáar en góðar
- Byggð fjölbreytt
- Sundlaugar góðar
- Salalaug dæmi um vel heppnað mannvirki
- Sveitaþorp
- Góðir stígar
- Góð sundlaug
- Blönduð byggð, þ.e. aldursbilið
- Íþróttir í góðum málum, bæði félög og byggingar
- Verslunarkjarninn er að eflast í Ögurhvarfi og komin líkamsrækt
- Byggðin er ekki of þétt og lágreist
- Nálægð við náttúru er styrkleiki

UMHVERFI:

- Göngustígarnir
- Ellिðavatn og svæðið í kring, „útivistarperla“
- Styrkur hverfisins er m.a. nálægð við náttúruna og útivistarsvæði, t.d. við Elliðavatn
- Stígakerfið
- Víðáttan
- Umhverfið
- Frágangur á opnum svæðum til fyrirmyndar
- Falleg náttúra og umhverfi
- Guðmundarlundur
- Hesthúsabyggðin
- Er nálægð við náttúruna og fjölbreytni í umhverfinu
- Umhverfið er einstakt en huga þarf vel að náttúruvernd og þrifum á stígum og gróðri
- Náttúru sýnd virðing, göngustígar góðir en mætti enn bæta t.d. við Elliðavatn og aðstöðu þar.
- Göngustígar góðir en mætti enn bæta t.d. við Elliðavatn og aðstöðu þar
- Útivistarsvæðin
- Nálægð við Elliðavatn
- Náttúran

- Grænu svæðin

ÞJÓNUSTA:

- Tryggja þarf þéttleika strætisvagnaferða og stöðugleika. Dæmi sunnudagar, ferðir stopular
- Strætóferðir þurfa að vera vel skipulagðar fyrir þá sem þær nota, t.d. skólanemendur

- Sorphirða hefur verið næg, a.m.k þar sem ég þekki til
- Loksins tengjumst við með strætó við Mjódd
- Tenging almenningssamgangna við önnur sveitarfélög og sérstaklega við Reykjavík – miðbæinn, afar mikilvæg
- Mikill styrkur að þeim úrbótum sem nýlega voru gerðar
- Verslanir við Ögurhvarf að styrkjast, íbúar að læra á þær
- Frábærlega skipulagt svæði þar sem framkvæmdir bæjarins eru fullkláraðar
- Göngustígar frábærir
- Sorphirða góð
- Jákvætt öll hringtorgin

SAMFÉLAG:

- Staðsetning á skólum er góð, söfnin eru góð
- Skólastofnanir með metnað til að láta gott af sér leiða, ný og góð húsakynni
- Söfnin
- Skóli í göngufæri, svo og öll þjónusta við ungmenni
- Söfnin frábær í Kópavogi
- Vatnsendaskóli vel staðsettur, Kópavogsbær er menningarbær með frábæra skólahljómsveit og góð söfn
- Skólar, íþróttasvæði, kirkja
- Skólarnir vel staðsettir, mér sýnist börn ekki þurfa að fara langa leið í skóla né yfir umferðargötur, einnig barnaheimili
- Góðir skólar, klára
- Kirkjan, klára en góð
- Menning góð

NIÐURSTÖÐUR: STYRKLEIKAR

- Nálægð við náttúru, opin svæði. Tengslin við náttúruna
- Að hverfið sé fullklárað, stígar, manir, götur
- Lágreist byggð

VEIKLEIKAR HVERFISINS:

BYGGÐ OG ATVINNULÍF:

- Langt í verslun úr Kórahverfi
- Hverfið ennpá að leita að fyrirtækjum sem þrífast á svæðinu
- Styrkja verslunarkjarnann í Ögurhvarfi
- Styrkja almenningsamgöngur
- Frágangur við skólann – ljúka því
- Umferðartafir inn í hverfið við Ögurhvarf – þá er hverfið



Frá samráðsfundi. Ljós. B.H.S.

ekki fullbyggt

- Umferð inn og út úr hverfi gengur ekki vel fyrir sig
- Vantar að klára frágang á lóðum við bæði fokheld íbúðarhúsnæði og ýmis fullkláruð/hálfkláruð íbúðarhúsnæði
- Vantar veitingastað

UMHVERFI:

- Klára göngustíg með vatninu
- Merkingar götur
- Kettir + hundar
- Snjómokstur

- Lausaganga hunda vandamál. Hundaeigendum finnst þeir vera komnir upp í sveit og geti haft hunda sína lausa
- Hundaskitur út um allt
- Bæta mætti og tengja göngustíg kringum Elliðavatn
- Grillhús Guðmundarlundi ekki nógu hreinleg
- Lausaganga hunda vandamál. Hundaeigendum finnst þeir vera komnir upp í sveit og geti haft hunda sína lausa

- Það ætti ekki að viðgangast að riðið sé eftir akvegum
- Bý á hornlóð, þarf að skoða og hreinsa hundaskít úr garðinum áður en sendi út börnin
- Ekki hægt að ganga kringum vatnið

- Háhýsi ekki inn í íbúðahverfin
- Mestu menningarverðmætin á botni vatnsins, þíng frá landnámsöld
- Vantar stíga við vatnið, frágangur
- Vantar opinn leikvöll með tækjum

ÞJÓNUSTA:

- Lélegar strætisvagnasamgöngur
- Leið 2 fer alltof marga útúrdúra
- Þétta ferðir t.d. á sunnudögum
- Bæta þjónustu almennt er grunnþjónusta
- Stígar illa þrífniр
- Sópaðir of snemma sumars
- Hljóðmanir ekki kláraðar – uppfullar af illgresi

- Vantar lýsingu á göngustígum á leið barna í skólann. Úр þingahverfi vantar meira að segja göngustíg á hluta leiðarinnar
- Ætti ekki að vera hægt að aka eftir reiðstígum
- Reiðstígar og göngustígar of nálægt, skarast – hross hrædd við reiðhjól

- Tengja stíga við Reykjavík
- Stíga við vatnið
- Klæðningin á skólanum
- Hugsa betur um gróður á grænum svæðum

- Stoppistöðvar strætó slæmar
- Sorpið óflokkað
- Strætó
- Vantar að tengja göngustíga (hjóla- og gönguleiðir) við „borgarsjá“ á netinu, tengjast Reykjavík.
- Hlauparar rekast á leiðarenda á netinu þegar þeir ætla að skipuleggja hlaup sín inn í Kópavog

SAMFÉLAG:

- Stjórn skipulagsmála ekki nógu ihalddsöm – deiliskipulag ætti að standa
- Legg til að skipulag bæjarins taki afstöðu til breytinga áður en sent er í grenndarkynningu

- Starfsmenn bæjarins sem eru að gera innkeyrslur og malbika gangstíga ættu að vera meðvitaðir um gildandi skipulag og fylgja því við gerð innkeyrslna, (þ.e.a.s úrtöku á gangstéttarbrún + innkeyrslur)

- Stjórnsýsla: skoða mál betur áður en skrifað er undir.
- Fá ráðgjöf óháðra sérfræðinga
- Stór penni lítil hugsun gengur ekki eftir 2007 Vatnsendaskóli, klára hann, girða af lóð
- Kópavogsbær færi alla þjónustu til DAS svo Kópavogsbúar geti notið sömu þjónustu
- Langt í stjórnsýslu (bkm í Hamraborg)
- Langt í heilsugæslu
- Framhaldsskóla vantar
- Merkingu inn í hverfi og í því, t.d. Fellahvarf
- Frágangur bæjarins á óseldum lóðum mætti vera betri. Aðliggjandi lóðareigendur eiga erfitt með að ganga frá lóðarmörkum, t.d. þar sem mikið efni er á óseldri lóð
- Eldri nemendur í Vatnsendaskóla þurfa að ganga í Kórinn vegna skipulagðar íþróttakennslu skólans

NIÐURSTÖÐUR: VEIKLEIKAR

- Lausaganga hunda, dýramál, hestaskitur
- Stjórnsýsla – skipulagsmál vönduð stjórnsýsla, sé farið að lögum
- Klára frágang mannvirkja
- Stjórnsýsla almennt, frágangur, skipulagsmál

TÆKIFÆRI HVERFISINS:

BYGGÐ OG ATVINNULÍF:

- Halda þessu einstaka hverfi og tengingu við náttúruna...
- Byggja auðseljanlega lágreista byggð
- Efla atvinnusvæðin
- Sérbýli á einni hæð, ekki of stór vantar alltaf á fasteignamarkað
- Halda samræmi í íbúðabyggð, forðast háhýsabyggð

12

VIÐAUKI 5 ORÐ OG ORÐASAMBÖND ÚR SKIPULAGSREGLUGERÐ NR.90/2013

- Efla atvinnu á svæðinu til að tryggja byggð á svæðinu verði eldsneytiskostnaður hár og hækki enn frekar á komandi árum
- Skilgreina ákveðnar götur/hús fyrir 60+ ára þó innan um blandaðri byggð, sbr. Löngulína í Garðabæ og götur í kring (Lónshús)
- Halda einkennum byggðarinnar sé ætluin að stækka byggðina til suðausturs. Það er að hafa byggðina lágreista og ekki of þétta

UMHVERFI:

- Leggja stíga umhverfis vatnið
- Ellिðavatn og næsta umhverfi verði flottasta útivistarsvæði á höfuðborgarsvæðinu, jafnvel upphitaðir stígar
- Sérstakir stígar fyrir hesta, gangandi, hjólandi
- Skipuleggja kaffihús, veitingabyggð nálægt vatninu
- Nýta enn betur náttúrutækifæri hverfisins með stígagerð og uppbyggingu svo sem setja bekki, laga lýsingu og fleira

ÞJÓNUSTA:

- Náttúruvæn þjónustuuppbygginga í kringum Elliðavatn eða við vatnið
- Tækifæri felst í að bæta samgöngur inn og út úr hverfi og bæta flæði umferðar
- Mætti sjá fyrir sér þjónstuuppbyggingu, veitingastaði við Elliðavatn

SAMFÉLAG:

- Stjórn skipulagsmála hefur allt að vinna vandi hún vinnubrögð sín og getur með vonduðum vinnubrögðum sparað útsvarsgreiðendum sínum mikil útgjöld og sparað bænum jafnframt útgjöld vegna stjórnsýslulegra mistaka
- Taka sorpflokkun lengra, hægt að vera í fararbroddi á því sviði

NIÐURSTÖÐUR: TÆKIFÆRI

- Tengja betur við vatnið og uppbygging í kringum vatnið, skautasvell, bryggja, útivistarsvæði, aðstaða
- Umhverfið og náttúran

STYRKLEIKAR KÓPAVOGS Í HEILD SINNI:

- Fjölbreytt atvinnulíf
- Bærinn er miðsvæðis á Höfuðborgarsvæðinu
- Flott aðgengi að verslun og þjónustu
- Byggðin vel skipulögð
- Atvinnusvæði ekki inn í hverfi
- Miðsvæðis
- Góð íþróttamannvirki
- Bærinn er miðsvæðis
- Þjónusta er hæfilega nálægt íbúðabyggð

- Gott útivistarsvæði, göngustígar
- Góðir möguleikar á tengingum við náttúru- útivist
- Íþróttaaðstaða
- Skólar
- Listir og menning
- Öflugt íþróttastarf
- Góðir skólar
- Góðir skólar og leikskólar
- Heilsugæsla
- Kirkjustarf
- Góð söfn
- Leikhús
- Gott skólastarf
- Náttúran – Elliðavatn, Rjúpnahæð, Kópavogsdalur, Kársnes
- Efla útivistarmöguleika
- Guðmundarlundur – frábærir möguleikar
- Kartöflugarðar

VEIKLEIKAR KÓPAVOGS Í HEILD SINNI:

- Kópavogur er langur og mjór
- Bæta strætómál
- Vantar annan framhaldsskóla
- Vantar bæjarbrag, sál í hverfin, miðbæ
- Vantar bæjarsál/stolt
- Engin aðstaða fyrir ferðamenn
- Stefnuleysi í íþróttamálum
- Bútasumur í hönnun, engin framtíðarsýn
- Engin stefnumótun
- Huga betur að umhverfismálum og frágangi
- Vantar miðbæ, vantar sál
- Ómarkviss uppbygging íþróttamannvirkja
- Þyrfti að hugsa betur skipulag miðbæjar
- Vantar tengingar opinna svæða
- Samkeppni – metnaður í arkitektúr og opnum svæðum
- Lítið samhengi á milli eldri hluta Kópavogs og nýbyggðu svæðanna
- Laga Guðmundarlund með aðgengi og engar merkingar við lundinn

TÆKIFÆRI KÓPAVOGS Í HEILD SINNI:

- Gröfum niður Reykjanesbraut frá Glaðheimum niður að Málningu við Dalveg og fá tækifæri til að skapa þar miðbæ Kópavogs
- Sameining við önnur sveitarfélög
- Klára þau svæðis sem eru í byggingu og skipuleggja þau

svæði vel áður en byrjað er á öðru svæði

- Endurskoða skipulag miðbæjar, skapa „bæjarbrag“
- Sameining sveitarfélaga eða aukin samvinna
- Eitt skipulagsráð fyrir höfuðborgarsvæðið
- Hlúa að opnum svæðum og stuðla að líflegra mannlífi, t.d. með lystigarði miðsvæðis

- Fá stórt og gott tjaldsvæði
- Fleiri útivistarsvæði í efri hverfunum
- Reyna að þróa upplöndin, útivistarsvæði, náttúruvernd eða sumarbústaðasvæði
- Passa upp á sumarvinnu fyrir unglinga
- Reyna að vinna eitthvað með Kársnesið og sjávarsíðuna
- Tengingu við önnur sveitarfélög
- Fyrirtækin eru lifibrauð samfélagsins – skapar tekjur fyrir bæjarfélagið – skapar störf fyrir íbúa – bætir nærþjónustu – minnkar umferð í og úr borginni.

- Bæta þjónustu við fyrirtækin og hlúa að öllum fyrirtækjum, ekki bara fyrirtæki í Hamraborginni
- Halda áfram með blandaða byggð en mætti þétta
- Klára göngustíga og tengja við önnur sveitarfélög og mismunandi hluta Kópavogs

- Standu vörð um sumarvinnu unglinga og ungs fólks
- Útrýma mávum og kaninum úr Guðmundarlundi
- Tenging við sveitarfélög, hjólastígar, göngustígar, undirgöng

- Íþróttamöguleikar barnanna, auka, frábært

- Menningarhátíð, fá hátíð fyrir alla bæjarbúa

12

Þetta er lista yfirlit yfir byggðir í Íslandi.

Í þessum lista eru byggðir og bæjar sem hafa verið byggðar á milli 1950 og 2000. Þetta eru byggðir sem hafa verið byggðar á milli 1950 og 2000. Þetta eru byggðir sem hafa verið byggðar á milli 1950 og 2000.

Þetta eru byggðir sem hafa verið byggðar á milli 1950 og 2000. Þetta eru byggðir sem hafa verið byggðar á milli 1950 og 2000. Þetta eru byggðir sem hafa verið byggðar á milli 1950 og 2000.

Þetta eru byggðir sem hafa verið byggðar á milli 1950 og 2000. Þetta eru byggðir sem hafa verið byggðar á milli 1950 og 2000. Þetta eru byggðir sem hafa verið byggðar á milli 1950 og 2000.

Þetta eru byggðir sem hafa verið byggðar á milli 1950 og 2000. Þetta eru byggðir sem hafa verið byggðar á milli 1950 og 2000. Þetta eru byggðir sem hafa verið byggðar á milli 1950 og 2000.

Aðalskipulag: Skipulagsáætlun fyrir tiltekið sveitarfélag þar sem fram kemur stefna sveitarstjórnar um landnotkun, byggðarþróun, byggðamynstur, samgöngu- og þjónustukerfi og umhverfismál í sveitarfélaginu.

Aðgengi fyrir alla: Með aðgengi fyrir alla er átt við að fólkí sé ekki mismunað um aðgengi og almenna notkun mannvirkja á grundvelli fötlunar, skerðingar eða veikinda og það geti með öruggum hætti komist inn og út úr mannvirkjum, jafnvel við óvenjulegar aðstæður, t.d. í eldsvoða. Jafnframt séu sjónarmið algildrar hönnunar höfð að leiðarljósi við hönnun bygginga og umhverfis þeirra.

Algild hönnun: Hönnun framleiðsluvara, umhverfis, áætlana og þjónustu sem allir geta nýtt sér, að því marki sem aðstæður leyfa, án þess að koma þurfi til sérstök útfærsla eða hönnun. Algild hönnun útilokar ekki hjálpartækí fyrir fatlaða sé þeirra þörf.

Almenningsrými: Rými eða svæði sem er opið og aðgengilegt almenningi án endurgjalds, svo sem göturými, torg, almenningsgarðar, leiksvæði og þess háttar.

Almenningur: Einn eða fleiri einstaklingar eða lögaðilar, samtök þeirra, félag eða hópar.

Búsetumynstur: Dreifing og þéttleiki byggðar og búsetu, í þéttbýli og dreifbýli.

Byggðamynstur: Lögum og yfirbragð byggðar þar með talið fyrirkomulag byggðar og landnotkunar, svo sem hæð og þéttleiki, tegund landnotkunar, gatnakerfi, gerð og uppröðun bygginga.

Byggingarleyfi: Skriflegt leyfi byggingarfulltrúa eða Mannvirkjastofnunar til að byggja, breyta eða rífa hús eða önnur mannvirki eða breyta notkun þeirra, sbr. ákvæði laga um mannvirki.

Byggðarþróun: Framvinda atvinnulífs, búsetu og þjónustu.

Nr. 90 16. janúar 2013

Deiliskipulag: Skipulagsáætlun fyrir afmarkað svæði eða reiti innan sveitarfélags sem byggð er á aðalskipulagi og kveður nánar á um útfærslu þess. Ákvæði um deiliskipulag eiga jafnt við um þéttbýli og dreifbýli.

Dreifbýli: Svæði á láglandi utan svæða sem skilgreind eru sem þéttbýli í aðalskipulagi.

Dvalarsvæði á lóð: Leiksvæði og önnur svæði á lóðum íbúðarhúsa, þjónustustofnana og fyrirtækja sem sérstaklega eru hugsuð til að njóta útiveru.

Fitja: Staðtengdur hlutur sem skráður er á kort eða í gagnasafn.

Framkvæmdaleyfi: Leyfi til framkvæmda í samræmi við skipulag sem ekki eru háðar ákvæðum laga um mannvirki.

Frístundabyggð: Svæði þar sem tvö eða fleiri frístundahús standa í þyrpingu eða nýta sameiginlega tengingu við veg eða veitur. Frístundabyggð er ekki ætluð til fastrar búsetu.

Grunnkerfi: Samgöngur og veitur, svo sem vatnsveita, hitaveita, rafveita, fjarskipti og fráveita.

Húsakönnun: Upplýsingar um byggð sem fyrir er og mat á varðveislugildi svipmóts byggðar og einstakra bygginga, þar sem m.a. er skoðað byggingar- og menningarsögulegt samhengi.

Hverfisskipulag: Tegund deiliskipulags fyrir þegar byggð hverfi þar sem vikið er frá kröfum sem gerðar eru um framsetningu deiliskipulags fyrir nýja byggð.

Hverfisvernd: Ákvæði í svæðis-, aðal- eða deiliskipulagi um vernd á sérkennum eldri byggðar, annarra menningarsögulegra minja eða náttúruminja. Kyrrlátt svæði: Svæði sem er ætlað til útivistar og afmarkað er í skipulagi, sbr. 3. mgr. 9. gr. reglugerðar um kortlagningu hávaða og aðgerðaáætlanir, nr. 1000/2005.

Landnotkun: Ráðstöfun lands til mismunandi nota, svo sem undir íbúðir, frístundahús, iðnað, verslun, útivist og landbúnað.

Landnýting: Samheiti yfir mælikvarða á það hversu mikil nýting lands er, svo sem nýtingarhlutfall og þéttleika byggðar.

Landslag: Landslag merkir svæði sem hefur ásynd og einkenni vegna náttúrulegra og/eða manngerðra þátta og samspils þar á milli. Landslag tekur þannig til daglegs umhverfis, umhverfis með verndargildi og umhverfis sem hefur verið raskað. Undir landslag fellur m.a. þéttbýli, dreifbýli, ósnortin víðerni, ár, vötn og hafsvæði.

Landskipulagsstefna: Samræmd stefna ríkisins um skipulagsmál til tólf ára sem ráðherra lætur vinna og leggur fyrir Alþingi.

Leyfi til framkvæmda: Framkvæmdaleyfi og byggingarleyfi samkvæmt skipulagslögum eða lögum um mannvirki og önnur leyfi til starfsemi og framkvæmda samkvæmt sérlögum sem um viðkomandi framkvæmd gilda.

Nýtingarhlutfall: Hlutfall milli brúttóflatarmáls bygginga á lóð eða reit og flatarmáls lóðar eða reits. Um skilgreiningu brúttóflatarmáls fer samkvæmt íslenskum staðli ÍST50.

Mæliblöð og hæðarblöð: Hönnunargögn sem unnin eru í kjölfar deiliskipulags og lýsa með nákvæmum hætti stærðum lóða, hæðarkótum lands og bygginga, staðsetningu lagna, kvöðum og öðru er þurfa þykir. Einnig nefnd löðablöð.

Rammahluti aðalskipulags: Sá hluti aðalskipulags þar sem útfærð eru ákveðin afmörkuð svæði sveitarfélagsins með það að markmiði að ákvarða nánar landnotkun, svo sem um meginþætti þjónustukerfa og að afmarka byggingarsvæði eða áfanga deiliskipulagsáætlana.

Sjálfbær þróun: Þróun sem mætir þörfum samtímans án þess að draga úr möguleikum kynslóða til að mæta þörfum sínum. Í þessu felst að sókn eftir efnahagslegum gæðum verður að haldast í hendur við vernd umhverfisins og grunn­gæða jarðar.

Skipulagsákvæði: Fyrirmæli eða boð sem fullnægja ber við framfylgd svæðis- eða aðalskipulags,svo og við gerð deiliskipulags eða við útgáfu leyfa til framkvæmda.

Skipulagsáætlun: Áætlun um markmið og ákvarðanir viðkomandi stjórnvalda um framtíðarnotkun lands. Þar er gerð grein fyrir því að hvers konar framkvæmdum er stefnt og hvernig þær falla að landnotkun á tilteknu svæði.

Forsendum ákvarðana er einnig lýst. Skipulagsáætlanir sveitarfélaga skiptast í þrjá flokka, svæðisskipulag, aðalskipulag og deiliskipulag. Skipulagsáætlun er sett fram í skipulagsgreinargerð og á skipulagsuppdrætti þar sem það á við.

Skipulagsgagnagrunnur: Gagnagrunnur á vegum stjórnvalda sem hýsir gögn um stafrænt skipulag.

Skipulagskvaðir: Kvaðir sem lagðar eru á einstakar lóðir eða landsvæði í deiliskipulagi, svo sem um umferðarrétt og legu lagna.

Skipulagsskilmálar: Bindandi ákvæði í deiliskipulagi um útfærslu skipulags, svo sem um byggðamynstur, byggingarlínur, útlit mannvirkja og form, fjölda bílastæða, hæðarlegu, götur, stíga, gróður og girðingar.

Stafrænt skipulag: Skipulag á stafrænu formi þar sem öll staðbundin ákvæði eru sett fram sem fitjur með margvíslegar eigindir, þar sem efnisatriði ákvæðanna koma fram.

Svæðisskipulag: Skipulagsáætlun tveggja eða fleiri sveitarfélaga þar sem sett er fram sameiginleg stefna um byggðarþróun og þá þætti landnotkunar sem talin er þörf á að samræma vegna sameiginlegra hagsmuna hlutaðeigandi sveitarfélaga.

Umhverfi: Samheiti fyrir samfélag, heilbrigði manna, dýr, plöntur, líffræðilega fjölbreytni, jarðveg, jarðmyndanir, vatn, loft, veðurfar, eignir, menningararfleifð, þ.m.t. byggingarsögulegar og fornleifafræðilegar minjar og landslag og samspil þessara þátta.

Umsagnaraðilar: Opinberar stofnanir og stjórnvöld sem sinna lögbundnum verkefnum á sviði skipulagsmála og leyfisveitingum þeim tengdum.

Þauleldi: Framleiðslukerfi þar sem dýr eru ræktuð innandyrá og fóðruð á tilbúnu fóðri og þar sem þörf er á tíðri lyfjagjöf til að hafa stjórn á sjúkdómum sem eru stöðug ógn við þessar aðstæður.

Þéttbýli: Svæði sem afmörkuð eru sem þéttbýli í aðalskipulagi sveitarfélags annaðhvort út frá reiknireglunni um þyrpingu húsa þar sem búa a.m.k. 50 manns og fjarlægð milli húsa fer að jafnaði ekki yfir 200 metra eða með öðrum hætti eftir ákvörðun sveitarstjórnar.

Þéttleiki byggðar: Byggingarmagn miðað við flatarmál lands sem m.a. er lýst með nýtingarhlutfalli eða reikningsstærðum eins og íbúar/ha eða íbúðir/ha.



Kópavogsdalur. Ljós. F.B.

HELSTU HEIMILDIR:

Alþingi 2010: Skipulagslög. 123/2010.

Alþingi 2013: Skipulagsreglugerð 90/2013.

Alþingi 2006: Lög um umhverfismat áætlaða nr. 105/2006.

Alþingi 1999: Náttúruverndarlög nr. 44/1999.

Náttúruverndaráætlun Alþingis 2004-2018:

Náttúruverndaráætlun Alþingis 2009-2013.

Efla 2013: Brú yfir Fossvog, greinargerð starfshóps.

Ferðamálaráð Íslands 2002: Auðlindin Ísland.

Fornleifafræðistofan 2000: Fornleifaskrá Kópavogs.

Húsafriðunarnefnd ríkisins 2002: Skrá yfir friðuð hús, lög reglugerðir og samþykktir.

Kópavogsbær 2000: Aðalskipulag Kópavogs 2000-2012.

Náttúruverndarráð 1996: Náttúruminjasráð. Skrá um friðlýst svæði og aðrar náttúruminjar. Reykjavík 7. útgáfa.

Orkuveita Reykjavíkur 2011: Vatsnvernd á höfuðborgarsvæðinu.

Samgönguráðuneytið 2001: Samgönguáætlun 2003-2014. Tillaga stýrihóps.

Samgönguráðuneytið 2002: Þingsályktun um stefnu í byggðamálum fyrir árin 2002-2005.

Samgönguráðuneytið 2003: Þingsályktun um samgönguáætlun 2003-2006. Samgöngur á nýrri öld.

Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu 2002: Svæðisskipulag Höfuðborgarsvæðisins 2001-2024.

Siglingastofnun Íslands 2004: Yfirlitsskýrsla um sjóvarnir árið 2004.

Skipulagsstofnun 2003: Leiðbeiningar um gerð Aðalskipulags.

Skipulagsstofnun 2005: Leiðbeiningar um flokkun umhverfisþátta, viðmið og vægi umhverfisáhrifa.

Vegagerðin 2007: Vegir og skipulag, leiðbeiningar Vegagerðarinnar fyrir sveitarfélög og skipulagshöfunda

VSÓ-ráðgjöf 2012: Aðgengi að Þríhnúkagíg, Kópavogi. Mat á umhverfisáhrifum.

VEFSÍÐUR:

Flugmálastjórn Íslands: www.caa.is

Frjálsa alfræðiritið: <http://is.wikipedia.org>

Hagstofa Íslands: www.hagstofan.is

Húsafriðunarnefnd ríkisins: www.hfrn.is

Landsvirkjun: www.lv.is

Landsnet: www.landsnet.is

Orkustofnun: www.os.is

Siglingastofnun Íslands: www.sigling.is

Skipulagsstofnun: www.skipulag.is

Umhverfisstofnun: www.ust.is

Veðurstofa Íslands: www.vedur.is

Vegagerð ríkisins: www.vegagerdin.is

Þjóðskrá Íslands: www.skra.is

Kópavogsbær

Fannborg 2
200 Kópavogi
www.kopavogur.is